

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki og fleiri lögum (lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki).

Frá fjármála- og efnahagsráðherra.

I. KAFLI

Breyting á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

- a. 2.–4. mgr. falla brott.
- b. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Markmið.*

2. gr.

Á eftir 1. gr. laganna kemur ný grein, 1. gr. a, sem orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Gildissvið.

Lög þessi gilda um innlend fjármálafyrirtæki, eignarhaldsfélög á fjármálasviði, blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi og blönduð eignarhaldsfélög og um starfsemi erlendra fjármálafyrirtækja, eignarhaldsfélaga á fjármálasviði, blandaðra eignarhaldsfélaga í fjármálastarfsemi og blandaðra eignarhaldsfélaga hér á landi. Ákvæði laganna sem eiga við um verðbréfafyrirtæki gilda einnig um staðbundin fyrirtæki og fyrirtæki skv. 8. mgr. 14. gr. a. Ákvæði 18. gr., C-hluta VII. kafla, A-hluta XII. kafla, 104. og 105. gr. laga þessara og reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 gilda þó ekki um fyrirtæki skv. 2. másl. nema annað sé tekið fram.

Lögin gilda ekki um seðlabanka, pósthólfstofnanir eða þá aðila sem taldir eru upp í 4.–24. tölul. 5. mgr. 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB. Þó skal beita ákvæðum laga þessara um starfsemi þvert á landamæri innan Evrópska efnahagssvæðisins og samstæðueftirlit um pósthólfstofnanir og þá aðila sem taldir eru upp í 4.–24. tölul. 5. mgr. 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB líkt og þeir væru fjármálastofnanir. Málsgrein þessi gildir ekki um Bygðastofnun og Lánasjóð sveitarfélaga ohf.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. a laganna, sem verður 1. gr. b:

- a. 1.–4. tölul. 1. mgr. orðast svo:
 1. *Fjármálafyrirtæki*: Lánastofnun eða verðbréfafyrirtæki.
 2. *Lánastofnun*: Fyrirtæki sem starfar við að taka á móti innlánnum eða öðrum endurgreiðanlegum fjármunum frá almenningi og veita lán fyrir eigin reikning.
 3. *Verðbréfafyrirtæki*: Verðbréfafyrirtæki samkvæmt lögum um markaði fyrir fjármála-gerninga, að frátöldum lánastofnunum, staðbundnum fyrirtækjum og fyrirtækjum skv. 8. mgr. 14. gr. a.

4. *Staðbundið fyrirtæki*: Fyrirtæki sem stundar viðskipti fyrir eigin reikning á mörkuðum fyrir staðlaða framvirka samninga, valrétti eða aðrar afleiður og á lausafjarmörkuðum, eingöngu í þeim tilgangi að verja stöður á afleiðumörkuðum, eða það stundar viðskipti fyrir reikning annarra sem eiga aðild að sömu mörkuðum og þar sem gert er ráð fyrir að uppgjörsaðilar ábyrgist að staðið verði við samninga sem slíkt fyrirtæki gerir.
- b. 7. tölul. 1. mgr. orðast svo: *Lykilstarfsmaður*: Starfsmaður fjármálafyrirtækis, annar en framkvæmdastjóri, sem stöðu sinnar vegna getur haft veruleg áhrif á stefnu fyrirtækisins.
- c. 9.–11., 13.–18., 21.–25., 27.–45. og 47. tölul. 1. mgr. falla brott.
- d. Við 12. tölul. 1. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Allar starfsstöðvar, sem komið hefur verið á fót í einu aðildarríki á vegum lánastofnunar sem hefur aðalskrifstofu sína í öðru aðildarríki, teljast eitt útibú.
- e. Við 1. mgr. bætast fjórir nýir tölulíðir, svohljóðandi:
49. *Innri aðferð*: Innramatsaðferðin skv. 1. mgr. 143. gr., eiginlíkansaðferðin skv. 221. gr., eigin matsaðferðin skv. 225. gr., þróðu mæliaðferðirnar skv. 2. mgr. 312. gr., eiginlíkansaðferðin skv. 283. og 363. gr. og innri virðingaraðferðin skv. 3. mgr. 259. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.
50. *Kerfisáhætta*: Hætta á truflun á fjármálakerfinu sem gæti haft verulegar neikvæðar afleiðingar fyrir fjármálakerfið og raunhagkerfið.
51. *Raunverulegur eigandi*: Raunverulegur eigandi samkvæmt lögum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.
52. *Priðjaríkissamstæða*: Samstæða þar sem móðurfélagið er með staðfestu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins.
- f. 2. mgr. orðast svo:
Önnur hugtök hafa í lögum þessum þá merkingu sem í reglugerð (ESB) nr. 575/2013 greinir.
- g. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Til að tryggja að kröfurnar eða eftirlitsheimildirnar sem mælt er fyrir um í lögum þessum gildi á samstæðu- eða undirsamstæðugrunni í samræmi við lög in skulu hugtökin *fjármálafyrirtæki*, *móðurstofnun í aðildarríki*, *móðurstofnun á Evrópska efnahagssvæðinu* og *móðurfélag* einnig ná yfir:
1. Eignarhaldsfélög á fjármálasviði og blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi sem hafa hlotið samþykki í samræmi við B-hluta VI. kafla.
 2. Tilnefnd fjármálafyrirtæki sem eru undir yfirlitum móðureignarhaldsfélags á fjármálasviði á Evrópska efnahagssvæðinu, blandaðs móðureignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi á Evrópska efnahagssvæðinu, móðureignarhaldsfélags á fjármálasviði í aðildarríki eða blandaðs móðureignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi í aðildarríki, ef viðkomandi móðurfélag þarf ekki starfsleyfi, sbr. 2. mgr. 49. gr. b.
 3. Eignarhaldsfélög á fjármálasviði, blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi eða fjármálafyrirtæki sem bera ábyrgð á því að farið sé að kröfum laga þessara á samstæðugrunni skv. 4. tölul. 3. mgr. 49. gr. g.

4. gr.

Á eftir 1. gr. a laganna kemur ný grein, 1. gr. c, sem orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Lögfesting.

Ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á

reglugerð (ESB) nr. 648/2012, sem er birt á bls. 1 í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 12 frá 27. febrúar 2020, hafa lagagildi hér á landi með þeim aðlögunum sem leiðir af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 79/2019 frá 29. mars 2019, sem er birt á bls. 1 í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 99 frá 12. desember 2019, og bókun 1 við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, þar sem bókunin er lögfest, með breytingum samkvæmt:

1. Framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/62 frá 10. október 2014 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar vogunarhlutfallið, sem er birt í auglýsingu nr. 4/2022 í C-deild Stjórnartíðinda.
2. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1014 frá 8. júní 2016 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar undanþágur fyrir seljendur hrávöru, sem er birt á bls. 342 í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 50 frá 23. júlí 2020.
3. Framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2188 frá 11. ágúst 2017 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar undanþágu á kröfum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar tiltekin sértryggð skuldabréf, sem er birt á bls. 30 í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 49 frá 22. júlí 2021.
4. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2395 frá 12. desember 2017 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar umbreytingarfyrirkomulag til að milda áhrifin á eiginfjárgrunn vegna innleiðingar IFRS-staðals 9 og fyrir meðhöndlun tiltekinnna áhættuskuldbindinga opinberra aðila gefnum upp í heimagjaldmiðli aðildarríkis sem stórra áhættuskuldbindinga, sem er birt á bls. 94 í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 42 frá 25. júní 2020.
5. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/630 frá 17. apríl 2019 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar lágmarkstryggingarvernd fyrir tapi vegna vanefndra áhættuskuldbindinga, sem er birt á bls. 22 í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 19 frá 18. mars 2021, með þeim aðlögunum sem leiðir af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 16/2020 frá 7. febrúar 2020, sem er birt í auglýsingu nr. 4/2022 í C-deild Stjórnartíðinda.
6. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/876 frá 20. maí 2019 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar vogunarhlutfall, hlutfall stöðugar nettó-fjármögnunar, kröfur um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar, útlánaáhættu mótaðila, markaðsáhættu, áhættuskuldbindingar gagnvart miðlægum mótaðilum, áhættuskuldbindingar gagnvart sjóðum um sameiginlega fjárfestingu, stórar áhættuskuldbindingar, skýrslugjafarskyldu og birtingarkröfur og reglugerð (ESB) nr. 648/2012, með þeim aðlögunum sem leiðir af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 301/2021 frá 29. október 2021. Reglugerðin og ákvörðunin er birt í auglýsingu nr. 4/2022 í C-deild Stjórnartíðinda.
7. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/873 frá 24. júní 2020 um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 575/2013 og (ESB) 2019/876 að því er varðar vissar aðlaganir til að bregðast við COVID-19-faraldrinum með þeim aðlögunum sem leiðir af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 301/2021 frá 29. október 2021. Reglugerðin og auglýsingin er birt í auglýsingu nr. 4/2022 í C-deild Stjórnartíðinda.

Í lögum þessum er vísað til reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 með breytingum skv. 1. mgr. sem reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

Seðlabanki Íslands er lögbært yfirvald í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og fer Fjármálaeftirlitið með þau verkefni sem því eru falin. Skilavald samkvæmt lögum um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja fer með þau verkefni sem skilastjórnvöldum eru falin skv. 2. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar.

5. gr.

Fyrirsögn I. kafla laganna verður: **Almenn ákvæði.**

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

- a. Á eftir orðinu „veitir“ í 1. másl. 1. mgr. kemur: lánastofnunum.
- b. Í stað orðanna „Fjármálafyrirtæki“ og „það“ í 2. másl. 1. mgr. kemur: Lánastofnun; og: hún.
- c. Í stað orðsins „fjármálafyrirtækis“ í inngangsmálslið 2. mgr. kemur: lánastofnunar.
- d. Í stað orðanna „ráðandi stöðu“ í c-lið 2. mgr. kemur: yfirráð.
- e. Í stað orðanna „sbr. 42. og 52. gr.“ í 3. mgr. kemur: sbr. 42. gr. a og 52. gr.

7. gr.

3. gr. laganna orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Leyfisskyld starfsemi.

Einungis lögaðilar sem hafa starfsleyfi sem lánastofnanir mega starfa við að taka við innlánunum eða öðrum endurgreiðanlegum fjármunum frá almenningi.

Um aðrar starfsheimildir lánastofnana fer skv. IV. kafla, eftir því sem nánar greinir í starfsleyfi þeirra.

8. gr.

4. gr. laganna orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Tegundir starfsleyfa.

Lánastofnun getur fengið starfsleyfi sem viðskiptabanki, sparisjóður eða lánafyrirtæki.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

- a. 6. tölul. orðast svo: Upplýsingar um stofnendur, hluthafa eða stofnfjáreigendur, sem ráða beint eða óbeint yfir virkum eignarhlut, og hlutfallslegt eignarhald hvers þeirra. Fari enginn með virkan eignarhlut skal upplýsa um 20 stærstu hluthafa eða stofnfjáreigendur.
- b. Á eftir 8. tölul. kemur nýr töluliður, svohljóðandi: Upplýsingar um samstæðu sem fyrirtækið tilheyrir, þar á meðal móðurfélög, eignarhaldsfélög á fjármálasviði og blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi í samstæðunni.
- c. Orðin „23. tölul. 1. mgr. 1. gr. a og“ í 9. tölul. falla brott.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

- a. 2. másl. 2. mgr. fellur brott.
- b. Í stað orðsins „Fjármálafyrirtæki“ í 3. másl. 2. mgr. og í 3. mgr. kemur: Lánastofnun.
- c. Í stað orðsins „fjármálafyrirtækja“ í 4. mgr. kemur: lánastofnana.

d. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Fjármálaeftirlitið skal tilkynna Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni um starfsleyfi sem það veitir lánastofnunum.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

- a. 1. mgr. orðast svo: Fullnægi umsókn eða umsækjandi ekki skilyrðum laga þessara, þar á meðal um eftirlitskerfi með áhættu og hæfi stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og eigenda virkra eignarhluta, að mati Fjármálaeftirlitsins skal það synja um starfsleyfi.
- b. 3. mgr. orðast svo: Starfsleyfi skal ekki veitt ef nán tengsl umsækjanda við einstaklinga eða lögaðila hindra eftirlit með fyrirtækinu af hálfu Fjármálaeftirlitsins. Hið sama á við ef lög eða reglur ríkis utan Evrópska efnahagssvæðisins sem gilda um slíka tengda aðila eða vandkvæði tengd framkvæmd þeirra hindra eftirlit.

12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „fjármála fyrirtæki“ í 1. másl. kemur: lánastofnanir.
- b. Í stað orðsins „fjármála fyrirtæki“ í 2. másl. kemur: lánastofnun.
- c. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Skrá yfir lánastofnanir.*

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „fjármála fyrirtækis“ í inngangsmálslið 1. mgr. kemur: lánastofnunar.
- b. 2. tölul. 1. mgr. orðast svo: fullnægi fyrirtækið ekki varfærniskröfunum sem settar eru fram í 3., 4. eða 6. hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, að frátöldum ákvæðum 92. gr. a og 92. gr. b reglugerðarinnar, eða kröfum Fjármálaeftirlitsins skv. 1. eða 10. tölul. 3. mgr. 107. gr. a.
- c. Í stað tilvísunarinnar „42. og 52. gr.“ í 4. tölul. 1. mgr. kemur: 42. gr. a og 52. gr.
- d. 5. tölul. 1. mgr. orðast svo: ef nán tengsl fyrirtækisins við einstaklinga eða lögaðila eða lög eða reglur ríkis utan Evrópska efnahagssvæðisins sem gilda um slíka tengda aðila eða vandkvæði tengd framkvæmd þeirra hindra eftirlit með fyrirtækinu af hálfu Fjármálaeftirlitsins.
- e. Í stað tilvísunarinnar „86. gr. h – 86. gr. j“ í 6. tölul. 1. mgr. kemur: 107. gr. c – 107. gr. e.
- f. Í stað orðsins „fjármála fyrirtæki“ í 8. og 9. tölul. 1. mgr. kemur: fyrirtækið.
- g. 10. tölul. 1. mgr. orðast svo: brjóti fyrirtækið gegn skyldu til þess að viðhalda kerfis-áhættuauka skv. 86. gr. g og takmarkanir á grundvelli G-hluta X. kafla hafa ekki náð tilætluðum árangri.
- h. Við 1. mgr. bætist nýr töluliður, svohljóðandi: brjóti fyrirtækið alvarlega eða ítrekað gegn lögum um aðgerðir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka.
- i. Í stað orðanna „fjármála fyrirtækis“ og „þess“ í 3. mgr. kemur: lánastofnunar; og: hennar.
- j. Í stað orðanna „fjármála fyrirtæki“ og „því“ í 4. mgr. kemur: lánastofnun; og: henni.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

- a. 1. mgr. orðast svo:
Fjármálaeftirlitið skal tilkynna stjórn lánastofnunar um afturköllun á starfsleyfi hennar. Það skal jafnframt senda Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni tilkynninguna ásamt

ástæðum fyrir afturkölluninni og birta tilkynninguna í Lögbirtingablaði og auglýsa í fjölmiðlum. Starfræki fyrirtækið útibú eða þjónustustarfsemi í öðru aðildarríki skal Fjármálaeftirlitið einnig senda lögbærum yfirvöldum í því ríki tilkynninguna án tafar.

- b. Í stað orðsins „fjármálafyrirtækis“ í 2. mgr. kemur: lánastofnunar.
- c. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: Tilkynning um afturköllun og slit *lánastofnunar*.

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. a laganna:

- a. Í stað orðanna „fjármálafyrirtækja“, „fjármálafyrirtækis“ tvívegis, „fjármálafyrirtæki“ og „fjármálafyrirtækið“ kemur, í viðeigandi beygingarfalli og tölu: lánastofnun.
- b. Í stað orðsins „því“ í 3. másl. 1. mgr. kemur: henni.
- c. 2. másl. 2. mgr. fellur brott.
- d. Í stað orðanna „ákvörðunarinnar og rökstuðning send lögbærum eftirlitsaðila“ í 3. másl. 2. mgr. kemur: ákvörðunar skv. 1. mgr. og rökstuðningur sendur lögbæru yfirvaldi.
- e. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: Takmörkun á starfsemi *lánastofnunar*.

16. gr.

Fyrirsögn II. kafla laganna verður: **Starfsleyfi lánastofnunar**.

17. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „fjármálafyrirtækja“ í 1. mgr. kemur: lánastofnana.
- b. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: Búsetuskilyrði stofnenda *lánastofnunar*.

18. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

- a. 1. mgr. orðast svo: Lánastofnunum er einum heimilt að nota í firma sínu eða til nánari skýringar á starfsemi sinni orðin „lánastofnun“, „banki“, „viðskiptabanki“, „fjárfestingarbanki“, „sparisjóður“ og „lánafyrirtæki“, ein sér eða samtengd öðrum orðum, í samræmi við starfsleyfi sitt.
- b. Í stað orðanna „erlends og innlends fjármálafyrirtækis“ í 2. mgr. kemur: erlendrar og innlendrar lánastofnunar.
- c. Í stað orðsins „Fjármálafyrirtæki“ í 3. mgr. kemur: Lánastofnun.
- d. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Heiti lánastofnunar*.

19. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „Fjármálafyrirtæki“ í 1. másl. kemur: Viðskiptabanki og lánafyrirtæki.
- b. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Rekstrarform lánastofnunar*.

20. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

- a. 2. másl. 1. mgr. orðast svo: Stofnframlag skal samanstanda af einum eða fleiri liðum sem um getur í a–e-lið 1. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

b. 2. mgr. orðast svo:

Þrátt fyrir 1. mgr. getur stofnframlag sparisjóðs sem hefur ekki starfsheimildir skv. 7.–9., 11. og 12. tölul. 1. mgr. 20. gr. og veitir ekki þjónustu erlendis að lágmarki numið jafnvirði 1 millj. evra (EUR) í íslenskum krónum.

c. Í stað orðanna „hlutafé eða stofnfé“ og „hlutafjár eða stofnfjár“ í 3. og 4. mgr. kemur: stofnframlag; og: stofnframlags.

d. Tilvísunin „skv. 84. gr., 84. gr. a – 84. gr. f og 85. gr.“ í 5. mgr. fellur brott.

e. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ráðherra er heimilt að breyta fjárhæðum samkvæmt þessari grein með reglugerð til samræmis við undirgerðir sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins samþykkir með stoð í 146. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB.

21. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. a laganna:

a. 2. másl. 1. mgr. orðast svo: Stofnframlag skal samanstanda af einum eða fleiri liðum sem um getur í a–e-lið 1. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

b. Í stað orðanna „Hlutafé“, „hlutafé“ og „hlutafjár“ í 2.–8. mgr. kemur: Stofnframlag; stofnframlag; og: stofnframlags.

c. Á eftir 3. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Fjármálaeftirlitið getur heimilað verðbréfafyrirtæki, sem fellur undir 3. mgr., með leyfi til að framkvæma fyrirmæli varðandi fjármálagerninga fyrir hönd viðskiptavina, að varðveita slíka fjármálagerninga fyrir eigin reikning séu eftirfarandi skilyrði uppfyllt:

1. Slíkar stöður í fjármálagerningum megi einungis rekja til þess að ekki hafi tekist að mæta fyrirmælum viðskiptavina nákvæmlega.
2. Heildarmarkaðsverðmæti fjármálagerninga samkvæmt þessari málsgrein fari ekki yfir 15% af stofnframlagi verðbréfafyrirtækisins.
3. Ákvæði 92.–95. gr. og 4. hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 séu uppfyllt.
4. Um sé að ræða ráðstafanir til bráðabirgða sem takmarkast við það tímamark sem nauðsynlegt er til að framkvæma fyrirmælin.

d. Á eftir 4. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Heimild verðbréfafyrirtækis til að fjárfesta í fjármálagerningum utan veltubókar í því skyni að ávaxta eigið fé sitt telst ekki til heimildar skv. c-lið 15. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga um markaði fyrir fjármálagerninga, nr. 115/2021, hvað 3. og 5. mgr. þessarar greinar varðar.

e. Í stað 6. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Fyrirtæki sem annast móttöku og miðlun fyrirmæla frá viðskiptavinum um einn eða fleiri fjármálagerninga, framkvæmd fyrirmæla fyrir hönd viðskiptavina, eignastýringu og/eða fjárfestingarráðgjöf, sbr. a-, b-, d- og e-lið 15. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga um markaði fyrir fjármálagerninga, nr. 115/2021, en stundar ekki aðra fjárfestingarþjónustu eða fjárfestingarstarfsemi samkvæmt sama tölulið og hefur ekki heimild til vörslu eða umsýslu í tengslum við einn eða fleiri fjármálagerninga fyrir reikning viðskiptavinar, sbr. a-lið 66. tölul. sömu málsgreinar, né til að halda peningum eða verðbréfum viðskiptavina sinna af öðrum sökum og má því aldrei koma sér í skuld við þá, skal hafa:

- a. stofnframlag að lágmarki jafnvirði 50 þús. evra (EUR) í íslenskum krónum,
- b. starfsábyrgðartryggingu sem tekur til alls Evrópska efnahagssvæðisins eða aðra sambærilega tryggingu til að mæta bótakröfum vegna vanrækslu í starfi sem

nemur að lágmarki 1 millj. evra (EUR) fyrir hverja kröfu og samtals 1,5 millj. evra (EUR) á ári fyrir allar kröfur eða

- c. samsetningu stofnframlags og starfsábyrgðartryggingar sem veitir sambærilega tryggingu og þá sem um getur í a- eða b-lið.

Þrátt fyrir 8. mgr. skal fyrirtæki samkvæmt málsgreininni sem er á skrá yfir váttryggingamiðlara samkvæmt lögum um dreifingu váttrygginga, nr. 62/2019, hafa:

- a. stofnframlag að lágmarki jafnvirði 25 þús. evra (EUR) í íslenskum krónum,
 - b. starfsábyrgðartryggingu sem tekur til alls Evrópska efnahagssvæðisins eða aðra sambærilega tryggingu til að mæta bótakröfum vegna vanrækslu í starfi sem nemur að lágmarki 500 þús. evrum (EUR) fyrir hverja kröfu og samtals 750 þús. evrum (EUR) á ári fyrir allar kröfur eða
 - c. samsetningu stofnframlags og starfsábyrgðartryggingar sem veitir sambærilega tryggingu og þá sem um getur í a- eða b-lið.
- f. Í stað tilvísunarinnar „2.–5. mgr.“ í 9. mgr. kemur: 2.–9. mgr.
 - g. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Ráðherra er heimilt að breyta fjárhæðum samkvæmt þessari grein með reglugerð til samræmis við undirgerðir sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins samþykkir með stoð í 146. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB.
 - h. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: Stofnframlag verðbréfafyrirtækja og *skyldra* fyrirtækja.

22. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „Fjármálafyrirtæki“ kemur: Lánastofnun.
- b. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Höfuðstöðvar lánastofnunar.*

23. gr.

17. gr. laganna fellur brott, ásamt fyrirsögn.

24. gr.

3. másl. 2. mgr. 17. gr. b laganna fellur brott.

25. gr.

Á eftir 17. gr. b laganna kemur ný grein, 17. gr. c, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Skráning viðskipta og skjalfesting ferla.

Fjármálafyrirtæki skulu skrá öll viðskipti sín og skjalfesta stefnur, kerfi og ferla sem falla undir lög þessi með hætti sem gerir Fjármálaeftirlitinu kleift að sannreyna öllum stundum að farið sé að lögnum.

26. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 18. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „eiginfjárstöðu fyrirtækisins“ í 1. másl. kemur: eigin- og lausafjárstöðu fyrirtækisins og önnur atriði sem um getur í 8. hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.
- b. 4. másl. fellur brott.

27. gr.

4. másl. 4. mgr. 19. gr. laganna fellur brott.

28. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 20. gr. laganna:

- a. B-liður 2. tölul. 1. mgr. orðast svo: fasteignalána.
- b. 6. tölul. 1. mgr. orðast svo: Að veita ábyrgðir og lánsloforð.
- c. Inngangsmálsliður 7. tölul. 1. mgr. orðast svo: Viðskipta fyrir eigin reikning eða fyrir reikning viðskiptavina með.
- d. C-liður 7. tölul. 1. mgr. orðast svo: staðlaða framvirka samninga og valrétti (vilnanir).
- e. 8. tölul. 1. mgr. orðast svo: Þátttöku í útboðum verðbréfa og þjónustustarfsemi sem tengist slíkum útboðum.
- f. 9. tölul. 1. mgr. orðast svo: Ráðgjafar til fyrirtækja um fjármagnsskipan, áætlanagerð og skyld mál og ráðgjafar og þjónustu varðandi samruna fyrirtækja og kaup á þeim.
- g. 2. mgr. orðast svo:
Viðskiptabönkum og sparisjóðum er skylt að veita þjónustu skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr.
- h. Í stað tilvísunarinnar „14. tölul.“ í 3. mgr. kemur: 15. tölul.
- i. 4. mgr. orðast svo:
Viðskiptabankar, sparisjóðir með stofnframlag skv. 1. mgr. 14. gr. og lánaþyrirtæki geta haft heimildir til fjárfestingarþjónustu og fjárfestingarstarfsemi og viðbótarþjónustu samkvæmt lögum um markaði fyrir fjármálagerninga.
- j. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Lánastofnunum sem ekki er heimilt að eiga viðskipti fyrir eigin reikning skv. 7. tölul. 1. mgr. er þrátt fyrir það heimilt að fjárfesta í fjármálagerningum utan veltubókar í því skyni að ávaxta eigið fé sitt.
- k. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Starfsheimildir lánastofnana.*

29. gr.

Í stað orðanna „Viðskiptabönkum, sparisjóðum og lánaþyrirtækjum“ þrívægis í 21. gr. laganna kemur: Lánastofnunum.

30. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 22. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „Viðskiptabönkum, sparisjóðum og lánaþyrirtækjum“ tvívægis og „viðskiptabanki, sparisjóður eða lánaþyrirtæki“ tvívægis í greininni kemur: Lánastofnunum; og: lánastofnun.
- b. Í stað orðsins „þeirra“ tvívægis í greininni kemur: hennar.

31. gr.

Í stað orðanna „sem uppfylla ákvæði 2. mgr.“ í 23. gr. laganna kemur: með stofnframlag skv. 1. mgr.

32. gr.

Fyrirsögn A-hluta IV. kafla laganna verður: Lánastofnanir.

33. gr.

B-hluti IV. kafla laganna fellur brott, ásamt fyrirsögnum.

34. gr.

28. gr. laganna fellur brott, ásamt fyrirsögn.

35. gr.

Í stað tilvísananna „116. gr. a“ og „1. mgr. 84. gr. e“ í 1. mgr. 28. gr. a laganna kemur: 3. tölul. 1. mgr. 107. gr. i; og: reglugerð (ESB) nr. 575/2013.

36. gr.

Í stað tilvísunarinnar „skv. 30. gr.“ í 3. másl. og orðsins „stjórnarmanna“ í 4. másl. 2. mgr. 29. gr. a laganna kemur: skv. 4. hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013; og: stjórnarmenn.

37. gr.

29. gr. b – 30. gr. a laganna falla brott, ásamt fyrirsögnum.

38. gr.

Fyrirsögn C-hluta IV. kafla laganna orðast svo: *Eignarhlutir í fyrirtækjum og lánveitingar.*

39. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 31. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Erlend lánastofnun, sem hefur staðfestu og starfsleyfi í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, getur stofnsett útibú hér á landi tveimur mánuðum eftir að Fjármálaeftirlitið hefur fengið tilkynningu um fyrirhugaða starfsemi frá lögbæru yfirvaldi í heimaríki fyrirtækisins. Heimilt er að stofnsetja útibúið fyrr með samþykki Fjármálaeftirlitsins. Útibúinu er heimilt að stunda hverja þá starfsemi sem lög þessi taka til, enda sé hún fyrirtækinu heimil í heimaríki þess. Fjármálaeftirlitið skal upplýsa erlendu lánastofnunina um skilyrði sem starfsemin er háð og sett hafa verið í þágu almannahagsmuna, ef þörf krefur. Svissneskar og færeyskar lánastofnanir geta stofnað útibú með þeim hætti sem segir í þessari málsgrein enda séu sömu kröfur gerðar til þeirra og lánastofnana með staðfestu í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins og gerður hafi verið samstarfs-samningur á milli Seðlabanka Íslands og lögbærra svissneskra eða færeyskra yfirvalda.

b. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Útibú lánastofnana innan EES.*

40. gr.

Á eftir 31. gr. laganna kemur ný grein, 31. gr. a, sem orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Mikilvægt útibú erlends fjármálaefirtækis á Íslandi.

Starfræki fjármálaefirtæki með staðfestu í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu, annað en verðbréfaefirtæki skv. 95. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, útibú hér á landi getur Fjármálaeftirlitið lagt fram beiðni til eftirlitsaðila á samstæðugrunni eða lögbærs yfirvalds í heimaríki fjármálaefirtækisins um að útibúið teljist mikilvægt. Beiðnin skal vera rökstudd, einkum með tilliti til:

1. Þess hvort hlutur útibúsins í innlánnum á Íslandi sé meiri en 2%.
2. Líklegra áhrifa tímabundinnar stöðvunar eða lokunar á starfsemi fjármálaefirtækisins á kerfislæga lausafjárstöðu og greiðslu-, greiðslujöfnunar- og uppgjörskerfi á Íslandi.
3. Stærðar og mikilvægis útibúsins með tilliti til fjölda viðskiptavina innan banka- eða fjármálakerfis Íslands.

Fjármálaeftirlitið skal leitast við að komast að sameiginlegri niðurstöðu með viðkomandi yfirvaldi um hvort útibú teljist mikilvægt. Ef ekki næst sameiginleg niðurstaða innan tveggja mánaða frá móttöku beiðni frá Fjármálaeftirlitinu skv. 1. mgr. skal Fjármálaeftirlitið ákveða innan næstu tveggja mánaða hvort útibúið teljist mikilvægt. Við ákvörðunina skal það taka

tillit til skoðana og fyrirvara viðkomandi yfirvalds. Fjármálaeftirlitið skal rökstyðja ákvörðunina og senda viðkomandi yfirvaldi.

Hafi lögbært yfirvald fjármálaeftirlitækis með staðfestu í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu sem starfrækir mikilvægt útibú hér á landi ekki haft samráð við Fjármálaeftirlitið um ráðstafanir fyrirtækisins til að tryggja að viðbragðsáætlun til að bregðast við lausafjávanda geti komið til tafarlausra framkvæmda þegar það hefur þýðingu fyrir lausafjánhættu í íslenskum krónum, eða ef Fjármálaeftirlitið telur ráðstafanirnar ekki fullnægjandi, getur Fjármálaeftirlitið vísað málinu til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar eða Eftirlitsstofnunar EFTA, eftir því sem við á, til samræmis við 19. gr. reglugerðar (ESB) 1093/2010, sbr. lög um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði.

41. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 32. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „Erlendu fjármálaeftirlitæki“, „Svissnesk og færeysk fjármálaeftirlitæki“ og „fjármálaeftirlitækja“ kemur: Erlendri lánastofnun; Svissneskar og færeyskar lánastofnanir; og: lánastofnana.
- b. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Þjónusta lánastofnunar innan EES án stofnunar útibús.*

42. gr.

Á eftir 32. gr. laganna kemur ný grein, 32. gr. a, sem orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Þjónusta eða stofnun útibús hjá fjármálastofnun innan EES.

Erlend fjármálastofnun, sem er dótturfélag lánastofnunar eða sameiginlegt dótturfélag tveggja eða fleiri lánastofnana og hefur staðfestu í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, og dótturfélag slíkrar fjármálastofnunar getur stofnsett útibú hér á landi eða veitt þjónustu hér á landi án stofnunar útibús sem fyrirtækinu er heimil í heimaríki þess. Svissneskar og færeyskar fjármálastofnanir og dótturfélög þeirra geta stofnað útibú eða veitt þjónustu án stofnunar útibús með þeim hætti sem segir í þessari grein enda séu sömu kröfur gerðar til þeirra og fjármálastofnana eða dótturfélaga þeirra með staðfestu í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins og gerður hafi verið samstarfssamningur á milli Seðlabanka Íslands og lögbærra svissneskra eða færeyskra yfirvalda.

Heimild skv. 1. mgr. er háð því að eftirtalin skilyrði séu uppfyllt og að Fjármálaeftirlitinu hafi borist staðfesting lögbærs yfirvalds í heimaríki móðurfélags eða -félaga þess efnis:

1. Fjármálastofnunin lýtur lögum annars aðildarríkis og móðurfélagið eða -félögin hafa starfsleyfi sem lánastofnanir í sama aðildarríki.
2. Umrádd starfsemi fer í reynd fram á yfirráðsvæði þessa sama aðildarríkis.
3. Móðurfélagið eða -félögin fara með a.m.k. 90% af atkvæðamagni því sem fylgir hlutum í fjármálastofnuninni.
4. Móðurfélagið eða -félögin uppfylla kröfur Fjármálaeftirlitsins um heilbrigða og trausta stjórnun fjármálastofnunarinnar og hafa jafnframt lýst því yfir, með samþykki lögbærra yfirvalda í heimaríki þeirra, að þau beri óskipta ábyrgð á þeim skuldbindingum sem fjármálastofnunin stofnar til.
5. Dótturfélagið heyrir undir eftirlit á samstæðugrunni sem móðurfélagið eða sérhvert móðurfélaganna lýtur til samræmis við 3. kafla VII. bólsks tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB og 2. kafla II. bólsks 1. hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, einkum hvað snertir eiginfjárkröfur skv. 92. gr., stórar áhættuskuldbindingar skv. 4. hluta og virka eignarhluti utan fjármálageirans skv. 89. og 90. gr. reglugerðarinnar.

Ákvæði laga um hlutafélög varðandi útibú erlendra hlutafélaga eiga ekki við um útibú skv. 1. mgr.

43. gr.

33. gr. laganna orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Útibú lánastofnana utan EES.

Fjármálaeftirlitið getur heimilað lánastofnun með staðfestu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins að opna útibú hér á landi. Skilyrði fyrir veitingu slíks leyfis er að fyrirtækið hafi leyfi til að stunda starfsemi í heimaríki sínu hliðstæða þeirri sem það hyggst stunda hér á landi og að sú starfsemi sé háð sambærilegu eftirliti í heimaríkinu.

Útibú lánastofnunar með staðfestu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins skal a.m.k. árlega veita Fjármálaeftirlitinu upplýsingar um:

1. Heildareignir sem svara til starfsemi útibúsins.
2. Aðgengi útibúsins að lausafjäreignum, einkum í íslenskum krónum.
3. Eiginfjárgrunn sem er til umráða fyrir útibúið.
4. Innstæðutryggingakerfi sem stendur eigendum innstæðna hjá útibúinu til boða.
5. Áhættustýringu útibúsins.
6. Stjórnarhætti útibúsins og lykilstarfsmenn.
7. Endurbótaáætlanir sem útibúið heyrir undir.
8. Annað sem Fjármálaeftirlitið telur nauðsynlegt til að hafa heildstætt eftirlit með starfsemi útibúsins.

Fjármálaeftirlitið skal upplýsa Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina um:

1. Leyfi sem það veitir lánastofnunum með staðfestu í ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins til að opna útibú hér á landi og breytingar á áður veittum leyfum.
2. Heildareignir og -skuldir útibúa lánastofnana með staðfestu í ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins hér á landi.
3. Heiti þriðjaríkissamstæðna sem útibú tilheyrir.

44. gr.

34. gr. laganna orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Úrræði vegna starfsemi erlendra lánastofnana.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að krefja erlendar lánastofnanir sem hafa útibú á Íslandi um skýrslu með reglulegu millibili um starfsemi sína á Íslandi í þeim tilgangi að afla upplýsinga eða tölfræði eða vegna framkvæmdar ákvæða laga þessara um mikilvæg útibú, einkum til að meta hvort útibú sé mikilvægt, eða eftirlits samkvæmt þessari grein. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að krefja útibú erlendra lánastofnana með heimild til að veita fjárfestingarþjónustu eða stunda fjárfestingarstarfsemi um allar nauðsynlegar upplýsingar til að meta hvort útibúið fylgi viðeigandi reglum um fjárfestavernd og gegnsæi viðskipta.

Ef Fjármálaeftirlitið hefur, á grundvelli upplýsinga frá lögbæru yfirvaldi í heimaríki erlendar lána- eða fjármálastofnunar með starfsemi hérlandis, hvort sem er með eða án útibús, rökstudda ástæðu til að ætla að hún brjóti gegn ákvæðum laga þessara eða annarra laga, eða að veruleg hættu sé á því, skal Fjármálaeftirlitið gera lögbæra yfirvaldinu í heimaríkinu aðvart. Ef lögbæra yfirvaldið í heimaríkinu grípur ekki til fullnægjandi ráðstafana til að stöðva ólög- mæta háttsemi fyrirtækisins eða Fjármálaeftirlitið telur að yfirvaldið muni ekki gera það getur Fjármálaeftirlitið leitað aðstoðar Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar eða Eftirlitsstofnunar EFTA, eftir því sem við á, til samræmis við 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, sbr. lög um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði.

Áður en ferli skv. 2. mgr. er lokið er Fjármálaeftirlitinu heimilt að grípa til bráðabirgða-aðgerða ef brýna nauðsyn ber til í því skyni að viðhalda fjármálastöðugleika til að verja verulega heildarhagsmunum innlánseigenda, fjárfesta og viðskiptamanna lánastofnunar á Íslandi. Þær geta falið í sér frestanir á greiðslum enda feli þær ekki í sér að lánardrottinn lánastofnunar hér á landi njóti betri meðferðar en lánardrottinn í öðrum aðildarríkjum. Fjármálaeftirlitið skal fella bráðabirgða-aðgerðir úr gildi þegar þeirra er ekki lengur þörf eða ef yfirvöld í heimaríki lánastofnunarinnar taka ákvörðun um endurskipulagningu fjárhags hennar. Fjármálaeftirlitið skal upplýsa Eftirlitsstofnun EFTA, Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina og lögbær yfirvöld hlutaðeigandi aðildarríkja um bráðabirgða-aðgerðir samkvæmt þessari málsgrein án ástæðulausrar tafar.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að banna erlendri lánastofnun að stunda starfsemi hér á landi hafi hlutaðeigandi fyrirtæki brotið gróflega eða ítrekað gegn ákvæðum laga þessara eða samþykktum og reglum settum samkvæmt þeim eða gegn ákvæðum annarra laga um fjármála-fyrirtæki, enda hafi ekki tekist að binda enda á framangreind brot með úrræðum samkvæmt lögum þessum.

Ef erlend lánastofnun sem hefur starfsemi hérlandis er svipt starfsleyfi skal Fjármálaeftirlitið grípa til viðeigandi ráðstafana til að koma í veg fyrir að fyrirtækið stundi frekari viðskipti hérlandis og vernda hagsmunum innlánseigenda.

Um málsmeðferð samkvæmt þessari grein fer eftir ákvæðum samnings um Evrópska efnahagsvæðið eftir því sem við á.

45. gr.

35. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra getur sett reglugerð um heimildir erlendra lánastofnana til starfsemi hér á landi og innlendra lánastofnana erlendis. Í reglugerðinni má meðal annars kveða á um eftirlit með og nánari kröfur til útibúa og umboðsskrifstofa erlendra lánastofnana, um heimildir fjármála-stofnana og dótturfélaga lánastofnana til að stunda fjármálastarfsemi hér á landi og um heimildir innlendra fjármálastofnana til að stunda fjármálastarfsemi erlendis.

46. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 36. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „Innlend fjármála-fyrirtæki“ í 1. mgr. kemur: Innlendar lánastofnanir.
- b. Orðin „starfsemi útibúsins“ í 2. mgr. falla brott.
- c. 1. og 2. másl. 3. mgr. orðast svo: Ef Fjármálaeftirlitið bannar ekki stofnun útibús skv. 4. mgr. skal það eigi síðar en þremur mánuðum frá því að því bærust upplýsingar skv. 2. mgr. senda þær til lögbærra yfirvalda gistiríkis. Jafnframt skal Fjármálaeftirlitið senda lögbærum yfirvöldum gistiríkis upplýsingar um fjárhæð og samsetningu eiginfjárgrunns fyrirtækisins og eiginfjárkröfur til þess skv. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.
- d. Í stað orðsins „fjármála-fyrirtæki“ í 1. másl. 4. mgr. kemur: lánastofnunar.
- e. Við 4. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Fjármálaeftirlitið skal tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA og Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni um slík bönn.
- f. Í stað orðsins „Fjármála-fyrirtæki“ í 1. másl. 5. mgr. kemur: Lánastofnun.
- g. Á eftir orðinu „Fjármálaeftirlitinu“ í 1. másl. 5. mgr. kemur: og lögbærum yfirvöldum þess ríkis þar sem hún starfrækir útibú skriflega.
- h. 2. másl. 5. mgr. fellur brott.

47. gr.

Á eftir 36. gr. laganna kemur ný grein, 36. gr. a, sem orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Mikilvægt útibú innan EES.

Fjármálaeftirlitið skal viðurkenna og fara eftir ákvörðun lögbærs yfirvalds í öðru aðildarríki um að útibú íslensks fjármálafyrirtækis í því ríki teljist mikilvægt.

Fjármálaeftirlitið skal:

1. Láta lögbæru yfirvaldi mikilvægs útibús íslensks fjármálafyrirtækis í té upplýsingar skv. 4. og 5. tölul. 2. másl. 1. mgr. 109. gr. x og eiga í samstarfi við yfirvaldið við framkvæmd 3. tölul. 1. mgr. 109. gr. c.
2. Láta lögbæra yfirvaldinu í té upplýsingar um niðurstöður mats á áhættu fyrirtækisins skv. 80. gr. og, eftir atvikum, 109. gr. d að því marki sem þær varða viðkomandi útibú.
3. Tilkynna lögbæra yfirvaldinu um ákvarðanir sem Fjármálaeftirlitið tekur skv. 3. mgr. 107. gr. a að því marki sem þær varða viðkomandi útibú.
4. Eiga samráð við lögbæra yfirvaldið um ráðstafanir fyrirtækisins skv. 9. mgr. 78. gr. h til að tryggja að viðbragðsáætlun til að bregðast við lausafjársvæðinu geti komið til tafarlausra framkvæmda þegar það hefur þýðingu fyrir lausafjáráhættu í gjaldeyri þess aðildarríkis þar sem útibúið er.

Fjármálaeftirlitið skal koma á fót og stýra samstarfshópi með lögbærum yfirvöldum sem hafa eftirlit með mikilvægum útibúum íslensks fjármálafyrirtækis í öðrum aðildarríkjum til þess að greiða fyrir samstarfi skv. 2. mgr. og 109. gr. v, enda eigi 109. gr. j ekki við. Fjármálaeftirlitið skal í samráði við önnur lögbær yfirvöld í starfshópnum setja skrifleg viðmið um vinnutilhögun hans. Fjármálaeftirlitið stýrir fundum samstarfshóps og boðar til hans þau yfirvöld sem hann varðar. Það skal tilkynna öllum meðlimum samstarfshóps fyrir fram um fundi með dagskrá. Fjármálaeftirlitið skal svo fljótt sem auðið er upplýsa meðlimi samstarfshóps um ákvarðanir sem teknar eru á fundum og til hvaða aðgerða er gripið.

48. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 37. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „fjármálafyrirtæki“ tvívegis í 1. mgr. kemur: lánastofnun.
- b. Í stað orðanna „eftirlitsaðila“ og „fjármálafyrirtækisins“ í 2. mgr. kemur: yfirvalda; og: lánastofnunarinnar.
- c. Í stað orðsins „fjármálafyrirtækis“ í 1. másl. 3. mgr. kemur: lánastofnunar.
- d. Í stað orðsins „fjármálafyrirtækið“ í 2. másl. 4. mgr. kemur: lánastofnunin.

49. gr.

Á eftir 37. gr. laganna kemur ný grein, 37. gr. a, sem orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Tilkynning um stofnun útibús eða þjónustu fjármálastofnunar án stofnunar útibús.

Innlend fjármálastofnun sem er dótturfélag lánastofnunar eða sameiginlegt dótturfélag tveggja eða fleiri lánastofnana sem hyggst starfrækja útibú eða veita þjónustu án stofnunar útibús samkvæmt lögum þessum í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu, í aðildarríki Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum skal tilkynna það Fjármálaeftirlitinu fyrir fram. Sama gildir um dótturfélag slíkrar fjármálastofnunar.

Tilkynningu skv. 1. mgr. skulu fylgja upplýsingar skv. 2. mgr. 36. gr. ef til stendur að starfrækja útibú en upplýsingar skv. 2. másl. 1. mgr. 37. gr. ef til stendur að veita þjónustu án stofnunar útibús.

Fjármálaeftirlitið skal sannreyna hvort þeim skilyrðum sem um getur í 1. mgr. 32. gr. a sé fullnægt og láta fjármálastofnuninni eða dótturfélaginu í té staðfestingu þar að lútandi. Ef skilyrðunum er fullnægt skal Fjármálaeftirlitið jafnframt tilkynna lögbærum yfirvöldum hlutaðeigandi ríkis um fjárhæð og samsetningu eiginfjárgrunns fjármálastofnunarinnar og fjárhæð áhættugrunns lánastofnunar sem er móðurfélag fjármálastofnunarinnar, eins og áhættugrunnurinn er reiknaður skv. 3. og 4. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

Fjármálaeftirlitið getur bannað starfsemi skv. 1. mgr. ef það hefur réttmæta ástæðu til að ætla að stjórnun eða fjárhagsstaða hlutaðeigandi fjármálastofnunar eða dótturfélags hennar sé ekki nægilega traust. Fyrirtækinu skal tilkynnt afstaða Fjármálaeftirlitsins svo fljótt sem auðið er.

Breytingar á áður tilkynntum atriðum samkvæmt þessari grein skulu tilkynntar Fjármálaeftirlitinu eigi síðar en einum mánuði áður en þær koma til framkvæmda. Fjármálaeftirlitið skal tilkynna lögbærum yfirvöldum þess ríkis þar sem fjármálastofnunin eða dótturfélag hennar veitir þjónustu um breytingar á áður veittum upplýsingum.

50. gr.

Í stað orðanna „fjármálafyrirtæki“ og „fjármálafyrirtækis“ í 38. gr. laganna kemur: lánastofnun; og: lánastofnunar.

51. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 39. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „Hyggist fjármálafyrirtæki“ kemur: Hyggist lánastofnun.
- b. Orðin „og skal hún rökstudd“ í lokamálslið falla brott.

52. gr.

Á eftir 39. gr. laganna kemur ný grein, 39. gr. a, sem orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Ráðstafanir vegna brota.

Ef lögbært yfirvald í öðru aðildarríki þar sem íslenskt fjármálafyrirtæki eða fjármálastofnun er með starfsemi tilkynnir Fjármálaeftirlitinu um að það hafi rökstudda ástæðu til að ætla að fyrirtækið brjóti gegn ákvæðum laga eða stjórnvaldsfyrirmæla sem innleiða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB eða reglugerð (ESB) nr. 575/2013, eða að veruleg hætta sé á því, skal Fjármálaeftirlitið tafarlaust gera ráðstafanir til að tryggja að fyrirtækið fari eftir ákvæðunum. Fjármálaeftirlitið skal tilkynna lögbæra yfirvaldinu um ráðstafanirnar.

53. gr.

40. gr. laganna orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Tilkynning til Fjármálaeftirlitsins.

Aðili sem hyggst eignast, einn sér eða í samstarfi við aðra, virkan eignarhlut í lánastofnun skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu fyrir fram um áform sín. Hið sama á við hyggist aðili, einn sér eða í samstarfi við aðra, auka svo við virkan eignarhlut sinn að hlutafé, stofnfé eða atkvæðisréttur hans nái eða fari yfir 20%, 30% eða 50% eða nemi svo stórum hluta að lánastofnun verði talin dótturfélag hans.

Með virkum eignarhlut er átt við beina eða óbeina hlutdeild í lánastofnun sem nemur 10% eða meira af hlutafé, stofnfé eða atkvæðisrétti, eða aðra hlutdeild sem gerir kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun viðkomandi lánastofnunar. Við mat á því hvort hlutdeild í lánastofnun feli í sér virkan eignarhlut skal atkvæðisréttur ákvarðaður til samræmis við III. kafla laga um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu, nr. 20/2021, eftir því sem við getur

átt. Ekki skal telja með hlutafé, stofnfé eða atkvæðisrétt sem fjármálafyrirtæki á vegna sölu-tryggingar í tengslum við útgáfu fjármálagerninga og/eða útboð fjármálagerninga skv. f-lið 15. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga um markaði fyrir fjármálagerninga, nr. 115/2021, enda séu þessi réttindi ekki nýtt eða notuð á annan hátt til að hlutast til um stjórnun útgefandans og ráðstafað innan árs frá öflun.

Samstarf skal vera talið á milli aðila ef þeir hafa gert með sér samkomulag um að einn eða fleiri saman nái virkum eignarhlut í lánastofnun, hvort sem samkomulagið er formlegt eða óformlegt, skriflegt, munnlegt eða með öðrum hætti. Samstarf skal alltaf talið vera fyrir hendi þegar um eftirfarandi tengsl er að ræða, nema sýnt sé fram á hið gagnstæða:

1. Hjón, aðilar í skráðri sambúð og börn hjóna eða aðila í skráðri sambúð. Foreldrar og börn teljast enn fremur aðilar í samstarfi.
2. Tengsl milli aðila sem fela í sér bein eða óbein yferráð annars aðilans yfir hinum eða ef tvö eða fleiri félög eru beint eða óbeint undir yferráðum sama aðila. Taka skal tillit til tengsla aðila skv. 1., 3. og 4. tölul.
3. Félög sem aðili á með beinum eða óbeinum hætti verulegan eignarhlut í, þ.e. aðili á með beinum eða óbeinum hætti a.m.k. 20% hluta atkvæðisréttar í viðkomandi félagi. Félag, móðurfélag þess, dótturfélög og systurfélög teljast í samstarfi. Taka skal tillit til tengsla aðila skv. 1., 2. og 4. tölul.
4. Tengsl á milli félags og stjórnarmanna þess og félags og framkvæmdastjóra þess.

54. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 41. gr. laganna:

- a. Inngangsmálsliður 1. mgr. orðast svo: Tilkygning til Fjármálaeftirlitsins skv. 40. gr. skal vera skrifleg og henni skulu fylgja upplýsingar um eftirfarandi:
- b. Í stað orðanna „þess fjármálafyrirtækis“ í 2. tölul. 1. mgr. kemur: þeirrar lánastofnunar.
- c. Í stað orðsins „fjármálafyrirtækis“ í 4. tölul. 1. mgr. kemur: lánastofnunar.
- d. Í stað orðsins „fjármálafyrirtæki“ í 7. tölul. 1. mgr. kemur: lánastofnun.
- e. 12. tölul. 1. mgr. orðast svo: Annað sem Fjármálaeftirlitið telur nauðsynlegt og skal fylgja tilkygningu samkvæmt tilmælum sem það hefur birt opinberlega.
- f. 3. másl. 2. mgr. fellur brott.
- g. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Fjármálaeftirlitið getur krafist þess að upplýsingar samkvæmt þessari grein séu studdar gögnum.

55. gr.

42. gr. laganna orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Matstímabil.

Eigi síðar en tveimur virkum dögum eftir móttöku tilkygningar skv. 40. gr., sbr. 41. gr., skal Fjármálaeftirlitið staðfesta skriflega móttöku hennar. Hið sama á við um móttöku viðbótarupplýsinga skv. 2. mgr. Í staðfestingu skal koma fram fyrir hvaða dag megi vænta niðurstöðu Fjármálaeftirlitsins.

Telji Fjármálaeftirlitið að afla þurfi ítarlegri upplýsinga en þeirra sem upp eru taldar í 1. mgr. 41. gr. frá þeim sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut getur það skriflega krafist viðkomandi um þær. Slík krafa skal sett fram eigi síðar en fimmtíu virkum dögum eftir staðfestingu á móttöku tilkygningar.

Fjármálaeftirlitið hefur sextíu virka daga frá staðfestingu á móttöku tilkygningar með upplýsingum skv. 41. gr. til þess að meta hvort það telur þann sem hyggst eignast eða auka

við virkan eignarhlut hæfan til að fara með eignarhlutinn. Sé óskað eftir viðbótarupplýsingum frá viðkomandi, sbr. 2. mgr., bætist bið eftir upplýsingum við dagafjölda skv. 1. másl., þó ekki umfram tuttugu virka daga, eða þrjátíu virka daga ef sá sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut er staðsettur í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins eða lýtur ekki opinberu fjármálaeftirliti innan Evrópska efnahagssvæðisins. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að óska aftur eftir frekari upplýsingum. Slík beiðni lengir ekki framangreinda tímafresti.

Liggi niðurstaða Fjármálaeftirlitsins ekki fyrir innan matstímabils skv. 3. mgr. skal litið svo á að Fjármálaeftirlitið geri ekki athugasemdir við fyrirætlanir þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut í hlutaðeigandi lánastofnun.

56. gr.

Á eftir 42. gr. laganna koma tvær nýjar greinar, 42. gr. a og 42. gr. b, sem orðast svo, ásamt fyrirsögnum:

a. (42. gr. a.)

Mat á hæfi.

Fjármálaeftirlitið leggur mat á hvort sá sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut sé hæfur til að eiga eignarhlutinn með tilliti til heilbrigðs og trausts reksturs lánastofnunar og líklegra áhrifa hans á lánastofnunina og hvort fjármögnun fyrirhugaðs virks eignarhlutar sé traust. Skal mat Fjármálaeftirlitsins grundvallast á öllum eftirfarandi atriðum:

1. Orðspori þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut.
2. Orðspori, þekkingu, hæfni og reynslu stjórnarmanna og framkvæmdastjóra lánastofnunarinnar komi til hinna fyrirhuguðu kaupa eða aukningar virks eignarhlutar.
3. Fjárhagslegu heilbrigði þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut í fjármálaafyrirtækinu, einkum með tilliti til þess reksturs sem lánastofnunin hefur, eða mun hafa, með höndum.
4. Hvort ætla megi að eignarhald þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut muni hafa áhrif á hvort hlutaðeigandi lánastofnun muni fylgja varfærniskröfum samkvæmt lögum og reglum sem um starfsemi hennar gilda. Við mat á því skal meðal annars horft til þess hvort staða lánastofnunarinnar í samstæðu félaga sem hún mun tilheyra kunni að mati Fjármálaeftirlitsins að hindra eðlilegar eftirlitsaðgerðir, upplýsingaskipti við önnur lögbær yfirvöld eða skiptingu ábyrgðar milli lögbærra yfirvalda.
5. Hvort ætla megi að fyrirhugað eignarhald tengist peningþvætti eða fjármögnun hryðjuverka, eða tilraun til slíks athæfis, eða geti aukið líkur á slíku athæfi innan hlutaðeigandi lánastofnunar.

Ef sá sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut er fjármálaafyrirtæki, váttryggingafélag eða rekstrarfélag verðbréfasjóða með starfsleyfi í öðru aðildarríki eða móðurfélag slíks aðila eða einstaklingur eða lögaðili sem hefur yfirlit yfir slíkum aðila skal Fjármálaeftirlitið hafa samráð við viðeigandi lögbær yfirvöld við mat sitt. Fjármálaeftirlitið skal að eigin frumkvæði veita viðkomandi yfirvöldum upplýsingar sem eru nauðsynlegar fyrir mat þeirra og verða án ástæðulausrar tafar við óskum um frekari upplýsingar sem skipta máli fyrir matið.

b. (42. gr. b.)

Mat samhliða umsókn eignarhaldsfélags um samþykki.

Fari mat á hæfi skv. 42. gr. a fram samhliða mati á umsókn eignarhaldsfélags á fjármála-sviði eða blandaðs eignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi um samþykki skv. B-hluta þessa kafla skal Fjármálaeftirlitið hafa samráð við eftirlitsaðila á samstæðugrunni og lögbært yfirvald í

Því aðildarríki þar sem eignarhaldsfélagið á fjármálasviði eða blandaða eignarhaldsfélagið í fjármálastarfsemi hefur staðfestu við matið.

Matstímabil skv. 3. mgr. 42. gr. lengist um þann tíma sem tekur að afgreiða umsókn eignarhaldsfélags á fjármálasviði eða blandaðs eignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi um samþykki og ekki skemur en 21 virkan dag.

57. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 43. gr. laganna:

- a. Við 1. másl. bætist: og innan matstímabils skv. 3. mgr. 42. gr.
- b. 2. másl. orðast svo: Í niðurstöðunni skal greint frá sjónarmiðum og fyrirvörum sem lögbært yfirvald þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut hefur látið í ljós við samráð skv. 2. mgr. 42. gr. a.

58. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 44. gr. laganna:

- a. Á undan 1. másl. kemur nýr máslíður, svohljóðandi: Fjármálaeftirlitið getur sett öflun eða aukningu virks eignarhlutar frest sem það getur framlengt.
- b. Í stað orðanna „sex mánaða frá því að niðurstaða þess lá fyrir“ í 1. másl. kemur: þess frests.

59. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 45. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „það sem hann átti áður“ í 1. og 6. másl. kemur: leyfileg mörk.
- b. Í stað orðsins „fjármála fyrirtæki“ í 2. másl. kemur: lánastofnun.
- c. Á eftir orðunum „tilkynning hlutaðeigandi“ í 6. másl. kemur: og upplýsingar skv. 41. gr.

60. gr.

46. gr. laganna orðast svo:

Eignist aðili eða auki við virkan eignarhlut þrátt fyrir að Fjármálaeftirlitið hafi komist að þeirri niðurstöðu að hann sé ekki hæfur til að eignast eða auka við hlut sinn fellur niður atkvæðisréttur sem fylgir þeim hlut sem er umfram leyfileg mörk. Fjármálaeftirlitið tilkynnir viðkomandi lánastofnun um brottfall atkvæðisréttarins fái það vitneskju um kaupin eða aukninguna. Viðkomandi aðila er skylt að selja þann hluta eignarhlutarins sem er umfram leyfileg mörk. Fjármálaeftirlitið setur tímamörk í því skyni og skal fresturinn ekki vera skemmri en tveir mánuðir.

61. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 47. gr. laganna:

- a. Á eftir orðinu „Fjármálaeftirlitinu“ í 1. másl. kemur: skriflega.
- b. Á eftir orðinu „eignarhlutur“ í 1. másl. kemur: eða atkvæðisréttur.
- c. Á eftir orðinu „eignarhluturinn“ í 2. másl. kemur: eða atkvæðisrétturinn.
- d. Í stað hlutfallsins „33%“ í 2. másl. kemur: 30%.
- e. Í stað orðsins „fjármála fyrirtækið“ 2. másl. kemur: lánastofnun.

62. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 48. gr. laganna:

- a. Á eftir orðinu „stofnfjáreign“ í 1. mgr. kemur: eða atkvæðisréttur.

- b. Í stað orðanna „fjármálafyrirtæki“ og „þess“ í 1. mgr. kemur: lánastofnun; og: hennar.
- c. Í stað orðanna „fjármálafyrirtæki“ og „því“ í 1. másl. 2. mgr. kemur: lánastofnun sem tekin hefur verið til viðskipta á skipulegum markaði; og: henni.
- d. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Tilkynning lánastofnunar um aðilaskipti.*

63. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 49. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „fjármálafyrirtæki“ í 1. másl. 1. mgr. kemur: lánastofnun.
- b. 2. mgr. orðast svo:

Teljast einstaklingur eða lögaðili ekki lengur hæfur til þess að fara með virkan eignarhlut eða fer þannig með hlut sinn að það sé líklegt til að skaða heilbrigðan og traustan rekstur lánastofnunar er heimilt að veita hæfilegan frest til úrbóta sé það unnt að mati Fjármálaeftirlitsins. Verði úrbótum ekki við komið eða líði frestur sem Fjármálaeftirlitið hefur veitt skv. 1. másl. tilkynnir Fjármálaeftirlitið aðilanum og viðkomandi lánastofnun um brottfall atkvæðisréttar aðilans umfram lágmark þess sem telst virkur eignarhlutur. Honum er þá jafnframt skylt að selja þann hluta eignarhlutarins sem er umfram þau mörk. Fjármálaeftirlitið setur tímamörk í því skyni og skal fresturinn ekki vera skemmri en tveir mánuðir.

64. gr.

Í stað 49. gr. b laganna kemur nýr hluti í VI. kafla, er verður B-hluti, með fyrirsögninni: *Samþykki eignarhaldsfélaga*, með sex nýjum greinum, 49. gr. b – 49. gr. g, sem orðast svo, ásamt fyrirsögnum:

- a. (49. gr. b.)

Skylda til að sækja um samþykki.

Móðureignarhaldsfélög á fjármálasviði í aðildarríki, blönduð móðureignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi í aðildarríki, móðureignarhaldsfélög á fjármálasviði á Evrópska efnahagssvæðinu og blönduð móðureignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi á Evrópska efnahagssvæðinu skulu sækja um samþykki skv. B-hluta þessa kafla. Önnur eignarhaldsfélög á fjármálasviði og blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi skulu sækja um samþykki ef þess er krafist að þau fari að lögum þessum á undirsamstæðugrunni.

Eignarhaldsfélag á fjármálasviði eða blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi þarf þó ekki samþykki ef:

1. Meginstarfsemi þess, eða meginstarfsemi þess að því er varðar fjármálafyrirtæki eða fjármálastofnanir ef um er að ræða blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi, felst í því að afla eignarhluta í dótturfélögum.
2. Það hefur ekki verið tilgreint sem skilaeining í neinni samstæðu innan skilameðferðar samstæðu í samræmi við skilastefnuna sem skilavaldið hefur ákvarðað samkvæmt lögum um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja.
3. Lánastofnun sem er dótturfélag þess er tilnefnd sem ábyrg fyrir því að tryggja að samstæðan fari að varfærniskröfum á samstæðugrunni og fær öll nauðsynleg úrræði og heimildir að lögum til að gegna þessum skyldum með skilvirkum hætti.
4. Það tekur ekki þátt í ákvörðunum um stjórnun, rekstur eða fjármál sem hafa áhrif á samstæðuna eða dótturfélög hennar sem eru fjármálafyrirtæki eða fjármálastofnanir.
5. Engar hindranir eru á skilvirku eftirliti með samstæðunni á samstæðugrunni.

b. (49. gr. c.)

Umsókn.

Umsókn um samþykki skal beint til Fjármálaeftirlitsins ef það er eftirlitsaðili á samstæðugrunni eða ef umsækjandi er með staðfestu á Íslandi. Umsókn skal jafnframt beint til eftirlitsaðila á samstæðugrunni eða lögbærs yfirvalds í því aðildarríki þar sem umsækjandi er með staðfestu, ef það er annað stjórnvald en Fjármálaeftirlitið.

Umsókn skulu fylgja upplýsingar um:

1. Skipulag samstæðunnar sem eignarhaldsfélagið á fjármálasviði eða blandaða eignarhaldsfélagið í fjármálastarfsemi er hluti af, dótturfélög hennar og, eftir atvikum, móðurfélög og staðsetningu og tegund starfsemi sem hver og ein eining innan samstæðunnar stundar.
2. Tilnefningu a.m.k. tveggja einstaklinga sem stýra í reynd eignarhaldsfélaginu á fjármálasviði eða blandaða eignarhaldsfélaginu í fjármálastarfsemi og um hlítningu við kröfur um hæfi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra.
3. Hlítningu við kröfur um hæfi eigenda virkra eignarhluta ef eignarhaldsfélagið á fjármálasviði eða blandaða eignarhaldsfélagið í fjármálastarfsemi er með dótturfélag sem er lánastofnun.
4. Innra skipulag og verkaskiptingu innan samstæðunnar.
5. Annað sem gæti verið nauðsynlegt fyrir mat skv. 2. mgr. 49. gr. b og 49. gr. d.

c. (49. gr. d.)

Skilyrði fyrir samþykki.

Eingöngu má veita eignarhaldsfélagi á fjármálasviði eða blönduðu eignarhaldsfélagi í fjármálastarfsemi samþykki ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

1. Innra fyrirkomulag og verkaskipting innan samstæðunnar er fullnægjandi til að uppfylla kröfur laga þessara á samstæðu- eða undirsamstæðugrunni og stuðlar einkum að því að:
 - a. samræma starfsemi allra dótturfélaga eignarhaldsfélagsins á fjármálasviði eða blandaða eignarhaldsfélagsins í fjármálastarfsemi, þ.m.t., ef nauðsyn krefur, með fullnægjandi verkaskiptingu á meðal dótturfélaga sem eru fjármála fyrirtæki,
 - b. koma í veg fyrir eða stýra árekstrum innan samstæðunnar,
 - c. framfylgja um alla samstæðuna stefnu fyrir samstæðuna sem móðureignarhaldsfélag á fjármálasviði eða blandað móðureignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi hefur samþykkt.
2. Skipulag samstæðunnar sem eignarhaldsfélagið á fjármálasviði eða blandaða eignarhaldsfélagið í fjármálastarfsemi er hluti af hindrar ekki skilvirkt eftirlit með fjármála fyrirtækjum sem eru dóttur- eða móðurfélög að því er varðar skuldbindingar þeirra á eininga-, samstæðu- og þegar við á, undirsamstæðugrunni. Við mat á því skal einkum taka tillit til:
 - a. stöðu eignarhaldsfélagsins á fjármálasviði eða blandaða eignarhaldsfélagsins í fjármálastarfsemi í marglaga samstæðu,
 - b. uppbyggingar eignarhalds,
 - c. hlutverks eignarhaldsfélagsins á fjármálasviði eða blandaða eignarhaldsfélagsins í fjármálastarfsemi innan samstæðunnar.
3. Farið sé að kröfum um hæfi eigenda virkra eignarhluta og hæfi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra.

d. (49. gr. e.)

Samráð eftirlitsaðila.

Fjármálaeftirlitið skal hafa náð samráð við eftirlitsaðila á samstæðugrunni eða lögbært yfirvald í því aðildarríki þar sem eignarhaldsfélag á fjármálasviði eða blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi hefur staðfestu við mat á því hvort félaginu beri að sækja um samþykki og hvort skilyrði fyrir samþykki séu uppfyllt og til hvaða úrræða eigi að grípa ef svo er ekki. Eftirlitsaðilinn á samstæðugrunni skal senda lögbæra yfirvaldinu mat sitt og stjórnvöldin skulu gera allt sem í þeirra valdi stendur til að komast að sameiginlegri niðurstöðu innan tveggja mánaða frá viðtöku þess. Ef um er að ræða blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi skal ákvörðunin jafnframt tekin með eftirlitsstjórnvaldi fjármálasamsteypunnar, sbr. 25. gr. laga um viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum, nr. 61/2017.

Ef ekki næst sameiginleg niðurstaða skal Fjármálaeftirlitið bíða með að taka ákvörðun og vísa málinu til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar, Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóða- eftirlitsstofnunarinnar eða Eftirlitsstofnunar EFTA, eftir því sem við á, í samræmi við 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, sbr. lög um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði. Fjármálaeftirlitið skal taka sameiginlega ákvörðun með hinu stjórnvaldinu í samræmi við ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA. Fjármálaeftirlitið skal ekki vísa málinu til Evrópsku banka- eftirlitsstofnunarinnar, Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóða- eftirlitsstofnunarinnar eða Eftirlitsstofnunar EFTA eftir lok tveggja mánaða tímabilsins eða eftir að náðst hefur sameiginleg ákvörðun.

e. (49. gr. f.)

Afgreiðsla umsóknar.

Fjármálaeftirlitið skal, ef það er eftirlitsaðili á samstæðugrunni, tilkynna umsækjanda um hvort umsókn um samþykki sé samþykkt innan fjögurra mánaða frá viðtöku fullnægjandi umsóknar, þó eigi síðar en sex mánuðum frá viðtöku umsóknar. Ákvörðunin skal vera skjalfest og rökstudd.

f. (49. gr. g.)

Ráðstafanir ef samþykkis er ekki aflað.

Fjármálaeftirlitið skal fylgjast með því að eignarhaldsfélag á fjármálasviði eða blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi sem heyrir undir eftirlit þess á samstæðugrunni uppfylli ávallt skilyrði fyrir samþykki skv. 49. gr. d eða sé undanþegið skyldu til að afla samþykkis skv. 2. mgr. 49. gr. b. Félagið skal veita Fjármálaeftirlitinu þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að fylgjast með skipulagi samstæðunnar og því að skilyrði 49. gr. d eða, ef við á, 2. mgr. 49. gr. b séu ávallt uppfyllt. Fjármálaeftirlitið skal deila upplýsingunum með lögbæru yfirvaldi í því aðildarríki þar sem félagið er með staðfestu, ef það er annað stjórnvald en Fjármálaeftirlitið.

Ef skilyrði 49. gr. d eru ekki uppfyllt, og 2. mgr. 49. gr. b á ekki við, skal Fjármálaeftirlitið grípa til viðeigandi ráðstafana gagnvart eignarhaldsfélaginu á fjármálasviði eða blandaða eignarhaldsfélaginu í fjármálastarfsemi til að tryggja eða koma aftur á virku samstæðueftirliti og tryggja hlítinu við kröfur laga þessara á samstæðugrunni. Ef um er að ræða blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi skulu eftirlitsráðstafanirnar einkum taka tillit til áhrifa á fjármálasamsteypuna.

Eftirlitsráðstafanir skv. 2. mgr. geta falið í sér:

1. Að fella tímabundið úr gildi atkvæðisrétt sem fylgir eignarhlut eignarhaldsfélagsins á fjármálasviði eða blandaða eignarhaldsfélagsins í fjármálastarfsemi í fjármálafyrirtæki sem er dótturfélag þess.
2. Kröfu um úrbætur.
3. Kröfu um að eignarhaldsfélagið á fjármálasviði eða blandaða eignarhaldsfélagið í fjármálastarfsemi yfirfæri hlutdeild sína í fjármálafyrirtæki sem er dótturfélag þess til hluthafa sinna.
4. Að fela tímabundið öðru eignarhaldsfélagi á fjármálasviði, blönduðu eignarhaldsfélagi í fjármálastarfsemi eða fjármálafyrirtæki innan samstæðunnar að bera ábyrgð á því að farið sé að kröfum laga þessara á samstæðugrunni.
5. Takmörkun eða bann við útgreiðslum eða vaxtagreiðslum til hluthafa.
6. Kröfu um að eignarhaldsfélagið á fjármálasviði eða blandaða eignarhaldsfélagið í fjármálastarfsemi selji eða minnki eignarhluti sína í fjármálafyrirtækjum eða öðrum aðilum á fjármálamarkaði.
7. Kröfu um að eignarhaldsfélagið á fjármálasviði eða blandaða eignarhaldsfélagið í fjármálastarfsemi leggi fram áætlun um hvernig það muni án tafar hlíta að nýju kröfum laga þessara.

65. gr.

Á eftir 49. gr. b laganna kemur nýr hluti í VI. kafla, er verður C-hluti, með fyrirsögninni: *Milligöngumóðurfélag innan EES*, með fjórum nýjum greinum, 49. gr. h – 49. gr. k, sem orðast svo, ásamt fyrirsögnnum:

a. (49. gr. h.)

Skylda til að hafa milligöngumóðurfélag innan EES.

Tvö eða fleiri fjármálafyrirtæki á Evrópska efnahagssvæðinu, sem tilheyra sömu þriðjaríkissamstæðu, skulu hafa sameiginlegt milligöngumóðurfélag sem er með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu.

Skylda skv. 1. mgr. gildir ekki ef heildarvirði eigna þriðjaríkissamstæðunnar á Evrópska efnahagssvæðinu er minna en jafnvirði 40 milljarða evra. Heildarvirðið skal reiknað sem samtala:

1. Heildarvirðis eigna hvers fjármálafyrirtækis innan þriðjaríkissamstæðunnar á Evrópska efnahagssvæðinu samkvæmt samstæðuefnahagsreikningi, eða efnahagsreikningi hvers fyrirtækis ef samstæðuefnahagsreikningi er ekki fyrir að fara.
2. Heildarvirðis eigna hvers útibús þriðjaríkissamstæðunnar með leyfi til að starfa á Evrópska efnahagssvæðinu á grundvelli tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB eða 2014/65/ESB eða reglugerðar (ESB) nr. 600/2014.

b. (49. gr. i.)

Tvö milligöngumóðurfélög innan EES.

Fjármálaeftirlitið getur heimilað fjármálafyrirtækjum skv. 1. mgr. 49. gr. h að hafa tvö milligöngumóðurfélög á Evrópska efnahagssvæðinu ef stofnsetning eins milligöngumóðurfélags:

- a. samræmdist ekki reglum eða kröfum eftirlitsaðila í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins þar sem endanlegt móðurfélag þriðjaríkissamstæðunnar hefur aðalskrifstofu sína um aðgreiningu starfsemi, eða

- b. gerði skilabærni óskilvirkari en ef um væri að ræða tvö milligöngumóðurfélög að mati lögbærs skilavalds milligöngumóðurfélagsins á Evrópska efnahagssvæðinu.

c. (49. gr. j.)

Form milligöngumóðurfélags innan EES.

Milligöngumóðurfélag á Evrópska efnahagssvæðinu skal hafa starfsleyfi sem lánastofnun eða samþykki sem eignarhaldsfélag á fjármálasviði eða blandað eignarhaldsfélag í fjármála-starfsemi.

Ef ekkert fjármálafyrirtækjanna skv. 1. mgr. 49. gr. h er lánastofnun, eða ef setja verður á fót annað milligöngumóðurfélag á Evrópska efnahagssvæðinu í tengslum við fjárfestingar-starfsemi til að hlíta reglum eða kröfum um aðgreiningu starfsemi skv. a-lið 49. gr. i, má milligöngumóðurfélagið eða annað þeirra þó vera með starfsleyfi sem verðbréfafyrirtæki.

d. (49. gr. k.)

Upplýsingagjöf til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar.

Fjármálaeftirlitið skal tilkynna Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni um:

1. Heiti eftirlitsskyldra fjármálafyrirtækja sem tilheyra þriðjaríkissamstæðu sem starfar hér á landi og heildarvirði eigna þeirra.
2. Heiti útibúa með leyfi til að starfa hér á landi á grundvelli laga þessara eða laga um markaði fyrir fjármálagerninga sem tilheyra þriðjaríkissamstæðu sem starfar hér á landi og heildarvirði eigna þeirra.
3. Heiti og form milligöngumóðurfélaga á Evrópska efnahagssvæðinu sem eru sett á fót hér á landi og heiti þriðjaríkissamstæðna sem þau tilheyra.

66. gr.

Á undan 40. gr. laganna kemur fyrirsögn á nýjum hluta í VI. kafla laganna sem orðast svo:
A. *Virkir eignarhlutir í lánastofnunum.*

67. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 50. gr. laganna:

- a. Á undan 1. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
Fjármálafyrirtæki skal hafa traust fyrirkomulag stjórnarháttanna sem felur í sér skýrt stjórnskipulag með vel skilgreindri, gagnsæri og samræmdri skiptingu ábyrgðar, skilvirk ferli til að sannreyna, stjórna, fylgjast með og tilkynna um áhættuþætti sem það stendur eða kann að standa frammi fyrir og fullnægjandi innra eftirlitskerfi, þ.m.t. traust stjórnunar- og bókhaldsfyrirkomulag og starfskjarastefnu og framkvæmd hennar sem er í samræmi við og stuðlar að traustri og skilvirkri áhættustýringu.
Fyrirkomulag, ferli og kerfi skv. 1. mgr. skulu vera heildstæð og í réttu hlutfalli við eðli, umfang og flækjustig áhættunnar í viðskiptalíkani og starfsemi fyrirtækisins.
- b. Við bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Þó gildir 2. mgr. 101. gr. laga um hlutafélög, nr. 2/1995, ekki um fjármálafyrirtæki.

68. gr.

Á undan 50. gr. laganna kemur fyrirsögn á nýjum hluta í VII. kafla laganna sem orðast svo: A. *Almenn ákvæði.*

69. gr.

1. mgr. 51. gr. laganna orðast svo:
Stjórn lánastofnunar skal skipuð eigi færri en fimm mönnum. Stjórn verðbréfafyrirtækis skal skipuð eigi færri en þremur mönnum.

70. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 52. gr. laganna:

- a. 2. mgr. orðast svo:
Fjármálafyrirtæki, eignarhaldsfélag á fjármálasviði og blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi skal ávallt tryggja að stjórnarmenn og framkvæmdastjóri:
1. Séu lögráða.
 2. Séu fjárhagslega sjálfstæðir og hafi ekki verið úrskurðaðir gjaldþrota á síðustu fimm árum.
 3. Hafi gott orðspor og hafi ekki í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm á síðustu tíu árum fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, samkeppnislögum, lögum um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög, lögum um bókhald, lögum um ársreikninga, lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda og lögum um gjaldeyrismál, svo og sérlögum sem gilda um aðila sem lúta opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi.
 4. Búi yfir fullnægjandi þekkingu, hæfni og reynslu til að sinna skyldum sínum.
- b. 1. og 2. másl. 3. mgr. falla brott.
- c. 4. mgr. orðast svo:
Stjórn og framkvæmdastjóri fjármálafyrirtækis skulu búa yfir fjölbreyttri reynslu og sameiginlega búa yfir fullnægjandi þekkingu, hæfni og reynslu til að skilja þá starfsemi sem viðkomandi fjármálafyrirtæki stundar, þ.m.t. helstu áhættuþætti. Fjármálafyrirtæki skal setja sér stefnu um hvernig það hyggst stuðla að því að einstaklingar með fjölbreytta reynslu gegni störfum stjórnarmanna og framkvæmdastjóra. Fjármálaeftirlitið skal safna upplýsingum um slíkar stefnur og framkvæmd þeirra og senda þær til Evrópsku banka- eftirlitsstofnunarinnar.
- d. 2. másl. 5. mgr. fellur brott.
- e. Á eftir orðinu „stjórnarmanni“ og í stað orðsins „stjórnarsetunnar“ í 6. mgr. kemur: og framkvæmdastjóra; og: starfans.
- f. Við 8. mgr. bætist: og vikið framkvæmdastjóra og stjórnarmanni frá uppfylli hann ekki hæfisskilyrði. Fjármálaeftirlitið skal staðreyna hvort hæfisskilyrði séu uppfyllt þegar það hefur rökstuddan grun um peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka eða telur hættu á að slíkt viðgangist í tengslum við fjármálafyrirtæki.

71. gr.

Við 52. gr. a laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Stjórnarmenn fjármálafyrirtækis mega ekki vera starfsmenn fyrirtækisins.

72. gr.

Við 52. gr. c laganna bætist fyrirsögn, svohljóðandi: *Tilkynning um samstæðu.*

73. gr.

Við 52. gr. d laganna bætist fyrirsögn, svohljóðandi: *Tilkynning um framhald á starfsemi.*

74. gr.

Á eftir 52. gr. d laganna kemur ný grein, 52. gr. e, sem orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Tilkynning um brot gegn varfærniskröfum og um að fyrirtæki sé á fallanda fæti.

Stjórn eða framkvæmdastjóri skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu án tafar uppfylli fjármálfyrirtæki ekki þær varfærniskröfur sem kveðið er á um í lögum þessum og stjórnvaldsfyrirmælum sem sett eru á grundvelli þeirra. Stjórn eða framkvæmdastjóri skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu án tafar ef líklegt er að fjármálfyrirtæki muni á næstu tólf mánuðum ekki uppfylla þær varfærniskröfur sem kveðið er á um í lögum þessum og stjórnvaldsfyrirmælum. Stjórn fjármálfyrirtækis skal greina Fjármálaeftirlitinu frá því til hvaða ráðstafana hún hyggst grípa til að koma starfsemi í lögmætt horf. Stjórn lánastofnunar, verðbréfafyrirtækis, fjármálastofnunar eða eignarhaldsfélaga sem falla undir gildissvið laga um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja skal þegar í stað tilkynna Fjármálaeftirlitinu ef líkur eru á að fyrirtækið teljist vera á fallanda fæti í skilningi þeirra laga.

Er tilkynning berst skv. 1. másl. 1. mgr. er Fjármálaeftirlitinu heimilt að veita fjármálfyrirtæki frest í allt að sex mánuði til að koma starfsemi í lögmætt horf. Séu til þess ríkar ástæður er Fjármálaeftirlitinu heimilt að framlengja þann frest í allt að sex mánuði í viðbót.

Er tilkynning berst skv. 1. og 2. másl. 1. mgr. getur Fjármálaeftirlitið krafist þess að stjórn fjármálfyrirtækis afhendi greinargerð og önnur gögn um úrbætur og ráðstafanir á grundvelli 1. mgr. Greinargerð og gögnum skal skilað til Fjármálaeftirlitsins innan tímamarka sem Fjármálaeftirlitið ákveður.

Ákvæði þetta takmarkar á engan hátt aðrar heimildir Fjármálaeftirlitsins samkvæmt lögum þessum, þ.m.t. heimildir í 9. gr., 107. gr. a – 107. gr. e og XII. kafla.

Ef Fjármálaeftirlitinu berst tilkynning skv. 4. másl. 1. mgr. skal það upplýsa skilavaldið um tilkynninguna og aðgerðir skv. 82. gr. c og 107. gr. a – 107. gr. e ef það hefur gripið eða hyggst grípa til þeirra.

75. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 52. gr. e laganna, sem verður 52. gr. f:

- a. Í stað inngangsmálsliðar 1. mgr. koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Stjórnarmanni og framkvæmdastjóra í kerfislega mikilvægu fjármálfyrirtæki hér á landi eða á alþjóðavísu er óheimilt að taka að sér störf í stjórnareiningum annarra félaga komi það niður á getu hans til að sinna störfum sínum fyrir fjármálfyrirtækið með fullnægjandi hætti. Heildarfjöldi félaganna að meðtöldu fjármálfyrirtækinu skal vera innan eftirfarandi marka:.
- b. 2. mgr. orðast svo:

Stjórnar- og framkvæmdastjórastöður hjá tveimur eða fleiri félögum teljast aðeins til þátttöku í einu félagi skv. 2. másl. 1. mgr. ef félögin tilheyra sömu samstæðu eða sama stofnanaverndarkerfi skv. 7. mgr. 113. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 eða ef fjármálfyrirtækið fer með virkan eignarhlut í báðum eða öllum félögum.
- c. Orðin „á grundvelli laga vegna sérstakra aðstæðna í starfsemi umrædds fjármálfyrirtækis“ í 3. mgr. falla brott.
- d. 2. másl. 4. mgr. fellur brott.
- e. 2. másl. 5. mgr. orðast svo: Fjármálaeftirlitið skal reglulega upplýsa Evrópsku banka- eftirlitsstofnunina um slíkar undanþágur.

76. gr.

53. gr. laganna orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Tilnefningarnefnd.

Kerfislega mikilvægt fjármálafyrirtæki skal starfrækja tilnefningarnefnd.

Hluthafafundur skal skipa tilnefningarnefnd eða ákveða hvernig hún skuli skipuð. Að minnsta kosti þriðji hver nefndarmaður í tilnefningarnefnd skal vera stjórnarmaður í viðkomandi fjármálafyrirtæki og aldrei færri en einn.

Tilnefningarnefnd skal:

1. Tilnefna einstaklinga til stjórnarsetu fyrir hluthafafund.
2. Meta a.m.k. árlega skipulag, stærð, samsetningu og árangur stjórnar og framkvæmdastjóra og gera tillögur að úrbótum til stjórnar þegar við á.
3. Meta a.m.k. árlega og gefa stjórn skýrslu um þekkingu, hæfni og reynslu einstakra stjórnarmanna og stjórnar í heild og framkvæmdastjóra.
4. Meta a.m.k. árlega stefnu fyrirtækisins um ráðningu framkvæmdastjóra og stjórnenda sem svara beint til framkvæmdastjóra og gera tillögur að úrbótum til stjórnar þegar við á.

Við val á tilnefningum skv. 1. tölul. 3. mgr. skal tilnefningarnefnd horfa til:

1. Hæfiskrafna til stjórnarmanna.
2. Þess að stjórnarmenn hafi fjölbreytta þekkingu og reynslu.
3. Kynjajafnvægis.

Tilnefningarnefnd skal við tilnefningar skv. 1. tölul. 3. mgr. og önnur störf sín leitast við að koma í veg fyrir að einn einstaklingur eða lítill hópur einstaklinga verði ráðandi við ákvarðanatöku stjórnar á kostnað fyrirtækisins í heild.

Tilnefningarnefnd skal hafa aðgang að fjármunum, ytri ráðgjöf og öðrum aðföngum sem hún þarf til að gegna störfum sínum.

Grein þessi gildir ekki ef tilnefningar allra stjórnarmanna falla undir ákvæði 7. gr. laga um Bankasýslu ríkisins, nr. 88/2009.

77. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 54. gr. laganna:

- a. Lokamálsliður 1. mgr. orðast svo: Stjórn skal a.m.k. árlega endurmeta stjórnarhætti félagsins og bregðast við annmörkum sem koma í ljós.
- b. 2. mgr. orðast svo:

Stjórnarmaður og framkvæmdastjóri skal starfa af heiðarleika, heilindum og fagmennsku og vera sjálfstæður í hugsun til þess að geta með skilvirkum hætti metið, gagnrýnt og haft eftirlit með ákvarðanatöku framkvæmdastjóra og stjórnenda sem svara beint til framkvæmdastjóra fjármálafyrirtækisins.
- c. Í stað orðanna „að framkvæmdastjóri félagsins“ í 2. másl. 3. mgr. kemur: framkvæmdastjóra félagsins, þar á meðal því að hann.
- d. 6. mgr. orðast svo:

Stjórn skal hafa eftirlit með upplýsingagjöf og samskiptum félagsins.
- e. 2. másl. 7. mgr. orðast svo: Í því skyni skal fjármálafyrirtækið meðal annars birta árlega yfirlýsingu um stjórnarhætti fyrirtækisins í sérstökum kafla í ársreikningi eða ársskýrslu og gera grein fyrir stjórnarháttum sínum og starfskjarastefnu á vef fyrirtækisins, þar á meðal því hvernig það fari að ákvæðum þessa kafla, og birta þar yfirlýsingu um stjórnarhætti sína.

78. gr.

Í stað tilvísunarinnar „17. gr.“ í 1. málsl. 1. mgr. 54. gr. a laganna kemur: 77. gr. a og 77. gr. b.

79. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 57. gr. laganna:

- a. Á eftir orðunum „sín við“ og „viðskipti við“ í 1. og 2. málsl. 1. mgr. kemur: stjórnarmenn; og: stjórnarmann eða.
- b. Lokamálsliður 1. mgr. orðast svo: Ákvæði þessarar greinar gilda einnig um maka, börn og foreldra stjórnarmanns eða framkvæmdastjóra fjármálafyrirtækis og fyrirtæki sem stjórnarmaður, framkvæmdastjóri eða maki, barn eða foreldri hans á virkan eignarhlut í, gegnir í stöðu stjórnarmanns, framkvæmdastjóra eða stjórnanda sem svarar beint til framkvæmdastjóra eða getur af öðrum sökum haft veruleg áhrif á.
- c. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Viðskipti stjórnarmanna og starfsmanna við fjármálafyrirtæki.*

80. gr.

Á undan 51. gr. laganna kemur fyrirsögn á nýjum hluta í VII. kafla laganna sem orðast svo: *B. Samsetning, hæfisskilyrði og störf stjórnar og framkvæmdastjóra.*

81. gr.

Í stað 57. gr. a laganna koma þrjár nýjar greinar, 57. gr. a – 57. gr. c, sem orðast svo, ásamt fyrirsögnum:

- a. (57. gr. a.)

Starfskjarastefna.

Fjármálafyrirtæki skal setja sér starfskjarastefnu.

Starfskjarastefna fjármálafyrirtækis og framkvæmd hennar skal tryggja, að því marki sem við á, að teknu tilliti til stærðar, skipulags, eðlis og flækjustigs í starfsemi fyrirtækisins, að:

1. Starfskjör stjórnarmanna og starfsmanna:
 - a. samræmist og stuðli að traustri og skilvirkri áhættustýringu og hvetji ekki til áhættusækni umfram áhættuvilja fyrirtækisins,
 - b. samræmist viðskiptaáætlun, markmiðum, gildum og langtímahagsmunum fyrirtækisins og feli í sér ráðstafanir til að forðast hagsmunaárekstra.
2. Stjórnarmenn og starfsmenn fái greidd sömu laun fyrir jafngild eða jafnverðmæt störf óháð kyni.
3. Starfskjör stjórnarmanna og starfsmanna sem hafa eftirlit með höndum taki mið af þeirra eigin verksviði en ekki árangri þeirra rekstrareininga sem þeir hafa eftirlit með.

Starfskjarastefna skal greina á milli:

1. Fastra starfskjara, sem skulu fyrst og fremst endurspegla viðeigandi starfsreynslu og ábyrgð samkvæmt starfslýsingu.
2. Kaupauka, sem skal endurspegla sjálfbæran og áhættuveginn árangur og árangur umfram kröfur til starfsmanns samkvæmt starfslýsingu.

Stjórn fjármálafyrirtækis skal reglubundið meta hvort starfskjarastefna samræmist þessari grein og hafa eftirlit með framkvæmd hennar. Að minnsta kosti árlega skal fara fram óháð miðlægt innra mat á því hvort starfskjör samræmist starfskjarastefnu og verklagsreglum og öðrum viðmiðum sem stjórn hefur samþykkt varðandi starfskjör.

b. (57. gr. b.)

Kaupauki.

Fjármálafyrirtæki skal tryggja, að því marki sem við á, að teknu tilliti til stærðar, skipulags, eðlis og flækjustigs í starfsemi fyrirtækisins, að kaupaukar til starfsmanna:

1. Taki mið af árangri viðkomandi starfsmanns, bæði fjárhagslegum og ófjárhagslegum, og þeirrar einingar sem hann tilheyrir og fyrirtækisins í heild.
2. Taki mið af nægum árafjölda til að endurspegla langtímaárangur og að greiðslu þeirra sé dreift yfir tímabil sem tekur mið af sveiflum í afkomu og áhættu fyrirtækisins.
3. Takmarki ekki möguleika fyrirtækisins til að styrkja eiginfjárgrunn sinn.
4. Séu ekki tryggðir óháðir árangri nema á fyrsta ári í starfi og þá því aðeins að fyrirtækið búi yfir traustum eiginfjárgrunni.
5. Séu í viðeigandi hlutfalli við föst starfskjör þannig að unnt sé að starfrækja sveigjanlega stefnu um greiðslu kaupauka og eftir atvikum ekki greiða út neinn kaupauka og aldrei umfram 25% af föstum starfskjörum.
6. Séu ekki greiddir í tengslum við uppsögn starfssamnings nema það endurspegli frammi-stöðu í starfi og umbuni ekki misferli.
7. Séu ekki greiddir til að bæta nýjum starfsmanni bóta- eða starfslokagreiðslur sem hann verður af samkvæmt fyrri starfssamningi nema það samræmist langtímahagsmunum fyrirtækisins og fyrirtækið haldi eftir, fresti, árangurstengi og krefjist endurgreiðslu kaupaukans þegar við á.
8. Taki mið af áhættu fyrirtækisins nú og síðar, fjármagnskostnaði og kostnaði við að viðhalda lausu fé til að mæta kaupaukagreiðslum.
9. Sæti úthlutun innan fyrirtækisins sem tekur mið af áhættuþáttum nú og síðar.
10. Samanstandi a.m.k. að hálfu leyti af hlutabréfum, hlutabréfatengdum gerningum eða jafngildum gerningum sem ekki eru ígildi reiðufjár, gerningum skv. 52. eða 63. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 eða öðrum gerningum sem má breyta að fullu í gerninga almenns eigin fjár þáttar 1 eða niðurfæra og sem endurspegla lánshæfi fyrirtækisins við áframhaldandi rekstur og eru viðeigandi til greiðslu kaupauka; viðeigandi varðveislustefna skal gilda um gerninga samkvæmt þessum tölulíð til að samræma hvata starfsmanna og langtímahagsmuni fyrirtækisins.
11. Sæti því að vera haldið eftir að verulegu leyti, a.m.k. að fjórum tíundu eða sex tíundu hlutum ef kaupauki nemur mjög hárrí fjárhæð, í tímabil sem tekur mið af sveiflum í afkomu, eðli og áhættu fyrirtækisins og verksviði viðkomandi starfsmanns og er eigi skemmra en fjögur ár eða fimm ár ef um er að ræða framkvæmdastjóra eða stjórnanda sem svarar beint til framkvæmdastjóra í kerfislega mikilvægu fjármálafyrirtæki; kaupauki sem er haldið eftir skal ekki ávinnast hraðar en í hlutfalli við þann hluta frestsins sem er liðinn.
12. Séu aðeins greiddir út eða ávinnist ef það er sjálfbært í ljósi fjárhagsstöðu fyrirtækisins og réttlætlanlegt með tilliti til árangurs fyrirtækisins og viðkomandi rekstrareiningar og starfsmanns.
13. Ávinnist ekki nema að takmörkuðu leyti eða séu að verulegu leyti afturkallanlegir ef þeir hafa áunnist en ekki verið greiddir út ef afkomu fyrirtækisins hrakar verulega.
14. Séu endurkræfir, samkvæmt viðmiðum sem fyrirtækið skal setja sér, ef þeir hafa þegar verið greiddir út og viðkomandi starfsmaður tók þátt í eða bar ábyrgð á háttsemi sem olli fyrirtækinu verulegu tjóni eða brást starfsskyldum sínum verulega.

15. Séu ekki liður í stefnu fyrirtækisins um öflun lífeyrisréttinda nema það samræmist viðskiptaáætlun, markmiðum, gildum og langtímahagsmunum fyrirtækisins og þá aðeins veittir í formi gerninga skv. 10. tölul. sem fyrirtækið heldur eftir í a.m.k. fimm ár.

16. Séu ekki greiddir út í gegnum einingar eða með aðferðum sem greiða fyrir því að farið sé á svig við lög þessi.

10. og 11. tölul. 1. mgr. og fyrirmæli 15. tölul. um að kaupaukar séu í formi gerninga skv. 10. tölul. sem fyrirtækið haldi eftir í a.m.k. fimm ár gilda ekki um:

1. Fyrirtæki sem teljast ekki stór fjármálafyrirtæki skv. 146. tölul. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og sem áttu á einingargrunni að meðaltali minna en jafnvirði 5 milljarða evra síðastliðin fjögur reikningsár.

2. Starfsmenn sem fá ekki árlegan kaupauka umfram jafnvirði 50 þús. evra; 11. tölul. 1. mgr. gildir þó ef kaupauki er umfram 10% af föstum starfskjörum.

Allt að fjórðungur kaupauka má bera vexti að því tilskildu að hann sé greiddur með gerningum sem er haldið eftir í a.m.k. fimm ár.

Starfsmönnum er óheimilt að afla sér trygginga eða annarra áhættuvarna sem grafa undan því markmiði kaupaukakerfis að hagsmunir þeirra og fyrirtækisins fari saman.

Óheimilt er að veita stjórnarmönnum og starfsmönnum sem starfa við áhættustýringu, innri endurskoðun eða regluvörslu kaupauka.

Seðlabanki Íslands getur sett nánari reglur um kaupaukakerfi. Í reglunum má meðal annars kveða á um skilgreiningu fastra starfskjara og kaupauka, markmið kaupaukakerfis, árangurs- og áhættumat, innra eftirlit, ráðningarkaupauka, frestun, lækkun, afturköllun eða endurkröfu kaupauka, vexti skv. 3. mgr. og upplýsingagjöf og gagnsæi.

c. (57. gr. c.)

Fjármálafyrirtæki sem nýtur góðs af sérstökum stuðningi hins opinbera.

Fjármálafyrirtæki sem nýtur góðs af sérstökum stuðningi hins opinbera skal endurskoða starfskjör stjórnarmanna og starfsmanna til að tryggja trausta áhættustýringu og langtímavöxt fyrirtækisins, meðal annars, eftir atvikum, með því að takmarka starfskjör stjórnarmanna og framkvæmdastjóra. Kaupaukar skulu takmarkast við hóflegt hlutfall af hreinum tekjum fyrirtækisins þar til fyrirtækið býr yfir traustum eiginfjárgrunni og þarfnast ekki frekari stuðnings hins opinbera. Framkvæmdastjóra skal á sama tímabili ekki greiddur kaupauki nema sérstök rök standi til þess.

82. gr.

Á eftir 57. gr. b laganna, er verður 57. gr. d, koma tvær nýjar greinar, 57. gr. e og 57. gr. f, sem orðast svo, ásamt fyrirsögnum:

a. (57. gr. e.)

Starfskjaranefnd.

Kerfislega mikilvægt fjármálafyrirtæki skal starfrækja starfskjaranefnd.

Starfskjaranefnd skal skipuð þannig að hún geti lagt faglegt og sjálfstætt mat á starfskjarastefnu og framkvæmd hennar og hvata til að stýra áhættu og eigin- og lausafjárstöðu. A.m.k. þrjú stjórnarmenn skulu sitja í nefndinni og skal einn þeirra gegna formennsku.

Starfskjaranefnd ber ábyrgð á:

1. Undirbúningi ákvarðana um starfskjör, þ.m.t. þeirra ákvarðana sem hafa áhrif á áhættu og áhættustýringu fyrirtækisins og þeirra ákvarðana sem stjórn eða framkvæmdastjóri

tekur, með hætti sem tekur tillit til langtímahagsmuna hluthafa, fjárfesta og annarra hagsmunaaðila fyrirtækisins og almannahagsmuna.

2. Umsjón með starfskjörum yfirmanna áhættustýringar og regluvörslu.

Starfræki fjármálafyrirtæki ekki starfskjaranefnd ber stjórn ábyrgð á umsjón með starfskjörum yfirmanna áhættustýringar og regluvörslu, sbr. 2. tölul. 3. mgr.

b. (57. gr. f.)

Upplýsingar um starfskjör.

Fjármálaeftirlitið skal safna upplýsingum:

1. Sem birtar eru í samræmi við g-i- og k-lið 1. mgr. 450. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og upplýsingum sem fjármálafyrirtæki veita um mun á launum kynjanna og nýta þær upplýsingar til viðmiðunar um starfskjarabróun og -framkvæmd.
2. Um fjölda einstaklinga í hverju fjármálafyrirtæki sem fá jafnvirði 1 millj. evra eða meira í laun á hverju reikningsári og um starfsskyldur þeirra, þau rekstrarsvið sem þeir starfa við og helstu þætti starfskjara þeirra, þar á meðal föst starfskjör, kaupauka og lífeyrisframlög.

Fjármálaeftirlitið skal senda Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni upplýsingar skv. 1. mgr.

83. gr.

Á undan 57. gr. a laganna kemur fyrir sögn á nýjum hluta í VII. kafla laganna sem orðast svo: *C. Starfskjör.*

84. gr.

59. gr. laganna fellur brott, ásamt fyrir sögn.

85. gr.

Orðið „beins“ í 2. másl. 3. mgr. 60. gr. b laganna fellur brott.

86. gr.

Á undan 58. gr. laganna kemur fyrir sögn á nýjum hluta í VII. kafla laganna sem orðast svo: *D. Þagnarskylda.*

87. gr.

2. mgr. 61. gr. laganna fellur brott.

88. gr.

Á undan 78. gr. laganna koma tvær nýjar greinar, 77. gr. a og 77. gr. b, sem orðast svo, ásamt fyrir sögnum:

a. (77. gr. a.)

Eftirlitskerfi með áhættu.

Fjármálafyrirtæki skal á hverjum tíma hafa yfir að ráða tryggu eftirlitskerfi með áhættu í tengslum við alla starfsemi sína. Hjá fjármálafyrirtæki skulu vera til staðar fullnægjandi innri ferlar til að meta nauðsynlega stærð, samsetningu og innri dreifingu eiginfjárgrunns með hliðsjón af þeirri áhættu sem starfsemin felur í sér hverju sinni, meðal annars við álagssviðs-

myndir, þar á meðal þær sem álagspróf skv. 2. mgr. leiða í ljós. Innri ferlarnir skulu endurmetnir reglulega til að tryggja að þeir séu fullnægjandi með hliðsjón af eðli, umfangi og margbreytileika starfseminnar.

Fjármálafyrirtæki ber að framkvæma regluleg álagspróf og skjalfesta forsendur og niðurstöður þeirra. Niðurstöður álagsprófa skulu vera á dagskrá næsta stjórnarfundar eftir að niðurstaða þeirra liggur fyrir.

Innri ferlar fjármálafyrirtækis skv. 1. mgr. skulu, eftir því sem við á, taka til áhættuþátta skv. 78. gr. a – 78. gr. i. Fjármálafyrirtæki skal hafa verkferla sem tryggja upplýsingaskipti á milli áhættustýringar og stjórnar vegna allra helstu áhættuþátta í starfsemi félagsins og breytinga á þeim.

Eftirlitskerfi með áhættu skal einnig taka til og innihalda innri ferla um hvers konar viðskipti við blandað eignarhaldsfélag og dótturfélög þess sé það blandað eignarhaldsfélag móðurfélags fjármálafyrirtækis.

Grein þessi gildir um móðurstofnanir í aðildarríkjum að því marki sem leiðir af 2. og 3. þætti 2. kafla II. bóks 1. hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. Dótturfélag sem er fjármálafyrirtæki skal fara eftir grein þessari á undirsamstæðugrunni ef það, eða móðurfélag þess ef það er eignarhaldsfélag á fjármálasviði eða blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi, hefur dótturfélag í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins sem er fjármálafyrirtæki, fjármálastofnun eða rekstrarfélag verðbréfasjóða eða á hlutdeild í slíku félagi.

Fjármálaeftirlitið getur veitt fjármálafyrirtæki undanþágu frá kröfum samkvæmt grein þessari að uppfylltum skilyrðum 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

b. (77. gr. b.)

Áhættustýring.

Fjármálafyrirtæki skal starfrækja áhættustýringu í einingu sem er óháð öðrum starfseiningum þess, ef það á við, að teknu tilliti til stærðar, eðlis og umfangs rekstrar fyrirtækisins, og þess hversu margþætt starfsemi þess er. Fjármálafyrirtæki skal tryggja að áhættustýring hafi nægilegt vald, fjárveitingar og heimildir, meðal annars til þess að afla gagna og upplýsinga sem nauðsynlegar eru í starfsemi áhættustýringar.

Áhættustýring skal sjá til þess að greining, mæling og skýrslugjöf um áhættu í starfsemi fjármálafyrirtækis fari fram og sé fullnægjandi, þ.m.t. skýrslur til stjórnenda og eftirlitsaðila. Áhættustýring skal taka virkan þátt í mótun áhættustefnu fjármálafyrirtækis og hafa aðkomu að viðameiri ákvörðunum um áhættustýringu. Áhættustýring skal hafa heildstæða yfirsýn yfir helstu áhættuþætti í starfsemi fjármálafyrirtækis.

Framkvæmdastjóri ræður yfirmann áhættustýringar. Yfirmaður áhættustýringar skal búa við sjálfstæði sem stjórnandi og hafa umsjón með og bera ábyrgð á þeirri einingu þar sem áhættustýring fjármálafyrirtækis fer fram. Tryggt skal að yfirmaður áhættustýringar hafi milli-liðalausan aðgang að stjórn. Yfirmaður áhættustýringar skal leggja fyrir áhættunefnd stjórnar, eða stjórn fyrirtækisins sé áhættunefnd ekki til staðar, skýrslu um framkvæmd áhættustýringar svo oft sem þurfa þykir, þó eigi sjaldnar en árlega. Láti yfirmaður áhættustýringar af störfum skal það tilkynnt Fjármálaeftirlitinu. Yfirmanni áhættustýringar verður hvorki sagt upp störfum né hann færður til í starfi nema að fengnu samþykki stjórnar.

Ef starfsemi fjármálafyrirtækis réttlætir ekki sérstakt stöðugildi yfirmanns áhættustýringar getur Fjármálaeftirlitið heimilað að annar háttsettur starfsmaður hafi umsjón með áhættustýringu fjármálafyrirtækisins, að því tilskildu að engir hagsmunaárekstrar séu til staðar. Við slíkt mat skal Fjármálaeftirlitið hafa hliðsjón af eðli og umfangi starfsemi fyrirtækisins og því hversu margþætt hún er. Seðlabanka Íslands er heimilt, í reglum settum skv. 5. mgr., að kveða

á um hvenær starfsemi fjármálafyrirtækis réttlætir að ekki sé til staðar sérstakt stöðugildi yfirmanns áhættustýringar.

Seðlabanki Íslands getur sett reglur um framkvæmd áhættustýringar, stöðu þeirra sem framkvæma áhættustýringu í skipuriti fjármálafyrirtækja og um eftirlitskerfi vegna áhættuþátta í starfsemi fjármálafyrirtækja.

89. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 78. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Fjármálafyrirtæki skal starfrækja áhættunefnd. Nefndin skal að lágmarki skipuð þremur mönnum. Nefndarmenn skulu vera stjórnarmenn í viðkomandi fyrirtæki og búa yfir nægilegri þekkingu og hæfni til að skilja að fullu og hafa eftirlit með áhættustefnu og áhættuvilja félagsins. Áhættunefnd skal sinna ráðgjafar- og eftirlitshlutverki fyrir stjórn fyrirtækisins, meðal annars vegna mótunar áhættustefnu og áhættuvilja fyrirtækisins, og aðstoða stjórnina við eftirlit með framkvæmd framkvæmdastjóra og stjórnenda sem svara beint til framkvæmdastjóra á áhættustefnu fyrirtækisins.

b. Við 2. mgr. bætist: og geta leitað aðstoðar áhættustýringar viðkomandi fyrirtækis og sótt utanaðkomandi sérfræðiráðgjöf.

c. Á eftir orðinu „fyrirtækisins“ í 1. másl. 3. mgr. kemur: og taki að öðru leyti nægjanlegt tillit til áhættu, eigin fjár, lauss fjár og þess hversu líklegar tekjur eru og tímasetningar þeirra.

d. 4. mgr. orðast svo:

Fjármálaeftirlitið getur, með hliðsjón af stærð, eðli og umfangi rekstrar fjármálafyrirtækis, og því hversu margþætt starfsemi fyrirtækisins er, heimilað fjármálafyrirtæki að sameina störf áhættunefndar og endurskoðunarnefndar skv. IX. kafla A í lögum um ársreikninga, nr. 3/2006. Nefndarmenn sameinaðrar nefndar skulu búa yfir nægilegri þekkingu og hæfni til að sinna verkefnum sem annars hefðu verið falin hvorri nefnd fyrir sig.

90. gr.

Í stað orðanna „lántakenda“ í 1. másl. og „eiginfjárþörf“ í lokamálslið 2. mgr. 78. gr. a laganna kemur: viðskiptamanna; og: innri ráðstöfun eiginfjárgrunns.

91. gr.

Orðið „skjalfestri“ í 1. másl. 1. mgr. 78. gr. b, 1. másl. 1. mgr. 78. gr. c og 1. másl. 1. mgr. 78. gr. d laganna fellur brott.

92. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 78. gr. e laganna:

a. Orðið „skjalfesta“ í 1. mgr. fellur brott.

b. Á eftir 3. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Fjármálafyrirtæki sem hefur við útreikning á eiginfjárkröfum vegna stöðuáhættu skv. 2. kafla í IV. bálki 3. hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 jafnað stöður sínar í hlutabréfum sem mynda hlutabréfavísitölu á móti stöðum í framtíðarsamningum eða öðrum afurðum sem tengjast vísitölunni skal hafa yfir að ráða nægu eigin fé til þess að mæta hættu á tapi vegna þess að virði afurðanna breytist ekki að fullu í takt við hlutabréfin sem mynda vísitöluna. Fjármálafyrirtæki skal einnig hafa yfir að ráða nægu eigin

fé til þess að mæta áhættu vegna gagnstæðra staðna í framtíðarsamningnum sem eru tengdir sömu hlutabréfavísitölu en eru ekki með sama líftíma eða samsetningu.

Fjármálafyrirtæki sem nýtir heimild 345. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 skal hafa yfir að ráða nægu eigin fé til þess að mæta hættu á tapi á tímabilinu á milli upphaflegrar skuldbindingar og næsta viðskiptadags.

93. gr.

Í stað 1. mgr. 78. gr. f laganna koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Fjármálafyrirtæki skal, með innri ferlum eða staðlaðri aðferð eða einfaldaðri staðlaðri aðferð í samræmi við reglur skv. 10. tölul. 1. mgr. 117. gr. b, greina, meta, stýra og milda áhættu vegna mögulegra vaxtabreytinga sem hafa áhrif á bæði hagrænt virði eigin fjár og hreinar vaxtatekjur vegna viðskipta utan veltubókar. Fjármálaeftirlitið getur krafist þess að fyrirtækið noti stöðluðu aðferðina ef innri ferlar fyrirtækisins eru ekki fullnægjandi. Fjármálaeftirlitið getur krafist þess að lítið og einfalt fjármálafyrirtæki, sbr. 145. tölul. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, noti stöðluðu aðferðina ef einfaldaða staðlaða aðferðin mætir ekki nægjanlega vaxtaáhættu vegna viðskipta fyrirtækisins utan veltubókar.

Fjármálafyrirtæki skal hafa stefnu og ferla til að greina og vakta áhættu vegna mögulegra breytinga á vaxtaálagi sem hefur áhrif á bæði hagrænt virði eigin fjár og hreinar vaxtatekjur vegna viðskipta þess utan veltubókar.

94. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. másl. 1. mgr. 78. gr. g laganna:

- a. Orðið „skjalfesta“ fellur brott.
- b. Í stað orðsins „áhættulíkana“ kemur: líkana, útvistunar.

95. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 78. gr. h laganna:

- a. Orðið „skjalfesta“ í 1. másl. 1. mgr. fellur brott.
- b. Í stað orðsins „lögaðila“ í 5. mgr. kemur: aðila.
- c. Í stað 1. og 2. másl. 6. mgr. kemur nýr málslíður, svohljóðandi: Fjármálafyrirtæki skal kappkosta að nota fleiri en eina aðferð til að milda áhættu við lausafjárstýringu, þar á meðal ýmis mörk og lausafjárforða svo að fyrirtækið geti staðið af sér margvíslega álags- atburði.
- d. 2. másl. 7. mgr. orðast svo: Í því skyni skulu sviðsmyndirnar einkum taka tillit til liða utan efnahagsreiknings og annarra óvissra skuldbindinga, þ.m.t. eininga um sérverkefni á sviði verðbréfunar eða annarra eininga um sérverkefni samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 575/2013 sem fjármálafyrirtækið kemur að sem umsýsluaðili eða veitir verulegan lausafjárstuðning.

96. gr.

Orðin „skjalfesta“ í 1. másl. 1. mgr. 78. gr. i og „skjalfestum“ í 1. mgr. 79. gr. laganna falla brott.

97. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 80. gr. laganna:

- a. Í stað tilvísunarinnar „17. gr.“ í 2. másl. 2. mgr. kemur: 77. gr. a.
- b. B-liður 3. mgr. fellur brott.

- c. Í stað orðanna „framkvæmd lausafjárstýringar“ í 4. mgr. kemur: lausafjárstaða.
- d. Á eftir 5. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
Fjármálaeftirlitið getur sniðið könnun og mat að fjármálafyrirtækjum með svipað áhættusnið, þó þannig að tekið sé tilhlýðilegt tillit til þeirrar áhættu sem hvert fyrirtæki stendur frammi fyrir. Fjármálaeftirlitið skal tilkynna Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni um slíkt verklag.
- e. Við 6. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Fjármálaeftirlitinu er heimilt að birta niðurstöður álagsprófa eða senda þær til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar í þeim tilgangi að hún birti niðurstöður þeirra.
- f. Á eftir 6. mgr. koma þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
Fjármálaeftirlitið skal upplýsa Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina um hvernig könnun- og matsferli þess gengur fyrir sig og hvernig það endurspeglast í ákvörðunum þess sem byggjast á ferlinu.
Fjármálaeftirlitið skal tafarlaust tilkynna Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni um niðurstöður könnunar og mats eða álagsprófs sem leiðir í ljós að fjármálafyrirtæki getur valdið kerfisáhættu skv. 23. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, sbr. lög um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði.
Fjármálaeftirlitið skal tafarlaust upplýsa Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina ef könnun og mat, einkum á stjórnarháttum, viðskiptalíkani og annarri starfsemi fyrirtækisins, gefur tilefni til að ætla að peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka hafi viðgengist í tengslum við fjármálafyrirtæki, gerð hafi verið tilraun til þess eða að hætta sé á því og grípa til viðeigandi ráðstafana.

98. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 81. gr. laganna:

- a. Í stað skammstöfunarinnar „m.a.“ í inngangsmálslíð 1. mgr. kemur: a.m.k.
- b. A-liður 1. mgr. orðast svo: álagsprófa skv. 177. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 fjármálafyrirtækja sem beita innramatsaðferð til að meta útlánaáhættu.
- c. B-liður 1. mgr. orðast svo: samþjöppunaráhættu skv. 78. gr. c laga þessara og 4. hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.
- d. Í stað orðanna „varaforða lauss fjár“ í 2. tölul. og „viðlagaáætlun“ í 3. tölul. e-liðar 1. mgr. kemur: lausafjárforða; og: viðbragðsáætlun.
- e. Við g-lið 1. mgr. bætist: skv. 5. kafla í IV. bálki 3. hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.
- f. Í stað i- og j-liðar 1. mgr. kemur einn stafliður, svohljóðandi: viðskiptalíkans.
- g. Í stað tilvísunarinnar „86. gr. g“ í 2. másl. 3. mgr. kemur: 107. gr. a.
- h. Á eftir orðinu „veltubók“ í 4. mgr. kemur: sbr. 105. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.
- i. Í stað orðsins „fastvaxtaáhættu“ í 1. másl. 5. mgr. kemur: vaxtaáhættu.
- j. Í stað 2. másl. 5. mgr. koma tveir nýir málslíðir, svohljóðandi: Fjármálaeftirlitið skal beita heimildum skv. 107. gr. a eða krefjast breytinga á forsendum við mat á áhrifum vaxtabreytinga á hagrænt virði eigin fjár fjármálafyrirtækis, eins og það er reiknað skv. 78. gr. f, öðrum en þeim forsendum sem greinir í reglum skv. 12. tölul. 1. mgr. 117. gr. b, ef skyndileg og óvænt breyting á vöxtum hefur þau áhrif að hagrænt virði eigin fjár fyrirtækisins lækkar um meira en 15% af eiginfjárþætti 1 samkvæmt einhverri af sex áfallasviðsmyndum eftirlitsaðila eða að hreinar vaxtatekjur fyrirtækisins lækka verulega samkvæmt annarri af tveimur áfallasviðsmyndum eftirlitsaðila. Fjármálaeftirlitinu er það þó ekki skylt ef það telur, á grundvelli könnunarinnar og matsins, að stýring fyrirtækisins

á vaxtaáhættu vegna viðskipta utan veltubókar sé fullnægjandi og að áhættan sé ekki óhófleg.

- k. Á eftir orðinu „þess“ í 1. másl. 6. mgr. kemur: skv. 429. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.
- l. Í stað orðanna „fjármálafyrirtækis, fyrirtækjamenningu og gildi, getu og hæfni stjórnarmanna“ í 1. másl. 7. mgr. kemur: menningu og gildi fjármálafyrirtækis og getu og hæfni stjórnarmanna og framkvæmdastjóra.
- m. Við 2. másl. 7. mgr. bætist: og framkvæmdastjóra.

99. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 82. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „hafi verið“ í b-lið 1. mgr. kemur: verði.
- b. Í stað tilvísunarinnar „6. mgr.“ í a-lið 2. mgr. kemur: 7. mgr.
- c. B-liður 2. mgr. fellur brott.
- d. 4. mgr. orðast svo:

Við gerð eftirlitsáætlunar skal Fjármálaeftirlitið taka tillit til upplýsinga sem lögbær yfirvöld í aðildarríkjum þar sem íslenskt fjármálafyrirtæki hefur útibú hafa látið því í té og varða mat á áhættu fyrirtækisins eða fjármálastöðugleika í viðkomandi ríki.

100. gr.

Í stað tilvísunarinnar „86. gr. h“ í 1. tölul. 1. mgr. 82. gr. a laganna kemur: 107. gr. c.

101. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 82. gr. d laganna:

- a. Í stað tilvísunarinnar „109. gr. a“ í 2. másl. 3. mgr. kemur: 109. gr. o.
- b. Í stað orðsins „reglugerðarinnar“ í 1. másl. 7. mgr. kemur: reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, sbr. lög um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði.

102. gr.

Í stað X. kafla laganna kemur nýr kafli, **Eiginfjáraukar**, með sjö hlutum, *A. Sameiginleg ákvæði*, með sex greinum, 83. gr. og 83. gr. a – 83. gr. e, *B. Verndunarauki*, með tveimur greinum, 84. gr. og 84. gr. a, *C. Sveiflujöfnunarauki*, með sjö greinum, 85. gr. og 85. gr. a – 85. gr. f, *D. Eiginfjárauki fyrir kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki á alþjóðavísu*, með þremur greinum, 86. gr., 86. gr. a og 86. gr. b, *E. Eiginfjárauki fyrir kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki á landsvísu*, með fjórum greinum, 86. gr. c – 86. gr. f, *F. Kerfisáhættuauki*, með sex greinum, 86. gr. g – 86. gr. l, og *G. Ráðstafanir til að varðveita eigið fé*, með sjö greinum, 86. gr. m – 86. gr. s, sem orðast svo, ásamt fyrirsögnum:

- a. (83. gr.)

Samanlögð krafa um eiginfjárauka.

Til viðbótar við lágmark eiginfjárgrunns skv. 1. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 skal fjármálafyrirtæki hafa eiginfjárauka í samræmi við þennan kafla. Sé fjármálafyrirtæki skylt að viðhalda einum eða fleiri þeirra eiginfjárauka sem kveðið er á um í þessum kafla myndar sú skylda samanlagða kröfu um eiginfjárauka. Fyrst myndast skylda til þess að viðhalda eigin fé til þess að uppfylla eiginfjárkröfu vegna kerfisáhættuauka, þá eiginfjárauka fyrir kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki, síðan sveiflujöfnunarauka og að lokum verndunarauka.

b. (83. gr. a.)

Samsetning eiginfjárauka.

Til eiginfjárauka er einungis heimilt að telja eiginfjárliði sem teljast til almenns eigin fjár þáttar 1 skv. 2. kafla I. bóks 2. hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

c. (83. gr. b.)

Bann við tvítalningu.

Óheimilt er að tvítelja eiginfjárliði með því að nýta eigið fé sem er viðhaldið til að uppfylla samanlagða kröfu um eiginfjárauka til að mæta:

1. Lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn skv. 1. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.
2. Kröfu um hærri eiginfjárgrunn skv. 1. tölul. 3. mgr. 107. gr. a, sem lögð er á til að mæta annarri áhættu en hættunni á of mikilli vogun.
3. Tilkynntu eiginfjárálagi skv. 107. gr. b, sem er ætlað að mæta annarri áhættu en hættunni á of mikilli vogun.

Óheimilt er að tvítelja eiginfjárliði með því að nýta eigið fé sem er viðhaldið til að uppfylla einstakan þátt samanlagðrar kröfu um eiginfjárauka til að mæta öðrum þætti samanlagðrar kröfu um eiginfjárauka.

d. (83. gr. c.)

Samverkan eiginfjárauka.

Eigi bæði eiginfjárauki fyrir kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki á alþjóðavísu og eiginfjárauki fyrir kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki á landsvísu við skulu þeir ekki lagðir saman heldur skal aðeins sá hærri gilda.

Samanlagt hlutfall kerfisáhættuauka og eiginfjárauka fyrir kerfislega mikilvægt fjármálafyrirtæki má ekki vera hærra en 5% af stofni skv. D–F-hluta þessa kafla nema með samþykki fastanefndar EFTA-ríkjanna.

e. (83. gr. d.)

Samstæðugrunnur.

Eiginfjárauka fyrir kerfisleg mikilvæg fjármálafyrirtæki á alþjóðavísu skal viðhaldið á samstæðugrunni. Seðlabanki Íslands getur með reglum kveðið á um að öðrum eiginfjárukum skuli viðhaldið á samstæðu-, undirsamstæðu- eða einingargrunni, eftir því sem við á.

f. (83. gr. e.)

Undanþága fyrir verðbréfafyrirtæki.

Kafla þessi gildir ekki um verðbréfafyrirtæki sem hafa ekki leyfi til viðskipta með fjármálagerninga fyrir eigin reikning og sölutryggingar í tengslum við útgáfu fjármálagerninga og/eða útboð fjármálagerninga, sbr. c- og f-lið 15. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga um markaði fyrir fjármálagerninga, nr. 115/2021.

Verðbréfafyrirtæki er undanskilið skyldu til þess að viðhalda verndunar- og sveiflujöfnunarauka að eftirtöldum skilyrðum uppfylltum:

1. Ársverk fyrirtækisins eru færri en 250.
2. Ársvelta fyrirtækisins samkvæmt ársreikningi er ekki meiri en jafnvirði 50 millj. evra í íslenskum krónum eða eignir samkvæmt ársreikningi eru ekki meiri en jafnvirði 43 millj. evra í íslenskum krónum.

g. (84. gr.)

Skylda til að viðhalda verndunarauka.

Fjármálafyrirtæki skal viðhalda eiginfjárouka sem nefnist verndunarauki.

h. (84. gr. a.)

Hlutfall.

Verndunarauki skal nema 2,5% af áhættugrunni skv. 3. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

i. (85. gr.)

Skylda til að viðhalda sveiflujöfnunarauka.

Seðlabanki Íslands getur með reglum sem hann setur að undangengnu samþykki fjármála- stöðugleikanefndar kveðið á um að fjármálafyrirtæki skuli viðhalda eiginfjárouka sem nefnist sveiflujöfnunarauki.

j. (85. gr. a.)

Hlutfall.

Sveiflujöfnunarauki skal jafngilda áhættugrunni fjármálafyrirtækis skv. 3. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 margfölduðum með vegnu meðaltali hlutfalls sveiflujöfnunarauka í þeim ríkjum þar sem útlánaáhættuskuldbindingar fyrirtækisins eru. Ekki ber þó að margfalda með hærra hlutfalli en 2,5% vegna útlánaáhættuskuldbindinga í öðru ríki þar sem hlutfallið er hærra en 2,5%, sbr. þó 85. gr. b.

Vægi hvers ríkis í vegnu meðaltali hlutfalls sveiflujöfnunarauka skal jafngilda hlutfalli eiginfjárfarfna til fjármálafyrirtækis skv. II. og IV. bálki í 3. hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 vegna útlánaáhættuskuldbindinga í viðkomandi ríki af eiginfjárfarfum til fyrirtækisins vegna allra útlánaáhættuskuldbindinga þess. Til áhættuskuldbindinga samkvæmt þessari grein skal telja alla flokka áhættuskuldbindinga, aðra en þá sem um getur í a–f-lið 112. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sem eru háðir:

1. Eiginfjárfarfum vegna útlánaáhættu skv. II. bálki 3. hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.
2. Eiginfjárfarfum vegna sértækrar áhættu skv. 2. kafla IV. bálks 3. hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 eða aukinnar vanskila- og tilfærsluáhættu skv. 5. kafla IV. bálks 3. hluta sömu reglugerðar, enda sé áhættuskuldbinding í veltubók.
3. Eiginfjárfarfum skv. 5. kafla II. bálks 3. hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, enda sé áhættuskuldbinding í formi verðbréfunar.

Sveiflujöfnunarauki vegna áhættuskuldbindinga hér á landi skal almennt nema 0–2,5% af áhættugrunni skv. 3. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 en má þó vera hærri ef áhættuþættir sem liggja til grundvallar mati á gildi sveiflujöfnunarauka gefa tilefni til. Hlutfallið skal vera margfeldi af 0,25 prósentustigum.

Hlutfall sveiflujöfnunarauka skal taka mið af sveiflutengdri kerfisáhættu. Við mat á henni skal litið til skuldaveiflu, einkum fráviks hlutfalls skulda af vergri landsframleiðslu frá langtímaleitni, áhættu sem stafar af óhóflegum vexti skulda á Íslandi og annarra viðeigandi þátta. Tekið skal tillit til sérkenna íslensks efnahags.

Seðlabankinn skal a.m.k. ársfjórðungslega endurskoða hlutfall sveiflujöfnunarauka.

k. (85. gr. b.)

Viðurkenning á sveiflujöfnunarauka í öðru ríki sem er hærri en 2,5%.

Í reglum Seðlabanka Íslands skv. 85. gr. má kveða á um að fjármálafyrirtæki skuli við útreikning á sveiflujöfnunarauka margfalda með hærra hlutfalli en 2,5% vegna útlánaáhættuskuldbindinga í ríki þar sem hlutfallið er hærra en 2,5%.

Seðlabankinn skal birta á vef sínum upplýsingar um viðurkenningu á hlutfalli yfir 2,5%. Birtar skulu upplýsingar um a.m.k. hvert hlutfallið sé og ríkið þar sem það gildir. Ef viðurkenningin felur í sér að hlutfall sveiflujöfnunarauka hækkar skal koma fram hvenær hækkunin taki gildi. Ef hækkun á að taka gildi innan tólf mánaða skal greint frá þeim óvenjulegu aðstæðum sem réttlæta það, sbr. 1. mgr. 85. gr. d.

l. (85. gr. c.)

Hlutfall sveiflujöfnunarauka vegna ríkja utan Evrópska efnahagssvæðisins.

Í reglum Seðlabanka Íslands skv. 85. gr. má kveða á um hlutfall sveiflujöfnunarauka vegna áhættuskuldbindinga fjármálafyrirtækja í ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins. Hafi viðkomandi ríki þegar ákvarðað og birt hlutfall sveiflujöfnunarauka vegna áhættuskuldbindinga í því ríki getur Seðlabankinn þó ekki kveðið á um annað hlutfall nema Seðlabankinn telji hlutfallið í viðkomandi ríki ekki fullnægjandi til að vernda fjármálafyrirtæki gegn áhættu sem stafar af óhóflegum vexti skulda í ríkinu. Seðlabankinn skal ekki mæla fyrir um lægra hlutfall en gildir í viðkomandi ríki nema hlutfallið í ríkinu sé hærra en 2,5%.

Seðlabankinn skal birta á vef sínum upplýsingar um ákvörðun hlutfalls skv. 1. mgr. Birtar skulu upplýsingar um a.m.k. hlutfallið og ríkið sem það gildir um og rökstuðningur fyrir hlutfallinu. Ef hlutfall sveiflujöfnunarauka er hækkað skal koma fram hvenær hækkunin taki gildi. Ef hækkun á að taka gildi innan tólf mánaða skal greint frá þeim óvenjulegu aðstæðum sem réttlæta það, sbr. 1. mgr. 85. gr. d.

m. (85. gr. d.)

Gildistaka breytinga á hlutfalli.

Hækkun á sveiflujöfnunarauka skal taka gildi eigi síðar en tólf mánuðum eftir birtingu upplýsinga um hækkunina. Hækkunin skal ekki taka gildi innan tólf mánaða nema óvenjulegar aðstæður réttlæti það.

Hækkun á sveiflujöfnunarauka í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins tekur gildi gagnvart innlendum fjármálafyrirtækjum tólf mánuðum frá birtingu í viðkomandi ríki. Það gildir þótt hækkunin taki gildi fyrr í viðkomandi ríki.

Lækkun á sveiflujöfnunarauka skal taka gildi þegar í stað.

n. (85. gr. e.)

Birting upplýsinga um sveiflujöfnunarauka.

Seðlabanki Íslands skal birta á vef sínum eftirfarandi upplýsingar samhliða ákvörðun eða endurskoðun á sveiflujöfnunarauka:

1. Gildandi hlutfall sveiflujöfnunarauka.
2. Viðeigandi hlutfall skulda af vergri landsframleiðslu og frávik þess frá langtímaleitni.
3. Mat á þáttum skv. 4. mgr. 85. gr. a sem ákvörðun sveiflujöfnunarauka styðst við.
4. Rökstuðningur fyrir hlutfalli sveiflujöfnunarauka.

Ef hlutfall sveiflujöfnunarauka er hækkað skal koma fram hvenær hækkunin taki gildi. Ef hækkun á að taka gildi innan tólf mánaða skal greint frá þeim óvenjulegu aðstæðum sem réttlæta það, sbr. 1. mgr. 85. gr. d.

Ef hlutfall sveiflujöfnunarauka er lækkað skal greint frá tímabili sem ekki er áætlað að hlutfallið hækki og rökstuðningi fyrir þeirri áætlun. Áætlunin er þó ekki bindandi.

o. (85. gr. f.)

Tilkynning til Evrópska kerfisáætturáðsins.

Seðlabanki Íslands skal tilkynna Evrópska kerfisáætturáðinu um breytingar á hlutfalli sveiflujöfnunarauka. Tilkynningunni skulu fylgja upplýsingar skv. 85. gr. e.

p. (86. gr.)

Skylda til að viðhalda eiginfjáruka fyrir kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki á alþjóðavísu.

Seðlabanki Íslands getur með reglum sem hann setur að undangengnu samþykki fjármála- stöðugleikanefndar kveðið á um að fjármálafyrirtæki sem telst kerfislega mikilvægt á alþjóðavísu skv. 86. gr. b skuli viðhalda eiginfjáruka fyrir kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki á alþjóðavísu.

q. (86. gr. a.)

Hlutfall.

Eiginfjáruki fyrir kerfislega mikilvægt fjármálafyrirtæki á alþjóðavísu skal nema 1–3,5% af áhættugrunni skv. 3. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. Hann skal vera 1% ef fyrirtæki er í lágsta flokki skv. 3. mgr. 86. gr. b og hækka línulega um a.m.k. hálf prósentustig fyrir hvern flokk þar fyrir ofan að 3,5%. Hækkun frá og með fimmta flokki þarf þó ekki að vera línuleg.

r. (86. gr. b.)

Afmörkun á kerfislega mikilvægum fjármálafyrirtækjum á alþjóðavísu.

Fjármálastöðugleikanefnd Seðlabanka Íslands ákveður hvort fjármálafyrirtæki, sem ekki er dótturfélag móðurstofnunar á Evrópska efnahagssvæðinu, móðureignarhaldsfélags á fjármálasviði á Evrópska efnahagssvæðinu eða blandaðs móðureignarhaldsfélags í fjármála- starfsemi á Evrópska efnahagssvæðinu, skuli teljast, á samstæðugrunni, kerfislega mikilvægt á alþjóðavísu. Sama gildir um samstæðu undir stjórn móðurstofnunar á Evrópska efnahags- svæðinu, móðureignarhaldsfélags á fjármálasviði á Evrópska efnahagssvæðinu eða blandaðs móðureignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi á Evrópska efnahagssvæðinu.

Mat skv. 1. mgr. skal taka mið af eftirfarandi viðmiðum, sem skulu hvert hafa jafnt vægi og samanstanda af mælanlegum vísu:

1. Stærð samstæðunnar.
2. Samtengingu samstæðunnar við fjármálakerfið.
3. Hvort þjónustan eða fjármálalegu innviðirnir sem samstæða veitir séu í boði annars staðar.
4. Flækjustigi samstæðunnar.
5. Starfsemi samstæðunnar yfir landamæri, þ.m.t. milli aðildarríkja og milli aðildarríkis og ríkis sem ekki er aðildarríki.

Fjármálastöðugleikanefnd skal úthluta hverri einingu, sem hún ákveður að skuli teljast kerfislega mikilvæg á alþjóðavísu, heildarstigafjölda á grundvelli viðmiða skv. 2. mgr. Nefndin skal raða einingunni í einn af a.m.k. fimm flokkum á grundvelli stigagjafarinnar. Nefndin getur þó ákveðið að færa einingu í hærri eða lægri flokk en leiðir af stigagjöfinni ef hún telur það endurspeglar betur kerfislegt mikilvægi hennar á alþjóðavísu.

Seðlabankinn skal birta og tilkynna viðkomandi einingum, Evrópska kerfisáhætturáðinu og Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni um heiti kerfislega mikilvægra eininga á alþjóðavísu og þann flokk sem þau raðast í skv. 3. mgr. Tilkynningunni til Evrópska kerfisáhætturáðsins skal fylgja ítarlegur rökstuðningur fyrir ákvörðun um færslu um flokk skv. 3. másl. 3. mgr.

Fjármálastöðugleikanefnd skal endurskoða a.m.k. árlega afmörkun á kerfislega mikilvægum fjármálafyrirtækjum á alþjóðavísu og röðun þeirra í flokk skv. 3. mgr.

s. (86. gr. c.)

Skylda til að viðhalda eiginfjáráuka fyrir kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki á landsvísu.

Seðlabanki Íslands getur með reglum sem hann setur að undangengnu samþykki fjármálastöðugleikanefndar kveðið á um að fjármálafyrirtæki sem telst kerfislega mikilvægt á landsvísu skv. 86. gr. e skuli viðhalda eiginfjáráuka fyrir kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki á landsvísu.

t. (86. gr. d.)

Hlutfall.

Eiginfjáráuki fyrir kerfislega mikilvægt fjármálafyrirtæki á landsvísu skal nema 0–3% af áhættugrunni skv. 3. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. Hlutfallið má þó vera hærra en 3% með samþykki fastanefndar EFTA-ríkjanna.

Hlutfall eiginfjáráuka fyrir kerfislega mikilvægt fjármálafyrirtæki á landsvísu skal taka mið af því hversu kerfislega mikilvægt fjármálafyrirtæki er á landsvísu, sbr. 86. gr. e. Þess skal gætt að eiginfjárukinn hafi ekki í för með sér óhóflega skaðleg áhrif á allt eða hluta fjármálakerfis annarra aðildarríkja eða á Evrópska efnahagssvæðinu í heild sem hindra starfsemi innri markaðar Evrópska efnahagssvæðisins.

Eiginfjáráuki sem gildir á eininga- eða undirsamstæðugrunni fyrir kerfislega mikilvægt fjármálafyrirtæki á landsvísu sem er dótturfélag kerfislega mikilvægs aðila á alþjóðavísu eða kerfislega mikilvægs aðila á landsvísu sem er fjármálafyrirtæki eða samstæða undir stjórn móðurstofnunar á Evrópska efnahagssvæðinu og ber að viðhalda eiginfjáráuka fyrir kerfislega mikilvægt fjármálafyrirtæki á landsvísu á samstæðugrunni skal ekki vera hærri en samtala:

1. Hlutfalls eiginfjáráuka fyrir kerfislega mikilvægt fjármálafyrirtæki á alþjóðavísu eða fyrir kerfislega mikilvægt fjármálafyrirtæki á landsvísu sem gildir um samstæðuna, hvort sem hærra er.
2. 1% af áhættugrunni skv. 3. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

Seðlabanki Íslands skal endurskoða a.m.k. árlega hlutfall eiginfjáráuka fyrir kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki á landsvísu.

u. (86. gr. e.)

Afmörkun á kerfislega mikilvægum fjármálafyrirtækjum á landsvísu.

Fjármálastöðugleikanefnd Seðlabanka Íslands ákveður hvort fjármálafyrirtæki skuli teljast, á einingar-, undirsamstæðu- eða samstæðugrunni, eftir því sem við á, kerfislega mikilvægt á landsvísu með tilliti til þess hvort það sé þess eðlis að starfsemi þess geti haft áhrif á fjármálastöðugleika. Sama gildir um samstæðu undir stjórn móðurstofnunar á Evrópska efnahagssvæðinu, móðureignarhaldsfélags á fjármálasviði á Evrópska efnahagssvæðinu, blandaðs móðureignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi á Evrópska efnahagssvæðinu, móðurstofnunar í aðildarríki, móðureignarhaldsfélags á fjármálasviði í aðildarríki eða blandaðs móðureignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi í aðildarríki.

Mat skv. 1. mgr. skal taka mið af a.m.k. eftirfarandi viðmiðum:

1. Stærð.
2. Mikilvægi fyrir efnahag Evrópska efnahagssvæðisins eða Íslands.
3. Umfangi starfsemi yfir landamæri.
4. Samtengingu fjármálafyrirtækisins eða samstæðunnar við fjármálakerfið.

Seðlabankinn skal birta og tilkynna viðkomandi einingum, Evrópska kerfisáhætturáðinu og Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni um heiti kerfislega mikilvægra eininga á landsvísu.

Fjármálastöðugleikanefnd skal endurskoða a.m.k. árlega afmörkun á kerfislega mikilvægum fjármálafyrirtækjum á landsvísu.

v. (86. gr. f.)

Tilkynning til Evrópska kerfisáhætturáðsins.

Seðlabanki Íslands skal tilkynna Evrópska kerfisáhætturáðinu um fyrirhugaða setningu eða endurskoðun eiginfjáruka fyrir kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki á landsvísu. Tilkynningin skal send mánuði fyrir setningu eða endurskoðun, þó þremur mánuðum áður ef hlutfallið er hærra en 3%. Tilkynningin skal lýsa ítarlega:

1. Hvers vegna eiginfjárukinn er talinn líklegur til að draga úr þeirri áhættu sem honum er ætlað að mæta með skilvirkum og hóflegum hætti.
2. Mati á líklegum jákvæðum og neikvæðum áhrifum af eiginfjárukanum á innri markað Evrópska efnahagssvæðisins.
3. Fyrirhuguðu hlutfalli eiginfjárukans.

w. (86. gr. g.)

Skylda til að viðhalda kerfisáhættuauka.

Seðlabanki Íslands getur með reglum sem hann setur að undangengnu samþykki fjármálastöðugleikanefndar kveðið á um að fjármálafyrirtæki skuli viðhalda eiginfjáruka sem nefnist kerfisáhættuauki.

Í reglunum má takmarka skyldu til að viðhalda kerfisáhættuauka við einn eða fleiri flokka fjármálafyrirtækja.

x. (86. gr. h.)

Hlutfall.

Kerfisáhættuauki skal nema 0–3% af áhættugrunni skv. 3. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 eða einstökum flokkum áhættuskuldbindinga skv. 86. gr. i. Hlutfallið má þó, þegar ríkar ástæður eru til, vera hærra en 3% með samþykki ráðherra. Það má þó ekki vera hærra en 5% nema einnig sé aflað samþykkis fastanefndar EFTA-ríkjanna. Hlutfallið skal vera margfeldi af 0,5 prósentustigum.

Hlutfall kerfisáhættuauka skal taka mið af kerfisáhættu sem er ekki mætt með reglugerð (ESB) nr. 575/2013 eða eiginfjárukum skv. C-, D- eða E-hlutum þessa kafla. Þess skal gætt að kerfisáhættuaukinn hafi ekki í för með sér óhóflega skaðleg áhrif á allt eða hluta fjármálakerfis annarra aðildarríkja eða á Evrópska efnahagssvæðinu í heild sem hindra starfsemi innri markaðar Evrópska efnahagssvæðisins.

Í reglum Seðlabanka Íslands skv. 86. gr. g má kveða á um mismunandi hlutfall kerfisáhættuauka fyrir mismunandi flokka fjármálafyrirtækja og áhættuskuldbindinga. Hlutfall kerfisáhættuauka fyrir áhættuskuldbindingar í öðrum aðildarríkjum skal þó vera hið sama fyrir

öll aðildarríkin, nema þegar um er að ræða viðurkenningu á kerfisáhættuauka í öðru aðildarríki skv. 86. gr. j.

Seðlabankinn skal endurskoða a.m.k. annað hvert ár hlutfall kerfisáhættuauka.

y. (86. gr. i.)

Flokkar áhættuskuldbindinga.

Í reglum Seðlabanka Íslands skv. 86. gr. g má kveða á um að kerfisáhættuauki reiknist af einum eða fleiri eftirfarandi flokkum áhættuskuldbindinga:

1. Allar áhættuskuldbindingar á Íslandi.
2. Eftirfarandi tegundir áhættuskuldbindinga á Íslandi:
 - a. allar smásöluáhættuskuldbindingar vegna einstaklinga sem eru tryggðar með íbúðarhúsnæði,
 - b. allar áhættuskuldbindingar vegna lögaðila sem eru tryggðar með veði í atvinnuhúsnæði,
 - c. allar áhættuskuldbindingar vegna lögaðila að undanskildum þeim sem tilgreindar eru í b-lið,
 - d. allar áhættuskuldbindingar vegna einstaklinga að undanskildum þeim sem tilgreindar eru í a-lið.
3. Allar áhættuskuldbindingar í öðrum aðildarríkjum.
4. Tegundir áhættuskuldbindinga skv. 2. tölul. í öðrum aðildarríkjum eingöngu svo mögulegt sé að viðurkenna hlutfall eiginfjáruka sem annað aðildarríki hefur ákvarðað í samræmi við 86. gr. j.
5. Áhættuskuldbindingar í ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins.
6. Undirtegundir áhættuskuldbindinga skv. 2. tölul.

z. (86. gr. j.)

Viðurkenning á kerfisáhættuauka í öðru aðildarríki.

Í reglum Seðlabanka Íslands skv. 86. gr. g má kveða á um að fjármálaþyrirtæki skuli viðhalda kerfisáhættuauka vegna áhættuskuldbindinga í öðru aðildarríki sem samsvari hlutfalli kerfisáhættuauka sem viðkomandi ríki hefur ákveðið telji Seðlabankinn það við hæfi að teknu tilliti til upplýsinga um kerfisáhættuaukann frá viðkomandi aðildarríki.

Kerfisáhættuauki skv. 1. mgr. bætist við kerfisáhættuauka skv. 86. gr. h ef þeim er ætlað að mæta hvor sinni áhættu. Ef þeim er ætlað að mæta sömu áhættu gildir einvörðungu hærra kerfisáhættuaukinn.

Seðlabankinn skal tilkynna Evrópska kerfisáhætturáðinu um viðurkenningu á kerfisáhættuauka í öðru aðildarríki.

Seðlabankinn getur óskað eftir því að Evrópska kerfisáhætturáðið setji fram tilmæli skv. 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1092/2010 til eins eða fleiri aðildarríkja um að viðurkenna kerfisáhættuauka hér á landi.

aa. (86. gr. k.)

Tilkynning til Evrópska kerfisáhætturáðsins og annarra yfirvalda um kerfisáhættuauka.

Seðlabanki Íslands skal tilkynna Evrópska kerfisáhætturáðinu um fyrirhugaða setningu eða endurskoðun kerfisáhættuauka. Tilkynning skal send mánuði áður en Seðlabankinn birtir upplýsingar skv. 86. gr. l ef hlutfall kerfisáhættuaukans, að frátöldum kerfisáhættuauka í öðru

aðildarríki sem hefur verið viðurkenndur skv. 86. gr. j, er ekki hærra en 3%. Í tilkynningunni skal lýsa ítarlega:

1. Kerfisáhættu á Íslandi.
2. Ástæðum þess að kerfisáhætta ógnar stöðugleika fjármálakerfisins á Íslandi og réttlætir hlutfall kerfisáhættuaukans.
3. Hvers vegna kerfisáhættuaukinn er talinn líklegur til að draga úr áhættunni með skilvirkum og hóflegum hætti.
4. Mati á líklegum jákvæðum og neikvæðum áhrifum af kerfisáhættuaukanum á innri markað Evrópska efnahagssvæðisins.
5. Fyrirhuguðu hlutfalli eða hlutföllum kerfisáhættuauka, til hvaða áhættuskuldbindinga hann eigi að taka og hvaða fjármálafyrirtæki eigi að viðhalda honum.
6. Af hverju kerfisáhættuauki sem gildir um allar áhættuskuldbindingar tvítaki ekki virkni eiginfjáruka fyrir kerfislega mikilvægt fjármálafyrirtæki á landsvísu.

Í tilkynningunni skal greint frá því ef kerfisáhættuauki á að taka til áhættuskuldbindinga í ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins.

Ef hækka á kerfisáhættuauka þannig að hann verði hærri en 3% og allt að 5% skal í tilkynningunni óskað eftir álit fastanefndar EFTA-ríkjanna. Ef álit fastanefndarinnar er neikvætt skal Seðlabankinn fara eftir álitinu eða gefa upp ástæður fyrir því að gera það ekki.

Ef fjármálafyrirtæki sem fyrirhugað er að skylda til að viðhalda kerfisáhættuauka er dótturfélag félags með staðfestu í öðru aðildarríki skal í tilkynningunni óskað eftir álit Evrópska kerfisáhætturáðsins og framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, eða fastanefndar EFTA-ríkjanna ef félagið er með staðfestu í aðildarríki Fríverslunarsamtaka Evrópu. Seðlabankinn skal jafnframt senda tilkynningu skv. 1. mgr. til lögbærra yfirvalda í því aðildarríki. Leggist kerfisáhætturáðið, framkvæmdastjórnin eða fastanefndin og yfirvöld móðurfélagsins gegn fyrirhuguðum kerfisáhættuauka getur Seðlabankinn vísað málinu til Evrópsku banka- eftirlitsstofnunarinnar eða Eftirlitsstofnunar EFTA, eftir því sem við á, og óskað eftir aðstoð hennar í samræmi við 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, sbr. lög um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði. Setningu reglna um viðkomandi áhættuskuldbindingar skal frestað meðan beðið er niðurstöðu Eftirlitsstofnunar EFTA.

bb. (86. gr. 1.)

Birting upplýsinga um kerfisáhættuauka.

Seðlabanki Íslands skal birta á vef sínum eftirfarandi upplýsingar um ákvörðun eða endurskoðun á kerfisáhættuauka:

1. Hlutfall kerfisáhættuauka.
2. Fjármálafyrirtæki sem ber að viðhalda kerfisáhættuauka.
3. Áhættuskuldbindingar sem kerfisáhættuauki tekur til.
4. Rökstuðning fyrir hlutfalli kerfisáhættuauka.
5. Hvenær fjármálafyrirtækjum beri að viðhalda kerfisáhættuauka.
6. Í hvaða löndum áhættuskuldbindingar sem kerfisáhættuauki miðast við eru.

Rökstuðningur fyrir hlutfalli kerfisáhættuauka, sbr. 4. tölul. 1. mgr., skal ekki birtur ef það gæti teft stöðugleika fjármálakerfisins í tvísýnu.

cc. (86. gr. m.)

Takmarkanir á úthlutun vegna kröfu um eiginfjárouka.

Fjármálafyrirtæki sem uppfyllir samanlagða kröfu um eiginfjárouka er eftirfarandi úthlutun óheimil ef hún hefði þau áhrif að það uppfyllti ekki lengur kröfuna:

1. Arðgreiðsla með reiðufé.
2. Úthlutun á jöfnunarhlutabréfum sem hafa verið greidd að fullu eða að hluta eða öðrum fjármagnsgerningum skv. a-lið 1. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.
3. Innlausn eða kaup á eigin hluta- eða stofnfjárbréfum eða öðrum fjármagnsgerningum skv. a-lið 1. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.
4. Endurgreiðsla vegna innborgaðs hluta- eða stofnfjár eða annarra fjármagnsgerninga skv. a-lið 1. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.
5. Úthlutun á liðum skv. b–e-lið 1. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

Fjármálafyrirtæki sem uppfyllir ekki samanlagða kröfu um eiginfjárouka er óheimilt að grípa til eftirfarandi ráðstafana áður en hámarksúthlutunarfjárhæð skv. 86. gr. n hefur verið reiknuð út:

1. Úthlutun skv. 1. mgr.
2. Stofna til skuldbindingar um að greiða kaupauka eða greiða kaupauka ef stofnað var til skuldbindingar til greiðslu á þeim tíma þegar fjármálafyrirtækið uppfyllti ekki samanlagða kröfu um eiginfjárouka.
3. Greiða af gerningi viðbótar eigin fjár þáttar 1.

Fjármálafyrirtæki sem uppfyllir ekki samanlagða kröfu um eiginfjárouka er óheimil úthlutun skv. 2. mgr. umfram hámarksúthlutunarfjárhæð skv. 86. gr. n.

Takmarkanir samkvæmt þessari grein gilda aðeins um úthlutanir sem lækka almennt eigið fé þáttar 1 eða hagnað fjármálafyrirtækis. Þær gilda ekki ef frestun úthlutunar fæli í sér vanefnd eða gæti leitt til ógjaldfærnimeðferðar fjármálafyrirtækisins.

dd. (86. gr. n.)

Hámarksúthlutunarfjárhæð uppfylli fyrirtæki ekki kröfu um eiginfjárouka.

Fjármálafyrirtæki sem uppfyllir ekki samanlagða kröfu um eiginfjárouka skal reikna út hámarksúthlutunarfjárhæð og tilkynna Fjármálaeftirlitinu um fjárhæðina.

Hámarksúthlutunarfjárhæð skal fundin með því að margfalda samtölu skv. 3. mgr. með stuðli skv. 4. mgr. Frá hámarksúthlutunarfjárhæð skal draga fjárhæð sem leiðir af ráðstöfunum skv. 2. mgr. 86. gr. m.

Samtala vegna hámarksúthlutunarfjárhæðar skal samanstanda af:

- a. hagnaði samkvæmt árshlutauppgjöri sem ekki er talinn til almenns eigin fjár þáttar 1 skv. 2. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 að frádregnum úthlutunum vegna ráðstafana skv. 2. mgr. 86. gr. m,
- b. að viðbættum hagnaði ársins sem ekki er talinn til almenns eigin fjár þáttar 1 skv. 2. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 að frádregnum úthlutunum vegna ráðstafana skv. 2. mgr. 86. gr. m
- c. og að frádreginni þeirri fjárhæð sem yrði greidd í skatt ef hagnaði skv. a- og b-lið væri haldið eftir.

Stuðull vegna hámarksúthlutunarfjárhæðar ræðst af hlutfalli almenns eigin fjár þáttar 1 sem fjármálafyrirtæki viðheldur og er ekki nýtt til að mæta eiginfjárkröfu skv. a-, b- eða c-lið 1. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 eða viðbótareiginfjárkröfu skv. 1. tölul. 3. mgr.

107. gr. a vegna annarrar áhættu en hættunnar á of mikilli vogun af samanlagðri kröfu um eiginfjárauka sem hér segir:

1. Ef hlutfallið er lægra en 25% er stuðullinn 0.
2. Ef hlutfallið er a.m.k. 25% en lægra en 50% er stuðullinn 0,2.
3. Ef hlutfallið er a.m.k. 50% en lægra en 75% er stuðullinn 0,4.
4. Ef hlutfallið er a.m.k. 75% er stuðullinn 0,6.

ee. (86. gr. o.)

Tilkynningarskylda og gagnaskil uppfylli fyrirtæki ekki kröfu um eiginfjárauka.

Fjármálafyrirtæki sem uppfyllir ekki samanlagða kröfu um eiginfjárauka og hefur í hyggju að greiða út af hagnaði eða ráðstöfun skv. 2. mgr. 86. gr. m skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu um það.

Í tilkynningu skulu koma fram eftirfarandi upplýsingar:

1. Fjárhæð eiginfjárgrunns fjármálafyrirtækis sundurliðuð með eftirfarandi hætti:
 - a. almennt eigið fé þáttar 1,
 - b. viðbótar eigið fé þáttar 1,
 - c. eiginfjárþáttur 2.
2. Hagnaður samkvæmt árshluta- og ársuppgjöri.
3. Hámarksúthlutunarfjárhæð skv. 86. gr. n.
4. Fjárhæð sem fjármálafyrirtæki hyggst greiða út, sundurliðuð með eftirfarandi hætti:
 - a. arðgreiðslur,
 - b. kaup á eigin bréfum,
 - c. greiðslur af gerningum viðbótar eigin fjár þáttar 1,
 - d. greiðslur kaupauka, hvort sem er á grundvelli nýrrar skuldbindingar eða skuldbindingar sem stofnað var til á þeim tíma þegar fjármálafyrirtækið uppfyllti ekki samanlagða kröfu um eiginfjárauka.

ff. (86. gr. p.)

Takmarkanir á úthlutun vegna kröfu um vogunarauka.

Fjármálafyrirtæki sem uppfyllir kröfu um vogunarauka skv. 1. mgr. a 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 er eftirfarandi úthlutun óheimil ef hún hefði þau áhrif að það uppfyllti ekki lengur kröfuna:

1. Arðgreiðsla með reiðufé.
2. Úthlutun á jöfnunarhlutabréfum, sem hafa verið greidd að fullu eða að hluta, eða öðrum fjármagnsgerningum skv. a-lið 1. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.
3. Innlausn eða kaup á eigin hluta- eða stofnfjárbréfum eða öðrum fjármagnsgerningum skv. a-lið 1. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.
4. Endurgreiðsla vegna innborgaðs hluta- eða stofnfjár eða annarra fjármagnsgerninga skv. a-lið 1. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.
5. Úthlutun á liðum skv. b–e-lið 1. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

Fjármálafyrirtæki sem uppfyllir ekki kröfuna um vogunarauka er óheimilt að grípa til eftirfarandi ráðstafana áður en hámarksúthlutunarfjárhæð vegna vogunarauka skv. 86. gr. q hefur verið reiknuð út:

1. Framkvæma úthlutun í tengslum við almennt eigið fé þáttar 1.
2. Stofna til skuldbindingar um að greiða kaupauka eða greiða kaupauka ef stofnað var til skuldbindingar til greiðslu á þeim tíma þegar fjármálafyrirtækið uppfyllti ekki kröfu um vogunarauka.

3. Greiða af gerningi viðbótar eigin fjár þáttar 1.

Fjármálafyrirtæki sem uppfyllir ekki kröfuna um vogunarauka er óheimil úthlutun skv. 2. mgr. umfram hámarksúthlutunarfjárhæð vegna vogunarauka skv. 86. gr. q.

Takmarkanir samkvæmt þessari grein gilda aðeins um úthlutanir sem lækka eiginfjárbátt 1 eða hagnað fjármálafyrirtækis. Þær gilda ekki ef frestan úthlutunar fæli í sér vanefnd eða gæti leitt til ógjaldfærimeðferðar fjármálafyrirtækisins.

gg. (86. gr. q.)

Hámarksúthlutunarfjárhæð uppfylli fyrirtæki ekki kröfu um vogunarauka.

Fjármálafyrirtæki sem uppfyllir ekki kröfu um vogunarauka skv. 1. mgr. a 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 skal reikna út hámarksúthlutunarfjárhæð vegna vogunarauka og tilkynna Fjármálaeftirlitinu um fjárhæðina.

Hámarksúthlutunarfjárhæð skal fundin með því að margfalda samtölu skv. 3. mgr. með stuðli skv. 4. mgr. Frá hámarksúthlutunarfjárhæð skal draga fjárhæð sem leiðir af ráðstöfunum skv. 2. mgr. 86. gr. p.

Samtala vegna hámarksúthlutunarfjárhæðar skal samanstanda af:

- a. hagnaði samkvæmt árschlutauppgjöri sem ekki er talinn til almenns eigin fjár þáttar 1 skv. 2. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 að frádregnum úthlutunum vegna ráðstafana skv. 2. mgr. 86. gr. p,
- b. að viðbættum hagnaði ársins sem ekki er talinn til almenns eigin fjár þáttar 1 skv. 2. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 að frádregnum úthlutunum vegna ráðstafana skv. 2. mgr. 86. gr. p
- c. og að frádreginni þeirri fjárhæð sem yrði greidd í skatt ef hagnaði skv. a- og b-lið væri haldið eftir.

Stuðull vegna hámarksúthlutunarfjárhæðar ræðst af hlutfalli eiginfjárbáttar 1 sem fjármálafyrirtæki viðheldur og er ekki nýttur til að mæta kröfum skv. d-lið 1. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 eða viðbótareiginfjárkröfu skv. 1. tölul. 3. mgr. 107. gr. a vegna hættunnar á of mikilli vogun af kröfu um vogunarauka skv. 1. mgr. a 92. gr. sömu reglugerðar sem hér segir:

1. Ef hlutfallið er lægra en 25% er stuðullinn 0.
2. Ef hlutfallið er a.m.k. 25% en lægra en 50% er stuðullinn 0,2.
3. Ef hlutfallið er a.m.k. 50% en lægra en 75% er stuðullinn 0,4.
4. Ef hlutfallið er a.m.k. 75% er stuðullinn 0,6.

hh. (86. gr. r.)

Tilkynningarskylda og gagnaskil uppfylli fyrirtæki ekki kröfu um vogunarauka.

Fjármálafyrirtæki sem uppfyllir ekki kröfu um vogunarauka skv. 1. mgr. a 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og hefur í hyggju að greiða út af hagnaði eða ráðstöfun skv. 2. mgr. 86. gr. p skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu um það.

Í tilkynningu skulu koma fram eftirfarandi upplýsingar:

1. Fjárhæð eiginfjárgrunns fjármálafyrirtækis sundurliðuð með eftirfarandi hætti:
 - a. almennt eigið fé þáttar 1,
 - b. viðbótar eigið fé þáttar 1.
2. Hagnaður samkvæmt árschluta- og ársuppgjöri.
3. Hámarksúthlutunarfjárhæð vegna vogunarauka skv. 86. gr. q.

4. Fjárhæð sem fjármálafyrirtæki hyggst greiða út, sundurliðuð með eftirfarandi hætti:
 - a. arðgreiðslur,
 - b. kaup á eigin bréfum,
 - c. greiðslur af gerningum viðbótar eigin fjár þáttar 1,
 - d. greiðslur kaupauka, hvort sem er á grundvelli nýrrar skuldbindingar eða skuldbindingar sem stofnað var til á þeim tíma þegar fjármálafyrirtækið uppfyllti ekki kröfuna um vogunarauka.

ii. (86. gr. s.)

Áætlun um verndun eigin fjár.

Uppfylli fjármálafyrirtæki ekki samanlagða kröfu um eiginfjárouka eða kröfu um vogunarauka skv. 1. mgr. a 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 skal stjórn þess útbúa og afhenda Fjármálaeftirlitinu áætlun um verndun eigin fjár í samræmi við fyrirmæli þessarar greinar.

Áætlun um verndun eigin fjár skal a.m.k. innihalda:

1. Áætlun um tekjur og gjöld fyrirtækisins og spá um þróun efnahagsreiknings þess.
2. Upplýsingar um til hvaða úrræða fyrirtækið muni grípa til þess að hækka eiginfjárlutfall sitt.
3. Tímasetta áætlun um það hvernig fyrirtækið ráðgerir að hækka eiginfjárlutfall sitt þannig að það uppfylli á ný samanlagða kröfu um eiginfjárouka eða kröfu um vogunarauka.
4. Aðrar upplýsingar sem Fjármálaeftirlitið telur nauðsynlegar til þess að leggja mat á áætlunina.

Áætlun um verndun eigin fjár skal afhent Fjármálaeftirlitinu innan fimm virkra daga frá því að ljóst var að fjármálafyrirtæki uppfyllti ekki samanlagða kröfu um eiginfjárouka eða kröfu um vogunarauka. Fjármálaeftirlitið getur veitt fimm virkra daga viðbótarfrest til að afhenda áætlunina.

Fjármálaeftirlitið leggur mat á áætlunina í samræmi við fyrirmæli þessarar greinar. Áætlun um verndun eigin fjár skal samþykkt ef talið er líklegt að hún komi því til leiðar að fjármálafyrirtæki nái að uppfylla samanlagða kröfu um eiginfjárouka eða kröfu um vogunarauka innan viðeigandi tímamarka.

Samþykki Fjármálaeftirlitið ekki áætlunina á grundvelli 4. mgr. skal það:

- a. mæla fyrir um að fjármálafyrirtækið auki eiginfjárgrunn sinn um tilskilin mörk innan tímafrests sem Fjármálaeftirlitið ákveður og/eða
- b. takmarka frekar útgreiðslur umfram það sem kveðið er á um í 86. gr. m eða 86. gr. p.

103. gr.

Tilvísunin „sbr. 4. mgr. 19. gr.“ í c-lið 3. mgr. 87. gr. laganna fellur brott.

104. gr.

Á eftir 87. gr. laganna kemur ný grein, 87. gr. a, sem orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Birting upplýsinga um starfsemi í einstökum ríkjum.

Í skýringum í árs- eða samstæðureikningi skulu vera upplýsingar á samstæðugrunni um eftirfarandi þætti á næstliðnu reikningsári í hverju ríki þar sem fjármálafyrirtæki hefur starfsstöð:

1. Heiti, eðli starfsemi og landfræðilega staðsetningu.
2. Veltu.
3. Fjölda ársverka.
4. Hagnað eða tap fyrir skatt.

5. Skatt á hagnað eða tap.
6. Opinbera styrki eða ívilnanir.

105. gr.

2. másl. 1. mgr. 90. gr. laganna fellur brott.

106. gr.

91. gr. laganna fellur brott, ásamt fyrirsögn.

107. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 92. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „fela“ í a-lið 2. mgr. kemur: líkur eru á að feli.
- b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Fari endurskoðandi ekki eftir 2. mgr. getur Fjármálaeftirlitið krafist þess að fjármála-
fyrirtæki kjósi annan endurskoðanda.

108. gr.

4. mgr. 98. gr. laganna fellur brott.

109. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 101. gr. laganna:

- a. Í stað tilvísananna „86. gr.“ og „84. gr.“ í 1. tölul. 2. mgr. kemur: 52. gr. e; og: reglugerð (ESB) nr. 575/2013.
- b. Í stað tilvísunarinnar „86. gr.“ í 5. mgr. kemur: 52. gr. e.

110. gr.

Orðin „sem ekki fellur undir 3.–5. mgr. 25. gr.“ í 1. mgr. 104. gr. og 1. og 3. mgr. 105. gr. laganna falla brott.

111. gr.

Á eftir tilvísuninni „14. gr.“ í 7. mgr. 106. gr. laganna kemur: og 14. gr. a.

112. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 107. gr. laganna:

- a. Á eftir orðinu „með“ í 1. másl. 1. mgr. kemur: framkvæmd laga þessara, þar á meðal.
- b. Á eftir orðunum „innlendra fjármálafyrirtækja“ í 1. másl. 1. mgr. kemur: og fjármála-
stofnana.
- c. Í stað orðsins „hlutdeildarfyrirtækjum“ í 2. másl. 1. mgr. kemur: hlutdeildarfélögum.
- d. Í stað orðsins „eftirlitsaðila“ og tilvísunarinnar „108. gr.“ í 2. másl. 2. mgr. kemur:
lögbær yfirvöld; og: C-hluta þessa kafla.
- e. Í stað orðsins „hlutdeildarfyrirtækjum“ í 3. mgr. kemur: hlutdeildarfélögum.
- f. Í stað orðanna „slík viðskipti“ í 4. másl. 5. mgr. kemur: öll umtalsverð viðskipti sín við
blönduð eignarhaldsfélög sem eru móðurfélög þeirra og önnur dótturfélög blönduðu
eignarhaldsfélaganna, önnur en þau sem um getur í 394. gr. reglugerðar (ESB) nr.
575/2013, og um önnur viðskipti samkvæmt málsgrein þessari.
- g. 9. mgr. fellur brott.

- h. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Eftirlitsskyld starfsemi og heimildir til að afla upplýsinga.*

113. gr.

Á eftir 107. gr. laganna koma ellefu nýjar greinar, 107. gr. a – 107. gr. j, sem orðast svo, ásamt fyrirsögnum:

a. (107. gr. a.)

Valdheimildir vegna eftirlits.

Fjármálaeftirlitið skal krefjast þess að fjármálafyrirtæki grípi tímanlega til nauðsynlegra ráðstafana til úrbóta ef fyrirtækið uppfyllir ekki ákvæði laga þessara auk reglugerða og reglna sem settar eru með stoð í þeim.

Telji Fjármálaeftirlitið líklegt, byggt á gögnum eða upplýsingum sem það býr yfir, að fjármálafyrirtæki muni ekki innan næstu tólf mánaða uppfylla ákvæði laga þessara auk reglugerða og reglna sem settar eru með stoð í þeim, skal Fjármálaeftirlitið krefjast þess að fjármálafyrirtæki grípi tímanlega til nauðsynlegra ráðstafana til úrbóta. Úrbætur geta meðal annars falið í sér beitingu heimilda samkvæmt þessari grein eða öðrum ákvæðum laganna sem nauðsynleg er til þess að bregðast við aðstæðum viðkomandi fjármálafyrirtækis.

Til að framfylgja kröfum eða fylgja eftir mati skv. 80. gr., 4. og 5. mgr. 81. gr., 3. mgr. 109. gr. ff og 1. og 2. mgr. þessarar greinar og reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 er Fjármálaeftirlitinu heimilt að mæla fyrir um:

1. Hærrí eiginfjárgrunn en gerð er krafa um í reglugerð (ESB) nr. 575/2013.
2. Endurbætur á innri ferlum, sbr. IX. kafla.
3. Að fjármálafyrirtæki setji fram sérstaka áætlun um það hvernig fyrirtækið muni uppfylla kröfur laga þessara auk reglugerða og reglna sem settar eru með stoð í þeim, auk þess að setja fjármálafyrirtækjum tímafresti varðandi framkvæmd áætlunarinnar, þ.m.t. vegna fresta eða endurbóta sem unnar eru á áætluninni.
4. Niðurfærslu á eignum við útreikning á eiginfjárgrunni.
5. Hömlur á eða takmörkun á starfsemi fjármálafyrirtækis eða, eftir því sem við á, sölu eigna eða viðskiptaæininga sem skapa óhóflega áhættu.
6. Að dregið sé úr áhættu sem starfsemi, viðskiptaafurðir eða kerfi fjármálafyrirtækis felur í sér, þ.m.t. vegna útvistaðrar starfsemi.
7. Að fjármálafyrirtæki takmarki kaupauka við hlutfall af hreinum hagnaði þar sem útgreiðsla þeirra leiðir til ófullnægjandi eiginfjárgrunns.
8. Að fjármálafyrirtæki noti hreinan hagnað til að styrkja eiginfjárgrunninn.
9. Að arð- og vaxtagreiðslur til hluthafa, stofnfjáreigenda og eigenda gerninga viðbótar eigin fjár þáttar 1 skuli takmarkaðar eða bannaðar, enda feli það ekki í sér vanskil af hálfu fjármálafyrirtækis.
10. Sérstakar kröfur um að viðhalda lausu fé, þ.m.t. vegna misræmis í líftíma eigna og skuldbindinga fjármálafyrirtækis.
11. Aukin gagnaskil.
12. Sérstaka upplýsingagjöf til markaðar.

Fjármálaeftirlitið skal mæla fyrir um hærri eiginfjárgrunn skv. 1. tölul. 3. mgr. ef könnun og mat skv. 80. gr. eða 109. gr. ff leiðir í ljós að starfsemi fjármálafyrirtækis er með þeim hætti að:

1. Fjármálafyrirtæki uppfyllir ekki skilyrði og kröfur skv. 50. gr., 77. gr. a eða 77. gr. b laga þessara eða 393. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og ólíklegt er að önnur eftirlitsúrræði dugi til að tryggja að svo verði innan hæfilegs tíma.
2. Áhættuþáttum er ekki nægjanlega mætt með eiginfjárkröfum skv. 3., 4. og 7. hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, þó ekki ef áhættuþættir falla undir umbreytingarfyrirkomulag eða ákvæði um lagaskil.
3. Ólíklegt er að breytingar á virðismati staðna eða eignasafna í veltubók geri fjármálafyrirtæki kleift að selja eða verja eignir á skömmum tíma án þess að verða fyrir umtalsverðu tapi miðað við eðlilegar markaðsaðstæður, sbr. 4. mgr. 81. gr.
4. Í ljós kemur við mat skv. 3. mgr. 109. gr. ff að fjármálafyrirtæki uppfyllir ekki skilyrði fyrir notkun innri aðferða og líkur eru á því að það leiði til ófullnægjandi eiginfjárgrunns.
5. Það kemur ekki á eða viðheldur ítrekað ekki eiginfjárgrunni sem mætir tilkynningu Fjármálaeftirlitsins um eiginfjárálág skv. 107. gr. b.
6. Tilefni er til að hafa verulegar áhyggjur vegna annarra aðstæðna sem varða viðkomandi fjármálafyrirtæki sérstaklega.

Fjármálaeftirlitið skal tilkynna skilavaldi um kröfu um hærri eiginfjárgrunn skv. 1. tölul. 3. mgr. og tilkynningu um eiginfjárálág skv. 107. gr. b.

Eigið fé til að mæta kröfu um hærri eiginfjárgrunn skv. 1. tölul. 3. mgr. skal samsett með eftirfarandi hætti:

1. Almennit eigið fé þáttar 1 skal að lágmarki nema 56,25% af viðbótarkröfunni.
2. Eiginfjárþáttur 1 skal að lágmarki nema 75% af viðbótarkröfunni.

Eigið fé til að mæta kröfu um hærri eiginfjárgrunn skv. 1. tölul. 3. mgr. vegna óhóflegrar vogunar skal samstanda af eiginfjárþætti 1.

Fjármálaeftirlitið getur krafist þess að eiginfjárþáttur 1 eða almennt eigið fé þáttar 1 nemi herra hlutfalli en greinir í 6. og 7. mgr. ef aðstæður viðkomandi fjármálafyrirtækis krefjast þess.

Heimilt er að ákvarða sérstaka kröfu um laust fé fjármálafyrirtækis skv. 10. tölul. 3. mgr. sem skal taka mið af lausafjárahættu sem það er eða kann að vera óvarið fyrir. Við mat á því hvort gera eigi sérstaka kröfu til fjármálafyrirtækis um laust fé skal taka tillit til eftirfarandi þátta:

1. Viðskiptalíkans fyrirtækisins.
2. Meðhöndlunar þess á lausafjárahættu, meðal annars á grundvelli 78. gr. h.
3. Niðurstöðu könnunar- og matsferlis og álagsprófs á grundvelli 80. gr.

Fjármálaeftirlitið skal tilkynna Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni um aðgerðir sem það grípur til vegna ófullnægjandi ráðstafana fjármálafyrirtækis til að mæta lausafjárahættu sem gæti ógnað stöðu fyrirtækisins eða valdið kerfisáhættu.

b. (107. gr. b.)

Eiginfjárálág.

Fjármálaeftirlitið skal tilkynna fjármálafyrirtæki um eiginfjárálág sem það telur æskilegt, einkum á grundvelli álagsprófs skv. 7. mgr. 80. gr., að það hafi umfram það sem því ber skylda til samkvæmt lögum þessum og kröfum Fjármálaeftirlitsins skv. 107. gr. a til að mæta áhættu sem sú skylda mætir ekki nægjanlega.

c. (107. gr. c.)

Tímanleg inngríp Fjármálaeftirlitsins.

Fjármálaeftirlitið getur beitt tímanlegum inngrípum gagnvart lánastofnun eða verðbréfa-fyrirtæki með stofnframlag skv. 2. mgr. 14. gr. a ef:

- a. fyrirtækið brýtur gegn ákvæðum laga þessara eða stjórnvaldsfyrirmæla sem sett eru á grundvelli þeirra, þ.m.t. reglugerð (ESB) nr. 575/2013, eða
- b. líkur eru á því vegna versnandi fjárhagslegrar stöðu, þ.m.t. versnandi lausafjárstöðu, aukinnar vogunar, aukinna vanskila lántakenda eða samþjöppunar áhættuskuldbindinga, að fyrirtækið muni brjóta gegn lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum skv. 1. tölul.

Ef aðstæður skv. 1. eða 2. tölul. 1. mgr. eru til staðar getur Fjármálaeftirlitið hrint í framkvæmd eða krafist þess að lánastofnun eða verðbréfafyrirtæki hrindi í framkvæmd a.m.k. einni eða fleiri af eftirfarandi aðgerðum:

1. Grípi til aðgerða samkvæmt endurbótaáætlun eða uppfæri endurbótaáætlun og framkvæmi aðgerðir samkvæmt uppfærðri áætlun.
2. Afhendi Fjármálaeftirlitinu tímasetta aðgerðaáætlun.
3. Boði til hluthafafundar eða fundar stofnfjáreigenda. Verði ekki farið að þeirri kröfu getur Fjármálaeftirlitið boðað til hluthafafundar eða fundar stofnfjáreigenda. Í báðum tilvikum ákveður Fjármálaeftirlitið dagskrá fundarins og getur krafist þess að tiltekin mál verði tekin til umræðu og ákvörðunar.
4. Víki einum eða fleiri stjórnarmönnum og/eða framkvæmdastjóra frá uppfylli þeir ekki kröfur skv. 52. gr., 52. gr. a og 54. gr.
5. Afhendi Fjármálaeftirlitinu áætlun um samningaviðræður um endurskipulagningu á skuldum við lánardrottna.
6. Breyti viðskiptastefnu fyrirtækisins.
7. Breyti skipulagi fyrirtækisins.

Fjármálaeftirlitið skal veita fyrirtæki hæfilegan tímafrest til að ljúka við þær aðgerðir sem það hefur krafist skv. 2. mgr.

Við aðstæður skv. 1 eða 2. tölul. 1. mgr. er lánastofnun eða verðbréfafyrirtæki skylt að veita Fjármálaeftirlitinu allar þær upplýsingar sem þykja nauðsynlegar til að hægt sé að uppfæra skilaáætlun og meta eignir og skuldbindingar viðkomandi fyrirtækis og mögulega skilameðferð þess samkvæmt lögum um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja. Skilavaldið skal hafa aðgang að þeim upplýsingum. Fjármálaeftirlitið skal þegar í stað upplýsa skilastjórnvöld lánastofnunar eða verðbréfafyrirtækis ef aðstæður eru þannig að heimilt sé að beita tímanlegum inngrípum skv. 1. mgr.

Seðlabanka Íslands er heimilt að setja reglur sem skilgreina viðmið um hvenær Fjármálaeftirlitið getur beitt tímanlegum inngrípum vegna versnandi fjárhagslegrar stöðu lánastofnana og verðbréfafyrirtækja skv. 2. tölul. 1. mgr.

d. (107. gr. d.)

Brottvikning stjórnar og framkvæmdastjóra við tímanleg inngríp.

Fjármálaeftirlitið getur vikið stjórn lánastofnunar eða verðbréfafyrirtækis skv. 1. másl. 1. mgr. 107. gr. c frá, í heild eða að hluta, sem og framkvæmdastjóra hafi fyrirtækið brotið alvarlega gegn ákvæðum laga, stjórnvaldsfyrirmæla eða samþykktu fyrirtækis eða ef alvarlegar athugasemdir hafa verið gerðar við stjórnun þess.

Brottvikning Fjármálaeftirlitsins skv. 1. mgr. á einnig við ef fjárhagur lánastofnunar eða verðbréfafyrirtækis hefur versnað verulega eða aðgerðir skv. 107. gr. c hafa ekki eða eru ekki líklegar að mati Fjármálaeftirlitsins til að rétta af fjárhagslega stöðu fyrirtækis.

e. (107. gr. e.)

Bráðabirgðastjórnandi.

Telji Fjármálaeftirlitið að brottvikning stjórnar og framkvæmdastjóra skv. 107. gr. d sé ekki fullnægjandi til að rétta af fjárhagslega stöðu lánastofnunar eða verðbréfafyrirtækis skv. 1. másl. 1. mgr. 107. gr. c getur það skipað fyrirtækinu bráðabirgðastjórnanda.

Skipun bráðabirgðastjórnanda skv. 1. mgr. getur tekið til þess:

- a. að einn eða fleiri bráðabirgðastjórnendur leysi stjórn af í heild sinni, eða
- b. að einn eða fleiri bráðabirgðastjórnendur starfi með starfandi stjórn.

Ákvæði þessara laga og ákvæði um félagsstjórn í lögum um hlutafélög gilda eftir því sem við á um bráðabirgðastjórnanda sem skipaður er skv. 1. tölul. 2. mgr. Ákvæði 63. og 68. gr. laga um hlutafélög, nr. 2/1995, gilda ekki um skipun bráðabirgðastjórnanda sem skipaður er skv. 1. tölul. 2. mgr. og fundur stofnfjáreigenda eða hluthafa getur ekki leyst bráðabirgðastjórnanda frá störfum.

Skipi Fjármálaeftirlitið bráðabirgðastjórnanda skal í skipunarbréfi til hans, eftir því sem við á, kveða á um:

1. Skipunartíma.
2. Helstu verkefni.
3. Skyldur.
4. Valdsvið, bæði heimildir og takmarkanir.
5. Hvaða ákvarðanir stjórn þarf að bera fyrir fram undir bráðabirgðastjórnanda, hafi hún ekki verið leyst frá störfum.
6. Hvaða ákvarðanir bráðabirgðastjórnandi þarf að bera undir Fjármálaeftirlitið.
7. Skýrsluskil til Fjármálaeftirlitsins.

Skipunartími bráðabirgðastjórnanda skal að hámarki vera eitt ár. Við sérstakar aðstæður er Fjármálaeftirlitinu heimilt að framlengja skipunartímann. Fjármálaeftirlitið getur hvenær sem er breytt skipun bráðabirgðastjórnanda skv. 2. mgr. og umboði hans skv. 4. mgr. eða leyst hann frá störfum.

Fjármálaeftirlitið leggur mat á hæfi bráðabirgðastjórnanda. Um hæfisskilyrði bráðabirgðastjórnanda fer skv. 52. gr. og 52. gr. a.

Bráðabirgðastjórnandi er einungis ábyrgur fyrir tjóni sem hann veldur í störfum sínum af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi.

f. (107. gr. f.)

Samningsákvæðum vikið til hliðar.

Ef Fjármálaeftirlitið grípur til aðgerða skv. 107. gr. c – 107. gr. e gagnvart lánastofnun eða verðbréfafyrirtæki skulu aðgerðirnar, þ.m.t. atburðir sem leiðir af þeim, hvorki samsvara vanefnd samkvæmt samningi um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir né jafngilda úrskurði um heimild til greiðslustöðvunar, nauðasamningsumleitana eða gjaldþrotaskipta samkvæmt lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. Ákvæði 1. másl. er háð því skilyrði að fyrirtæki haldi áfram að efna meginskyldur samningssambands, þ.m.t. um greiðslu, afhendingu og veitingu tryggingarréttinda.

Efni fyrirtæki áfram meginskyldur samningssambands skv. 1. mgr. veita aðgerðir Fjármálaeftirlitsins skv. 107. gr. c – 107. gr. e samningsaðilum fyrirtækisins ekki sjálfkrafa rétt til að:

1. Beita rétti til uppsagnar, gjaldfellingar, frestunar eða breytingar samningsskuldbindinga eða greiðslu- eða skuldajöfnunar á grundvelli samnings.
2. Öðlast eignarhald, fá yfirráð eða ganga að tryggingarréttindum í eigu fyrirtækisins.

3. Hafa áhrif á samningsbundin réttindi fyrirtækisins.

Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda um samninga sem dótturfélag hefur gert og móðurfélag eða annað félag innan samstæðu ábyrgist eða styður á annan hátt. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda einnig um samninga á milli félaga innan samstæðu sem innihalda víxlvanefndarákvæði.

g. (107. gr. g.)

Tímanleg inngríp á samstæðugrunni.

Ef skilyrði fyrir aðgerðum skv. 107. gr. c eða 107. gr. e eru fyrir hendi gagnvart móðurfélagi í efsta þrepi samstæðu á Evrópska efnahagssvæðinu, sem er staðsett hér á landi, skal Fjármálaeftirlitið sem eftirlitsaðili á samstæðugrunni ráðfæra sig við önnur lögbær yfirvöld innan samstarfshóps eftirlitsaðila og tilkynna Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni áður en gripið er til aðgerða gagnvart móðurfélaginu. Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um aðgerðir skal síðan tilkynnt lögbærum yfirvöldum í samstarfshópi eftirlitsaðila og Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar.

Ef Fjármálaeftirlitið móttækur, sem eftirlitsaðili á samstæðugrunni, tilkynningu frá lögbæru yfirvaldi dótturfélags í samræmi við 2. mgr. 107. gr. h skal það leggja fram mat sitt á því hvaða áhrif fyrirhugaðar aðgerðir hafa á samstæðu innan þriggja virkra daga frá móttöku tilkynningarinnar.

Þegar fleiri en eitt lögbært yfirvald innan samstarfshóps eftirlitsaðila vilja grípa til einnar eða fleiri aðgerða í samræmi við 107. gr. c eða 107. gr. e, gagnvart fleiri en einni lánastofnun eða verðbréfafyrirtæki innan samstæðu, skal Fjármálaeftirlitið, í samstarfi við önnur lögbær yfirvöld í samstarfshópnum, meta hvort viðeigandi sé að skipa sama bráðabirgðastjórnanda skv. 107. gr. e fyrir öll viðeigandi fyrirtæki eða samhæfa beitingu einnar eða fleiri aðgerða skv. 107. gr. c gagnvart einu eða fleiri af fyrirtækjunum.

Fjármálaeftirlitið skal leitast við að taka sameiginlega ákvörðun með viðeigandi lögbærum yfirvöldum í samstarfshópi eftirlitsaðila og skal sú ákvörðun liggja fyrir eigi síðar en fimm virkum dögum eftir að upplýsingar voru tilkynntar lögbærum yfirvöldum skv. 1. mgr.

Ef sameiginleg ákvörðun liggur ekki fyrir eftir samráð skv. 1. mgr. innan tímafrests skv. 4. mgr. skal Fjármálaeftirlitið taka ákvörðun um að beita einni eða fleiri aðgerðum skv. 107. gr. c eða 107. gr. e gagnvart móðurfélaginu. Fjármálaeftirlitið skal tilkynna móðurfélaginu og lögbærum yfirvöldum í samstarfshópi eftirlitsaðila um ákvörðunina.

Fjármálaeftirlitið skal fresta ákvörðunum skv. 1. og 5. mgr. ef eitthvert lögbært yfirvald í samstarfshópi eftirlitsaðila hefur vísað ákvörðun þess til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar eða Eftirlitsstofnunar EFTA í samræmi við 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, sbr. lög um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði, fyrir lok tímabils samráðs skv. 1. mgr. eða tímafrests skv. 4. mgr., og bíða ákvörðunar sem Eftirlitsstofnun EFTA kann að taka. Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins skal vera í samræmi við niðurstöðu Eftirlitsstofnunar EFTA.

h. (107. gr. h.)

Tímanleg inngríp gagnvart dótturfélagi móðurfélags í efsta þrepi samstæðu á Evrópska efnahagssvæðinu.

Ef Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með einu eða fleiri dótturfélögum, sem eru lánastofnanir eða verðbréfafyrirtæki með stofnframlag skv. 2. mgr. 14. gr. a, skal það ráðfæra sig við eftirlitsaðila á samstæðugrunni og tilkynna Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni ef skilyrði skv. 107. gr. c eða 107. gr. e fyrir aðgerðum gagnvart dótturfélagi eru uppfyllt, áður en ákvörðun

um beitingu aðgerðanna er tekin. Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um aðgerðir skal síðan tilkynnt eftirlitsaðilum á samstæðugrunni og viðeigandi lögbærum yfirvöldum í samstarfshópi eftirlitsaðila.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að taka ákvörðun um beitingu aðgerða skv. 107. gr. c eða 107. gr. e gagnvart dótturfélagi sem lýtur eftirliti þess skv. 1. mgr. ef ekki næst sameiginleg ákvörðun með eftirlitsaðila á samstæðugrunni og, ef við á, öðrum lögbærum yfirvöldum innan tímafrests skv. 4. mgr. 107. gr. g. Skal Fjármálaeftirlitið tilkynna dótturfélaginu um ákvörðunina. Fjármálaeftirlitið skal fresta því að hrinda ákvörðuninni í framkvæmd ef lögbært yfirvald hefur vísað ákvörðuninni til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar eða Eftirlitsstofnunar EFTA í samræmi við 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, sbr. lög um evrópskt eftirlitskerfi á fjármála markaði, og bíða þeirrar ákvörðunar sem Eftirlitsstofnun EFTA kann að taka. Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins skal vera í samræmi við niðurstöðu Eftirlitsstofnunar EFTA.

i. (107. gr. i.)

Birting upplýsinga um varfærniskröfur.

Fjármálaeftirlitið skal reglubundið birta á vef sínum:

1. Lög, stjórnvaldsfyrirmæli og leiðbeiningar sem varða varfærniskröfur.
2. Upplýsingar um hvernig valkostir og svigrúm í varfærnisreglum Evrópska efnahagssvæðisins er nýtt.
3. Almenn viðmið og aðferðafræði sem það styðst við vegna könnunar- og matsferlis, þ.m.t. viðmið um hvernig gætt sé meðalhófs.
4. Tölfræði um framkvæmd varfærnisreglna, þar á meðal um fjölda og tegund stjórnsýsluviðurlaga og annarra eftirlitsúrreða vegna brota.

Fjármálaeftirlitið skal í tengslum við 5. hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 birta á vef sínum:

1. Almenn viðmið og aðferðafræði sem það styðst við til að hafa eftirlit með því að farið sé að 405.–409. gr. reglugerðarinnar.
2. Árlega samantekt á eftirliti og ráðstöfunum vegna brota gegn 405.–409. gr. reglugerðarinnar.

Ef Fjármálaeftirlitið veitir móðurfélagi undanþágu skv. 3. mgr. 7. gr. eða 1. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 skal það birta á vef sínum:

1. Viðmiðanir sem það styðst við til að ákvarða að ekki séu fyrir hendi eða fyrirséðar neinar verulegar hömlur, lagalegar eða aðrar, á skjótri yfirfærslu eiginfjárgrunns eða endurgreiðslu skulda.
2. Fjölda móðurfélaga sem njóta undanþágu og fjölda þeirra sem eiga dótturfélög í ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins.
3. Samantekt um:
 - a. heildarfjárhæð eiginfjárgrunns á samstæðugrunni hjá móðurfélagi sem nýtur undanþágu sem er á hendi dótturfélaga í ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins,
 - b. hlutfall heildareiginfjárgrunns á samstæðugrunni hjá móðurfélagi sem nýtur undanþágu sem er á hendi dótturfélaga í ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins,
 - c. hlutfall heildareiginfjárgrunns sem er krafist skv. 92. gr. reglugerðarinnar á samstæðugrunni hjá móðurfélagi sem nýtur undanþágu sem er á hendi dótturfélaga í ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins.

j. (107. gr. j.)

Þagnarskylda.

Fjármálaeftirlitið er bundið þagnarskyldu samkvæmt lögum um Seðlabanka Íslands við framkvæmd laga þessara. Fjármálaeftirlitið má aðeins nýta upplýsingar sem háðar eru þagnarskyldu og aflað er við framkvæmd laga þessara til að fullnægja eftirlitsskyldum sínum, þar á meðal við ákvörðun viðurlaga, og í dómsmálum varðandi athafnir eftirlitsins.

114. gr.

108. gr. laganna orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Rökstuðningur.

Fjármálaeftirlitið skal rökstyðja skriflega ákvarðanir um beitingu eftirlitsheimilda eða viðurlaga samkvæmt lögum þessum.

115. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 109. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Ákvæði VII., IX. og IX. kafla A skulu gilda um samstæðu þar sem móðurfélagið er fjármálafyrirtæki, blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi eða eignarhaldsfélag á fjármálasviði. Móðurfélagið ber ábyrgð á framkvæmd þessa ákvæðis innan samstæðunnar. Ákvæði 52. gr. og 52. gr. a um hæfisskilyrði stjórnar og framkvæmdastjóra og önnur störf stjórnarmanna og ákvæði C-hluta VII. kafla um starfskjör gilda einnig um eignarhaldsfélög á fjármálasviði.

b. 2. og 3. mgr. falla brott.

c. Tilvísunin „og 2.“ í 7. mgr. fellur brott.

d. Í stað 8. og 9. mgr. koma þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Fjármálaeftirlitið getur undanþegið fjármálafyrirtæki skyldu til að fara eftir kröfum samkvæmt lögum þessum á einingargrunni hafi það veitt undanþágu skv. 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

Ákvæði VII. og IX. kafla gilda ekki á samstæðugrunni um dótturfélag sem fellur ekki undir gildissvið laga þessara og er með staðfestu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins ef móðurstofnun þess á Evrópska efnahagssvæðinu getur sýnt Fjármálaeftirlitinu fram á að það væri andstætt lögum þess ríkis.

Ákvæði C-hluta VII. kafla gilda ekki á samstæðugrunni um dótturfélög á Evrópska efnahagssvæðinu sem falla undir aðra sértæka löggjöf um starfskjör eða dótturfélög utan Evrópska efnahagssvæðisins sem myndu gera það ef þau væru með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu. Undanþága 1. másl. á þó ekki við um starfsmenn dótturfélags sem fellur ekki undir gildissvið laga þessara og er eignastýringarfélag eða veitir þjónustu skv. b-, c-, d-, f- eða g-lið 15. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga um markaði fyrir fjármálagerninga, nr. 115/2021, ef þeir gegna starfsskyldum sem hafa marktæk áhrif á áhættusnið eða starfsemi fjármálafyrirtækja sem tilheyra samstæðunni.

e. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Varfærniskröfur á samstæðugrunni.*

116. gr.

Á eftir 109. gr. laganna koma 14 nýjar greinar, 109. gr. a – 109. gr. n, sem orðast svo, ásamt fyrirsögnum, og breytist númer annarra greina samkvæmt því:

a. (109. gr. a.)

Lagaskil.

Þegar kröfur á grundvelli laga þessara og laga um viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum um starfsemi blandaðs eignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi eru sambærilegar er Fjármálaeftirlitinu, sé það eftirlitsaðili á samstæðugrunni, heimilt að höfðu samráði við lögbær yfirvöld, sbr. C-hluta þessa kafla, að ákveða að um eftirlit með félaginu fari í einstökum atriðum, eða að öllu leyti, eftir lögum um viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum.

Þegar kröfur á grundvelli laga þessara og laga um váttryggingastarfsemi um starfsemi blandaðs eignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi eru sambærilegar er Fjármálaeftirlitinu, sé það eftirlitsaðili á samstæðugrunni, heimilt, að höfðu samráði við samstæðueftirlitsaðila á váttryggingamarkaði ef hann er annar en Fjármálaeftirlitið, að ákveða að um eftirlit með félaginu fari í einstökum atriðum, eða að öllu leyti, eftir lögum þessum eða lögum um váttryggingastarfsemi eftir því hvort starfsemi á fjármála- eða váttryggingasviði telst mikilvægari í skilningi 4. gr. laga um viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum, nr. 61/2017.

Fjármálaeftirlitið skal tilkynna Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni og Evrópsku váttrygginga- og lifeyrissjóðaeftirlitsstofnuninni um ákvarðanir skv. 1. og 2. mgr.

b. (109. gr. b.)

Eftirlitsaðili á samstæðugrunni.

Fjármálaeftirlitið fer með eftirlit á samstæðugrunni með samstæðu sem lánastofnun tilheyrir ef móðurfélag hennar er:

- a. móðurlánastofnun í aðildarríki eða móðurlánastofnun á Evrópska efnahagssvæðinu sem Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með á einingargrunni eða
- b. móðurverðbréfafyrirtæki í aðildarríki, móðurverðbréfafyrirtæki á Evrópska efnahagssvæðinu, móðureignarhaldsfélag á fjármálasviði í aðildarríki, blandað móðureignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi í aðildarríki, móðureignarhaldsfélag á fjármálasviði á Evrópska efnahagssvæðinu eða blandað móðureignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi á Evrópska efnahagssvæðinu hafi Fjármálaeftirlitið eftirlit á einingargrunni með einni eða fleiri lánastofnunum sem eru dótturfélög þess og samtala niðurstöðutalna efnahagsreikninga þeirra er hærri en lánastofnana sem eru dótturfélög þess sem annað yfirvald hefur eftirlit með á einingargrunni.

Fjármálaeftirlitið fer með eftirlit á samstæðugrunni með samstæðu sem engin lánastofnun tilheyrir ef móðurfélag hennar er:

- a. móðurverðbréfafyrirtæki í aðildarríki eða móðurverðbréfafyrirtæki á Evrópska efnahagssvæðinu sem Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með á einingargrunni eða
- b. móðureignarhaldsfélag á fjármálasviði í aðildarríki, blandað móðureignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi í aðildarríki, móðureignarhaldsfélag á fjármálasviði á Evrópska efnahagssvæðinu eða blandað móðureignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi á Evrópska efnahagssvæðinu hafi Fjármálaeftirlitið eftirlit á einingargrunni með einu eða fleiri verðbréfafyrirtækjum sem eru dótturfélög þess og samtala niðurstöðutalna efnahagsreikninga þeirra er hærri en verðbréfafyrirtækja sem eru dótturfélög þess sem annað yfirvald hefur eftirlit með á einingargrunni.

B-liður 1. mgr. og b-liður 2. mgr. gilda einnig þegar kröfur gilda á samstæðugrunni skv. 3. eða 6. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

Fjármálaeftirlitið getur, með samkomulagi við viðkomandi lögbær yfirvöld, ákveðið að annað lögbært yfirvald fari með eftirlit á samstæðugrunni með samstæðu en leiðir af 1. og 2. mgr. ef það endurspeglar betur hlutfallslegt mikilvægi starfsemi fjármálafyrirtækja innan samstæðunnar í viðkomandi aðildarríkjum eða tryggir betur samfellu í eftirliti. Viðkomandi móðurstofnun á Evrópska efnahagssvæðinu, móðureignarhaldsfélagi á fjármálasviði á Evrópska efnahagssvæðinu, blönduðu móðureignarhaldsfélagi í fjármálastarfsemi í Evrópu-sambandinu eða fjármálafyrirtæki með hæstu niðurstöðutölu efnahagsreiknings skal áður veittur andmælaréttur. Fjármálaeftirlitið skal án tafar tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA og Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni um slíka ákvörðun.

c. (109. gr. c.)

Samhæfing eftirlits með samstæðu.

Fari Fjármálaeftirlitið með eftirlit á samstæðugrunni skal það:

1. Samhæfa öflun og miðlun upplýsinga, bæði við áframhaldandi rekstrarhæfi og neyðaraðstæður.
2. Skipuleggja og samhæfa, í samráði við viðkomandi lögbær yfirvöld, eftirlit við áframhaldandi rekstrarhæfi, þ.m.t. eftirlit samkvæmt þessum kafla.
3. Undirbúa, skipuleggja og samhæfa, í samráði við viðkomandi lögbær yfirvöld og seðlabanka ef þörf krefur, eftirlit við neyðaraðstæður, þ.m.t. vegna óhagstæðrar þróunar hjá viðkomandi fjármálafyrirtækjum eða fjármálamörkuðum almennt, í gegnum samskiptaleiðir vegna neyðarástands sem þegar eru fyrir hendi ef unnt er.

Fari Fjármálaeftirlitið með eftirlit á samstæðugrunni og getur ekki fullnægt skyldum sínum skv. 1. mgr. vegna ósamvinnuþýðni annars yfirvalds getur það leitað aðstoðar Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar eða Eftirlitsstofnunar EFTA, eftir því sem við á, til samræmis við 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, sbr. lög um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði. Sama gildir ef annað lögbært yfirvald fer með eftirlit á samstæðugrunni og Fjármálaeftirlitið telur það ekki sinna verkefnum sínum skv. 1. mgr.

d. (109. gr. d.)

Sameiginlegar ákvarðanir.

Fari Fjármálaeftirlitið með eftirlit á samstæðugrunni með samstæðu þar sem móðurfélagið er móðurstofnun á Evrópska efnahagssvæðinu, móðureignarhaldsfélag á fjármálasviði á Evrópska efnahagssvæðinu eða blandað móðureignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi og annað lögbært yfirvald með eftirlit á einingargrunni með fjármálafyrirtæki sem er dótturfélag í samstæðunni, eða fari Fjármálaeftirlitið með eftirliti á einingargrunni og annað lögbært yfirvald með eftirliti á samstæðugrunni, skal Fjármálaeftirlitið gera allt sem í valdi þess stendur til að ná fram sameiginlegri ákvörðun með viðkomandi lögbæru yfirvaldi, innan fjögurra mánaða frá því að eftirlitsaðilinn á samstæðugrunni leggur fram greiningu á áhættu samstæðunnar, um:

1. Fyrirmæli um að samstæðan eða fjármálafyrirtæki sem tilheyrir henni skuli hafa hærri eiginfjárgrunn, sbr. 1. tölul. 3. mgr. 107. gr. a.
2. Ráðstafanir vegna lausafjárstyringar, þ.m.t. sérstakar kröfur um laust fé, sbr. 10. tölul. 3. mgr. 107. gr. a.
3. Tilkynningu um eiginfjárálág skv. 107. gr. b.

Fari Fjármálaeftirlitið með eftirlit á samstæðugrunni er því skylt að hafa samráð við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina áður en það tekur ákvörðun samkvæmt þessari grein fari annað lögbært yfirvald sem fer með eftirlit á einingargrunni með fjármálafyrirtæki í samstæðunni fram á það innan frests skv. 1. mgr. Ef annað lögbært yfirvald er eftirlitsaðili á samstæðugrunni getur Fjármálaeftirlitið innan frests skv. 1. mgr. farið fram á að það leiti samráðs við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina.

Náist ekki sameiginleg ákvörðun innan frests skv. 1. mgr. getur Fjármálaeftirlitið tekið einhliða ákvörðun um kröfur á samstæðu- eða einingargrunni, eftir því sem við á, en skal þó ávallt taka tillit til mats annarra lögbærra yfirvalda á áhættu samstæðunnar og dótturfélaga hennar og annarra viðhorfa og fyrirvara sem þau hafa lýst innan frests skv. 1. mgr. Hafi Fjármálaeftirlitið eða annað lögbært yfirvald vísað málinu til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar eða Eftirlitsstofnunar EFTA í samræmi við 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, sbr. lög um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði, innan frests skv. 1. mgr. skal Fjármálaeftirlitið fresta ákvörðun sinni og bíða ákvörðunar sem Eftirlitsstofnun EFTA kann að taka. Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins skal vera í samræmi við niðurstöðu Eftirlitsstofnunar EFTA. Fjármálaeftirlitið skal ekki vísa málinu til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar eða Eftirlitsstofnunar EFTA ef frestur skv. 1. mgr. er liðinn eða sameiginleg ákvörðun liggur fyrir.

Ákvarðanir samkvæmt þessari grein skulu vera skriflegar og rökstuddar, meðal annars með tilliti til áhættumats, viðhorfa og fyrirvara sem önnur viðkomandi lögbær yfirvöld hafa lýst innan frests skv. 1. mgr. Hafi verið haft samráð við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina skal greina frá því hvernig tekið hafi verið tillit til ráðlegginga hennar og öll markverð frávík frá þeim útskýrd. Fari Fjármálaeftirlitið með eftirlit á samstæðugrunni skal það senda ákvarðanirnar til viðkomandi lögbærra yfirvalda og móðurstofnunar á Evrópska efnahagssvæðinu.

Fjármálaeftirlitið skal viðurkenna ákvarðanir annarra lögbærra yfirvalda samkvæmt þessari grein að því er varðar samstæðu eða fjármálafyrirtæki sem þau hafa eftirlit með.

Ákvarðanir samkvæmt þessari grein skulu uppfærðar árlega. Þær skulu einnig uppfærðar sendi lögbært yfirvald dótturfélags móðurstofnunar á Evrópska efnahagssvæðinu, móðureignarhaldsfélags á fjármálasviði á Evrópska efnahagssvæðinu eða blandaðs móðureignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi á Evrópska efnahagssvæðinu skriflega og rökstudda ósk þess efnis til eftirlitsaðilans á samstæðugrunni og er þá unnt að gera það í tvíhliða samstarfi þeirra yfirvalda.

e. (109. gr. e.)

Upplýsingagjöf um samstæðu.

Fari Fjármálaeftirlitið með eftirlit á samstæðugrunni skal það veita öðrum hlutaðeigandi lögbærum yfirvöldum og Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni upplýsingar um nán tengsl samstæðu skv. 3. mgr. 7. gr., stjórnarhætti skv. 1. mgr. 50. gr. og kröfur á samstæðugrunni skv. 1. másl. 1. mgr. 109. gr., einkum um lagalega og skipulagslega uppbyggingu samstæðunnar og stjórnarhætti hennar.

f. (109. gr. f.)

Upplýsingagjöf við neyðaraðstæður.

Fari Fjármálaeftirlitið með eftirlit á samstæðugrunni skal það gera öðrum lögbærum yfirvöldum sem hafa eftirlit með samstæðu eða einingum innan hennar, Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni, Evrópska kerfisáhætturáðinu, Eftirlitsstofnun EFTA og viðkomandi seðlabönkum og ríkiseiningum sem bera ábyrgð á löggjöf um fjármálafyrirtæki, fjármálastofnanir og váttryggingafélög í aðildarríkjum og skoðunarmönnum sem starfa fyrir þeirra hönd viðvart

eins fljótt og við verður komið um neyðarástand, þ.m.t. aðstæður skv. 18. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, sbr. lög um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði, eða óhagstæða þróun á mörkuðum sem getur teft í tvísýnu lausafjárstöðu og stöðugleika fjármálakerfisins í aðildarríki þar sem einingar innan samstæðu hafa fengið starfsleyfi eða starfrækja mikilvæg útibú og veita allar upplýsingar sem þessir aðilar þurfa til að leysa verk sín af hendi, í gegnum samskiptaleiðir sem þegar eru fyrir hendi ef unnt er. Sama gildir, eftir því sem við á, starfræki íslenskt fjármálafyrirtæki mikilvægt útibú í öðru aðildarríki.

g. (109. gr. g.)

Upplýsingaöflun frá öðrum yfirvöldum.

Fari Fjármálaeftirlitið með eftirlit á einingargrunni með fjármálafyrirtæki sem er dótturfélag móðurstofnunar á Evrópska efnahagssvæðinu skal það, þegar það þarfnast upplýsinga um aðferðir og aðferðafræði samkvæmt lögum þessum sem ætla má að hafi þegar verið veittar lögbæru yfirvaldi sem hefur eftirlit á samstæðugrunni með samstæðunni, leitast við að afla upplýsinganna frá því yfirvaldi.

Fari Fjármálaeftirlitið með eftirlit á samstæðugrunni skal það, þegar það þarfnast upplýsinga sem ætla má að hafi þegar verið veittar öðru lögbæru yfirvaldi sem hefur eftirlit á einingargrunni með einingu innan samstæðu, leitast við að afla upplýsinganna frá því yfirvaldi.

h. (109. gr. h.)

Upplýsingaöflun frá móðurfélagi.

Fjármálaeftirlitið skal, að ósk lögbærs yfirvalds erlends fjármálafyrirtækis sem fer með eftirlit á samstæðugrunni, afla upplýsinga frá innlendu móðurfélagi samstæðunnar sem erlenda lögbæra yfirvaldið þarf til að sinna samstæðueftirlitinu. Fari Fjármálaeftirlitið með eftirlit á samstæðugrunni getur það farið fram á að lögbært yfirvald erlends móðurfélags samstæðunnar afli upplýsinga frá móðurfélaginu sem Fjármálaeftirlitið þarf til að sinna samstæðueftirlitinu.

Fjármálaeftirlitið getur farið fram á að erlent móðurfélag innlends fjármálafyrirtækis sem fellur ekki undir eftirlit á samstæðugrunni skv. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 veiti því upplýsingar sem kunna að auðvelda eftirlit þess með fjármálafyrirtækinu. Innlent móðurfélag fjármálafyrirtækis í öðru aðildarríki sem fellur ekki undir eftirlit á samstæðugrunni skv. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 skal verða við ósk lögbærs yfirvalds fjármálafyrirtækisins um upplýsingar sem kunna að auðvelda eftirlit þess með fjármálafyrirtækinu.

i. (109. gr. i.)

Upplýsingaöflun frá dótturfélagi.

Fari Fjármálaeftirlitið með eftirlit á samstæðugrunni með fjármálafyrirtæki, eignarhaldsfélagi á fjármálasviði eða blönduðu eignarhaldsfélagi í fjármálastarfsemi getur Fjármálaeftirlitið krafist dótturfélag þess um upplýsingar sem það þarf vegna eftirlitsins þótt dótturfélagið heyrir ekki undir samstæðueftirlitið.

j. (109. gr. j.)

Samstarfshópur eftirlitsaðila.

Fari Fjármálaeftirlitið með eftirlit á samstæðugrunni skal það koma á fót samstarfshópi lögbærra yfirvalda sem hafa eftirlit með einingum innan samstæðunnar til að greiða fyrir samvinnu yfirvaldanna og samstarfi við yfirvöld í ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins. Fjár-

málaeftirlitið skal bjóða lögbærum yfirvöldum sem bera ábyrgð á eftirliti með eignarhaldsfélagi á fjármálasviði, blönduðu eignarhaldsfélagi í fjármálastarfsemi, dótturfélögum móðurstofnunar á Evrópska efnahagssvæðinu, móðureignarhaldsfélagi á fjármálasviði á Evrópska efnahagssvæðinu eða blönduðu móðureignarhaldsfélagi í fjármálastarfsemi á Evrópska efnahagssvæðinu, lögbærum yfirvöldum í aðildarríkjum þar sem samstæða starfrækir mikilvæg útibú, seðlabönkum þar sem við á og eftirlitsaðilum í ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins sem eru, að mati allra viðkomandi lögbærra yfirvalda, háðir fullnægjandi þagnarskyldu sæti í samstarfshópi. Fjármálaeftirlitið skal í samráði við önnur lögbær yfirvöld í starfshópnum setja skrifleg viðmið um vinnutilhögun hans.

Samstarfshópur eftirlitsaðila skal vera vettvangur fyrir:

1. Skipti viðkomandi yfirvalda á upplýsingum innbyrðis og við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina til samræmis við 21. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, sbr. lög um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði.
2. Skiptingu verka milli viðkomandi yfirvalda.
3. Gerð eftirlitsáætlunar, sbr. 82. gr.
4. Samhæfingu eftirlits eininga innan samstæðu, meðal annars til að tryggja samræmda beitingu varfæriskrafna og til að forðast óþarfa tvítekningu eftirlitskrafna, þ.m.t. um upplýsingagjöf, og við neyðaraðstæður.

Fari Fjármálaeftirlitið með eftirlit á samstæðugrunni stýrir það fundum samstarfshóps og boðar til hans þau yfirvöld sem hann varðar. Það skal tilkynna öllum meðlimum samstarfshóps fyrir fram um fundi með dagskrá. Það skal svo fljótt sem auðið er upplýsa þá um ákvarðanir sem teknar eru á fundum og til hvaða aðgerða er gripið.

Fari Fjármálaeftirlitið með eftirlit á samstæðugrunni skal það upplýsa Evrópsku banka- eftirlitsstofnunina um starf samstarfshóps eftirlitsaðila.

Fjármálaeftirlitið getur leitað aðstoðar Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar eða Eftirlitsstofnunar EFTA, eftir því sem við á, vegna ágreinings við annað lögbært yfirvald um starf samstarfshóps eftirlitsaðila til samræmis við 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, sbr. lög um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði.

k. (109. gr. k.)

Þriðjaríkissamstæða.

Fjármálaeftirlitið skal, ef við á, meta hvort fjármálafyrirtæki sem er dótturfélag fjármálafyrirtækis, eignarhaldsfélags á fjármálasviði eða blandaðs eignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins og heyrir ekki undir samstæðueftirlit lögbærs yfirvalds á Evrópska efnahagssvæðinu heyrir undir samstæðueftirlit eftirlitsaðila í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins sem er jafngilt samstæðueftirliti samkvæmt lögum þessum. Slíkt mat skal fara fram að beiðni móðurfélagsins, einhvers af eftirlitsskyldu aðilunum sem fengið hafa starfsleyfi innan Evrópska efnahagssvæðisins eða að frumkvæði Fjármálaeftirlitsins. Við matið skal Fjármálaeftirlitið taka mið af leiðbeiningum frá evrópsku bankanefndinni og hafa samráð við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina.

Telji Fjármálaeftirlitið að jafngilt samstæðueftirlit eftirlitsaðila í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins sé ekki fyrir hendi skal það, í samráði við önnur viðkomandi lögbær yfirvöld, haga eftirliti með fjármálafyrirtækinu þannig að markmiðum eftirlits á samstæðugrunni sé náð. Fjármálaeftirlitið getur í því skyni krafist þess að komið verði á fót eignarhaldsfélagi á fjármálasviði eða blönduðu eignarhaldsfélagi í fjármálastarfsemi á Evrópska efnahagssvæðinu sem falli undir samstæðueftirlit með fjármálafyrirtækinu. Fjármálaeftirlitið skal tilkynna

öðrum viðkomandi lögbærum yfirvöldum, Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni og Eftirlitsstofnun EFTA um ráðstafanir skv. 4. og 5. máls.

Fjármálaeftirlitið skal starfa náið með lögbærum yfirvöldum í öðrum aðildarríkjum sem hafa eftirlit með fjármálafyrirtækjum eða útibúum sem tilheyra sömu þriðjaríkissamstæðu og fjármálafyrirtæki eða útibú hér á landi í því skyni að tryggja að öll starfsemi samstæðunnar á Evrópska efnahagssvæðinu sæti heildstæðu eftirliti, koma í veg fyrir að kröfur til samstæðna séu sniðgengnar og til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á fjármálastöðugleika á Evrópska efnahagssvæðinu.

l. (109. gr. l.)

Könnun og mat og beiting eftirlitsheimilda á samstæðugrunni.

Fjármálaeftirlitið skal annast könnun og mat og beita eftirlitsheimildum samkvæmt lögum þessum á samstæðugrunni ef það á við skv. II. bálki 1. hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

m. (109. gr. m.)

Upplýsingaskipti innan samstæðu.

Þrátt fyrir þagnarskyldu skv. 58. gr. mega fjármálafyrirtæki og aðrir lögaðilar sem heyra undir sama eftirlit á samstæðugrunni skiptast á upplýsingum sem þeir þurfa til að fullnægja eftirlitskröfum samkvæmt lögum þessum eða hliðstæðum kröfum í öðrum aðildarríkjum.

n. (109. gr. n.)

Listi yfir eignarhaldsfélög sem Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með.

Fjármálaeftirlitið skal senda lögbærum yfirvöldum annarra aðildarríkja, Evrópsku banka- eftirlitsstofnuninni og Eftirlitsstofnun EFTA lista yfir eignarhaldsfélög á fjármálasviði og blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi skv. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 sem það hefur eftirlit með á samstæðugrunni.

117. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 109. gr. a laganna, er verður 109. gr. o:

- a. Í stað orðanna „Móðurfélags“ og „það“ í 1. og 2. tölul. 1. mgr. kemur: Móðurstofnunar; og: hún.
- b. Í stað tilvísananna „109. gr. b“ og „109. gr. b – 109. gr. f“ í 3. mgr. kemur: 109. gr. p; og: 109. gr. p – 109. gr. t.

118. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 109. gr. b laganna, er verður 109. gr. p:

- a. Í stað tilvísunarinnar „109. gr. d“ í 2. mgr. kemur: 109. gr. r.
- b. Í stað orðsins „reglugerðarinnar“ í 1. másl. 5. mgr. kemur: reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

119. gr.

Í stað tilvísunarinnar „109. gr. b“ í 1. másl. 1. mgr. 109. gr. c laganna, er verður 109. gr. q, kemur: 109. gr. p.

120. gr.

Í stað tilvísunarinnar „109. gr. a“ tvívegis í 1. mgr. 109. gr. d laganna, er verður 109. gr. r, kemur: 109. gr. o.

121. gr.

Í stað tilvísananna „109. gr. a“ og 109. gr. d“ hvarvetna í 109. gr. e laganna, er verður 109. gr. s, kemur: 109. gr. o; og: 109. gr. r.

122. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 109. gr. f laganna, er verður 109. gr. t:

- a. Í stað tilvísunarinnar „109. gr. a“ í 1. másl. kemur: 109. gr. o.
- b. Í stað tilvísunarinnar „skv. 117. gr. a“ í 3. másl. kemur: (ESB) nr. 575/2013.

123. gr.

Á eftir 109. gr. f laganna, er verður 109. gr. t, koma tveir nýir hlutar, *C. Samstarf við erlend yfirvöld*, með tíu nýjum greinum, 109. gr. u – 109. gr. dd, og *D. Eftirlit með notkun innri aðferða*, með fjórum nýjum greinum, 109. gr. ee – 109. gr. hh, sem orðast svo, ásamt fyrir-sögnum:

a. (109. gr. u.)

Samstarf innan evrópska eftirlitskerfisins á fjármálamarkaði.

Fjármálaeftirlitið skal við framkvæmd laga þessara og stjórnvaldsfyrirmæla sem sett eru á grundvelli þeirra taka tillit til samleitni á Evrópska efnahagssvæðinu að því er varðar eftirlits-tæki og eftirlitsaðferðir við beitingu laga og stjórnsýslufyrirmæla sem samþykkt eru samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB og reglugerð (ESB) nr. 575/2013. Í því skyni skal Fjármálaeftirlitið:

1. Vinna náið með lögbærum yfirvöldum annarra aðildarríkja og Eftirlitsstofnun EFTA af heilindum og á grundvelli trausts og fullrar gagnkvæmrar virðingar, einkum til þess að tryggja viðeigandi og áreiðanlegt upplýsingaflæði milli þeirra.
2. Vinna með og taka þátt í starfsemi Evrópsku bankaftirlitsstofnunarinnar og eftir atvikum samstarfshópum eftirlitsaðila.
3. Kappkosta að fara eftir viðmiðunarreglum, tilmælum og viðvörðunum sem Evrópska bankaftirlitsstofnunin eða Evrópska kerfisáættaráðið gefur út skv. 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010 eða 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1092/2010, sbr. lög um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði.
4. Hafa náið samstarf við Evrópska kerfisáættaráðið.

b. (109. gr. v.)

Samstarf við önnur lögbær yfirvöld.

Hafi íslenskt fjármálafyrirtæki með höndum starfsemi í öðru aðildarríki eða fjármálafyrirtæki frá öðru aðildarríki starfsemi á Íslandi, einkum ef það starfrækir útibú, skal Fjármálaeftirlitið eiga náið samstarf við lögbært yfirvald í viðkomandi aðildarríki um eftirlit með fyrirtækinu. Fjármálaeftirlitið skal láta því í té allar upplýsingar um stjórnun og eignarhald fyrirtækisins sem eru líklegar til að koma að gagni við eftirlitið og athugun á skilyrðum fyrir starfsleyfi, einkum varðandi lausafjárstöðu, gjaldfærni, innstæðutryggingar, takmarkanir á stórum áhættuskuldbindingum, aðra þætti sem geta haft áhrif á kerfisáhættu sem af fyrirtækinu stafar, stjórnunarkerfi, reikningsskil og innri eftirlitskerfi.

Hafi íslenskt fjármálafyrirtæki með höndum starfsemi í öðru aðildarríki skal Fjármálaeftirlitið tafarlaust upplýsa lögbært yfirvald í aðildarríkinu ef upp kemur lausafjárbandi hjá fyrirtækinu eða fyrirséð er að svo verði og láta yfirvaldinu í té upplýsingar um undirbúning og

framkvæmd endurbótaáætlunar og eftirlitsráðstafanir sem gripið er til í því samhengi. Starf-ræki íslenska fjármála-fyrirtækið útibúi í ríkinu skal Fjármálaeftirlitið einnig tafarlaust veita lögbæra yfirvaldinu allar upplýsingar og niðurstöður varðandi lausafjareftirlit með útibúinu sem skipta máli fyrir vernd innstæðueigenda eða fjárfesta í því ríki.

Telji Fjármálaeftirlitið að lögbært yfirvald í öðru aðildarríki þar sem íslenskt fjármála-fyrirtæki hefur með höndum starfsemi hafi ekki gert viðeigandi ráðstafanir til að taka mið af upplýsingum frá Fjármálaeftirlitinu getur Fjármálaeftirlitið, að undangenginni tilkynningu þar um til yfirvaldsins og Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar, eða Eftirlitsstofnunar EFTA ef við á, gert viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir brot til að vernda innstæðueigendur, fjárfesta og aðra sem nýta þjónustu eða til að standa vörð um stöðugleika fjármálakerfisins.

Ef Fjármálaeftirlitið er ósammála ráðstöfunum sem lögbært yfirvald í öðru aðildarríki grípur til vegna starfsemi íslensks fjármála-fyrirtækis þar getur Fjármálaeftirlitið leitað aðstoðar Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar eða Eftirlitsstofnunar EFTA, eftir því sem við á, til samræmis við 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, sbr. lög um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði.

Fjármálaeftirlitið getur leitað aðstoðar Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar eða Eftirlitsstofnunar EFTA, eftir því sem við á, til samræmis við 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, sbr. lög um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði, hafi ósk þess um samstarf, einkum um upplýsingaskipti, við lögbært yfirvald í öðru aðildarríki verið hafnað eða ekki brugðist við henni innan hæfilegs frests.

c. (109. gr. w.)

Samráð við önnur lögbær yfirvöld.

Fjármálaeftirlitið skal hafa samráð við önnur lögbær yfirvöld áður en það tekur ákvörðun um atriði sem hafa verulega þýðingu fyrir eftirlitshlutverk þeirra og varða:

- a. breytingar á eignarhaldi, skipulagi eða stjórnarháttum lánastofnana í samstæðu sem þarfnast samþykkis eða leyfis Fjármálaeftirlitsins eða
- b. umtalsverð viðurlög eða sérstakar ráðstafanir Fjármálaeftirlitsins, þ.m.t. krafa um hærri eiginfjárgrunn skv. 1. tölul. 3. mgr. 107. gr. a og takmörkun á notkun þróuðu mæli-aðferðarinnar við útreikninga á kröfum vegna eiginfjárgrunns skv. 2. mgr. 312. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

Fjármálaeftirlitið skal ávallt hafa samráð við eftirlitsaðila á samstæðugrunni um viðurlög og ráðstafanir skv. b-lið 1. mgr.

Fjármálaeftirlitið getur ákveðið að hafa ekki samráð við önnur lögbær yfirvöld í brýnum málum eða þegar slíkt samráð getur teflt virkni ákvarðana í tvísýnu. Fjármálaeftirlitið skal þá strax að lokinni ákvörðun sinni tilkynna öðrum lögbærum yfirvöldum um hana.

d. (109. gr. x.)

Upplýsingagjöf til annarra lögbærra yfirvalda.

Fjármálaeftirlitið skal að ósk annarra lögbærra yfirvalda veita þeim upplýsingar sem skipta máli fyrir framkvæmd starfa þeirra samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB eða reglugerð (ESB) nr. 575/2013 og veita þeim að eigin frumkvæði nauðsynlegar upplýsingar. Upplýsingar um eftirfarandi teljast nauðsynlegar:

1. Atriði sem geta haft veigamikil áhrif á mat á fjárhagslegu heilbrigði fjármála-fyrirtækis eða fjármálastofnunar í viðkomandi aðildarríki.
2. Rekstrarform og stjórnunarkerfi samstæðu og eininga sem tilheyra henni, þar á meðal mikilvægra útibúa, og lögbær yfirvöld þeirra.

3. Aðferðir við öflun upplýsinga frá fjármálafyrirtækjum í samstæðu og sannprófun á þeim upplýsingum.
4. Óhagstæða þróun hjá fjármálafyrirtækjum eða öðrum einingum í samstæðu sem gæti haft alvarleg áhrif á fjármálafyrirtækin.
5. Umtalsverð viðurlög og sérstakar ráðstafanir sem Fjármálaeftirlitið grípur til samkvæmt lögum þessum, þ.m.t. krafa um hærri eiginfjárgrunn skv. 1. tölul. 3. mgr. 107. gr. a og takmörkun á notkun þróðu mæliaðferðarinnar skv. 2. mgr. 312. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

Fari Fjármálaeftirlitið með eftirlit á samstæðugrunni með móðurstofnun á Evrópska efnahagssvæðinu og fjármálafyrirtækjum sem móðureignarhaldsfélög á fjármálasviði á Evrópska efnahagssvæðinu eða blönduð móðureignarhaldsfélög á fjármálasviði á Evrópska efnahagssvæðinu ráða yfir skal það veita öðrum lögbærum yfirvöldum sem hafa eftirlit með dótturfélögum þessara móðurfélaga í té allar viðeigandi upplýsingar. Við ákvörðun á umfangi viðeigandi upplýsinga skal Fjármálaeftirlitið taka tillit til mikilvægis þessara dótturfélaga í fjármálakerfum viðkomandi aðildarríkja.

Fjármálaeftirlitið skal tilkynna viðeigandi erlendum yfirvöldum um greiðslustöðvun, nauðasamninga og gjaldþrot innlendra lánastofnana sem reka útibú í öðrum ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu.

Fjármálaeftirlitið getur leitað aðstoðar Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar eða Eftirlitsstofnunar EFTA, eftir því sem við á, til samræmis við 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, sbr. lög um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði, veiti annað lögbært yfirvald því ekki nauðsynlegar upplýsingar eða hafni eða verði ekki innan hæfilegs tíma við ósk þess um samstarf, einkum varðandi upplýsingaskipti.

e. (109. gr. y.)

Staðreynsla upplýsinga.

Fjármálaeftirlitið skal að ósk annars lögbærs yfirvalds staðreyna upplýsingar frá innlendu fjármálafyrirtæki, eignarhaldsfélagi á fjármálasviði, blönduðu eignarhaldsfélagi í fjármálastarfsemi, fjármálastofnun, félagi í hliðarstarfsemi, blönduðu eignarhaldsfélagi eða dótturfélagi skv. 109. gr. i eða 109. gr. bb, enda hafi Fjármálaeftirlitið heimild til þess. Fjármálaeftirlitið getur leyft viðkomandi yfirvaldi að staðreyna upplýsingarnar sjálfst eða falið endurskoðanda eða öðrum sérfræðingi að gera það. Fjármálaeftirlitið getur farið fram á hið sama við annað lögbært yfirvald vegna erlends aðila skv. 1. máls. eftir því sem við á.

f. (109. gr. z.)

Athuganir.

Fjármálaeftirlitið getur framkvæmt athugun í útibúu fjármálafyrirtækis með staðfestu í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins og kafið það um upplýsingar, að höfðu samráði við lögbært yfirvald í viðkomandi aðildarríki, ef það getur haft þýðingu fyrir fjármálastöðugleika hér á landi. Fjármálaeftirlitið skal upplýsa yfirvaldið um niðurstöður sem geta haft þýðingu fyrir mat á áhættu fyrirtækisins eða fjármálastöðugleika hér á landi.

Lögbærum yfirvöldum í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins er heimilt að framkvæma athugun í útibúum þarlandra fyrirtækja hér á landi að undangenginni tilkynningu þess efnis til Fjármálaeftirlitsins.

Gerist fjármálafyrirtæki, sem hlotið hefur starfsleyfi hér á landi og stundar starfsemi í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, brotlegt við lög þess ríkis, og lögbær yfirvöld þess

ríkis grípa til ráðstafana sambærilegra þeim sem greinir í 34. gr., skal Fjármálaeftirlitið aðstoða þarlend lögbær yfirvöld við samskipti þeirra við stjórnendur hlutaðeigandi fjármálafyrirtækis.

Ákvæði þessarar greinar gilda um lögbær svissnesk og færeysk yfirvöld eftir því sem við á, enda liggja fyrir samstarfssamningur á milli þeirra og Seðlabanka Íslands.

g. (109. gr. aa.)

Upplýsingagjöf til eftirlitsaðila og annarra aðila.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að veita eftirtöldum aðilum, hér á landi eða í öðrum ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu, upplýsingar sem þeir þurfa til að gegna störfum sínum þótt þær séu háðar þagnarskyldu ef um þær gildir hliðstæð þagnarskylda hjá viðkomandi aðila:

1. Stofnunum Friverslunarsamtaka Evrópu og hinum evrópsku eftirlitsstofnunum á fjármálamarkaði, sbr. lög um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði.
2. Stjórnvöldum sem hafa eftirlit með fjármálafyrirtækjum eða öðrum aðilum á fjármálamarkaði eða eftirlit með fjármálamörkuðum, þar á meðal greiðslukerfum.
3. Stjórnvöldum eða öðrum aðilum sem bera ábyrgð á að viðhalda stöðugleika fjármálakerfisins í aðildarríkjum með því að beita þjóðhagsvarúðarreglum.
4. Stjórnvöldum eða öðrum aðilum sem fara með endurskipulagningarráðstafanir sem miða að því að vernda stöðugleika fjármálakerfisins.
5. Stofnanaverndarkerfum skv. 7. mgr. 113. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og stjórnvöldum sem bera ábyrgð á eftirliti með þeim.
6. Aðilum sem fjalla um slit eða gjaldþrot fjármálafyrirtækja eða hliðstæða meðferð og stjórnvöldum sem bera ábyrgð á eftirliti með þeim aðilum.
7. Aðilum sem annast lögboðna endurskoðun á reikningum fjármálafyrirtækja, váttryggingafélaga og fjármálastofnana og stjórnvöldum sem bera ábyrgð á eftirliti með þeim aðilum.
8. Stjórnvöldum sem hafa eftirlit með aðgerðum gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og skrifstofum fjármálagreininga lögreglu.
9. Stjórnvöldum eða öðrum aðilum sem bera ábyrgð á beitingu reglna um skipulagslegan aðskilnað innan bankasamstæðu.
10. Aðilum sem stjórna innstæðutryggingakerfum eða bótakerfum fyrir fjárfesta.
11. Aðilum sem hafa það hlutverk samkvæmt lögum að ljóstra upp um og rannsaka brot á félagarétti í því skyni að stuðla að stöðugu og öruggu fjármálakerfi.
12. Seðlabönkum og öðrum stofnunum sem gegna svipuðu hlutverki á sviði peningamála þegar upplýsingarnar eiga við um framkvæmd lögboðinna verkefna þeirra, þ.m.t. framkvæmd peningamálastefnu og tengdra lausafjarráðstafana, eftirlit með greiðslu-, greiðslujöfnunar- og uppgjörskerfum og að standa vörð um fjármálakerfið.
13. Greiðslujöfnunarstöðvum eða sambærilegum stofnunum sem er heimilt samkvæmt landslögum að annast greiðslujöfnunar- eða uppgjörspjónustu ef upplýsingagjöfin er nauðsynleg til að tryggja snurðulausa starfsemi þessara stofnana í tengslum við vanskil eða hugsanleg vanskil af hálfu markaðsaðila.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að veita Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og Alþjóðabankanum vegna áætlunar um mat á fjármálageiranum, Alþjóðagreiðslubankanum vegna meginaglegra áhrifamata og Alþjóðafjármálastöðugleikaráðinu vegna eftirlitshlutverks þess upplýsingar sem stofnanirnar þurfa til að gegna störfum sínum þótt þær séu háðar þagnarskyldu ef um þær gildir hliðstæð þagnarskylda hjá viðkomandi stofnun. Veita má upplýsingarnar í samandregnu eða ópersónugreinanlegu formi að fenginni skýrt afmarkaðri beiðni sem tilgreinir hvað gert

verði við upplýsingarnar og hvaða einstaklingar fái aðgang að þeim en ella má aðeins veita upplýsingarnar á starfsstöð Fjármálaeftirlitsins.

Fjármálaeftirlitið skal senda Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni heiti aðila skv. 5.–7. og 11. tölul. 1. mgr. hér á landi.

Seðlabanki Íslands má semja við eftirlitsstjórnvöld eða aðra aðila skv. 1. mgr. í ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins um skipti á upplýsingum í þágu eftirlits, en þó því aðeins að gætt sé þagnarskyldu í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

Upplýsingar sem fengnar eru frá lögbærum yfirvöldum annarra aðildarríkja sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið eða við vettvangsskoðun eða aðra athugun í öðru aðildarríki sammingsins má aðeins afhenda með skýlausu samþykki yfirvaldanna sem afhentu upplýsingarnar eða lögbærra yfirvalda ríkisins þar sem athugunin fór fram og einungis til þeirra nota sem þau hafa samþykkt.

h. (109. gr. bb.)

Samstarf við eftirlitsaðila á váttryggingamarkaði.

Fjármálaeftirlitið skal vinna náið með yfirvöldum í öðrum aðildarríkjum sem hafa eftirlit með váttryggingafélögum eða öðrum fyrirtækjum sem bjóða upp á fjárfestingarþjónustu sem er háð starfsleyfi og eru undir yferráðum innlands fjármálafyrirtækis, eignarhaldsfélags á fjármálasviði, blandaðs eignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi eða blandaðs eignarhaldsfélags, meðal annars með upplýsingaskiptum. Sama máli gegnir ef innlent váttryggingafélag eða annað fyrirtæki sem býður upp á fjárfestingarþjónustu sem er háð starfsleyfi er undir yferráðum fjármálafyrirtækis, eignarhaldsfélags á fjármálasviði, blandaðs eignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi eða blandaðs eignarhaldsfélags í öðru aðildarríki.

i. (109. gr. cc.)

Samstarf við eftirlitsstjórnvald fjármálasamsteypu.

Fjármálaeftirlitið skal, ef það fer með eftirlit á samstæðugrunni með samstæðu sem blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi stýrir en annað yfirvald telst eftirlitsstjórnvald fjármálasamsteypunnar, sbr. 25. gr. laga um viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum, nr. 61/2017, vinna náið með eftirlitsstjórnvaldinu á grundvelli skriflegs samkomulags. Sama máli gegnir ef Fjármálaeftirlitið telst eftirlitsstjórnvald fjármálasamsteypunnar en annað yfirvald fer með eftirlitið á samstæðugrunni.

j. (109. gr. dd.)

Samstarf um varnir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Fjármálaeftirlitið skal vinna náið með skrifstofum fjármálagreininga lögreglu og yfirvöldum sem hafa eftirlit með því að tilkynningarskyldir aðilar skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. tilskipunar (ESB) 2015/849, sbr. lög um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, fari að þeirri tilskipun og veita þeim upplýsingar sem skipta máli fyrir verkefni þeirra samkvæmt þeirri tilskipun, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB og reglugerð (ESB) nr. 575/2013, enda hamli það ekki yfirstandandi rannsókn eða meðferð máls.

k. (109. gr. ee.)

Heimild til að nota innri aðferðir.

Fjármálafyrirtækjum er heimilt, að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins, að beita innri aðferðum við mat á áhættuþáttum í útreikningi á áhættugrunni.

l. (109. gr. ff.)

Eftirlit með notkun innri aðferða.

Fjármálaeftirlitið skal a.m.k. árlega meta gæði innri aðferða fjármálafyrirtækja. Fjármálaeftirlitið skal einkum meta hvort þær feli í sér verulegt eða kerfisbundið vanmat á eiginfjárförf og hvort óeðlilegur munur sé á eiginfjárkröfum samkvæmt mismunandi innri aðferðum. Fjármálaeftirlitið skal krefjast úrbóta ef svo er en gæta þess þó að þær leiði ekki til stöðlunar aðferða eða hjarðhegðunar eða feli í sér slæma hvata.

Fjármálaeftirlitið skal a.m.k. þriðja hvert ár meta hvort fjármálafyrirtæki sem hefur heimild til að beita innri aðferðum við ákvörðun eiginfjárfra fullnægi þeim kröfum sem heimildinni fylgja, meðal annars með tilliti til breytinga á starfsemi fyrirtækisins og notkunar aðferðanna fyrir nýjar afurðir, og hvort tækni og framkvæmd fyrirtækisins samræmist viðurkenndri aðferðafræði.

Fullnægi fyrirtækið ekki lengur skilyrðum fyrir því að beita innri aðferðum við ákvörðun eiginfjárfra eða mæti innri aðferðir fyrirtækisins ekki með fullnægjandi hætti áhættu þess, og fyrirtækið getur ekki sýnt fram á að áhrif þess séu óveruleg, skal Fjármálaeftirlitið krefjast þess að fyrirtækið leggi fram tímasetta áætlun um úrbætur. Fjármálaeftirlitið skal krefjast breytinga á áætluninni ef það telur ólíklegt að hún leiði til þess að bætt verði með fullnægjandi hætti úr annmörkunum innan hæfilegs frests. Dugi slík áætlun ekki til skal Fjármálaeftirlitið gera viðeigandi ráðstafanir til að bæta úr annmörkunum, svo sem að krefjast hærri margföldunarstuðla eða viðbótareiginfjár, eða afturkalla heimild fyrirtækisins til að beita innri aðferðum við ákvörðun eiginfjárfra eða takmarka hana við þau svið þar sem fullnægjandi úrbótum verður komið við innan hæfilegs frests.

Ef afturvirkar prófanir á innri aðferðum skv. 366. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 leiða í ljós fjölda frávika sem gefur til kynna að markaðsáhættulíkon fyrirtækisins séu ekki nægjanlega áreiðanleg skal Fjármálaeftirlitið krefjast úrbóta þegar í stað eða afturkalla heimild fyrirtækisins til að styðjast við viðkomandi líkön.

m. (109. gr. gg.)

Hvatning til að þróa innri aðferðir.

Fjármálaeftirlitið skal hvetja fjármálafyrirtæki sem eru mikilvæg, með tilliti til stærðar, eðlis og umfangs rekstrar og þess hversu margþætt starfsemi þeirra er, til að þróa eigin hæfni, aðferðir og getu til að meta útlána- og útgefandaáhættu og auka notkun innramatsaðferða við útreikning á eiginfjárkröfum vegna útlánaáhættu ef áhættuskuldbindingar þeirra eru verulegar og þær hafa mikinn fjölda veigamikilla mótaðila.

Fjármálaeftirlitið skal hvetja fjármálafyrirtæki, að því marki sem það samræmist stærð þeirra, eðli og umfangi rekstrar og því hversu margþætt starfsemi þeirra er, til að þróa eigin hæfni, aðferðir og getu til að meta mótaðilaáhættu og auka notkun eigin líkana við útreikning á eiginfjárkröfum vegna mótaðilaáhættu vegna skuldagerninga í veltubók og vegna hættu á vanskilum og breytingum á lánsþæfismati ef áhættuskuldbindingar þeirra vegna mótaðilaáhættu eru verulegar og þau eiga mikinn fjölda verulegra staðna í skuldagerningum mismunandi útgefenda.

n. (109. gr. hh.)

Upplýsingar um notkun innri aðferða.

Fjármálafyrirtæki sem hefur leyfi til að nota innri aðferðir við útreikning á áhættuvegnum áhættuskuldbindingum eða eiginfjárkröfum skal a.m.k. árlega tilkynna Fjármálaeftirlitinu og Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni um niðurstöður útreikninga á áhættuskuldbindingum eða

stöðum í viðmiðunareignasöfnum, að undanskildum útreikningum vegna rekstraráhættu. Það skal jafnframt greina Fjármálaeftirlitinu frá þeirri aðferðafræði sem útreikningarnir studdust við.

Kjósi Fjármálaeftirlitið að þróa sérstök eignasöfn skal það gera það í samráði við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina og tryggja að fjármálafyrirtæki greini frá niðurstöðum útreikninga aðskilið frá niðurstöðum útreikninga fyrir eignasöfn Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar.

124. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 110. gr. laganna:

- a. 4. tölul. 1. mgr. fellur brott.
- b. Orðin „og hafa aðgengilegar upplýsingar um úrskurðar- og réttarúrræði“ í 8. tölul. 1. mgr. falla brott.
- c. Á eftir 8. tölul. 1. mgr. kemur nýr töluliður, svohljóðandi: 1. mgr. 19. gr. a um að hafa aðgengilegar upplýsingar um úrskurðar- og réttarúrræði.
- d. 14.–17. tölul. 1. mgr. falla brott.
- e. Á eftir tilvísuninni „32. gr.“ í 18. tölul. 1. mgr. kemur: 32. gr. a.
- f. Á eftir tilvísuninni „37. gr.“ í 19. tölul. 1. mgr. kemur: 1. og 5. mgr. 37. gr. a.
- g. Á undan tilvísuninni „40. gr.“ í 20. tölul. 1. mgr. kemur: 1. mgr.
- h. Við 22. tölul. 1. mgr. bætist: um aðilaskipti að virkum eignarhlut.
- i. 23. tölul. 1. mgr. orðast svo: 1. mgr. 48. gr. um tilkynningu lánastofnunar um aðilaskipti að virkum eignarhlut.
- j. Á eftir 23. tölul. 1. mgr. kemur nýr töluliður, svohljóðandi: 2. mgr. 48. gr. um tilkynningu skráðrar lánastofnunar um eigendur virkra eignarhluta.
- k. Á eftir 24. tölul. 1. mgr. koma þrjú nýir töluliðir, svohljóðandi:
 27. 1. mgr. 49. gr. b um skyldu eignarhaldsfélaga til að sækja um samþykki.
 28. 49. gr. d um skilyrði fyrir samþykki eignarhaldsfélaga.
 29. 1. mgr. 50. gr. um fyrirkomulag stjórnarháttá, ferli og kerfi.
- l. Á eftir 27. tölul. 1. mgr. kemur nýr töluliður, svohljóðandi: 1. mgr. 52. gr. e um tilkynningu um brot gegn varfærniskröfum eða um að fyrirtæki sé á fallanda fæti.
- m. Í stað tilvísunarinnar „52. gr. e“ í 28. tölul. 1. mgr. kemur: 52. gr. f.
- n. Á eftir 33. tölul. 1. mgr. kemur nýr töluliður, svohljóðandi: 57. gr. a um starfskjarastefnu.
- o. 34. tölul. orðast svo: 57. gr. b um kaupauka.
- p. Á eftir 34. tölul. kemur nýr töluliður, svohljóðandi: 57. gr. c um endurskoðun starfskjara og greiðslur kaupauka.
- q. Í stað tilvísunarinnar „57. gr. b“ í 35. tölul. 1. mgr. kemur: 57. gr. d.
- r. Í stað orðsins „arðs“ í 39. tölul. 1. mgr. kemur: hagnaðar.
- s. Í stað 43.–47. tölul. 1. mgr. koma átta nýir töluliðir, svohljóðandi:
 51. 77. gr. a og 77. gr. b um eftirlitskerfi með áhættu vegna starfsemi blandaðra eignarhaldsfélaga og framkvæmd áhættustýringar.
 52. 78. gr. a um meðhöndlun útlána- og mótaðilaáhættu.
 53. 78. gr. c um meðhöndlun samþjöppunaráhættu.
 54. 78. gr. e um meðhöndlun markaðsáhættu.
 55. 78. gr. g um meðhöndlun rekstraráhættu.
 56. 78. gr. h um meðhöndlun lausafjáráhættu.
 57. 1. og 2. mgr. 82. gr. a um að gera endurbótaáætlun eða uppfæra hana.

58. 86. gr. m laga þessara eða 28., 52. eða 63. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 með því að inna af hendi greiðslur til eigenda gerninga sem eru hluti af eiginfjárgrunni fjármálafyrirtækis í andstöðu við ákvæðin.
- t. 51. tölul. 1. mgr. fellur brott.
- u. Í stað 56.–66. tölul. 1. mgr. kemur nýr töluliður, svohljóðandi: 10. tölul. 3. mgr. 107. gr. a um sértæka kröfu um að viðhalda lausu fé.
- v. Orðin „og eftirlitskerfi með áhættu vegna starfsemi blandaðra eignarhaldsfélaga“ í 67. tölul. 1. mgr. falla brott.
- w. Í stað tilvísunarinnar „109. gr. e“ í 68. tölul. 1. mgr. kemur: 109. gr. s.
- x. Við 1. mgr. bætast átta nýir töluliðir, svohljóðandi:
70. sátt milli Fjármálaeftirlitsins og aðila, sbr. 111. gr.
71. 3., 4., 6. eða 7. hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 eða 1. eða 10. tölul. 3. mgr. 107. gr. a laga þessara með því að móðurstofnun, móðureignarhaldsfélag á fjármálasviði eða blandað móðureignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi grípi ekki til ráðstafana á samstæðu- eða undirsamstæðugrunni sem ákvæðin eða ákvarðanir á grundvelli þeirra áskilja.
72. 395. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 um takmarkanir á stórum áhættuskuldbindingum.
73. 405. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 um skilyrði fyrir því að bera útlánaáhættu vegna verðbréfaðrar stöðu.
74. 412. gr., sbr. 460. gr., reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 um kröfu um lausafjárhlutfall eða gegn kröfu um lausafjárhlutfall í reglum skv. 3. mgr. 117. gr. b, enda sé brot ítrekað eða viðvarandi.
75. 413. gr., sbr. 428. gr. b, reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 um kröfu um hlutfall stöðugrar fjármögnunar eða gegn kröfu um hlutfall stöðugrar fjármögnunar í reglum skv. 3. mgr. 117. gr. b.
76. 7. hluta A reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 um kröfur um skýrslugjöf.
77. 8. hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 um upplýsingagjöf stofnana.
- y. Í stað 2. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
- Fjármálaeftirlitið getur jafnframt lagt stjórnvaldssektir á hvern þann sem hefur staðið að því að fyrirtæki fái starfsleyfi samkvæmt lögum þessum á grundvelli rangra upplýsinga eða á annan óeðlilegan hátt.
- Sektir geta numið frá 100 þús. kr. til 800 millj. kr. Sektir sem lagðar eru á lögaðila geta þó verið hærrí eða allt að 10% af heildarveltu samkvæmt síðasta samþykktu ársreikningi lögaðilans eða 10% af síðasta samþykktu samstæðureikningi ef lögaðili er hluti af samstæðu.
- z. Í stað orðanna „skal m.a.“ í 3. mgr. kemur: og annarra stjórnvísluviðurlaga og -ráðstafana vegna brota skv. 1. mgr. skal.
- aa. Orðin „hjá lögaðilanum“ í c-lið 3. mgr. falla brott.
- bb. E-liður 3. mgr. orðast svo: ávinnings hins brotlega af broti eða taps sem hann forðast með broti.
- cc. Á eftir orðinu „Stjórnvaldssektum“ í 5. mgr. kemur: og öðrum stjórnvísluviðurlögum.
- dd. Í stað tilvísunarinnar „1. og 2. málsl. 2. mgr.“ í 6. mgr. kemur: 3. mgr.

125. gr.

Á eftir 110. gr. laganna koma þrjár nýjar greinar, 110. gr. a – 110. gr. c, sem orðast svo, ásamt fyrirögnum:

a. (110. gr. a.)

Svipting atkvæðisréttar.

Fjármálaeftirlitið getur tímabundið svipt hluthafa eða stofnfjáreiganda í fjármálafyrirtæki atkvæðisrétti í fyrirtækinu brjóti hann af sér með þeim hætti sem greinir í 1. eða 2. mgr. 110. gr.

b. (110. gr. b.)

Bann við störfum hjá fjármálafyrirtæki.

Fjármálaeftirlitið getur tímabundið bannað einstaklingi sem brýtur af sér með þeim hætti sem greinir í 1. eða 2. mgr. 110. gr. eða brýtur gegn lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka að starfa hjá fjármálafyrirtækjum.

c. (110. gr. c.)

Brottvikning stjórnarmanns eða framkvæmdastjóra eignarhaldsfélags.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að víkja stjórnarmanni eða framkvæmdastjóra eignarhaldsfélags á fjármálasviði, blandaðs eignarhaldsfélags og blandaðs eignarhaldsfélags í fjármála-starfsemi frá störfum fyrir brot gegn ákvæðum XIII. kafla um eftirlit eða stjórnvaldsfyrirmælum settum á grundvelli kaflans.

126. gr.

Við 111. gr. laganna bætist fyrirögn, svohljóðandi: *Sátt.*

127. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 112. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „stjórnvaldssekta“ í 1. másl. kemur: stjórnsluviðurlaga.
- b. Við bætist fyrirögn, svohljóðandi: *Réttur til að fella ekki á sig sök.*

128. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 112. gr. a laganna:

- a. Í stað orðsins „stjórnvaldssektir“ í 1. mgr. kemur: stjórnsluviðurlög.
- b. Við bætist fyrirögn, svohljóðandi: *Frestur til að leggja á stjórnsluviðurlög.*

129. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 112. gr. b laganna:

- a. 3. tölul. orðast svo: 1. og 2. mgr. 19. gr. um að starfa í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur á fjármálamarkaði.
- b. 9. og 10. tölul. falla brott.
- c. Á eftir tilvísuninni „32. gr.“ í 12. tölul. kemur: 32. gr. a.
- d. Á undan tilvísuninni „40. gr.“ í 13. tölul. kemur: 1. mgr.
- e. Á eftir 15. tölul. kemur nýr töluliður, svohljóðandi: 1. mgr. 52. gr. e um tilkynningu um brot gegn varfærniskröfum eða um að fyrirtæki sé á fallanda fæti.
- f. Í stað 20. tölul. koma tveir nýir töluliðir, svohljóðandi:
 21. 57. gr. b um kaupauka,

22. 57. gr. c um endurskoðun starfskjara og greiðslur kaupauka.
- g. Í stað tilvísunarinnar „57. gr. b“ í 21. tölul. kemur: 57. gr. d.
- h. Í stað orðsins „arðs“ í 23. tölul. kemur: hagnaðar.
- i. 24., 25. og 29. tölul. falla brott.
- j. Við bætast þrjú nýir töluliðir, svohljóðandi:
34. 405. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 um skilyrði fyrir því að bera útlánaáhættu vegna verðbréfaðrar stöðu,
35. 7. hluta A reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 um kröfur um skýrslugjöf,
36. 8. hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 um upplýsingagjöf stofnana.

130. gr.

Við 112. gr. c laganna bætist fyrirögn, svohljóðandi: *Saknæmi o.fl.*

131. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 112. gr. d laganna:

- a. Í stað orðsins „stjórnvaldssektum“ í 1. másl. 2. mgr. kemur: stjórnsluviðurlögum.
- b. Við bætist fyrirögn, svohljóðandi: *Kæra til lögreglu.*

132. gr.

Í stað orðanna „30. gr. um takmarkanir á stórum áhættuskuldbindingum og reglum settum á grundvelli ákvæðisins“ í 112. gr. e laganna kemur: ákvæðum 4. hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 um takmarkanir á stórum áhættuskuldbindingum.

133. gr.

Í stað tilvísananna „86. gr. h“ og „86. gr. i“ í 112. gr. f laganna kemur: 107. gr. c; og: 107. gr. d.

134. gr.

Á eftir 112. gr. f laganna koma tvær nýjar greinar, 112. gr. g og 112. gr. h, sem orðast svo, ásamt fyrirögnum:

- a. (112. gr. g.)

Birting ákvarðana um stjórnsluviðurlög.

Fjármálaeftirlitið skal birta á vef sínum ákvarðanir um stjórnsluviðurlög vegna brota gegn lögum þessum, þar á meðal um hver brotin eru og þá einstaklinga og lögaðila sem eru látnir sæta viðurlögum, án ástæðulausrar tafar eftir að viðkomandi aðilar hafa verið upplýstir um ákvarðanirnar. Ef ákvarðanirnar eru bornar undir dómstóla skal Fjármálaeftirlitið jafnframt birta upplýsingar um stöðu og niðurstöðu dómsmálanna. Upplýsingarnar skulu vera á vefnum í minnst fimm ár. Persónuupplýsingar skulu þó ekki vera á vefnum lengur en nauðsynlegt getur talist í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Fjármálaeftirlitið skal fresta birtingu skv. 1. mgr. eða birta ákvarðanir án persónugreinanlegra auðkenna ef annað myndi valda viðkomandi einstaklingum eða lögaðilum tjóni sem væri ekki í eðlilegu samræmi við brotið eða stofnaði stöðugleika á fjármálamarkaði eða yfirstandandi rannsókn sakamáls í hættu.

b. (112. gr. h.)

Upplýsingagjöf til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar um stjórnsýsluviðurlög.

Fjármálaeftirlitið skal upplýsa Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina um ákvarðanir um stjórnsýsluviðurlög vegna brota gegn lögum þessum og um dómsmál vegna þeirra og niðurstöður þeirra.

135. gr.

115. gr. laganna fellur brott, ásamt fyrirsögn.

136. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 116. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Þrátt fyrir starfsheimildir Hafnabótasjóðs samkvæmt hafnalögum, nr. 61/2003, og Húsnæðissjóðs og Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar samkvæmt lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998, teljast þessir aðilar ekki til fjármálafyrirtækja samkvæmt lögum þessum.

b. Við 3. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: X. kafli um eiginfjáruka gildir ekki um Byggðastofnun.

137. gr.

116. gr. a laganna fellur brott, ásamt fyrirsögn.

138. gr.

117. gr. laganna orðast svo:

Með lögum þessum eru tekin upp ákvæði tilskipana Evrópuþingsins og ráðsins 86/635/EBE um ársreikninga og samstæðureikninga banka og annarra fjármálastofnana, 2001/24/EB um endurskipulagningu og slit lánastofnana og 2013/36/ESB um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærnisefirlit með lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum. Enn fremur 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB sem kemur á ramma um endurreisn og skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja, að því er varðar einfaldar endurbótaáætlanir, sem og 5.–9. gr. og 19.–30. gr. sömu tilskipunar.

139. gr.

117. gr. a laganna orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Reglugerð ráðherra.

Ráðherra setur reglugerð til að innleiða undirgerðir sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins samþykkir með stöð í eftirtöldum ákvæðum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB, með síðari breytingum, og útfæra ákvæði laga þessara:

1. 145. gr. um framseldar gerðir.
2. 146. gr. um framkvæmdargerðir.

Ráðherra setur reglugerð til að innleiða undirgerðir sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins samþykkir með stöð í eftirtöldum ákvæðum reglugerðar (ESB) nr. 575/2013:

1. 4. mgr. 107. gr. um aðferðir við útlánaáhættu.
2. 7. mgr. 114. gr. um áhættuskuldbindingar vegna ríkja eða seðlabanka.
3. 4. mgr. 115. gr. um áhættuskuldbindingar vegna héraðsstjórna eða staðaryfirvalda.
4. 5. mgr. 116. gr. um áhættuskuldbindingar vegna opinberra aðila.
5. 2. mgr. 117. gr. um áhættuskuldbindingar vegna fjölþjóðlegra þróunarbanka.

6. 2. mgr. 142. gr. um skilgreiningar.
7. 391. gr. um skilgreiningu á stofnun að því er varðar stórar áhættuskuldbindingar.
8. 1. og 2. mgr. 456. gr. um framseldar gerðir.
9. 457. gr. um tæknilegar breytingar og leiðréttingar.
10. 459. gr. um varfærniskröfur.
11. 461. gr. a um óhefðbundna staðalaðferð að því er varðar markaðsáættu.
12. 3. mgr. 497. gr. um kröfu vegna eiginfjárgrunns að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna miðlægra mótaðila.
13. 4. mgr. 503. gr. um kröfur vegna eiginfjárgrunns í tengslum við áhættuskuldbindingar í formi sértryggðra skuldabréfa.

140. gr.

117. gr. b laganna orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Reglur Seðlabanka Íslands.

Seðlabanki Íslands setur reglur til að innleiða undirgerðir sem framkvæmdastjórn Evrópu-sambandsins samþykkir með stoð í eftirtöldum ákvæðum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB, með síðari breytingum, og útfæra ákvæði laga þessara:

1. 2. og 3. mgr. 8. gr. um starfsleyfi.
2. 9. mgr. 22. gr. um tilkynningu og mat á fyrirhuguðum yfirtökum.
3. 5. og 6. mgr. 35. gr. um tilkynningarskyldu og víxlverkun milli lögbærra yfirvalda.
4. 5. og 6. mgr. 36. gr. um upphaf starfsemi.
5. 4. og 5. mgr. 39. gr. um málsmeðferð við tilkynningu.
6. 6. og 7. mgr. 50. gr. um samstarf um eftirlit.
7. 4. og 5. mgr. 51. gr. um mikilvæg útibú.
8. 4. mgr. 77. gr. um innri aðferðir við útreikning á kröfum vegna eiginfjárgrunns.
9. 7. og 8. mgr. 78. gr. um eftirlitsviðmiðanir innri aðferða við útreikning á kröfum vegna eiginfjárgrunns.
10. 5. mgr. 84. gr. um vaxtaáættu sem verður til við viðskipti önnur en veltubókarviðskipti.
11. 2. mgr. 94. gr. um breytilega þætti starfskjara.
12. 5. mgr. a 98. gr. um tæknilegar viðmiðanir fyrir eftirlitsúttekt og mat.
13. 5. mgr. 113. gr. um sameiginlegar ákvarðanir um varfærniskröfur er varða tilteknar stofnanir.
14. 4. og 5. mgr. 116. gr. um samstarfshópa eftirlitsaðila.
15. 4. mgr. 120. gr. um eftirlit með blönduðum eignarhaldsfélögum í fjármálastarfsemi.
16. 18. mgr. 131. gr. um kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu og aðrar kerfislega mikilvægar stofnanir.
17. 7. mgr. 140. gr. um útreikning á hlutföllum sveiflujöfnunarauka.
18. 3. mgr. 143. gr. um almennar kröfur um upplýsingagjöf.

Seðlabanki Íslands setur reglur til að innleiða undirgerðir sem framkvæmdastjórn Evrópu-sambandsins samþykkir með stoð í eftirtöldum ákvæðum reglugerðar (ESB) nr. 575/2013:

1. 4. mgr. 4. gr. um aðstæður þar sem skilyrði varðandi hóp tengdra viðskiptavina eru uppfyllt.
2. 9. mgr. 18. gr. um aðferðir við gerð samstæðureikningsskila.
3. 8. mgr. 20. gr. um sameiginlegar ákvarðanir um varfærniskröfur.
4. 4. mgr. 26. gr. um liði í almennu eigin fé þáttar 1.
5. 2. mgr. 27. gr. um fjármagnsgerninga gagnkvæmra félaga, samvinnufélaga, sparisjóða eða svipaðra stofnana í almennu eigin fé þáttar 1.

6. 5. mgr. 28. gr. um gerninga almenns eigin fjár þáttar 1.
7. 6. mgr. 29. gr. um fjármagnsgerninga útgefna af gagnkvæmum félögum, samvinnufélögum, sparisjóðum og svipuðum stofnunum.
8. 2. mgr. 32. gr. um hugtakið söluhagnaður sem um getur í a-lið 1. mgr. 32. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.
9. 4. mgr. 33. gr. um nána samsvörun á milli virðis skuldabréfa og virðis eigna eins og um getur í c-lið 3. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.
10. 2., 3. og 4. mgr. 36. gr. um frádrátt frá liðum í almennu eigin fé þáttar 1.
11. 2. mgr. 41. gr. um frádrátt eigna réttindatengds lífeyrissjóðs.
12. 6. mgr. 49. gr. um skilyrðin fyrir beitingu útreikningsaðferða sem um getur í I. viðauka, II. hluta tilskipunar 2002/87/EB með tilliti til valmöguleika við frádrátt sem um getur í 1. mgr. 49. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.
13. 2. mgr. 52. gr. um viðbótareiginfjárgerninga þáttar 1.
14. 7. mgr. 72. gr. b um hæfa skuldbindingargerninga.
15. 7. mgr. 73. gr. um skilyrði þess að vísitölur teljist uppfylla skilyrði um breiðar markaðs-vísitölur að því er varðar 4. mgr. 73. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.
16. 4. mgr. 76. gr. um vísitölueignarhluti í fjármagnsgerningum.
17. 5. mgr. 78. gr. um leyfi eftirlitsyfirvalda fyrir lækkun eiginfjárgrunns.
18. 3. mgr. 78. gr. a um leyfi fyrir lækkun hæfra skuldbindingargerninga.
19. 2. mgr. 79. gr. um tímabundna undanþágu frá frádrætti frá eiginfjárgrunni.
20. 2. mgr. 83. gr. um viðurkennt viðbótar eigið fé þáttar 1 og eiginfjárþátt 2 sem sérstakur verðbréfunaraðili gefur út.
21. 4. mgr. 84. gr. um hlutdeildir minni hluta sem falla undir samanlagt almennt eigið fé þáttar 1.
22. 4. mgr. 97. gr. um eiginfjárgrunn byggðum á föstum kostnaði.
23. 14. mgr. 105. gr. um kröfur varðandi varfærið mat.
24. 4. mgr. 110. gr. um meðferð leiðréttingar á útlánaáhættu.
25. 4. mgr. 124. gr. um áhættuskuldbindingar tryggðar með veði í fasteignum.
26. 4. mgr. 132. gr. a um aðferðir við útreikning á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga sjóða um sameiginlega fjárfestingu.
27. 1. og 3. mgr. 136. gr. um vörpun lánshæfismats frá utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki.
28. 5. mgr. 143. gr. um heimild til að nota innramatsaðferðina.
29. 2. mgr. 144. gr. um mat lögbærra yfirvalda á umsókn um notkun innramatsaðferða.
30. 6. mgr. 148. gr. um skilyrði fyrir því að taka upp innramatsaðferðina í mismunandi flokkum áhættuskuldbindinga og rekstrareininga.
31. 3. mgr. 150. gr. um skilyrði fyrir beitingu aðferðar að hluta til skv. a-, b- og c-liðar 1. mgr. 150. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.
32. 9. mgr. 153. gr. um fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga í tengslum við áhættuskuldbindingar vegna fyrirtækja, stofnana og ríkja og seðlabanka.
33. 8. mgr. 164. gr. um mat á gildi vegna taps að gefnum vanefndum.
34. 3. mgr. 173. gr. um mat á heilleika flokkunarferlis.
35. 6. mgr. 178. gr. um mikilvægismörk lánaskuldbindinga sem komnar eru fram yfir gjald-daga.
36. 3. mgr. 180. gr. um kröfur vegna mats á líkum á vanefndum.
37. 3. mgr. 181. gr. um kröfur í tengslum við eigið mat á tapi að gefnum vanefndum.
38. 4. mgr. 182. gr. um kröfur í tengslum við eigið mat á breytistuðlum.

39. 6. mgr. 183. gr. um skilyrði fyrir viðurkenningu skilyrtra ábyrgða.
40. 10. mgr. 194. gr. um meginreglur varðandi viðurkenningu aðferða til mildunar útlána-áhættu.
41. 8. mgr. 197. gr. um hæfa tryggingu í tengslum við allar aðferðir.
42. 9. mgr. 221. gr. um notkun eiginlíkansaðferðarinnar í tengslum við rammasamninga um skuldajöfnun.
43. 270. gr. um vörpun láns hæfismats.
44. 5. mgr. 277. gr. um tengingu viðskipta við áhættuflokka.
45. 3. mgr. 279. gr. a um delastuðul eftirlits.
46. 4. mgr. 312. gr. um leyfi og tilkynningar varðandi þróðu mæliaðferðina.
47. 5. mgr. 314. gr. um samþætta notkun mismunandi aðferða.
48. 3. mgr. 316. gr. um aðferðafræðina við að reikna út viðeigandi mælikvarða.
49. 3. mgr. 318. gr. um skilyrði beitingar meginreglna um kortlagningu viðskiptasviða.
50. 9. mgr. 325. gr. um útreikning á kröfum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar markaðs-áhættu.
51. 5. mgr. 325. gr. u um kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar eftirstæða áhættuþætti.
52. 8. mgr. 325. gr. w um brúttófjárhæðir skyndilegra vanefnda.
53. 3. mgr. 325. gr. ap um tilgreiningu á nýjum mörkuðum og þróuðum hagkerfum í tengslum við áhættuvogir fyrir hlutabréfaáhættu.
54. 8. og 9. mgr. 325. gr. az um notkun óhefðbundinna eigin líkana.
55. 7. mgr. 325. gr. bd um seljanleikatímabil.
56. 3. mgr. 325. gr. be um mat á gerð líkana fyrir áhættuþætti.
57. 9. mgr. 325. gr. bf um kröfur um afturvirkar prófanir og margföldunarþætti.
58. 4. mgr. 325. gr. bg um kröfur um úthlutun á hagnaði og tapi.
59. 3. mgr. 325. gr. bk um útreikning á áhættumati sem byggt er á álagssviðsmynd.
60. 12. mgr. 325. gr. bp um kröfur vegna eigin líkans fyrir vanskilaáhættu.
61. 3. mgr. 329. gr. um valrétti og kauprétti.
62. 3. mgr. 341. gr. um skilgreiningu á hugtakinu markaður skv. 2. mgr. 341. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.
63. 1. mgr. 344. gr. um hlutabréfavísitölur.
64. 6. mgr. 352. gr. um útreikning á hreinni heildargjaldeyrisstöðu.
65. 3. mgr. 354. gr. um gjaldmiðla með nána fylgni.
66. 4. mgr. 358. gr. um sérstaka gerninga.
67. 4. mgr. 363. gr. um leyfi til að nota eigin líkön.
68. 5. mgr. 382. gr. um verklagsreglur um að undanskilja viðskipti við ófjárhagslega mót- aðila með staðfestu í þriðja landi frá kröfum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar leið- réttingaráhættu vegna útlánvirði.
69. 7. mgr. 383. gr. um þróðu mæliaðferðirnar.
70. 8. og 9. mgr. 390. gr. um útreikning á áhættuskuldbindingarvirði.
71. 4. mgr. 394. gr. um viðmið fyrir auðkenningu á skuggabankastarfsemi skv. 2. mgr. 394. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.
72. 2. og 3. mgr. 410. gr. um samræmd skilyrði fyrir beitingu.
73. 3. mgr. og 3. mgr. a 415. gr. um skýrslugjöf um lausafjárstöðu.
74. 4. og 5. mgr. 419. gr. um gjaldmiðla með takmarkanir á tiltækileika lausafjáreigna.
75. 10. mgr. 422. gr. um hlutlægar viðmiðanir að því er varðar útstreymi lausafjár.
76. 3. mgr. 423. gr. um hugtakið mikilvægi og aðferðir til að mæla viðbótarútstreymi.

77. 6. mgr. 425. gr. um hlutlægar viðmiðanir að því er varðar innstreymi lausafjár.
 78. 426. gr. um uppfærslu framtíðarlausafjárfkrafnna.
 79. 7. og 9. mgr. 430. gr. um skýrslugjöf um varfærniskröfur og fjárhagsupplýsingar.
 80. 6. mgr. 430. gr. b um skýrslugjöf að því er varðar markaðsáætlu.
 81. 434. gr. a um samræmd snið fyrir upplýsingagjöf.
 82. 1. og 3. mgr. 460. gr. um laust fé.
 83. 6. mgr. 481. gr. um viðbótarsíur og frádrátt.
 84. 3. mgr. 487. gr. um liði sem eru undanskildir frá beitingu eldri reglna í liðum almenns eigin fjár þáttar 1 eða liðum viðbótar eigin fjár þáttar 1 í öðrum þáttum eiginfjárgrunn.
 85. 5. mgr. 492. gr. um umbreytingarákvæði vegna birtingar upplýsinga um eiginfjárgrunn.
 86. 3. mgr. 495. gr. um meðferð á fjárhæðum áhættuskuldbindinga vegna hlutabréfa samkvæmt innramatsaðferðinni.

Seðlabanka Íslands er heimilt að setja reglur um laust fé og stöðuga fjármögnun fjármála-fyrirtækja. Í reglunum er heimilt að kveða á um lágmark og meðaltal lauss fjár og lágmark stöðugrar fjármögnunar í íslenskum krónum og erlendum gjaldmiðlum og í þeim má ákveða að mismunandi ákvæði gildi um einstaka flokka fjármálafyrirtækja.

Seðlabanka Íslands er heimilt að kveða á um hvernig val- og heimildarákvæðum samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 575/2013 er beitt með setningu reglna.

141. gr.

117. gr. c laganna fellur brott, ásamt fyrirsögn.

142. gr.

Ákvæði til bráðabirgða I, II, V og VII–XIII í lögnum falla brott.

143. gr.

Tilvísunin „2. og 3. mgr.“ í ákvæði til bráðabirgða III í lögnum fellur brott.

II. KAFLI

Breyting á lögum um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991.

144. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

- a. Tilvísunin „1. og 2. tölul. 1. mgr.“ í 3. tölul. fellur brott.
- b. Tilvísunin „3. tölul. 1. mgr.“ í 4. tölul. fellur brott.
- c. Í stað tilvísunarinnar „4. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 161/2002“ í 5. tölul. kemur: lög nr. 17/2013.
- d. Í stað tilvísunarinnar „5. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 161/2002“ í 6. tölul. kemur: lög nr. 115/2021.
- e. 7. tölul. fellur brott.
- f. Í stað tilvísunarinnar „4. mgr. 4. gr. laga nr. 110/2007 og g-lið 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 161/2002“ í 11. tölul. kemur: h-lið 15. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 115/2021.

III. KAFLI

Breyting á lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, nr. 94/1996.

145. gr.

Í stað tilvísunarinnar „5. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002“ í 3. mgr. 2. gr. laganna kemur: lög um markaði fyrir fjármálagerninga.

IV. KAFLI

Breyting á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997.

146. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „sparisjóðum og verðbréfafyrirtækjum“ í 1. másl. 4. mgr. kemur: og sparisjóðum.
- b. Í stað orðanna „sparisjóða og verðbréfafyrirtækja“ í 2. másl. 4. mgr. kemur: og sparisjóða.
- c. Á eftir 4. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Erlendum verðbréfafyrirtækjum, sem hafa staðfestu í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins og starfsleyfi í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum, er heimilt að stunda starfsemi skv. II. kafla þessara laga, með stofnun útibús hér á landi, sbr. 61. gr. laga nr. 115/2021, um markaði fyrir fjármálagerninga, eða án stofnunar útibús, sbr. 60. gr. sömu laga. Ákvæði 60. og 61. gr. þeirra laga gilda um heimildir verðbréfafyrirtækja til að stunda starfsemi skv. II. kafla þessara laga eftir því sem við á.

147. gr.

Í stað orðanna „staðist próf í verðbréfavíðskiptum í samræmi við 53. gr. laga um fjármálfyrirtæki“ í 4. mgr. 34. gr. laganna kemur: verðbréfaréttindi skv. 40. gr. laga um markaði fyrir fjármálagerninga, nr. 115/2021.

148. gr.

2. mgr. 42. gr. laganna fellur brott.

V. KAFLI

Breyting á lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998.

149. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 2. gr. laganna:

- a. 2. tölul. orðast svo: lánaþyrirtækja.
- b. 6. tölul. orðast svo: verðbréfafyrirtækja.

150. gr.

Við 1. másl. 3. mgr. 9. gr. laganna bætist: og getur Fjármálaeftirlitið kallað einstaklinga til skýrslugjafar í því skyni.

VI. KAFLI

Breyting á lögum um öryggi fyrirmæla í greiðslukerfum og verðbréfauppgjörskerfum, nr. 90/1999.

151. gr.

Í stað tilvísunarinnar „skv. 4. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálaþyrirtæki“ í a-lið 2. tölul. 2. gr. laganna kemur: samkvæmt lögum um fjármálaþyrirtæki eða lögum um markaði fyrir fjármálagerninga.

VII. KAFLI

Breyting á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003.

152. gr.

Í stað orðanna „fjármálafyrirtækjum skv. 1. tölul. 1. mgr.“ í 3. másl. 8. tölul. 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: viðskiptabönkum skv.

VIII. KAFLI

Breyting á lögum um váttryggingarsamninga, nr. 30/2004.

153. gr.

Í stað tilvísananna „2. tölul. 1. mgr. 1. gr. a“ og „3. tölul. 1. mgr. 1. gr. a“ og orðanna „verðbréfafyrirtæki sem uppfyllir ekki skilyrði 3. mgr. 25. gr.“ í 2. tölul. 2. gr. laganna kemur: 2. tölul. 1. mgr. 1. gr. b; 4. tölul. 1. mgr. 1. gr. b; og: fyrirtæki skv. 8. mgr. 14. gr. a.

IX. KAFLI

Breyting á lögum um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir, nr. 46/2005.

154. gr.

Í stað tilvísunarinnar „4. gr.“ í a-lið 3. tölul. 1. gr. laganna kemur: 1. tölul. 1. mgr. 1. gr. b.

X. KAFLI

Breyting á lögum um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármáلامarkaði o.fl., nr. 125/2008.

155. gr.

Tilvísunin „1. tölul. 1. mgr.“ í lokamálslið 3. mgr. 1. gr. laganna fellur brott.

156. gr.

Í stað tilvísunarinnar „66. gr.“ í lokamálslið 2. gr. laganna kemur: 70. gr.

XI. KAFLI

Breyting á lögum um umboðsmann skuldara, nr. 100/2010.

157. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 5. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „Aðilar sem hafa leyfi til að stunda starfsemi skv. 2. og 3. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga“ í 1. másl. kemur: Lánastofnanir með starfsleyfi samkvæmt lögum.
- b. Í stað orðanna „starfsemi skv. 2. og 3. tölul. 1. mgr. 3. gr. þeirra laga“ í 2. másl. kemur: veitingu útlána sem fjármögnuð eru með endurgreiðanlegum fjármunum frá almenningi eða eignaleigu að meginstarfsemi.

XII. KAFLI

Breyting á lögum um fjársýsluskatt, nr. 165/2011.

158. gr.

Í stað orðanna „Viðskiptabankar, sparisjóðir, lánaþyrirtæki, verðbréfafyrirtæki, verðbréfamíðlanir, rekstrarfélög verðbréfasjóða, svo og önnur fjármálafyrirtæki samkvæmt lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, rafeyrisfyrirtæki samkvæmt lögum nr. 17/2013, um útgáfu og meðferð rafeyris“ í 2. tölul. 2. gr. laganna kemur: Fjármálafyrirtæki samkvæmt samnefndum lögum, nr. 161/2002, rafeyrisfyrirtæki samkvæmt lögum nr. 17/2013, um útgáfu og meðferð rafeyris, rekstraraðilar sérhæfðra sjóða samkvæmt samnefndum lögum, nr. 45/2020, rekstrarfélög verðbréfasjóða samkvæmt lögum nr. 116/2021, um verðbréfasjóði.

XIII. KAFLI

Breyting á lögum um greiðslu kostnaðar við rekstur umboðsmanns skuldara, nr. 166/2011.

159. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 1. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „Aðilar sem hafa leyfi til að stunda starfsemi skv. 2. og 3. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga“ í 1. másl. kemur: Lánastofnanir með starfsleyfi samkvæmt lögum.
- b. Í stað orðanna „starfsemi skv. 2. og 3. tölul. 1. mgr. 3. gr. þeirra laga“ í 2. másl. kemur: veitingu útlána sem fjármögnuð eru með endurgreiðanlegum fjármunum frá almenningi eða eignaleigu að meginstarfsemi.

XIV. KAFLI

Breyting á lögum um útgáfu og meðferð rafeyris, nr. 17/2013.

160. gr.

Í stað tilvísunarinnar „5. mgr. 84. gr. laga“ í 11. gr. laganna kemur: a–e-lið 1. mgr. 26. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013, sbr. lög.

161. gr.

Í stað orðsins „fjármálafyrirtæki“ í 2. másl. 1. mgr. 14. gr. laganna kemur: rafeyrisfyrirtæki.

XV. KAFLI

Breyting á lögum um leigu skráningarskyldra ökutækja, nr. 65/2015.

162. gr.

Í stað orðanna „starfsemi lánaþyrirtækja“ í 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: kaup- eða fjármögnunarleigu.

163. gr.

Í stað orðanna „löggilt lánaþyrirtæki“ í 1. másl. 2. mgr. 6. gr. og 6. tölul. 1. mgr. 12. gr. laganna kemur: löggilta kaup- eða fjármögnunarleigu.

XVI. KAFLI

Breyting á lögum um váttryggingastarfsemi, nr. 100/2016.

164. gr.

Lokamálsliðir 1. mgr. og 2. mgr. 70. gr. laganna falla brott.

XVII. KAFLI

Breyting á lögum um fasteignalán til neytenda, nr. 118/2016.

165. gr.

Tilvísunin „1.–3. tölul. 1. mgr.“ í 16. tölul. 4. gr. laganna fellur brott.

XVIII. KAFLI

Breyting á lögum um viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum, nr. 61/2017.

166. gr.

Í stað tilvísunarinnar „skv. X. kafla laga“ í 14. og 15. tölul. 2. gr. laganna kemur: samkvæmt lögum.

167. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

- a. Í stað tilvísunarinnar „X. kafla laga“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: lög.
- b. Í stað tilvísunarinnar „skv. 84. gr. a – 84. gr. c laga“ í 2. mgr. kemur: samkvæmt lögum.

168. gr.

Í stað tilvísunarinnar „84. gr. laga“ í 1. málsl. 1. mgr. 18. gr. laganna kemur: 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sbr. lög.

XIX. KAFLI

**Breyting á lögum um afleiðuviðskipti, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár,
nr. 15/2018.**

169. gr.

2. gr. laganna orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Lögfesting.

Ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár, sem er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 17 frá 16. mars 2017, bls. 412–470, skulu hafa laga-gildi hér á landi með þeim aðlögunum sem leiðir af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 206/2016 frá 30. september 2016, sem er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópu-sambandsins nr. 13 frá 23. febrúar 2017, bls. 63–71, sbr. einnig bókun 1 um altæka aðlögun við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, þar sem bókunin er lögfest, með breytingum samkvæmt:

1. 520. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012, sem er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópu-sambandsins nr. 12 frá 27. febrúar 2020, bls. 1–337.
2. 126. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB frá 15. maí 2014 sem kemur á ramma um endurreisn og skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja og breytingu á tilskipun ráðsins 82/891/EBE og tilskipunum 2001/24/EB, 2002/47/EB, 2004/25/EB, 2005/56/EB, 2007/36/EB, 2011/35/ESB, 2012/30/ESB og 2013/36/ESB og reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 og (ESB) nr. 648/2012, sem er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 25 frá 19. apríl 2018, bls. 4–162.
3. 53. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012, sem er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 20 frá 26. mars 2020, bls. 1–65.
4. 63. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 frá 20. maí 2015 um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvættis eða til fjármögnunar hryðjuverka, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012, og um niðurfellingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/60/EB og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/70/EB, sem er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópu-sambandsins nr. 50 frá 23. júlí 2020, bls. 205–249.
5. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/834 frá 20. maí 2019 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar stöðustofnunarskyldu, frestun á stöðu-

stofnunarskyldu, kröfur um skýrslugjöf, aðferðir til mildunar áhættu fyrir OTC-afleiðusamninga sem miðlægur mótaðili stöðustofnar ekki, skráningu og eftirlit með afleiðuviðskiptaskrá og kröfurnar fyrir afleiðuviðskiptaskrár, sem er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 22 frá 25. mars 2021, bls. 613–634, með þeim aðlögunum sem leiðir af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 50/2021 frá 5. febrúar 2021, sem er birt í auglýsingu nr. 4/2022 í C-deild Stjórnartíðinda.

6. 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/876 frá 20. maí 2019 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar vogunarhlutfall, hlutfall stöðugrar nettófjármögnunar, kröfur um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar, útlánaáhættu mótaðila, markaðsáhættu, áhættuskuldbindingar gagnvart miðlægum mótaðilum, áhættuskuldbindingar gagnvart sjóðum um sameiginlega fjárfestingu, stórar áhættuskuldbindingar, skýrslugjafarskyldu og birtingarkröfur og reglugerð (ESB) nr. 648/2012, sem er birt í auglýsingu nr. 4/2022 í C-deild Stjórnartíðinda.

170. gr.

15. gr. laganna orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Stjórnvaldsfyrirmæli.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 um þau atriði sem koma fram í eftirfarandi greinum hennar:

1. 6. mgr. 1. gr. um undanþágur.
2. 3. mgr. a 4. gr. um hvaða viðskiptaskilmálar teljist sanngjarnir, eðlilegir, án mismununar og gagnsæir.
3. 4. og 5. mgr. 6. gr. a um frestun á stöðustofnunarskyldu samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 648/2012 og frestun viðskiptaskyldu samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012, sbr. 3. gr. laga um markaði fyrir fjármálagerninga, nr. 115/2021.
4. 7. mgr. 64. gr. um málsmeðferð að því er varðar eftirlitsráðstafanir og beitingu sekta.
5. 70. gr. um breytingar á II. viðauka um skrá yfir stuðla í tengslum við íþyngjandi og mildandi þætti vegna beitingar 3. mgr. 65. gr.
6. 3. mgr. 72. gr. um eftirlitsgjöld.
7. 1. mgr. 75. gr. um jafngildi og alþjóðasamninga.
8. 2. mgr. 76 gr. a um gagnkvæman aðgang að gögnum.
9. 2. mgr. 85. gr. um framlengingu á þriggja ára tímabilinu sem fjallað um í 89. gr.

Seðlabanka Íslands er heimilt að setja reglur um nánari framkvæmd reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 um þau atriði sem koma fram í eftirfarandi greinum hennar:

1. 4. mgr. 4. gr. um stöðustofnunarskyldu.
2. 2. og 4. mgr. 5. gr. um tilhögun stöðustofnunarskyldu.
3. 4. mgr. 6. gr. um opinbera skrá.
4. 5. mgr. 8. gr. um aðgang að viðskiptavettvangi.
5. 5. og 6. mgr. 9. gr. um skyldu um skýrslugjöf.
6. 4. mgr. 10. gr. um ófjárhagslega mótaðila.
7. 14. og 15. mgr. 11. gr. um aðferðir til að draga úr áhættu OTC-afleiðusamninga sem ekki eru stöðustofnaðir af miðlægum mótaðila.
8. 3. mgr. 16. gr. um eiginfjárkröfur.
9. 6. mgr. 18. gr. um fagráð.
10. 6. mgr. 25 gr. er lýtur að jafngildi lagalegra krafna og eftirlits í þriðju löndum.

11. 8. mgr. 25. gr. er lýtur að upplýsingum sem miðlægur mótaðili í þriðja landi skal tilgreina í umsókn um viðurkenningu.
12. 9. mgr. 26. gr. er lýtur að skipulagskröfum.
13. 4. og 5. mgr. 29. gr. um skráahald.
14. 3. mgr. 34. gr. um samfellu í viðskiptum.
15. 5. mgr. 41. gr. um kröfur um tryggingar.
16. 5. mgr. 42. gr. um vanskilasjóð.
17. 2. mgr. 44. gr. um eftirlit með lausafjánhættu.
18. 3. mgr. 46. gr. um kröfur um tryggingar.
19. 8. mgr. 47. gr. um fjárfestingarstefnu.
20. 4. mgr. 49. gr. um endurskoðun líkana, álagsprófun og afturvirka prófun.
21. 4. mgr. 50. gr. a um útreikning á áætluðu fjármagni.
22. 3. mgr. 50 gr. c um skýrslugjöf með upplýsingum.
23. 3. og 4. mgr. 56. gr. um umsókn um skráningu.
24. 10. mgr. 78. gr. er lýtur að verklagi við afstemmingar á gögnum milli afleiðuviðskiptaskráa og verklagi afleiðuviðskiptaskráa við mat á því hvort að kröfur um skýrslugjöf séu uppfylltar og til að sannreyna heilleika og réttleika tilkynntra gagna.
25. 5. mgr. 81. gr. um gagnsæi og tiltækileika gagna.

XX. KAFLI

Breyting á lögum um dreifingu váttrygginga, nr. 62/2019.

171. gr.

Í stað tilvísananna „2. tölul. 1. mgr. 1. gr. a“ og „3. tölul. 1. mgr. 1. gr. a“ og orðanna „verðbréfafyrirtæki sem uppfyllir ekki skilyrði 3. mgr. 25. gr.“ í 2. tölul. 3. gr. laganna kemur: 2. tölul. 1. mgr. 1. gr. b; 4. tölul. 1. mgr. 1. gr. b; og: fyrirtæki skv. 8. mgr. 14. gr. a.

XXI. KAFLI

Breyting á lögum um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, nr. 45/2020.

172. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

- a. Á eftir 18. tölul. 1. mgr. kemur nýr töluliður, svohljóðandi: *Kaupauki*: Kaupauki samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki.
- b. Í stað tilvísunarinnar „36. tölul.“ í 2. mgr. kemur: 37. tölul.

173. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 10. gr. laganna:

- a. Á eftir tilvísuninni „21. gr.“ í 4. tölul. kemur: 21. gr. a, 21. gr. b og 21. gr. c.
- b. Í stað tilvísunarinnar „22. tölul.“ í 9. tölul. kemur: 23. tölul.

174. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. laganna:

- a. Í stað tilvísunarinnar „84. gr. d laga“ í 5. mgr. kemur: 97. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sbr. lög.
- b. Í stað tilvísunarinnar „3. mgr. 84. gr. e laga“ í 2. másl. 8. mgr. kemur: 2. mgr. 95. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sbr. lög.

175. gr.

Á eftir orðinu „Ákvæði“ í 3. mgr. 16. gr. laganna kemur: A-hluta.

176. gr.

Í stað tilvísunarinnar „skv. 84. gr. e laga“ í 6. tölul. 18. gr. laganna kemur: samkvæmt lögum.

177. gr.

Í stað 21. gr. laganna koma fjórar nýjar greinar, 21. gr., 21. gr. a, 21. gr. b og 21. gr. c, sem orðast svo, ásamt fyrirsögnum:

a. (21. gr.)

Starfskjarastefna.

Rekstraraðili skal hafa starfskjarastefnu og starfskjaraframkvæmd sem skal ná til heildarstarfskjara og sem skal tryggja, að því marki sem við á að teknu tilliti til stærðar, skipulags, eðlis og flækjustigs í starfsemi rekstraraðila, að:

1. Starfskjör stjórnarmanna og starfsmanna:
 - a. samræmist og stuðli að traustri og skilvirkri áhættustýringu og hvetji ekki til áhættusækni sem er ekki í samræmi við áhættusnið eða reglur þeirra sérhæfðu sjóða sem rekstraraðili rekur,
 - b. samræmist viðskiptaáætlun, markmiðum, gildum og hagsmunum rekstraraðila og sérhæfðra sjóða sem hann rekur og fjárfesta í þeim sjóðum og leiði ekki til hagsmunarárekstra.
2. Starfskjör stjórnarmanna og starfsmanna sem hafa eftirlit með höndum taki mið af þeirra eigin verksviði en ekki árangri þeirra rekstrareininga sem þeir hafa eftirlit með.

Stjórn rekstraraðila skal reglubundið meta hvort starfskjarastefna samræmist þessari grein og hafa eftirlit með framkvæmd hennar. Að minnsta kosti árlega skal fara fram óháð miðlægt innra mat á því hvort starfskjör samræmist starfskjarastefnu og verklagsreglum og öðrum viðmiðum sem stjórn hefur samþykkt varðandi starfskjarastefnu.

b. (21. gr. a.)

Kaupauki.

Rekstraraðili skal tryggja, að því marki sem við á að teknu tilliti til stærðar, skipulags, eðlis og flækjustigs í starfsemi rekstraraðila, að kaupaukar til starfsmanna:

1. Taki mið af árangri viðkomandi, bæði fjárhagslegum og ófjárhagslegum, þeirrar rekstrareiningar sem hlutaðeigandi tilheyrir eða sjóðs og rekstraraðila í heild.
2. Taki mið af árafjölda sem samræmist líftíma þeirra sérhæfðu sjóða sem rekstraraðili rekur til að matið endurspegli langtímaárangur og að greiðslu kaupauka sé dreift yfir tímabil sem tekur mið af innlausnarstefnu sjóðanna og fjárfestingaráhættu þeirra.
3. Séu ekki tryggðir óháð árangri nema á fyrsta ári í starfi.
4. Séu í viðeigandi hlutfalli við föst starfskjör þannig að unnt sé að starfrækja sveigjanlega stefnu um greiðslu kaupauka og greiða eftir atvikum ekki út neinn kaupauka og aldrei umfram 25% af föstum starfskjörum.
5. Séu ekki greiddir í tengslum við uppsögn ráðningarsamnings nema það endurspegli frammistöðu í starfi.
6. Taki mið af áhættu fyrirtækisins nú eða síðar.

7. Samanstandi a.m.k. að hálfu leyti af hlutum eða hlutdeildarskírteinum viðkomandi sjóðs eða jafngildum gerningum, hlutabréfatengdum eða jafngildum gerningum sem ekki eru ígildi reiðufjár nema ef rekstur sérhæfðra sjóða er innan við helmingur af eignasöfnum í stýringu rekstraraðila. Viðeigandi varðveislustefna skal gilda um gerninga samkvæmt þessum tölulíð til að samræma hvata starfsmanna og hagsmuni rekstraraðila, sérhæfðu sjóðanna sem hann rekur og fjárfesta í þeim sjóðum.
8. Sæti því að vera haldið eftir að verulegu leyti, a.m.k. að fjórum tíundu eða sex tíundu hlutum ef kaupauki nemur mjög hárrí fjárhæð, í tímabil sem tekur mið af líftíma og innlausnarstefnu viðkomandi sjóðs og er í samræmi við eðli þeirrar áhættu sem viðkomandi sjóður tekur og er eigi skemur en þrjú ár nema ef líftími viðkomandi sjóðs er styttri; kaupauki sem er haldið eftir skal ekki ávinnast hraðar en í hlutfalli við þann hluta frestsins sem er liðinn.
9. Séu aðeins greiddir út eða ávinnist ef það er sjálfbært í ljósi fjárhagsstöðu rekstraraðila og réttlæt看legt með tilliti til árangurs fyrirtækisins og viðkomandi rekstrareiningar, viðkomandi sjóðs og starfsmanns.
10. Ávinnist ekki nema að takmörkuðu leyti eða séu að verulegu leyti afturkallanlegir ef þeir hafa áunnist en ekki verið greiddir út ef afkoma rekstraraðila eða viðkomandi sjóðs versnar verulega.
11. Séu ekki liður í stefnu rekstraraðila um öflun lífeyrisréttinda nema það samræmist viðskiptaáætlun, markmiðum, gildum og langtímahagsmunum rekstraraðila og sjóðanna sem hann rekur og séu þá aðeins veittir í formi gerninga skv. 7. tölul. sem rekstraraðili heldur eftir í a.m.k. fimm ár.
12. Séu ekki greiddir út í gegnum einingar eða með aðferðum sem auðvelda að farið sé á svig við lög þessi.

Starfsmönnum er óheimilt að afla sér trygginga eða annarra áhættuvarna sem grafa undan því markmiði kaupaukakerfis að hagsmunir þeirra og rekstraraðila fari saman.

Óheimilt er að veita stjórnarmönnum og starfsmönnum sem starfa við áhættustýringu, innri endurskoðun eða regluvörslu kaupauka.

Seðlabanki Íslands getur sett nánari reglur um kaupaukakerfi. Í reglunum má meðal annars kveða á um skilgreiningu fastra starfskjara og kaupauka, markmið kaupaukakerfis, árangurs- og áhættumat, innra eftirlit, jafnvægi á milli fastra starfskjara og kaupauka, ráðningar- kaupauka, frestun, lækkun, afturköllun eða endurkröfu kaupauka, upplýsingagjöf og gagnsæi.

c. (21. gr. b.)

Starfslokasamningur.

Rekstraraðila er óheimilt að gera starfslokasamning við framkvæmdastjóra nema hagnaður hafi verið af rekstri fyrirtækisins samfelld síðustu þrjú ár starfstíma hans. Með starfslokasamningi í grein þessari er átt við hvers konar samninga sem gerðir eru á milli framkvæmdastjóra annars vegar og rekstraraðila hins vegar og kunna að færa þeim sem lætur af störfum hlunnindi eða réttindi umfram hefðbundnar launagreiðslur í uppsagnarfresti.

Hafi hagnaður verið af rekstri fyrirtækisins samfelld síðustu þrjú ár er heimilt að gera starfslokasamninga við þá sem tilgreindir eru í 1. mgr. Slíkir samningar skulu vera í formi beinna launagreiðslna og ekki vara lengur en í 12 mánuði eftir starfslok. Um starfslokasamning sem gerður hefur verið fyrir gildistöku laga þessara en ekki komið til framkvæmda gilda ákvæði greinar þessarar.

Heimilt er í reglugerð að kveða nánar á um skilyrði og framkvæmd starfslokasamninga. Sérstaklega skal gera grein fyrir slíkum samningum í skýringum með ársreikningi.

d. (21. gr. c.)

Starfskjaranefnd.

Rekstraraðili sem er mikilvægur, að teknu tilliti til stærðar sinnar eða stærðar sjóða sem hann rekur, innra skipulags og þess hvers eðlis starfsemin er, umfangs hennar og hversu flókin hún er, skal starfrækja starfskjaranefnd. Starfskjaranefnd skal skipuð þannig að hún geti lagt faglegt og sjálfstætt mat á starfskjarastefnu og framkvæmd hennar og hvata til að stýra áhættu. Nefndin skal skipuð stjórnarmönnum í viðkomandi fyrirtæki, a.m.k. þremur aðilum.

Starfskjaranefnd ber ábyrgð á:

1. Undirbúningi ákvarðana um starfskjör, þ.m.t. þeim sem hafa áhrif á áhættu og áhættustýringu hlutaðeigandi rekstraraðila eða viðkomandi sjóðs og þeim sem stjórn eða framkvæmdastjóri tekur.
2. Umsjón með starfskjörum yfirmanna áhættustýringar og regluvörslu.

178. gr.

Í stað tilvísunarinnar „2. mgr.“ í 4. mgr. 33. gr. laganna kemur: 3. mgr.

179. gr.

Í stað orðanna „og breytilegum starfskjörum“ í 5. tölul. 8. mgr. 45. gr. laganna kemur: starfskjörum og kaupauka.

180. gr.

Í stað orðsins „orðið“ í 2. mgr. 80. gr. laganna, kemur: orðin.

181. gr.

12. tölul. 1. mgr. 101. gr. laganna orðast svo: 21. gr. um starfskjarastefnu, 21. gr. a um kaupauka og 21. gr. c um starfslokasamninga.

182. gr.

12. tölul. 2. mgr. 117. gr. laganna orðast svo: Starfskjarastefnu, kaupaukakerfi og starfslokasamninga, sbr. 21. gr., 21. gr. a og 21. gr. b.

XXII. KAFLI

Breyting á lögum um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja, nr. 70/2020.

183. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 3. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „Hæf“ í 18. tölul. kemur: Eftirgefanleg.
- b. Á eftir 18. tölul. kemur nýr töluliður, svohljóðandi: *Hæf skuldbinding*: Eftirgefanleg skuldbinding sem uppfyllir skilyrði 2. mgr. 17. gr. og gerningur sem telst til eiginfjárbáttar 2 samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki og uppfyllir skilyrði b-liðar 1. mgr. 72. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.
- c. 20. tölul. orðast svo: *Lánastofnun*: Fyrirtæki sem starfar við að taka á móti innlánnum eða öðrum endurgreiðanlegum fjármunum frá almenningi og veita lán fyrir eigin reikning.

184. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðast svo:

Skuldbindingar skulu teljast til fjárhæðar lágmarkskröfu eiginfjárgrunns og hæfra skuldbindinga ef þær uppfylla öll skilyrði í eftirfarandi greinum reglugerðar (ESB) nr. 575/2013:

1. 72. gr. a.

2. 72. gr. b, að undanskildum d-lið 2. mgr.

3. 72. gr. c.

b. 5. tölul. 3. mgr. fellur brott.

185. gr.

21. gr. laganna fellur brott, ásamt fyrirsögn.

186. gr.

Í stað tilvísunarinnar „20. og 21. gr.“ í 1. másl. 1. mgr. 22. gr. laganna kemur: og 20. gr.

187. gr.

Í stað tilvísunarinnar „4. mgr. 86. gr. g“ í 1. tölul. 2. mgr. 29. gr. laganna kemur: 3. mgr. 107. gr. a.

188. gr.

Í stað orðsins „hæfum“ í 3. tölul. 2. mgr. 30. gr. laganna kemur: eftirgefanlegum.

189. gr.

Í stað orðanna „hæfar“ og „hæfum“ í 1. og 2. tölul. 1. mgr. 55. gr. laganna kemur: eftirgefanlegar; og: eftirgefanlegum.

190. gr.

Í stað orðsins „hæfra“ í 1. tölul. 3. mgr. 57. gr. laganna kemur: eftirgefanlegra.

191. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 58. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „hæfra skuldbindinga sem eftir standa, sem ekki eru undanþegnar eftirgjöf skv. 56. gr.“ í 5. tölul. 1. mgr. kemur: eftirgefanlegra skuldbindinga, þ.m.t. skuldagerninga skv. 3. tölul. 1. mgr. 85. gr. a, sem eftir standa.

b. Í stað orðsins „hæfra“ í 1. másl. 2. mgr. kemur: eftirgefanlegra.

192. gr.

Í stað tilvísunarinnar „86. gr. k“ í 5. mgr. 69. gr. laganna kemur: 107. gr. f.

193. gr.

Í stað orðsins „hæfra“ í 3. tölul. 1. mgr. 79. gr. laganna kemur: eftirgefanlegra.

XXIII. KAFLI

Breyting á lögum um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu, nr. 20/2021.

194. gr.

Í stað tilvísunarinnar „skv. 1.–5. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002“ í 24. gr. laganna kemur: samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki eða lögum um markaði fyrir fjármálagerninga.

195. gr.

Á eftir orðunum „lögum um fjármálafyrirtæki“ í 1. mgr. 28. gr. laganna kemur: eða lögum um markaði fyrir fjármálagerninga.

XXIV. KAFLI

Breyting á lögum um greiðsluþjónustu, nr. 114/2021.

196. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

- a. 3. tölul. orðast svo: *Eiginfjárgrunnur*: Eiginfjárgrunnur eins og hann er skilgreindur í lögum um fjármálafyrirtæki, þar sem a.m.k. 75% af eiginfjárþætti 1 er í formi almenns eigin fjár þáttar 1 og eiginfjárþáttur 2 er jafn eða minni en þriðjungur af eiginfjárþætti 1.
- b. Í stað orðanna „sem innleidd var með reglugerð um varfærniskröfur vegna starfsemi fjármálafyrirtækja, nr. 233/2017“ í 35. tölul. kemur: sbr. lög um fjármálafyrirtæki.

197. gr.

Í stað tilvísunarinnar „1. mgr. 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002“ í 3. mgr. 7. gr. laganna kemur: a–e-lið 1. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sbr. lög um fjármálafyrirtæki.

198. gr.

Í stað tilvísunarinnar „17. gr.“ í 3. másl. 1. mgr. 12. gr. laganna kemur: 77. gr. a og 77. gr. b.

XXV. KAFLI

Breyting á lögum um markaði fyrir fjármálagerninga, nr. 115/2021.

199. gr.

Í stað hlutfallsins „33%“ í 1. mgr. og 2. másl. 2. mgr. 12. gr. laganna kemur: 30%.

XXVI. KAFLI

Breyting á lögum um verðbréfasjóði, nr. 116/2021.

200. gr.

Á eftir 12. tölul. 1. mgr. 3. gr. laganna kemur nýr töluliður, svohljóðandi: *Kaupauki*: Kaupauki samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki.

201. gr.

Í stað orðsins „fjármálafyrirtæki“ og tilvísunarinnar „1. tölul. 1. mgr. 25. gr.“ í 1. másl. 4. mgr. 4. gr. laganna kemur: markaði fyrir fjármálagerninga; og: 15. tölul. 1. mgr. 4. gr.

202. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 6. gr. laganna:

- a. Í stað tilvísunarinnar „17. gr.“ í f-lið kemur: 17.–17. gr. c.
- b. Í stað tilvísunarinnar „15. tölul.“ í h-lið kemur: 16. tölul.

203. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. mgr. 12. gr. laganna:

- a. Í stað tilvísunarinnar „84. gr. d laga“ í 1. málsli kemur: 97. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sbr. lög.
- b. Við bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Hafi rekstrarfélag viðbótarstarfsheimildir skv. 3. mgr. 5. gr. gilda um starfsemi þess ákvæði 2. mgr. 95. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sbr. lög um fjármálafyrirtæki.

204. gr.

Á eftir orðinu „Ákvæði“ í 3. mgr. 13. gr. laganna kemur: A-hluta.

205. gr.

Í stað tilvísunarinnar „skv. 84. gr. e laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002“ í 5. tölul. 1. mgr. 14. gr. laganna kemur: samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki.

206. gr.

Í stað 17. gr. laganna koma fjórar nýjar greinar, 17. gr., 17. gr. a, 17. gr. b og 17. gr. c, sem orðast svo, ásamt fyrirsögnum:

- a. (17. gr.)

Starfskjarastefna.

Rekstrarfélag skal hafa starfskjarastefnu og starfskjaraframkvæmd sem skal ná til heildarstarfskjara og sem skal tryggja, að því marki sem við á að teknu tilliti til stærðar, skipulags, eðlis og flækjustigs í starfsemi rekstrarfélagsins, að:

1. Starfskjör starfsmanna:
 - a. samræmist og stuðli að traustri og skilvirkri áhættustýringu og hvetji ekki til áhættusækni sem er í ósamræmi við áhættusnið eða reglur þeirra sjóða sem rekstrarfélag rekur eða dragi úr möguleikum rekstrarfélags til að starfa með hagsmuni verðbréfasjóða sem það rekur að leiðarljósi,
 - b. samræmist viðskiptaáætlun, markmiðum, gildum og hagsmunum rekstrarfélags og verðbréfasjóða sem það rekur og fjárfesta í þeim sjóðum og leiði ekki til hagsmunarárekstra.
2. Starfskjör stjórnarmanna og starfsmanna sem hafa eftirlit með höndum taki mið af þeirra eigin verksviði en ekki árangri þeirra rekstrareininga sem þeir hafa eftirlit með.

Stjórn rekstrarfélags skal reglubundið meta hvort starfskjarastefna samræmist þessari grein og hafa eftirlit með framkvæmd hennar. Að minnsta kosti árlega skal fara fram óháð miðlægt innra mat á því hvort starfskjör samræmist starfskjarastefnu og verklagsreglum og öðrum viðmiðum sem stjórn hefur samþykkt varðandi starfskjarastefnu.

b. (17. gr. a.)

Kaupauki.

Rekstrarfélag skal tryggja, að því marki sem við á að teknu tilliti til stærðar, skipulags, eðlis og flækjustigs í starfsemi rekstrarfélags, að kaupaukar til starfsmanna:

1. Taki mið af áhættutöku og árangri viðkomandi starfsmanns, bæði fjárhagslegum og ófjárhagslegum, þeirrar rekstrareiningar sem hann tilheyrir eða viðkomandi sjóðs og árangur rekstrarfélags í heild.
2. Taki mið af árafjölda sem samræmist þeim eignarhaldstíma sem mælt er með við fjárfesta í viðkomandi verðbréfasjóði sem rekstrarfélag rekur til að tryggja að matið endurspegli langtímaárangur sjóðsins og fjárfestingaráhættu og að greiðslu kaupauka sé dreift yfir sama tímabil.
3. Séu ekki tryggðir óháð árangri nema á fyrsta ári í starfi.
4. Séu í viðeigandi hlutfalli við föst starfskjör þannig að unnt sé að starfrækja sveigjanlega stefnu um greiðslu kaupauka og eftir atvikum ekki greiða út neinn kaupauka og aldrei umfram 25% af föstum starfskjörum.
5. Séu ekki greiddir í tengslum við uppsögn ráðningarsamnings nema það endurspegli frammistöðu í starfi og umbuni ekki ef árangri er ekki náð.
6. Taki mið af áhættu fyrirtækisins nú eða síðar.
7. Samanstandi a.m.k. að hálfu leyti af hlutdeildarskírteinum viðkomandi sjóðs eða jafngildum gerningum, hlutabréfatengdum gerningum eða jafngildum gerningum sem ekki eru ígildi reiðufjár með álíka hvata og aðrir gerningar samkvæmt þessum tölulíð, nema ef rekstur verðbréfasjóða er innan við helmingur af eignasöfnum í stýringu rekstrarfélags. Viðeigandi varðveislustefna skal gilda um gerninga samkvæmt þessum tölulíð til að samræma hvata starfsmanna og hagsmuni rekstrarfélags, verðbréfasjóðanna sem það rekur og fjárfesta í þeim sjóðum.
8. Sé að verulegu leyti, a.m.k. að fjórum tíundu eða sex tíundu ef kaupauki nemur mjög hárrí fjárhæð, haldið eftir í tímabil sem tekur mið af þeim eignarhaldstíma sem mælt er með við fjárfesta í viðkomandi verðbréfasjóði og er í samræmi við eðli þeirrar áhættu sem viðkomandi sjóður tekur og er eigi skemur en þrjú ár; kaupauki sem er haldið eftir skal ekki ávinnast hraðar en í hlutfalli við þann hluta frestsins sem er liðinn.
9. Séu aðeins greiddir út eða ávinnast ef það er sjálfbært í ljósi fjárhagsstöðu rekstrarfélags og réttlæt看legt með tilliti til árangurs fyrirtækisins og viðkomandi rekstrareiningar, viðkomandi sjóðs og einstaklings.
10. Ávinnast ekki nema að takmörkuðu leyti eða séu að verulegu leyti afturkallanlegir ef þeir hafa áunnast en ekki verið greiddir út ef afkoma rekstrarfélags eða viðkomandi sjóðs versnar verulega.
11. Séu ekki liður í stefnu rekstrarfélags um öflun lífeyrisréttinda nema það samræmist viðskiptaáætlun, markmiðum, gildum og langtímahagsmunum rekstrarfélags og sjóðanna sem það rekur og þá aðeins veittir í formi gerninga skv. 7. tölul. sem rekstrarfélagið heldur eftir í a.m.k. fimm ár.
12. Séu ekki greiddir út í gegnum einingar eða með aðferðum sem greiða fyrir því að farið sé á svig við lög þessi.

Starfsmönnum er óheimilt að afla sér trygginga eða annarra áhættuvarna sem grafa undan því markmiði kaupaukakerfis að hagsmunir þeirra og rekstrarfélags fari saman.

Óheimilt er að veita stjórnarmönnum og starfsmönnum sem starfa við áhættustýringu, innri endurskoðun eða regluvörslu kaupauka.

Seðlabanki Íslands getur sett nánari reglur um kaupaukakerfi. Í reglunum má meðal annars kveða á um skilgreiningu fastra starfskjara og kaupauka, markmið kaupaukakerfis, árangurs- og áhættumat, innra eftirlit, jafnvægi á milli fastra starfskjara og kaupauka, ráðningar- kaupauka, frestun, lækkun, afturköllun eða endurkröfu kaupauka, upplýsingagjöf og gagnsæi.

c. (17. gr. b.)

Starfslokasamningur.

Rekstrarfélagi er óheimilt að gera starfslokasamning við framkvæmdastjóra nema hagnaður hafi verið af rekstri fyrirtækisins samfellt síðustu þrjú ár starfstíma hans. Með starfslokasamningi í grein þessari er átt við hvers konar samninga sem gerðir eru á milli framkvæmdastjóra annars vegar og rekstrarfélags hins vegar og kunna að færa þeim sem lætur af störfum hlunnindi eða réttindi umfram hefðbundnar launagreiðslur í uppsagnarfresti.

Hafi hagnaður verið af rekstri fyrirtækisins samfellt síðustu þrjú ár er heimilt að gera starfslokasamninga við þá sem tilgreindir eru í 1. mgr. Slíkir samningar skulu vera í formi beinna launagreiðslna og ekki vara lengur en í 12 mánuði eftir starfslok. Um starfslokasamning sem gerður hefur verið fyrir gildistöku laga þessara en ekki komið til framkvæmda gilda ákvæði greinar þessarar.

Heimilt er í reglugerð að kveða nánar á um skilyrði og framkvæmd starfslokasamninga. Sérstaklega skal gera grein fyrir slíkum samningum í skýringum með ársreikningi.

d. (17. gr. c.)

Starfskjaranefnd.

Rekstrarfélag sem er mikilvægt að teknu tilliti til stærðar sinnar eða stærðar sjóða sem það rekur, innra skipulags og þess hvers eðlis starfsemin er, umfangs hennar og hversu flókin hún er skal starfrækja starfskjaranefnd. Starfskjaranefnd skal skipuð þannig að hún geti lagt faglegt og sjálfstætt mat á starfskjarastefnu og framkvæmd hennar og hvata til að stýra áhættu. Nefndin skal skipuð stjórnarmönnum í viðkomandi fyrirtæki, a.m.k. þremur aðilum.

Starfskjaranefnd ber ábyrgð á:

1. Undirbúningi ákvarðana um starfskjör, þ.m.t. þeim sem hafa áhrif á áhættu og áhættustýringu hlutadeigandi rekstrarfélags eða viðkomandi sjóðs og þeim sem stjórn eða framkvæmdastjóri tekur, með hætti sem tekur tillit til langtímahagsmuna fjárfesta og annarra hagsmunaaðila og almannahagsmuna.
2. Umsjón með starfskjörum yfirmanna áhættustýringar og regluvörslu.

207. gr.

Í stað orðanna „og breytilegum starfskjörum“ í 4. tölul. 2. mgr. 54. gr. laganna kemur: starfskjörum og kaupauka.

208. gr.

Í stað tilvísunarinnar „16. tölul.“ í 7. tölul. 2. mgr. 64. gr. laganna kemur: 17. tölul.

209. gr.

Í stað tilvísunarinnar „18. tölul.“ í 1. mgr. 77. gr. laganna kemur: 19. tölul.

210. gr.

Í stað tilvísunarinnar „18. tölul.“ í h-lið 1. mgr. 80. gr. laganna kemur: 19. tölul.

211. gr.

Í stað tilvísunarinnar „18. tölul.“ í inngangsmálslið og í inngangsmálslið 2. mgr. 87. gr. laganna kemur: 19. tölul.

212. gr.

Í stað tilvísunarinnar „25. tölul.“ í 4. mgr. 89. gr. laganna kemur: 26. tölul.

213. gr.

Í stað tilvísunarinnar „17. gr.“ í 14. tölul. 1. mgr. 115. gr. laganna kemur: 17.–17. gr. b.

214. gr.

9. tölul. 2. mgr. 134. gr. laganna orðast svo: Starfskjarastefnu, kaupaukakerfi og starfslokasamninga, sbr. 17. gr., 17. gr. a og 17. gr. b.

XXVII. KAFLI

Gildistaka.

215. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2022, nema 140. gr. sem öðlast þegar gildi og 65. gr. sem tekur gildi 30. desember 2023 gagnvart fjármálafyrirtækjum sem uppfylltu skilyrði a-liðar 65. gr. 27. júní 2019.

Greinargerð.

1. Inngangur.

Frumvarpi þessu er einkum ætlað að innleiða efni Evrópuþerða á sviði fjármálamarkaðar. Það var að stærstum hluta til samið af starfshópi sem fjármála- og efnahagsráðherra skipaði í október 2020 þar sem sæti áttu fulltrúi frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu, sem gegndi formennsku, tveir fulltrúar frá Samtökum fjármálafyrirtækja og tveir fulltrúar frá Seðlabanka Íslands.

2. Tilfni og nauðsyn lagasetningar.*2.1. Innleiðing Evrópuþerða um lánastofnanir.*

Tilskipun 2013/36/ESB um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærnisefirlit með lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum (e. Capital Requirements Directive, hér eftir CRD IV) og reglugerð (ESB) nr. 575/2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki (e. Capital Requirements Regulation, hér eftir CRR) (saman hér eftir CRD IV-pakkinn) mynda, ásamt tilskipun 2014/59/ESB sem kemur á ramma um endurreisn og skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja (e. Bank Recovery and Resolution Directive, hér eftir BRRD), hryggjarstykkið í löggjöf Evrópusambandsins um banka og aðrar lánastofnanir. Með tilskipunum og reglugerðinni var leitast við að bæta úr vanköntum á lagaumgjörð lánastofnana sem alþjóðlega fjármálakreppan leiddi í ljós og alþjóðleg viðmið um varfærniskröfur til lánastofnana, svonefndur Basel III-staðall, voru innleidd í Evrópu. Gerðunum er ætlað að treysta fjármálastöðugleika, einkum með auknum kröfum um magn og gæði eigin fjár lánastofnana til að gera þær betur í stakk búnar til að takast á við erfiðleika. Evrópusambandið hefur samþykkt nokkrar breytingar á gerðunum. Veigamestar breytingar voru gerðar með tilskipun (ESB) 2019/878 (oft nefnd CRD V), reglugerð (ESB) 2019/876 (oft nefnd CRR II) og tilskipun (ESB) 2019/879 (oft nefnd BRRD II).

Sameiginlega EES-nefndin samþykkti í febrúar 2018 að taka BRRD upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Nefndin samþykkti í mars 2019 að taka CRD IV-pakkann upp í samninginn. Ákvarðanirnar tóku gildi 1. janúar 2020. Nefndin samþykkti í október 2021 að taka CRR II upp í samninginn og samþykkti í desember sama ár að taka CRD V upp í samninginn og taka ákvarðanirnar gildi þegar Ísland, Noregur og Liechtenstein hafa aflétt stjórnskipulegum fyrirvörum við ákvarðanir nefndarinnar. Ráðgert er að taka BRRD II upp í samninginn á árinu 2022.

Íslensk lög hafa verið löguð að CRD IV-pakkanum í áföngum síðustu ár. Fyrsta skrefið í þá átt var stigið með lögum nr. 57/2015. Með þeim voru gerðar verulegar breytingar á ákvæðum laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, um starfsleyfi, stofnun og starfsemi, starfsheimildir, stórar áhættuskuldbindingar, eignarhluti og meðferð þeirra, stjórn og starfsmenn, starfskjarastefnu og kaupauka, meðhöndlun áhættu og eiginfjáráuka. Ráðherra var jafnframt heimilað að setja reglugerð til að innleiða CRR, sem hann gerði með reglugerð um varfærniskröfur vegna starfsemi fjármálafyrirtækja, nr. 233/2017. Með lögum nr. 58/2015 var viðurlagaákvæðum í löggjöf um fjármálamarkað breytt, meðal annars með hliðsjón af CRD IV. Með lögum nr. 96/2016 voru gerðar breytingar á ákvæðum laga um fjármálafyrirtæki um orðskýringar, starfsleyfi og starfsheimildir, stofnframlag, upplýsingaskyldu, vogunarhlutfall, könnunar- og matsferli, eigið fé og fleira til að laga þau að CRD IV-pakkanum. Með lögum nr. 23/2017 var ákvæðum um tilkynningar um brot í starfsemi fjármálafyrirtækja bætt við lög um fjármálafyrirtæki og lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998, í sama skyni. Með lögum nr. 54/2018 voru gerðar breytingar á ákvæðum laga um fjármálafyrirtæki um eftirlit og varfærniskröfur á samstæðugrunni, samstarf við eftirlitsaðila í öðrum ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu og lagastoð fyrir reglugerð vegna stórra áhættuskuldbindinga. Með lögum nr. 8/2019 voru gerðar breytingar á ákvæðum laga um fjármálafyrirtæki um stjórn og endurskoðun. Með lögum um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja, nr. 70/2020, var loks meginefni BRRD innleitt hér á landi.

Eftir standa þó nokkur atriði í CRD IV-pakkanum og BRRD, auk þess sem eftir á að innleiða breytingar á gerðunum, einkum með CRD V og BRRD II. Með frumvarpi þessu stendur til að ljúka því sem út af stendur í innleiðingu CRD IV-pakkans ásamt því að innleiða CRD V, CRR II og aðrar reglugerðir sem breyttu CRR. Meginefni BRRD II verður veitt gildi síðar. Þó eru með frumvarpi þessu teknar upp fáeinar breytingar samkvæmt BRRD II sem CRR II gerir ráð fyrir svo að unnt verði að veita CRR II í heild gildi hér á landi með samþykkt frumvarpsins.

2.2. Innleiðing Evrópuerða um sjóði.

Lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, nr. 45/2020, og lög um verðbréfasjóði, nr. 116/2021, innleiddu meginefni tilskipana 2011/61/ESB um rekstraraðila sérhæfðra sjóða og um breytingu á tilskipunum 2003/41/EB og 2009/65/EB og reglugerðum (EB) nr. 1060/2009 og (ESB) nr. 1095/2010 (e. Alternative Investment Fund Managers Directive, hér eftir AIFMD), og 2014/91/ESB um breytingu á tilskipun 2009/65/EB um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um verðbréfasjóði að því er varðar störf vörsluaðila, starfskjarastefnu og viðurlög (e. Undertakings for Collective Investment in Transferable Securities, hér eftir UCITS V). Full innleiðing á ákvæðum tilskipananna um kaupauka og önnur starfskjör var þó látin bíða fullrar innleiðingar á starfskjaraákvæðum CRD IV. Rétt þótti að gera breytingarnar samhliða til að gæta samræmis á fjármálamarkaði hvað þetta varðar, svo sem varðandi hugtakanotkun. Með frumvarpi þessu er ráðgert að ljúka við innleiðingu starfskjaraákvæðanna.

2.3. Aðrar breytingar.

Samkvæmt 4. mgr. 8. gr. reglna um þinglega meðferð EES-mála skulu lagafrumvörp til innleiðingar á EES-gerðum að meginstefnu aðeins fela í sér þær breytingar sem nauðsynlegar eru til að endurspegla þær EES-skuldbindingar sem við eiga. Varði frumvarp fleiri atriði skal í greinargerð tilgreina sérstaklega hvaða greinar frumvarpsins eru til innleiðingar auk þess sem rökstyðja ber hvers vegna talið hafi verið nauðsynlegt að víkja frá meginreglu um hrein innleiðingarfrumvörp.

Innleiðing CRD IV-pakkans kallar á verulegar breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki. Vinna við breytingartillögurnar hefur leitt í ljós nokkurn fjölda annarra atriða í þeim ákvæðum sem taka breytingum sem þykir tilefni til að breyta, einkum til að einfalda eða skýra löggin eða lagfæra tæknilega annmarka, en einnig að nokkru marki til að ná fram efnislegum breytingum sem eru taldar draga úr stjórnsýslubyrði án þess að vinna gegn markmiðum laganna. Að hluta til taka þær mið af ábendingum sem ráðuneytinu bárust meðan á vinnu starfshópsins stóð. Nánar er gerð grein fyrir breytingartillögum í 3. kafla. Greint er frá ábendingum til ráðuneytisins í 5. kafla.

2.4. Form frumvarpsins.

Við vinnslu frumvarpsins kom til umræðu hvort tilefni væri til að leggja til ný lög um fjármálafyrirtæki, í stað breytingalaga, í ljósi umfangs þeirra breytinga sem lagðar eru til. Það sem helst þótti mæla gegn því er að þrátt fyrir umfang breytingartillagnanna felur frumvarpið ekki í sér heildarendurskoðun á lögum um fjármálafyrirtæki heldur beinist það fyrst og fremst að því að ljúka innleiðingu CRD IV-pakkans. Veigamiklir hlutar laganna sem full þörf er á að endurskoða, svo sem XII. kafli um endurskipulagningu fjárhags, slit og samruna fjármálafyrirtækja, taka þannig litlum breytingum samkvæmt frumvarpinu. Óheppilegt þótti að leggja þá hluta laganna því sem næst óbreytta fyrir Alþingi til samþykktar án þess að færi hafi gefist á því að taka þá til endurskoðunar.

Tímabært er þó að huga að heildarendurskoðun laganna. Fyrir dyrum stendur að innleiða reglur Evrópusambandsins um varfærniseftirlit með verðbréfafyrirtækjum, einkum reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2033 og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2034, sem í meginráttum fela í sér að skilið er á milli reglna um varfærniseftirlit með lánastofnunum annars vegar og verðbréfafyrirtækjum hins vegar, sem eru þær tvær tegundir fyrirtækja sem nú teljast til fjármálafyrirtækja. Innleiðingin mun líklega fela í sér að í stað gildandi laga um fjármálafyrirtæki komi tvenn ný lög, lög um lánastofnanir og lög um verðbréfafyrirtæki. Líkur eru því á því að gildandi lög um fjármálafyrirtæki falli brott á næstunni.

3. Meginefni frumvarpsins.

3.1. Innleiðing Evrópuþinggerða um lánastofnanir.

Frumvarpinu er fyrst og fremst ætlað að ljúka því sem út af stendur í innleiðingu CRD IV-pakkans ásamt því að innleiða breytingar á honum með CRD V, CRR II og öðrum gerðum sem breyttu CRR. Eftirfarandi eru helstu efnisbreytingar á lögum sem lagðar eru til í því skyni með frumvarpinu:

1. Fjármálaeftirlitinu verður heimilað að afturkalla starfsleyfi lánastofnunar sem brýtur alvarlega eða ítrekað gegn lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.
2. Fjármálafyrirtækjum verður gert að halda skrá um öll viðskipti sín og skjalfesta stefnur, kerfi og ferla.

3. Kveðið er á um aukið samstarf og upplýsingaskipti lögbærra yfirvalda í heima- og gisti-
ríkjum fjármálafyrirtækja sem starfrækja mikilvæg útibú í öðrum aðildarríkjum. Mikil-
vægi útibúa er metið með tilliti til hlutdeildar þeirra í innlánnum í gistiríkjum, kerfislegra
áhrifa lokunar þeirra og fjölda viðskiptavina.
4. Fjármálastofnunum, sem eru fyrirtæki sem hafa það að meginstarfsemi að afla eignar-
hluta eða sinna tiltekinni fjármálaþjónustu en eru ekki fjármálafyrirtæki, verður heimilað
að stofna útibú og veita þjónustu sem þeim er heimilt að veita í heimaríki sínu í öðrum
ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu ef þau eru dótturfélög lánastofnana.
5. Lánastofnunum með staðfestu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins verður óheimilt að
þjóða fram þjónustu hér á landi án þess að stofna hér útibú.
6. Útibúum lánastofnana með staðfestu í ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins verður
gert að skila Fjármálaeftirlitinu reglubundið upplýsingum um eignir sínar, aðgengi að
lausu fé, eiginfjárgrunn, innstæðutryggingakerfi, áhættustýringu, stjórnarhætti, lykil-
starfsmenn, endurbótaáætlanir og annað sem Fjármálaeftirlitið telur nauðsynlegt til að
hafa heildstætt eftirlit með starfsemi þeirra.
7. Fyrirmæli um úrræði Fjármálaeftirlitsins vegna brota erlendra lánastofnana verða löguð
að CRD IV. Einkum er kveðið á um heimild Fjármálaeftirlitsins til að leita aðstoðar
Evrópsku bankaftirlitsstofnunarinnar eða Eftirlitsstofnunar EFTA ef lögbært yfirvald
fyrirtækisins bregst ekki með fullnægjandi hætti við brotum þess sem Fjármálaeftirlitið
hefur tilkynnt yfirvaldinu um og tekið fram að bráðabirgðaaðgerðir, sem Fjármálaeftir-
litið getur gripið til til að viðhalda fjármálastöðugleika eða vernda innlánseigendur, fjár-
festa og viðskiptamenn lánastofnunar á Íslandi, eigi aðeins að gilda á meðan slíku ferli
er ólokið. Þá verður Fjármálaeftirlitinu falið að koma í veg fyrir að erlend lánastofnun
sem hefur verið svipt starfsleyfi stundi viðskipti hér á landi.
8. Fjármálaeftirlitinu verður falið að bregðast við tilkynningu lögbærs yfirvalds í öðru
aðildarríki um brot íslensks fjármálafyrirtækis sem þar starfar gegn ákvæðum CRD IV-
pakkans með ráðstöfunum til að tryggja að fyrirtækið fari að ákvæðunum.
9. Reglur um breytingar á virkum eignarhlut verða miðaðar við 30% eignarhlut eða
atkvæðisrétt frekar en 33%.
10. Fjármálaeftirlitinu verður falið að meta hvort fjármögnun öflunar eða aukningar á virkum
eignarhlut í lánastofnun sé traust.
11. Fjármálaeftirlitinu verður heimilað að setja öflun eða aukningu virks eignarhlutar frest í
stað þess að mælt sé fyrir um fastan sex mánaða frest.
12. Eignist aðili eða auki við virkan eignarhlut í lánastofnun án þess að hafa tilkynnt
Fjármálaeftirlitinu um það fyrir fram mun atkvæðisréttur sem er umfram leyfileg mörk
falla niður frekar en atkvæðisréttur sem er umfram það sem hann átti áður.
13. Fjármálaeftirlitinu verður heimilað að krefjast úrbóta eða sölu virks eignarhlutar í
lánastofnun fari eigandi hans þannig með hlutinn að það sé líklegt til að skaða heilbrigðan
og traustan rekstur lánastofnunarinnar.
14. Eignarhaldsfélögum verður við tilgreindar aðstæður gert að fá samþykki frá Fjármála-
eftirlitinu. Samþykki er háð því að til staðar sé fullnægjandi fyrirkomulag til að tryggja
að farið sé að kröfum á samstæðugrunni, því að skipulag samstæðu hindri ekki eftirlit og
því að eigendur virkra eignarhluta, stjórnarmenn og framkvæmdastjóri séu metnir hæfir.
15. Tveimur eða fleiri fjármálafyrirtækjum á Evrópska efnahagssvæðinu, sem tilheyra sam-
stæðu með minnst 40 milljarða evra eignir á Evrópska efnahagssvæðinu og þar sem móð-
urfélagið er með staðfestu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins, verður gert að hafa
sameiginlegt milligöngumóðurfélag með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu.

16. Kveðið verður á um að fjármálafyrirtæki skuli hafa traust fyrirkomulag stjórnarháttá, með skýru stjórnskipulagi og ábyrgðarskiptingu og fullnægjandi innri eftirlitskerfi.
17. Fjármálafyrirtæki eru undanþegin ákvæði laga um hlutafélög um rétt minni hluta hluthafa til að krefjast ákvörðunar um útgreiðslu arðs til að mæta kröfu CRR um að fjármálafyrirtæki megi ekki vera skuldbundin til að inna af hendi greiðslur til eigenda gerninga sem telja á til almenns eigin fjár þáttar 1.
18. Fjármálaeftirlitinu verður heimilað að víkja framkvæmdastjóra og stjórnarmanni í fjármálafyrirtæki frá uppfylli hann ekki hæfisskilyrði. Eftirlitinu verður falið að kanna hvort svo sé þegar það hefur rökstuddan grun um peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka í tengslum við fjármálafyrirtæki.
19. Stjórnarmönnum og framkvæmdastjórum í kerfislega mikilvægum fjármálafyrirtækjum verður bannað að taka að sér störf í stjórnunareiningum annarra félaga komi það niður á getu þeirra til að sinna störfum fyrir fjármálafyrirtækin með fullnægjandi hætti.
20. Kerfislega mikilvægum fjármálafyrirtækjum verður almennt skylt að starfrækja tilnefningarnefndir. Hlutverk þeirra verður meðal annars að tilnefna einstaklinga til stjórnarsetu fyrir hluthafafundi.
21. Reglur fjármálafyrirtækja um viðskipti við tengda aðila skulu ekki aðeins ná til framkvæmdastjóra og lykilstarfsmanna heldur einnig til stjórnarmanna.
22. Fjármálafyrirtækjum verður skylt að setja sér starfskjarastefnu sem á að stuðla að því að starfskjör samræmist traustri áhættustýringu, ekki sé mismunað eftir kyni og að starfskjör starfsmanna sem hafa eftirlit með höndum taki mið af þeirra eigin verksviði en ekki árangri þeirra rekstrareininga sem þeir hafa eftirlit með.
23. Sett eru ítarlegri fyrirmæli um kaupauka í lög. Kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki skulu almennt greiða að minnsta kosti helming kaupauka í formi hlutabréfa eða svipaðra gerninga og fresta greiðslu verulegs hluta kaupauka í fjögur til fimm ár. Kaupauki sem hefur áunnist en ekki verið greiddur út skal afturkallaður ef afkomu fyrirtækis hrakar verulega. Áfram er gert ráð fyrir því að kaupaukar skuli vera endurkræfir ef í ljós kemur að viðkomandi einstaklingur hafi tekið þátt í eða borið ábyrgð á háttsemi sem olli fyrirtækinu tjóni eða brugðist starfsskyldum sínum. Þá er einnig áfram gert ráð fyrir því að kaupauki megi ekki vera umfram 25% af föstum starfskjörum og að ekki megi greiða stjórnarmönnum og starfsmönnum sem starfa við áhættustýringu, innri endurskoðun eða regluvörslu kaupauka.
24. Fjármálafyrirtækjum sem njóta góðs af sérstökum stuðningi hins opinbera, svo sem láni til þrautavara eða hlutafjárframlagi til að mæta greiðsluvanda, verður skylt að endurskoða starfskjör stjórnenda og takmarka kaupauka þangað til fyrirtækið þarfnast ekki frekari stuðnings.
25. Kerfislega mikilvægum fjármálafyrirtækjum verður skylt að starfrækja starfskjaranefndir. Hlutverk þeirra verður að undirbúa ákvarðanir um starfskjör og hafa umsjón með starfskjörum yfirmanna áhættustýringar og regluvörslu.
26. Skylda til að starfrækja áhættustýringu í óháðri einingu verður takmörkuð við fjármálafyrirtæki þar sem það á við að teknu tilliti til stærðar, eðlis og umfangs rekstrar fyrirtækjanna, og þess hversu margþætt starfsemi þeirra er.
27. Allir nefndarmenn í áhættunefnd fjármálafyrirtækis skulu vera stjórnarmenn, ekki aðeins tveir þeirra. Meðal hlutverka áhættunefndar verður að aðstoða stjórn við eftirlit með framkvæmd framkvæmdastjóra og stjórnenda sem svara beint til framkvæmdastjóra á áhættustefnu fyrirtækisins.

28. Könnunar- og matsferli Fjármálaeftirlitsins verður í meginatriðum takmarkað við áhættu sem einstök fjármálafyrirtæki standa frammi fyrir frekar en að ná einnig til kerfisáhættu sem af þeim stafar.
29. Lokið verður við innleiðingu ákvæða CRD IV um eiginfjárouka, sem eru kröfur um að viðhalda eiginfjárgrunni sem leggjast ofan á grunnkröfu til fjármálafyrirtækja um eiginfjárhluafall og reiknast almennt sem hlutfall af áhættugrunni fjármálafyrirtækis. Nú er mælt fyrir um fjóra eiginfjárouka: verndunarauka, sem er fastur 2,5% eiginfjárouki, sveiflujöfnunarauka, sem nemur nú almennt allt að 2,5%, eiginfjárouka fyrir kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki, sem nemur nú allt að 2%, og eiginfjárouka vegna kerfisáhættu, sem nemur almennt allt að 3%. Verndunarauki verður óbreyttur samkvæmt frumvarpinu. Hlutfall sveiflujöfnunarauka verður óbreytt en kveðið er á um á hvaða sjónarmiðum ákvörðun hlutfallsins skuli byggjast. Hlutfallið mun taka mið af sveiflutengdri kerfisáhættu en við mat á henni skal litið til skuldaveiflu, einkum fráviks hlutfalls skulda af vergri landsframleiðslu frá langtímaleitni, áhættu sem stafar af óhóflegum vexti skulda á Íslandi og annarra viðeigandi þátta. Kveðið verður á um nýjan 1%–3,5% eiginfjárouka fyrir fjármálafyrirtæki sem eru talin kerfislega mikilvæg á alþjóðavísu. Almennt hámark eiginfjárouka fyrir kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki á landsvísu mun hækka úr 2% í 3%. Hlutfallið á að ráðast af því hversu kerfislega mikilvægt fyrirtæki er talið vera, sem skal a.m.k. taka mið af stærð fyrirtækisins, efnahagslegu mikilvægi, umfangi starfsemi yfir landamæri og samtengingu þess við fjármálakerfið. Hlutfall eiginfjárouka vegna kerfisáhættu, sem lagt er til að verði frekar nefndur kerfisáhættuauki til einföldunar, verður óbreytt en skal miðast við kerfisáhættu sem ekki er mætt með öðrum eiginfjároukum eða CRR í stað ósveiflutengdrar áhættu í fjármálakerfinu. Heimilt verður, líkt og nú, að láta kerfisáhættuauka miðast við tiltekna flokka áhættuskuldbindinga í stað áhættugrunns í heild en flokkarnir eru nú tilgreindir. Heimild fjármálafyrirtækja sem viðhalda ekki tilskildum eiginfjároukum til að greiða út arð, kaupa eigin bréf eða greiða kaupauka verður almennt skert eftir reiknistuðlum sem ráðast af því hve mikið vantar upp á að þau viðhaldi tilskildum eiginfjároukum. Sama gildir ef fjármálafyrirtæki viðhalda ekki tilskildum vogunarauka, sem er krafa samkvæmt CRR um að viðhalda eiginfjárgrunni sem leggst ofan á grunnkröfu til fjármálafyrirtækja um vogunarhlutfall.
30. Fjármálafyrirtækjum verður falið að birta upplýsingar um starfsemi sína í einstökum ríkjum þar sem þau hafa starfsstöð í skýringum í árs- eða samstæðureikningi.
31. Fjármálaeftirlitinu verður heimilað að krefjast þess að fjármálafyrirtæki kjósi annan endurskoðanda fullnægi endurskoðandi ekki skyldu sinni til að tilkynna Fjármálaeftirlitinu um líkleg brot fjármálafyrirtækis og önnur tilgreind atriði.
32. Fjármálaeftirlitinu verður heimilað að tilkynna fjármálafyrirtækjum um eiginfjáralag sem það telur æskilegt að þau hafi umfram það sem þeim ber skylda til samkvæmt lögum og kröfum eftirlitsins.
33. Fjármálaeftirlitinu verður falið að birta á vef sínum lög, stjórnvaldsfyrirmæli og leiðbeiningar sem varða varfærniskröfur, tölfærni um framkvæmd varfærnisreglna o.fl.
34. Kveðið verður á um almenna skyldu Fjármálaeftirlitsins til að rökstyðja skriflega ákvarðanir um beitingu eftirlitsheimilda eða viðurlaga.
35. Mælt verður fyrir um hvenær Fjármálaeftirlitið fari með eftirlit á samstæðugrunni með samstæðu sem starfar í fleiri en einu ríki. Almennt fer Fjármálaeftirlitið með eftirlit með slíkri samstæðu ef það hefur eftirlit á einingargrunni með lánastofnun sem er móðurfélag samstæðunnar eða stærsta lánastofnun innan samstæðunnar eða ef hið sama gildir um

- verðbréfafyrirtæki innan samstæðu sem engin lánastofnun tilheyrir. Fari Fjármálaeftirlitið með eftirlit á samstæðugrunni skal það koma á fót samstarfshópi lögbærra yfirvalda sem hafa eftirlit með einingum innan samstæðunnar, leitast við að samhæfa eftirlit með samstæðunni, miðla upplýsingum til annarra yfirvalda og leitast við að taka sameiginlegar ákvarðanir með þeim um kröfur um aukið eigið eða laust fé.
36. Fjármálaeftirlitið mun geta krafist þess að komið verði á fót eignarhaldsfélagi á Evrópska efnahagssvæðinu sem falli undir samstæðueftirlit með fjármálafyrirtæki, sem er dótturfélag fjármálafyrirtækis eða eignarhaldsfélags í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins, ef samstæðan heyrir ekki undir fullnægjandi samstæðueftirlit eftirlitsaðila í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins. Fjármálaeftirlitinu verður falið að hafa náð samstarf með lögbærum yfirvöldum annarra aðildarríkja um eftirlit með fjármálafyrirtækjum eða útibúum sem tilheyra samstæðum með móðurfélögum utan Evrópska efnahagssvæðisins til að tryggja heildstætt eftirlit og koma í veg fyrir að kröfur til samstæðna séu sniðgengnar.
 37. Kveðið er á um skyldu Fjármálaeftirlitsins til að vinna með og miðla upplýsingum til lögbærra yfirvalda annarra ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu, einkum ríkja þar sem fjármálafyrirtæki sem hafa starfsemi á Íslandi hafa staðfestu eða þar sem íslensk fjármálafyrirtæki eru með starfsemi, Eftirlitsstofnunar EFTA, Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar og Evrópska kerfisáhætturáðsins og til að kappkosta að fara eftir viðmiðunarreglum og tilmælum frá Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni og Evrópska kerfisáhætturáðinu. Fjármálaeftirlitið mun geta leitað aðstoðar Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar eða Eftirlitsstofnunar EFTA vegna ágreinings við annað lögbært yfirvald.
 38. Fjármálaeftirlitinu verður heimilað að veita eftirlitsaðilum, stofnunum Fríverslunarsamtaka Evrópu, hinum evrópsku eftirlitsstofnunum á fjármáلامarkaði, endurskoðendum, aðilum sem stýra innstæðutryggingakerfum, alþjóðlegum stofnunum og öðrum tilgreindum aðilum upplýsingar sem eru háðar þagnarskyldu sem þeir þurfa til að gegna störfum sínum gildi hliðstæð þagnarskylda hjá viðkomandi aðilum.
 39. Fjármálaeftirlitinu verður falið að vinna með lögreglu og öðrum yfirvöldum sem hafa eftirlit með aðgerðum gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.
 40. Fjármálafyrirtækjum verður, líkt og áður, heimilt með samþykki Fjármálaeftirlitsins að nota eigin líkön, svonefndar innri aðferðir, til að meta eiginfjárförf, en kveðið verður nánar á um eftirlit þess með notkun innri aðferða. Fjármálaeftirlitið skal a.m.k. árlega meta gæði innri aðferða fjármálafyrirtækja, einkum hvort þær feli í sér verulegt eða kerfisbundið vanmat á eiginfjárförf. Ef svo er skal Fjármálaeftirlitið krefjast úrbóta og getur afturkallað heimild til að nota innri aðferðir ef úrbætur nægja ekki til að bæta úr annmörkum innan hæfilegs frests. Fjármálaeftirlitið skal hvetja mikilvæg fjármálafyrirtæki til að þróa eigin áhættumatslíkön.
 41. Fjármálaeftirlitinu verður heimilað að leggja stjórnvaldssektir á þann sem hefur staðið að því að fyrirtæki fái starfsleyfi á grundvelli rangra upplýsinga eða á annan óeðlilegan hátt.
 42. Stjórnvaldssektir sem lagðar eru á einstaklinga munu geta numið allt að 800 millj. kr. í stað 65 millj. kr.
 43. Fjármálaeftirlitið mun geta tímabundið svipt hluthafa sem brýtur af sér atkvæðisrétti í fjármálafyrirtæki og bannað einstaklingi sem brýtur af sér að starfa hjá fjármálafyrirtæki.
 44. Fjármálaeftirlitið skal almennt birta ákvarðanir um stjórnsýsluviðurlög vegna brota gegn lögnum.
 45. Ráðherra og Seðlabanka Íslands verður falið að innleiða með stjórnvaldsfyrirmælum undirgerðir sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins samþykkir og útfæra nánar ákvæði CRD IV-pakkans.

Meiri hluta CRR hefur verið veitt gildi hér á landi með reglugerð ráðherra en sum ákvæði CRR hafa þó verið tekin upp í lög um fjármálafyrirtæki. Í frumvarpinu er lagt til að CRR í heild verði veitt lagagildi. Af því leiðir að fella má brott þau ákvæði hennar sem tekin hafa verið upp í lög um fjármálafyrirtæki. Á það meðal annars við um ýmsar skilgreiningar og ákvæði um hámark virkra eignarhluta, áhrif verðbréfunar á eiginfjárkröfur vegna útlána-áhættu, takmarkanir á stórum áhættuskuldbindingum, vogunarhlutfall, laust fé og stöðuga fjármögnun, eiginfjárgrunn, samsetningu hans og frádrátt frá eiginfjárgrunni, hæft fjármagn verðbréfafyrirtækja, áhættugrunn og kröfur vegna veltubókar.

Til stendur að veita CRR lagagildi með breytingum samkvæmt meðal annars CRR II. CRR II gerir ráð fyrir því að BRRD II hafi tekið gildi en sem fyrr segir verður hún ekki innleidd í heild hér á landi fyrr en síðar. Í frumvarpinu eru lagðar til fáeinar breytingar á lögum um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja, nr. 70/2020, sem byggjast á BRRD II í því skyni að unnt verði að veita CRR II í heild gildi með samþykkt frumvarps þessa.

3.2. Innleiðing Evrópuþinglaga um sjóði.

Lagðar er til breytingar á starfskjaraákvæðum laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða og laga um verðbréfasjóði til að innleiða ákvæði AIFMD og UCITS V þar um. Kveðið verður með skýrari og nákvæmari hætti á um hvernig fara skuli með starfskjarastefnu og heimildir til ákvörðunar kaupauka til starfsmanna og stjórnarmanna. Lagt er til að slitið verði á tengsl við ákvæði laga um fjármálafyrirtæki. Nýmæli er að kveðið verður á um starfrækslu starfskjaranefndar hjá rekstraraðilum sjóða um sameiginlega fjárfestingu.

3.3. Aðrar breytingar.

Eftirfarandi eru helstu breytingar samkvæmt frumvarpinu sem miða að því að skýra eða einfalda lög um fjármálafyrirtæki eða lagfæra tæknilega annmarka:

1. Skilið verður á milli ákvæða um markmið og gildissvið laganna og eftirlit Fjármálaeftirlitsins.
2. Í II. kafla, 11.–13. gr. og 15. gr., V. kafla og VI. kafla laganna er kveðið á um fjármálafyrirtæki, sem eru lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki, en í 4. mgr. 1. gr. laganna kemur þó fram að ákvæðin gildi í reynd aðeins um lánastofnanir. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að það komi fram í viðkomandi ákvæðum til auðvelda lesendum að átta sig á efni þeirra.
3. Nokkur ákvæði verða færð til svo þau falli betur að uppsetningu laganna. Ákvæði 17. gr., sem fjalla um vöktun og stýringu áhættu, færast úr III. kafla um stofnun og starfsemi fjármálafyrirtækja í IX. kafla um meðhöndlun áhættuþátta í starfsemi fjármálafyrirtækja. Ákvæði 86. gr., sem áskilur að stjórn og framkvæmdastjóri tilkynni Fjármálaeftirlitinu um brot eða bága stöðu fjármálafyrirtækis, færast úr X. kafla, sem ráðgert er að fjalli um eiginfjárauka, í VII. kafla um stjórn, stjórnarhætti og starfsmenn. Ákvæði 86. gr. g – 86. gr. m, sem fjalla um valdheimildir Fjármálaeftirlitsins, færast úr X. kafla í XIII. kafla um eftirlit. Ákvæði 116. gr. a um að Fjármálaeftirlitið skuli birta tiltekin eftirlitsviðmið sem það styðst við færast úr XV. kafla með ýmsum ákvæðum í XIII. kafla.
4. Fyrirsögnum verður bætt við greinar sem höfðu enga fyrirsögn.
5. Gildandi 49. gr. b um nán tengsl og 115. gr. um undanþágu frá stimpilgjaldi, sem ekki eru taldar hafa efnislega þýðingu, munu falla brott.
6. Villur í vísunum milli ákvæða verða leiðréttar.
7. Úreltar vísanir til laga og EES-gerða verða uppfærðar.
8. Úrelt ákvæði til bráðabirgða verða felld brott.

Eftirfarandi eru helstu efnislegu breytingar sem lagðar eru til sem leiða ekki beint af innleiðingu Evrópugerða en eru taldar einfalda framkvæmd laganna og draga úr stjórnsýslubyrði án þess að vinna gegn markmiðum laganna:

1. Lagt er til að eignaleiga, þ.e. útleiga lausafjár og fasteigna, verði ekki leyfis skyld samkvæmt lögum. Af 3. og 4. gr. laganna leiðir nú að strangt til tekið er bönkum og öðrum lánastofnunum einum heimilt að hafa eignaleigu að meginstarfsemi. Því hefur þó ekki verið fyllilega fylgt eftir enda félli þar ella undir starfsemi sem á engan veginn heima undir það víðtæka regluverk sem gildir um lánastofnanir. Þrátt fyrir breytinguna mun áfram þurfa starfsleyfi sem lánastofnun til að stunda fjármögnunarleigu sem fjármögnuð er með endurgreiðanlegum fjármunum frá almenningi.
2. Miðað verði við skilgreiningu laga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, nr. 140/2018, á raunverulegum eigenda, sem stuðst er við í lögum um skráningu raunverulegra eigenda, nr. 82/2019, í stað þess að hafa sérskilgreiningu í lögum um fjármálafyrirtæki.
3. Felld verði brott ákvæði um óhæði endurskoðanda gagnvart fjármálafyrirtækjum og öðrum aðilum á fjármálamarkaði vegna nýlegrar lögfestingar reglugerðar (ESB) nr. 537/2014 sem fjallar með ítarlegri hætti um óhæði endurskoðenda.
4. Heimild til að innleiða CRR á ensku, sem var ætlað að gilda til bráðabirgða þangað til íslensk þýðing lægi fyrir, verði felld brott.

4. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Atvinnufrelsi nýtur verndar 1. mgr. 75. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944. Þessu frelsi má þó setja skorður með lögum, enda krefjist almannahagsmunir þess og gætt sé jafnræðis, sbr. 1. mgr. 65. gr. stjórnarskrárinnar. Þau inngrip í starfsemi fjármálafyrirtækja sem frumvarpið gerir ráð fyrir munu byggjast á lögum, styðjast við lögmæt markmið um stöðugleika og heilleika fjármálamarkaða og taka jafnt til aðila sem eru í sambærilegri stöðu. Því er talið að frumvarpið fullnægi kröfum stjórnarskrárinnar.

Íslandi ber skv. 7. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið að taka upp í landsrétt gerðir sem samsvara tilskipunum eða reglugerðum Evrópusambandsins og eru teknar upp í samninginn. Ísland er því skuldbundið til að innleiða CRD IV-pakkann, AIFMD og UCITS V.

5. Samráð.

Frumvarpið varðar fyrst og fremst fjármálafyrirtæki og þá sem eiga viðskipti við þau annars vegar og Seðlabanka Íslands hins vegar.

Áform um lagasetningu og frummat á áhrifum voru unnin í samráði við fyrrnefndan starfshóp þar sem sæti áttu fulltrúar frá Samtökum fjármálafyrirtækja og Seðlabanka Íslands. Skjölín voru send öðrum ráðuneytum til umsagnar í nóvember 2020. Til samræmis við ábendingar frá forsætisráðuneytinu var bætt við áformin vísun í greinargerð með tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun og stuttum texta um niðurstöðu frummat á áhrifum. Skjölín voru birt í samráðsgátt stjórnvalda á vefnum Ísland.is í desember sama ár (mál nr. S-260/2020) en engar umsagnir bárust.

Drög að frumvarpi og endanlegt mat á áhrifum voru unnin af fyrrnefndum starfshópi. Við mótun draganna voru skiptar skoðanir innan starfshópsins um nýtingu heimilda síðari málsliðar í i-undirlíð g-liðar 1. mgr. og 5. mgr. 94. gr. CRD IV sem snúa að kaupukum. Í fyrri málslið í i-undirlíð g-liðar 1. mgr. 94. gr. CRD IV kemur fram að breytileg starfskjör, sem í frumvarpinu eru kölluð kaupaukar til samræmis við gildandi lög, skuli ekki vera umfram

100% af föstum launum en í síðari málslið sama liðar segir að aðildarríkjum sé heimilt að miða við lægra hlutfall. Í frumvarpinu er miðað við 25% í stað 100%. Það samræmist því sem nú gildir skv. 1. mgr. 57. gr. a laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002. Í m-lið 1. mgr. 94. gr. CRD IV kemur fram að halda eigi eftir hluta breytilegra starfskjara yfir tilgreint tímabil. Í b-lið 3. mgr. sömu greinar kemur þó fram að sú skylda eigi ekki við ef breytileg starfskjör starfsmanns eru ekki umfram 50 þús. evrur eða þriðjung af heildarlaunum hans. Í 5. mgr. sömu greinar kemur aftur á móti fram að aðildarríkjum sé heimilt að miða undanþágu skv. b-lið 3. mgr. við lægri fjárhæð eða hlutfall af launum með tilliti til starfskjaravenja í viðkomandi landi eða eðlis starfa. Í frumvarpinu er undanþágan miðuð við 50 þús. evrur, líkt og í b-lið 3. mgr. 94. gr. CRD IV, en heimild 5. mgr. tilskipunargreinarinnar er nýtt til að miða við 10% af launum án kaupauka í stað þriðjungs af heildarlaunum. Það samræmist því sem nú gildir skv. 2. mgr. 7. gr. reglna um kaupaukakerfi samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 388/2016. Af hálfu ráðuneytisins var lagt upp með að gera ekki aðrar efnislegar breytingar á gildandi kaupaukareglum en þær sem innleiðing CRD IV-pakkans kallaði á. Fulltrúar Samtaka fjármálafyrirtækja lýstu aftur á móti því sjónarmiði að æskilegt væri að færa hlutföllin nær almennu hlutföllunum samkvæmt CRD IV. Heimild til að láta stærri hluta launa vera breytilegan gerði fjármálafyrirtækjum kleift að láta launakostnað taka frekar mið af afkomu og drægi því úr sveiflum í afkomu þeirra.

Við upptöku CRD IV og CRR í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 79/2019, var Byggðastofnun og Lánasjóði sveitarfélaga ohf. bætt við lista yfir aðila sem eru undanþegnir gildissviði gerðanna. Undanþágunni var ætlað að veita svigrúm til að gera vægari kröfur til stofnananna en hið umfangsmikla evrópska regluverk felur í sér með tilliti til smæðar og sérstaks hlutverks þeirra. Fjármála- og efnahagsráðuneytið átti í samráði við stofnanirnar, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið og síðar innviðaráðuneytið, sem fer með málefni stofnananna, og Seðlabanka Íslands um það að hvaða marki rétt væri að nýta þetta svigrúm. Að teknu tilliti til ábendinga stofnananna voru þær undanþegnar ákvæðum laga um fjármálafyrirtæki um endurbótaáætlanir með lögum nr. 44/2021. Lánasjóður sveitarfélaga ohf. sóttist ekki eftir frekari undanþágum frá lögum um fjármálafyrirtæki. Byggðastofnun sóttist aftur á móti eftir því að verða undanþegin ákvæðum um skýrsluskil vegna mats á eiginfjárförf og kröfum um að viðhalda eiginfjárukum. Seðlabankinn lýsti þeirri afstöðu að æskilegra væri að endurskoða með almennari hætti varfærniskröfur og eftirlit með Byggðastofnun í öðru frumvarpi, sem unnið yrði með aðkomu samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins og Byggðastofnunar, heldur en að gera ráð fyrir frekari undanþágum í frumvarpi þessu. Að höfðu samráði við Byggðastofnun og til samræmis við afstöðu innviðaráðuneytisins er þó í frumvarpinu lagt til að Byggðastofnun verði undanþegin kröfum um að viðhalda eiginfjárukum. Ekki er gert ráð fyrir undanþágu í frumvarpinu frá skýrsluskilum vegna mats á eiginfjárförf, en Byggðastofnun gerir ráð fyrir að eiga samráð við Fjármálaeftirlitið um umfang skýrsluskila.

Fjármála- og efnahagsráðuneytinu barst í janúar 2021 erindi frá Seðlabanka Íslands þar sem vakin var athygli á misræmi á milli skilgreiningar á raunverulegum eiganda í lögum um fjármálafyrirtæki annars vegar og lögum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, nr. 140/2018, og lögum um skráningu raunverulegra eigenda, nr. 82/2019, hins vegar. Slíkt misræmi væri óheppilegt og kynni að valda ruglingi við túlkun laga. Í Hvítbók um framtíðarsýn fyrir fjármálakerfið frá 2018 hefði verið bent á þetta misræmi og önnur atriði sem hefðu valdið vandkvæðum við að framfylgja 4. mgr. 19. gr. laga um fjármálafyrirtæki, þar sem sett er fram skilgreining á raunverulegum eiganda. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að sérskilgreining laga um fjármálafyrirtæki á raunverulegum eiganda falli brott og þess í stað

verði stuðst við sömu skilgreiningu og fram kemur í lögum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og lögum um skráningu raunverulegra eigenda.

Fjármála- og efnahagsráðuneytinu barst í maí 2021 erindi frá Félagi löggiltra endurskoðenda þar sem vakin var athygli á lögfestingu reglugerðar (ESB) nr. 537/2014 um sérstakar kröfur í tengslum við lögboðna endurskoðun á einingum tengdum almannahagsmunum með lögum um endurskoðendur og endurskoðun, nr. 94/2019. Í bréfinu sagði að eftir lögfestinguna hefði það valdið verulegum vandkvæðum í framkvæmd að ákvæði reglugerðarinnar væru ekki í samræmi við ákvæði 1. mgr. 90. gr. laga um fjármálafyrirtæki, sem varðar óhæði endurskoðenda gagnvart fjármálafyrirtækjum. Félagið fylgdi erindinu eftir með tölvupósti þar sem fram kom að hið sama ætti við um 70. gr. laga um váttryggingastarfsemi, nr. 100/2016, og 2. mgr. 42. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997. Fjármála- og efnahagsráðuneytið hafði í kjölfarið samráð við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið um mögulegt brottfall ákvæðanna og annarra sérákvæða í löggjöf á fjármálamarkaði um óhæði endurskoðenda. Var það niðurstaða ráðuneytanna að ákvæði laga um endurskoðendur og endurskoðun og reglugerðar (ESB) nr. 537/2014 tækju með fullnægjandi hætti á óhæði endurskoðenda gagnvart fjármálafyrirtækjum, váttryggingafélögum og lífeyrissjóðum þannig að sérákvæði þar um í löggjöf á fjármálamarkaði væru orðin óþörf. Í frumvarpinu er því lagt til að þau falli brott.

Tillögur um breytingar á lögum um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja, nr. 70/2020, sem taka mið af BRRD II, voru unnar í samráði við skrifstofu skilavalds Seðlabanka Íslands.

Haft var samráð við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið vegna tillögu um breytingu á lögum um leigu skráningarskyldra ökutækja, nr. 65/2015, dómsmálaráðuneytið vegna tillögu um breytingu á lögum um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir, nr. 46/2005, og félagsmálaráðuneytið vegna tillagna um breytingu á lögum umboðsmann skuldara, nr. 100/2010, og lögum um greiðslu kostnaðar við umboðsmann skuldara, nr. 166/2011, og gerðu ráðuneytin ekki athugasemdir við breytingarnar. Er einkum um að ræða afleiddar breytingar sem leiða af öðrum fyrirhuguðum breytingum samkvæmt frumvarpinu.

Drögin voru birt í samráðsgátt stjórnvalda á vefnum Ísland.is í desember 2021 (mál nr. S-229/2021). Þrjár umsagnir bárust. Í umsögn Samkeppniseftirlitsins var því fagnað að við mat á hæfi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra skyldi tekið mið af refsiverðum brotum á samkeppnislögum. Í umsögn Samtaka fjármálafyrirtækja var því fagnað að frumvarpsdrögin væru komin fram en lagt til að skoðað yrði að taka áfanga í þá átt að hækka hámark kaupauka sem hlutfall af föstum starfskjörum. Í umsögn Bankasýslu ríkisins var bent á að veruleg skörun yrði á milli hlutverka tilnefningarnefndar skv. 76. gr. frumvarpsins og valnefndar skv. 7. gr. laga um Bankasýslu ríkisins, nr. 88/2009, í tilviki Landsbankans hf. þar sem valnefnd tilnefndi alla stjórnarmenn.

Umsögn Samkeppniseftirlitsins var ekki talin gefa tilefni til breytinga á frumvarpinu. Líkt og fyrr greinir var af hálfu ráðuneytisins lagt upp með að gera ekki aðrar efnislegar breytingar á gildandi kaupaukareglum en þær sem innleiðing CRD IV-pakkans kallaði á og því var frumvarpinu ekki breytt vegna tillögu Samtaka fjármálafyrirtækja um hækkun hámarks kaupauka sem hlutfall af föstum starfskjörum. Með tilliti til umsagnar Bankasýslu ríkisins var nýrri málsgrein bætt við 76. gr. frumvarpsins sem felur í sér að greinin gildir ekki ef 7. gr. laga um Bankasýslu ríkisins á við um tilnefningu allra stjórnarmanna. Ekki verður því skylt að koma á fót tilnefningarnefnd fyrir Landsbankann hf. á meðan valnefnd samkvæmt lögum um Bankasýslu ríkisins fer með tilnefningu allra stjórnarmanna í bankanum.

Í frumvarpsdrögum sem birt voru í samráðsgáttinni var gert ráð fyrir því að takmarkanir á kaupaukum næðu ekki til allra starfsmanna, líkt og nú gildir, heldur aðeins stjórnarmanna og starfsmanna sem hafa marktæk áhrif á áhættusnið fyrirtækis. Ekki var heldur gert ráð fyrir algeru banni við kaupaukagreiðslum til stjórnarmanna og starfsmanna sem starfa við áhættustýringu, innri endurskoðun eða regluvörslu, líkt og nú gildir, heldur að kaupaukum til þeirra væru settar þær skorður sem tilskipunin gerir ráð fyrir. Fyrir framlagningu á Alþingi var fallið var frá þeim breytingartillögum og er því í endanlegu frumvarpi gert ráð fyrir því að takmarkanir á kaupaukum nái áfram til allra starfsmanna og að óheimilt verði að greiða stjórnarmönnum og starfsmönnum sem starfa við áhættustýringu, innri endurskoðun eða regluvörslu kaupauka.

6. Mat á áhrifum.

6.1. Inngangur.

Áhrif af samþykkt frumvarpsins eru talin minni en umfang þess gefur til kynna því þær efnisreglur CRD IV-pakkans sem mest áhrif hafa á Íslandi, svo sem um eigið fé og laust fé, hafa þegar verið teknar upp í lög eða stjórnvaldsfyrirmæli hér á landi, þótt ýmis veigaminni atriði standi út af. Heilt yfir er samþykkt frumvarpsins þó talin til þess fallin að treysta fjármálastöðugleika og eftirlit Fjármálaeftirlitsins en getur á móti aukið stjórnsýslubyrði fjármála-fyrirtækja, rekstraraðila sérhæfðra sjóða og rekstrarfélaga verðbréfasjóða.

6.2. Efnahagsleg áhrif og áhrif á viðskiptavini fjármálafyrirtækja.

Mörgum breytingum samkvæmt frumvarpinu er ætlað að treysta öryggi og heilleika fjármálamarkaða og þannig stuðla að efnahagslegum stöðugleika og vernd viðskiptavina fjármálafyrirtækja. Reglum um kaupauka og önnur starfskjör er ætlað að vinna gegn óæskilegri áhættusækni. Heimild Fjármálaeftirlitsins til að víkja frá framkvæmdastjóra eða stjórnarmanni í fjármálafyrirtæki sem ekki uppfyllir hæfisskilyrði gæti stuðlað að því að hæfir einstaklingar veljist til þeirra starfa, sem ætti að styrkja starfsemi fjármálafyrirtækja. Sama máli gegnir um bann við því að stjórnarmenn og framkvæmdastjórar í kerfislega mikilvægum fjármálafyrirtækjum taki að sér störf í stjórnunareiningum annarra félaga komi það niður á getu þeirra til að sinna störfum fyrir fjármálafyrirtækin með fullnægjandi hætti. Skylda til að láta reglur fjármálafyrirtækja um viðskipti við tengda aðila ná til stjórnarmanna gæti stuðlað að heilbrigðum viðskiptaháttum.

Sumum breytingum er ætlað að hafa varnaðaráhrif til að koma í veg fyrir brot eða annað misferli. Heimild Fjármálaeftirlitsins til að afturkalla starfsleyfi lánastofnunar sem brýtur alvarlega eða ítrekað gegn lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka hvetur lánastofnanir til að vera árvökular gagnvart hættu á því að þjónusta þeirra sé nýtt í þágu peningaþvættis eða fjármögnunar hryðjuverka. Heimild Fjármálaeftirlitsins til að krefjast úrbóta eða sölu virks eignarhlutar í lánastofnun fari eigandi hans þannig með hlutinn að það sé líklegt til að skaða heilbrigðan og traustan rekstur lánastofnunarinnar vinnur gegn því að eigendur stórra hluta í lánastofnunum misfari með hluti sína, á kostnað lánastofnana eða eigenda smærri eignarhluta.

Sama máli gegnir um heimild Fjármálaeftirlitsins til að svipta hluthafa sem brýtur af sér tímabundið atkvæðisrétti í fjármálafyrirtæki. Heimild Fjármálaeftirlitsins til að banna tímabundið einstaklingi sem brýtur af sér að starfa hjá fjármálafyrirtæki og til að leggja stjórnvaldssekt á þann sem stendur að því að fyrirtæki fái starfsleyfi á grundvelli rangra upplýsinga eða á annan óeðlilegan hátt vinnur gegn slíkum brotum. Skylda Fjármálaeftirlitsins til að birta almennt ákvarðanir um stjórnsýsluviðurlög vegna brota gegn lögum og hækkun hámarks

stjórnvaldssekta sem lagðar eru á einstaklinga úr 65 millj. kr. í 800 millj. kr. eykur varnaðar-áhrif viðurlaganna. Þá getur heimild Fjármálaeftirlitsins til að krefjast þess að fjármálafyrirtæki kjósi annan endurskoðanda fullnægi endurskoðandi ekki skyldu sinni til að tilkynna Fjármálaeftirlitinu um líkleg brot fjármálafyrirtækis stuðlað að því að uppvíst verði um brot og skylda Fjármálaeftirlitsins til að koma í veg fyrir að erlend lánastofnun sem hefur verið svipt starfsleyfi stundi viðskipti hér á landi getur varnað því að erlend fyrirtæki sem eru líkleg til að brjóta af sér starfi hér á landi.

6.3. Áhrif á fjármálafyrirtæki og önnur fyrirtæki á fjármálamarkaði.

Samþykkt frumvarpsins leggur nokkrar nýjar kvaðir á fjármálafyrirtæki. Almenn skylda til að hafa traust fyrirkomulag stjórnarhátta, með skýru stjórnskipulagi og ábyrgðarskiptingu og fullnægjandi innra eftirlitskerfi, getur kallað á breytingu á stjórnarháttum einstakra fyrirtækja. Kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki munu þurfa að starfrækja tilnefningarnefndir. Skylda til að allir nefndarmenn í áhættunefndum fjármálafyrirtækja verði stjórnarmenn, ekki aðeins tveir þeirra, getur falið í sér að sum fjármálafyrirtæki þurfi að breyta samsetningu nefndanna. Þá eru kröfur um upplýsingagjöf auknar með því að skylda fjármálafyrirtæki til að birta upplýsingar um starfsemi sína í einstökum ríkjum þar sem þau hafa starfsstöð í skýring-um í árs- eða samstæðureikningi.

Samþykkt frumvarpsins getur orðið til þess að fjármálafyrirtæki viðhaldi meira eigin fé, einkum vegna heimildar Fjármálaeftirlitsins til þess að tilkynna fjármálafyrirtækjum um eiginfjáralag sem það telur æskilegt að þau hafi umfram það sem þeim ber skylda til samkvæmt lögum og kröfum eftirlitsins. Þótt þau tilmæli séu ekki bindandi eru taldar líkur á því að fjármálafyrirtæki muni oftar en ekki kjósa að hlíta þeim. Almennt hámark eiginfjárauka fyrir kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki á landsvísu hækkar úr 2% í 3%. Samanlagt hlutfall þess eiginfjárauka og kerfisáhættuauka má þó ekki verða hærra en 5%, nema með samþykki fastanefndar EFTA-ríkjanna. Eiginfjárauki fyrir kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki á landsvísu er nú 2% og kerfisáhættuauki 3% og samanlagt hlutfall þeirra er því 5%. Verði eiginfjárauki fyrir kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki á landsvísu hækkaður eftir samþykkt laganna mun kerfisáhættuauki sem gildir um þau því lækka á móti, nema fastanefnd EFTA-ríkjanna samþykki hærra samanlagt hlutfall. Ekki er því gert ráð fyrir að breytingin á hámarki eiginfjárauka fyrir kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki á landsvísu leiði til strangari eiginfjárfarfna til kerfislega mikilvægra fjármálafyrirtækja en þeirra sem þegar gilda. Undanþága frá skyldu til að viðhalda eiginfjárukum gæti gert Bygðastofnun kleift að viðhalda minna eigin fé en ella, sem að öðru óbreyttu yki áhættu stofnunarinnar. Eiginfjárhlutfall stofnunarinnar samkvæmt síðasta ársreikningi var þó 19,12%, sem er vel yfir grunnkröfum um eiginfjárhlutfall að viðbættum þeim eiginfjárukum sem ættu við um Bygðastofnun án undanþágunnar.

Sumar breytingar samkvæmt frumvarpinu greiða fyrir starfsemi fjármálafyrirtækja eða annarra aðila á fjármálamarkaði eða létta af þeim stjórnsýslubyrði. Fjármálastofnunum er heimilað að starfa þvert á landamæri innan Evrópska efnahagssvæðisins. Smærri fjármálafyrirtæki munu ekki þurfa að starfrækja áhættustýringu í óháðri einingu, sem gæti dregið úr kostnaði þeirra. Undanþága frá ákvæði laga um hlutafélög um rétt minni hluta hluthafa til að krefjast ákvörðunar um útgreiðslu arðs leysir úr óvissu um hvort unnt sé að telja hluta- og stofnfé íslenskra fjármálafyrirtækja til eiginfjárgrunns. Það að miða við skilgreiningu á raunverulegum eigendum í lögum um aðgerðir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka, í stað þess að setja fram sérstaka skilgreiningu í lögum um fjármálafyrirtæki, dregur úr tvíverknaði fjármálafyrirtækja og auðveldar þeim að fara eftir ákvæðunum. Brottfall sérákvæða um óháði endurskoðanda gagnvart fjármálafyrirtækjum og öðrum aðilum á fjármálamarkaði

felur í sér að þeir munu aðeins þurfa að gæta að almennum óhæðisreglum í lögum um endurskoðendur og endurskoðun, nr. 94/2019, og reglugerð (ESB) nr. 537/2014, en ekki bæði að þeim og sérákvæðum í löggjöf á fjármálamarkaði, sem geta stangast á.

Sumar breytingar samkvæmt frumvarpinu eru ekki taldar hafa bein áhrif á nein fyrirtæki hér á landi sem stendur, þótt þær geti haft áhrif síðar ef aðstæður breytast. Krafa um milli-göngumóðurfélag á Evrópska efnahagssvæðinu á ekki við um nein fjármálafyrirtæki hér á landi. Hér starfa engin kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki á alþjóðavísu og ákvæði um eiginfjáruka fyrir kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki á alþjóðavísu hafa því ekki bein áhrif hér. Ekki er talið að hér starfi nú nein eignarhaldsfélög sem þurfi að sækja um samþykki frá Fjármálaeftirlitinu, verði frumvarpið samþykkt. Bann við því að lánastofnanir með staðfestu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins bjóði fram þjónustu hér á landi án þess að stofna hér útibú hefur ekki bein áhrif nú þar sem engar heimildir til þess hafa verið veittar. Sama gildir um skyldu útibúa lánastofnana með staðfestu utan Evrópska efnahagssvæðisins til að veita Fjármálaeftirlitinu upplýsingar þar sem engin slík útibú starfa nú hér á landi. Engin starfandi lánastofnun hefur eignaleigu að meginstarfsemi og í framkvæmd hefur þess ekki verið krafist að fyrirtæki sem hyggjast stunda hefðbundna leigustarfsemi með lausafé eða fasteignir fái starfsleyfi sem lánastofnanir. Afnáam lagaskyldu til að hafa starfsleyfi sem lánastofnun til að stunda eignaleigu hefur því ekki bein áhrif á starfandi fyrirtæki en gæti dregið úr lagalegri óvissu til framtíðar.

6.4. Áhrif á Fjármálaeftirlitið.

Innleiðing ákvæða CRD IV-pakkans um samstæðueftirlit og samvinnu og upplýsingaskipti lögbærra yfirvalda og annarra eftirlitsaðila er talin greiða fyrir samstarfi Fjármálaeftirlitsins við önnur yfirvöld, einkum yfirvöld í öðrum aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins. Sama gildir um samræmingu reglna um brot erlendra fyrirtækja hér á landi eða íslenskra fyrirtækja erlendis við ákvæði CRD IV-pakkans.

Skylda fjármálafyrirtækja til að halda skrá um viðskipti sín og skjalfesta stefnur, kerfi og ferla getur auðveldað Fjármálaeftirlitinu að hafa eftirlit með því að þau fari að lögum.

Skylda Fjármálaeftirlitsins til að birta lög, stjórnvaldsfyrirmæli og leiðbeiningar sem varða varfærniskröfur, tölfraði um framkvæmd varfærnisreglna o.fl. og að rökstyðja ákvarðanir um beitingu eftirlitsheimilda eða viðurlaga er ekki talin hafa veruleg áhrif því að það birtir þegar slíkar upplýsingar og rökstyður ákvarðanir um beitingu eftirlitsheimilda eða viðurlaga.

Ákvæði um eftirlit með notkun fjármálafyrirtækja á innri aðferðum til að meta eiginfjárbörf hafa ekki bein áhrif að sinni því að ekkert íslenskt fjármálafyrirtæki notar nú innri aðferðir til að meta eiginfjárbörf en þau geta haft áhrif til framtíðar fái einhver fjármálafyrirtæki heimild til þess.

Fjármálaeftirlitið gerir ekki ráð fyrir því að samþykkt frumvarpsins auki verkefni þess verulega.

6.5. Áhrif á fjárhag ríkisins.

Fjármálaeftirlitið telur að samþykkt frumvarpsins kalli ekki á sérstaka breytingu á eftirlitsgjaldi til þess en eftirlitsgjaldið er endurmetið árlega með tilliti til kostnaðar Fjármálaeftirlitsins. Ekki er gert ráð fyrir því að samþykkt frumvarpsins hafi áhrif á fjárhag ríkisins.

6.6. Áhrif á innleiðingarhalla.

Ísland á eftir að innleiða tæplega hundrað gerðir á sviði fjármálamarkaðar sem teknar hafa verið upp í EES-samninginn, einkum gerðir sem varða lánastofnanir og verðbréfavíðskipti.

Auk þess að ljúka við innleiðingu CRD IV-pakkans sjálfs mun samþykkt frumvarpsins veita Seðlabanka Íslands heimild til að innleiða fimmtán undirgerðir sem útfæra ákvæði CRD IV-pakkans (reglugerðir (ESB) nr. 524/2014, 527/2014, 604/2014, 620/2014, 710/2014, 1152/2014, 2016/98, 2016/99, 2016/100, 2016/861, 2016/2070, 2017/180, 2017/1486, 2018/688 og 2019/439) og hafa verið teknar upp í EES-samninginn en Seðlabankann hefur skort lagaheimild til að innleiða. Mun því innleiðingarhalli Íslands minnka sem því nemur. Frumvarpinu er einnig ætlað að veita ráðherra og Seðlabankanum heimildir til að veita undirgerðum sem síðar verða samþykktar á grundvelli CRD-pakkans gildi hér á landi og þannig stuðla að tímanlegri innleiðingu til framtíðar.

6.7. Áhrif á jafnrétti kynjanna.

Þrjú ákvæði í frumvarpinu varða beint jafnrétti kynjanna. Í 76. gr. frumvarpsins kemur fram að kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki skuli starfrækja tilnefningarnefnd sem skal meðal annars tilnefna einstaklinga til stjórnarsetu fyrir hluthafafund. Við val á tilnefningum skal nefndin horfa til kynjajafnvægis. Fjármálafyrirtækjum ber skv. 7. mgr. 54. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, að fylgja viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja. Í leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem Nasdaq, Samtök atvinnulífsins og Viðskiptaráð Íslands hafa gefið út segir að tilgangur tilnefningarnefndar sé meðal annars að sjá til þess að í hópi sem er tilnefndur til stjórnarsetu séu nægilega margir einstaklingar af báðum kynjum. Svipuð tilmæli og eru í 76. gr. frumvarpsins eru því þegar í gildi. Það styrkir þó fyrirmælin að þau komi fram í lögum en ekki aðeins í leiðbeiningum um stjórnarhætti.

Í a-lið 81. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um að fjármálafyrirtæki skuli setja sér starfskjarastefnu sem skuli meðal annars tryggja að stjórnarmenn og starfsmenn fái greidd sömu laun fyrir jafngild eða jafnverðmæt störf óháð kyni. Fjármálafyrirtækjum ber þegar að tryggja að greidd séu jöfn laun fyrir sömu eða jafnverðmæt störf óháð kyni skv. 1. mgr. 6. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, nr. 150/2020. Setning starfskjarastefnu sem endurspeglar þau fyrirmæli getur þó stutt við það að farið sé eftir þeim í reynd.

Í b-lið 82. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því að Fjármálaeftirlitið safni upplýsingum um mun á launum kynjanna frá fjármálafyrirtækjum og noti þær upplýsingar til viðmiðunar um starfskjarabróun og -framkvæmd og sendi þær til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar. Hagstofa Íslands safnar nú þegar og birtir upplýsingar um mun á launum kynjanna í fjármála- og váttryggingastarfsemi. Upplýsingaöflun Fjármálaeftirlitsins varðar þó þrengra svið – aðeins lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki en ekki fjármála- og váttryggingastarfsemi almennt – og kann því að veita betri mynd af þeim hluta fjármála- og váttryggingageirans.

Önnur ákvæði í frumvarpinu fjalla ekki beint um jafnrétti kynjanna en geta þó haft óbein áhrif á stöðu þeirra. Karlar gegna frekar en konur áhrifastöðum í fyrirtækjum og hafa að meðaltali hærra laun og eru fjármálafyrirtæki þar engin undantekning; raunar mælist óleiðréttur launamunur kynjanna meiri í fjármála- og váttryggingarstarfsemi en í nokkrum öðrum geira hér á landi samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands um laun 2020, eða 31,6%. Ákvæði í frumvarpinu sem varða launakjör og fólk í áhrifastöðum hjá fjármálafyrirtækjum hafa því meiri bein áhrif á karla en konur. Má þar meðal annars nefna takmarkanir á kaupauka-greiðslum og auknar heimildir til að beita einstaklinga viðurlögum vegna brota, sem ætla má að beinist einkum að fólki í áhrifastöðum. Þá má nefna að lífeyrissjóðir eru stærstu hluthafar íslenskra fjármálafyrirtækja, að ríkinu frátöldu. Karlar njóta að meðaltali meiri lífeyrissréttinda en konur vegna launamunar kynjanna og stærri hluti af ávöxtun lífeyrissjóða nýtist þeim því beint. Að því marki sem frumvarpið hefur áhrif á ávöxtun lífeyrissjóða af fjárfestingum í fjármálafyrirtækjum getur samþykkt þess því haft meiri bein áhrif á karla en konur. Þar sem

ekki er talið að samþykkt frumvarpsins hafi veruleg áhrif á virði fjármálafyrirtækja er þó ekki talið að þessi áhrif á stöðu kynjanna verði veruleg.

Almennt er samþykkt frumvarpsins ekki talin hafa veruleg áhrif á jafnrétti kynjanna en getur þó heldur stuðlað að jafnari stöðu þeirra.

Um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Um a-lið. Lagt er til að fjallað verði um markmið og gildissvið laganna í aðskildum greinum. Ákvæði 1. mgr. um markmið laganna haldist því í 1. gr. en ákvæði 2. mgr. um gildissvið laganna færast í nýja 1. gr. a. Lagt er til að efni gildandi 3. mgr., sem tilgreinir að Fjármálaeftirlitið fari með eftirlit með framkvæmd laganna, komi fram í 107. gr. laganna sem fjallar um eftirlit Fjármálaeftirlitsins. Lagt er til að 4. mgr., sem tilgreinir að tiltekin ákvæði gildi ekki um verðbréfafyrirtæki, falli brott því að í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að tilgreint verði í viðkomandi ákvæðum að þau eigi aðeins við um lánastofnanir.

Um b-lið. Lagt er til að fyrirsögn verði bætt við greinina til að auðvelda lestur laganna. Flestar aðrar greinar laganna hafa fyrirsögn.

Um 2. gr.

Um 1. efnismgr. Málsgreinin, sem er um gildissvið laganna, byggist á gildandi 2. mgr. 1. gr. en hún er færð í nýja 1. gr. a til að hafa ákvæði um markmið og gildissvið laganna í aðskildum greinum. Lagt er til að fram komi að lögin gildi auk fjármálafyrirtækja um eignarhaldsfélög á fjármálasviði, blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi og blönduð eignarhaldsfélög til samræmis við 4. mgr. 2. gr. CRD IV. Upptalning ákvæðisins er þó ekki tæmandi um þá aðila sem einstök ákvæði laganna geta gilt um.

Nýr 2. másl. varðar staðbundin fyrirtæki og fyrirtæki með takmarkaðar heimildir til verðbréfavíðskipta sem falla undir 8. mgr. 14. gr. a laganna. Fyrirtæki af þessum toga hafa til þessa talist til verðbréfafyrirtækja í skilningi laganna. Skv. b- og c-lið 2. tölul. 1. mgr. 4. gr. CRR teljast þau aftur á móti ekki til verðbréfafyrirtækja í skilningi CRD-pakkans. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að styðjast við skilgreiningu CRD-pakkans á verðbréfafyrirtækjum. Af því leiðir að fyrirtæki af þessum toga féllu ekki undir lögin án sérstaks ákvæðis þar um. Nýi málsliðurinn felur í sér að þau munu að meginreglu til falla áfram undir lögin.

Til að gæta samræmis við CRD IV-pakkann og með hliðsjón af gildandi 3.–5. mgr. 25. gr., og með tilliti til meðalhófssjónarmiða, er þó lagt til í nýjum 3. másl. að fyrirtæki skv. 2. másl. verði undanþegin 18. gr. um skyldu til að birta upplýsingar um áhættu, áhættustýringu og eiginfjárstöðu, C-hluta VII. kafla um starfskjör og ákvæðum CRR nema annað sé tekið fram þar, sbr. einkum fyrirmæli um eiginfjárgrunn fyrirtækja skv. 8. mgr. 14. gr. a laganna í 95. og 97. gr. CRR. Til samræmis við gildissvið tilskipunar 2001/24/EB, um endurskipulagningu og slit lánastofnana, sbr. 3. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar, er einnig lagt til að þau verði undanþegin A-hluta XII. kafla um endurskipulagningu fjárhags og 104. og 105. gr. um slit. Þá gildir X. kafli um eiginfjárouka ekki um fyrirtækin samkvæmt fyrirhugaðri 1. mgr. 83. gr. e.

Evrópusambandið hefur samþykkt nýjar varfærnisreglur um verðbréfafyrirtæki, tilskipun (ESB) 2019/2034 og reglugerð (ESB) 2019/2033, sem til stendur að innleiða hér á landi á næstunni. Liður í því verður að endurskoða þær reglur sem gilda um fyrirtæki sem falla undir 2. og 3. másl.

Um 2. efnismgr. 1. másl. málsgreinarinnar byggist á 5. mgr. 2. gr. CRD IV um gildissvið. Af honum leiðir að lögin gilda ekki um seðlabanka, pósthólfstofnanir og tilgreinda aðila frá einstökum aðildarríkjum sem eru taldir upp í 4.–24. tölul. 5. mgr. 2. gr. CRD IV. Meðal aðila

sem þar eru taldir upp eru Byggðastofnun og Lánasjóður sveitarfélaga ohf. Málsliðurinn gildir ekki um þær stofnanir og þær falla því áfram undir lögin, þar á meðal CRR, sem lánastofnanir. Þær eru þó undanþegnar IX. kafla A laganna um endurbótaáætlun skv. 3. mgr. 116. gr. laganna. Ráðgert er að Byggðastofnun verði auk þess undanþegin X. kafla laganna um eiginfjáruka samkvæmt sömu málsgrein.

2. másl. málsgreinarinnar er ætlað að innleiða 6. mgr. 2. gr. CRD IV. Í honum felst að þótt pósthólfstofnanir og þeir ýmsu tilgreindu aðilar í einstökum aðildarríkjum sem taldir eru upp í 4.–24. tölul. 5. mgr. 2. gr. CRD IV falli almennt utan gildissviðs laganna geta þeir samt nýtt heimildir laganna til að starfa þvert á landamæri og falla undir samstæðueftirlit líkt og þeir væru fjármálastofnanir. Málsliðurinn á ekki við um Byggðastofnun eða Lánasjóð sveitarfélaga ohf. enda falla þær stofnanir undir almennt gildissvið laganna.

Um 3. gr.

Um a-lið. Lagt er til að skilgreining laganna á *fjármálafyrirtæki* verði samhljóða skilgreiningu CRD IV-pakkans á stofnunum, sbr. a-lið 1. gr. CRD IV, og eru hugtökin lögð að jöfnu í frumvarpi þessu. Í þeim breytingum sem lagðar eru til á skilgreiningu hugtaksins felst annars að kveðið verði á um lánastofnun í stað viðskiptabanka, sparisjóða og lánaþyrirtækja. Hugtakið lánastofnun er skilgreint í CRD-pakkanum sem fyrirtæki sem starfar við að taka á móti innlánnum eða öðrum endurgreiðanlegum fjármunum frá almenningi og veita lán fyrir eigin reikning og nær þannig yfir viðskiptabanka, sparisjóði og lánaþyrirtæki, en hugtökin viðskiptabanki, sparisjóður og lánaþyrirtæki eru ekki skilgreind sérstaklega í CRD IV-pakkanum. Eftir sem áður er þó gert ráð fyrir því að lánastofnanir hér á landi fái starfsleyfi sem viðskiptabankar, sparisjóðir eða lánaþyrirtæki, sbr. 4. gr. laganna. Hins vegar er lagt til að felld verði brott vísun í starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu í skilgreiningunni því að hugtakið fjármálafyrirtæki á ekki að vera bundið við fyrirtæki með íslenskt starfsleyfi.

Einnig er lagt til að skilgreining á *lánastofnun* verði lögð að skilgreiningu CRD-pakkans, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. CRR. Í því felst annars vegar að ekki verði aðeins fjallað um að fyrirtæki taki á móti innlánnum eða öðrum endurgreiðanlegum fjármunum frá almenningi og veiti lán fyrir eigin reikning heldur að það starfi við það. Hins vegar verði ekki vísað til starfsleyfis skv. 4. gr. laganna því að hugtakið á ekki að vera bundið við fyrirtæki með íslenskt starfsleyfi.

Þá er lagt til að tekin verði upp skilgreining CRD-pakkans á hugtakinu *verðbréfafyrirtæki*, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 4. gr. CRR. Í CRD-pakkanum er vísað til skilgreiningar tilskipunar 2014/65/ESB, svonefndrar MiFID II-tilskipunar. Hún er innleidd hér á landi með lögum um markaði fyrir fjármálagerninga, nr. 115/2021. Því er lagt til að vísað verði til skilgreiningar þeirra laga á verðbréfafyrirtækjum. Lánastofnanir, staðbundin fyrirtæki og fyrirtæki skv. 8. mgr. 14. gr. a eru þó undanþegin til samræmis við 2. tölul. 1. mgr. 4. gr. CRR.

Loks er í a-lið frumvarpsgreinarinnar gert ráð fyrir að haldið verði í skilgreiningu á *staðbundnum fyrirtækjum*. Þó verði mælt fyrir um „fyrirtæki“ en ekki „verðbréfafyrirtæki“ í skilgreiningunni því að ekki er gert ráð fyrir því að staðbundin fyrirtæki verði talin til verðbréfafyrirtækja, sbr. það sem fyrr segir og 4. tölul. 1. mgr. 4. gr. CRR.

Um b-lið. Lagt er til að skilgreiningu á *lykilstarfsmanni* verði breytt til samræmis við skilgreiningu hugtaksins í viðmiðunarreglum Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar og Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar EBA/GL/2021/06 frá 2. júlí 2021, um mat á hæfi stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og lykilstarfsmanna samkvæmt tilskipunum

2013/36/ESB og 2014/65/ESB¹. Þar er hugtakið „key function holders“ skilgreint sem „persons who have significant influence over the direction of the institution, but who are neither members of the management body nor the CEO“. Yfirmenn innra eftirlits og fjármálastjóri teljast almennt til lykilstarfsmanna. Til þeirra geta einnig meðal annars talist þeir sem stýra mikilvægum rekstrareiningum og innri stuðnings- og eftirlitseiningum, útibúum og dótturfélögum.

Um c-lið. Meiri hluti gildandi orðskýringa í 1. gr. a laga um fjármálafyrirtæki byggist á orðskýringum í 3. gr. CRD IV, sem aftur vísa flestar í orðskýringar í 4. gr. CRR. Fyrirhuguð lögfesting CRR gefur færi á að styðjast beint við orðskýringar CRR, sbr. tillögu frumvarpsins að nýrri 2. mgr. 1. gr. b laga um fjármálafyrirtæki. Á þessum grundvelli er lagt til að skilgreining á *vátryggingafélagi* í 4. tölul. 1. mgr. 1. gr. a laganna falli brott því að hugtakið er skilgreint í 5. tölul. 1. mgr. 4. gr. CRR, á *móðurfélagi* í 9. tölul. 1. mgr. 1. gr. a laganna því að hugtakið er skilgreint í 15. tölul. 1. mgr. 4. gr. CRR, á *dótturfélagi* í 10. tölul. 1. mgr. 1. gr. a laganna því að hugtakið er skilgreint í 16. tölul. 1. mgr. 4. gr. CRR, á *samstæðu* í 11. tölul. 1. mgr. 1. gr. a laganna því að hugtakið er skilgreint í 138. tölul. 1. mgr. 4. gr. CRR, á *félagi í hliðarstarfsemi* í 13. tölul. 1. mgr. 1. gr. a laganna því að hugtakið er skilgreint í 18. tölul. 1. mgr. 4. gr. CRR, á *eignarhaldsfélagi á fjármálasviði* í 14. tölul. 1. mgr. 1. gr. a laganna því að hugtakið er skilgreint í 20. tölul. 1. mgr. 4. gr. CRR, á *blönduðu eignarhaldsfélagi* í 15. tölul. 1. mgr. 1. gr. a laganna því að hugtakið er skilgreint í 22. tölul. 1. mgr. 4. gr. CRR, á *blönduðu eignarhaldsfélagi í fjármálastarfsemi* í 16. tölul. 1. mgr. 1. gr. a laganna því að hugtakið er skilgreint í 21. tölul. 1. mgr. 4. gr. CRR, á *fjármálastofnun* í 17. tölul. 1. mgr. 1. gr. a laganna því að hugtakið er skilgreint í 26. tölul. 1. mgr. 4. gr. CRR, á *aðila á fjármálamarkaði* í 18. tölul. 1. mgr. 1. gr. a laganna því að hugtakið er skilgreint í 27. tölul. 1. mgr. 4. gr. CRR, á *yfirráðum* í 22. tölul. 1. mgr. 1. gr. a laganna því að hugtakið er skilgreint í 37. tölul. 1. mgr. 4. gr. CRR, á *nánum tengslum* í 23. tölul. 1. mgr. 1. gr. a laganna því að hugtakið er skilgreint í 38. tölul. 1. mgr. 4. gr. CRR, á *hópi tengdra viðskiptamanna* í 24. tölul. 1. mgr. 1. gr. a laganna því að hugtakið er skilgreint í 39. tölul. 1. mgr. 4. gr. CRR, á *fjármálagerningi* í 27. tölul. 1. mgr. 1. gr. a laganna því að hugtakið er skilgreint í 50. tölul. 1. mgr. 4. gr. CRR, á *stofnframlagi* í 28. tölul. 1. mgr. 1. gr. a laganna því að hugtakið er skilgreint í 51. tölul. 1. mgr. 4. gr. CRR, á *verðbréfun* í 30. tölul. 1. mgr. 1. gr. a laganna því að hugtakið er skilgreint í 61. tölul. 1. mgr. 4. gr. CRR, á *verðbréfaðri stöðu* í 31. tölul. 1. mgr. 1. gr. a laganna því að hugtakið er skilgreint í 62. tölul. 1. mgr. 4. gr. CRR, á *endurverðbréfaðri stöðu* í 32. tölul. 1. mgr. 1. gr. a laganna því að hugtakið er skilgreint í 64. tölul. 1. mgr. 4. gr. CRR, á *endurverðbréfun* í 33. tölul. 1. mgr. 1. gr. a laganna því að hugtakið er skilgreint í 63. tölul. 1. mgr. 4. gr. CRR, á *hæfu fjármagni* í 34. tölul. 1. mgr. 1. gr. a laganna því að hugtakið er skilgreint í 71. tölul. 1. mgr. 4. gr. CRR, á *stöðum sem haldið er vegna veltuviðskipta* í 35. tölul. 1. mgr. 1. gr. a laganna því að hugtakið er skilgreint í 85. tölul. 1. mgr. 4. gr. CRR, á *veltubók* í 36. tölul. 1. mgr. 1. gr. a laganna því að hugtakið er skilgreint í 86. tölul. 1. mgr. 4. gr. CRR, á *óbeinum eignarhlut* í 37. tölul. 1. mgr. 1. gr. a laganna því að hugtakið er skilgreint í 114. tölul. 1. mgr. 4. gr. CRR, á *krosseignarhaldi* í 38. tölul. 1. mgr. 1. gr. a laganna því að hugtakið er skilgreint í 122. tölul. 1. mgr. 4. gr. CRR, á *tilbúnum eignarhlut* í 39. tölul. 1. mgr. 1. gr. a laganna því að hugtakið er skilgreint í 126. tölul. 1. mgr. 4. gr. CRR, á *móðurfélagi í aðildarríki* í 40. tölul. 1. mgr. 1. gr. a laganna því að hugtakið er skilgreint í 28. tölul. 1. mgr. 4. gr. CRR, á *móðurfélagi á*

¹ <https://www.eba.europa.eu/joint-esma-and-eba-guidelines-assessment-suitability-members-management-body-revised>.

Evrópska efnahagssvæðinu í 41. tölul. 1. mgr. 1. gr. a laganna því að hugtakið er skilgreint í 29. tölul. 1. mgr. 1. gr. a CRR, á *móðureignarhaldsfélagi á fjármálasviði á Evrópska efnahagssvæðinu* í 42. tölul. 1. mgr. 1. gr. a laganna því að hugtakið er skilgreint í 31. tölul. 1. mgr. 4. gr. CRR, á *blönduðu móðureignarhaldsfélagi í fjármálastarfsemi á Evrópska efnahagssvæðinu* í 43. tölul. 1. mgr. 1. gr. a laganna því að hugtakið er skilgreint í 33. tölul. 1. mgr. 1. gr. a laganna, á *móðureignarhaldsfélagi á fjármálasviði í aðildarríki* í 44. tölul. 1. mgr. 1. gr. a laganna því að hugtakið er skilgreint í 30. tölul. 1. mgr. 4. gr. CRR, á *blönduðu móðureignarhaldsfélagi í fjármálastarfsemi í aðildarríki* í 45. tölul. 1. mgr. 1. gr. a laganna því að hugtakið er skilgreint í 32. tölul. 1. mgr. 4. gr. CRR og á *eftirlitsaðila á samstæðugrunni* í 47. tölul. 1. mgr. 1. gr. a laganna því að hugtakið er skilgreint í 41. tölul. 1. mgr. 4. gr. CRR. Þá er lagt til að skilgreining á *stórri áhættuskuldbindingu* í 29. tölul. 1. mgr. 1. gr. a laganna falli brott því að hugtakið er skilgreint í 392. gr. CRR.

Gert er ráð fyrir að skilgreiningar á hugtökunum *lánastofnun* og *verðbréfafyrirtæki* verði í 1. gr. a, líkt og fyrr segir, þótt þær sé að finna í 1. mgr. 4. gr. CRR. Hugtökin hafa slíka grundvallarþýðingu fyrir lögin að tilefni þykir til að hafa þau á áberandi stað í 1. gr. a laganna, þótt í því felist viss tvítekning. Gert er ráð fyrir að skilgreining á hugtakinu *staðbundið fyrirtæki* verði einnig áfram í 1. gr. a, þótt hana sé einnig að finna í 1. mgr. 4. gr. CRR, því að hún er liður í skilgreiningu á verðbréfafyrirtækjum.

Gert er ráð fyrir að efni skilgreiningar á *virikum eignarhlut og samstarfi* í 21. og 25. tölul. 1. mgr. 1. gr. a færist í 40. gr. laganna, sbr. skýringar við fyrirhugaðar breytingar á þeirri grein.

Um d-lið. Lögð er til viðbót við skilgreiningu 12. tölul. 1. mgr. greinarinnar á útibúi til að innleiða 38. gr. CRD IV.

Um e-lið. Lagt er til að fjórar nýjar orðskýringar bætist við 1. mgr. greinarinnar. Skilgreining á *innri aðferð* byggist á 59. tölul. 1. mgr. 3. gr. CRD IV, en þó er notast við aðra þýðingu á „internal assessment approach“ til að aðgreina hugtakið frá þýðingu „internal ratings based approach“, skilgreining á *kerfisáhættu* byggist á 10. tölul. sömu málsgreinar og skilgreining á *þriðjaríkissamstæðu* byggist á 64. tölul. sömu málsgreinar. Stuðst er við hugtökin í ákvæðum sem lagt er til í frumvarpinu að bætist við lögin.

Lagt er til að skilgreiningu á *raunverulegum eiganda* verði bætt við lögin. Fjármálafyrirtækjum ber skv. 4. mgr. 19. gr. og c-lið 3. mgr. 87. gr. laganna að birta upplýsingar um raunverulega eigendur sína og skv. 49. gr. a laganna skal Fjármálaeftirlitið leggja gegn öflun virks eignarhlutar í lánastofnun ef óvíst er hver verði raunverulegur eigandi hans. Hugtakið er skilgreint í 4. mgr. 19. gr. sem einstaklingur eða einstaklingar sem eiga beina eða óbeina hlutdeild í félagi sem nemur 10% eða meira af hlutfé, stofnfé eða atkvæðisrétti eða aðra hlutdeild sem gerir honum eða þeim kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun viðkomandi félags, en það er ekki skilgreint í 49. gr. a eða 87. gr. Eftir að þessi ákvæði voru sett tóku gildi lög um skráningu raunverulegra eigenda, nr. 82/2019, sem skylda fyrirtæki til að afla upplýsinga um raunverulega eigendur sína, eins og það hugtak er skilgreint í lögum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, nr. 140/2018, og veita ríkisskattstjóra þær upplýsingar. Þar er raunverulegur eigandi skilgreindur sem einstaklingur, einn eða fleiri, sem í raun á starfseminna eða stýrir þeim viðskiptamanni, lögaðila eða einstaklingi, í hvers nafni viðskipti eða starfsemi er stunduð eða framkvæmd. Í tilviki lögaðila er meðal annars átt við einstakling eða einstaklinga sem í raun eiga eða stjórna lögaðila í gegnum beina eða óbeina eignaraðild að meira en 25% hlut í lögaðilanum, ráða yfir meira en 25% atkvæðisréttar eða teljast á annan hátt hafa yfirráð yfir lögaðila; fyrirmælin eiga þó ekki við um lögaðila sem skráðir eru á skipulegum markaði samkvæmt skilgreiningu laga um kauphallir. Ef ekki er mögulegt að finna raunverulegan eiganda lögaðila í þessum skilningi vegna svo dreifðs eignarhalds að

engir einstaklingar eiga eða stýra viðskiptamanni í skilningi laganna eða ef vafi leikur á um eignarhaldið, skuli sá einstaklingur, einn eða fleiri, sem stjórnar starfsemi lögaðilans teljast raunverulegur eigandi. Létta má nokkrum tvíverknaði af fjármálafyrirtækjum með því að styðjast við sömu skilgreiningu á raunverulegum eiganda í lögum um fjármálafyrirtæki og er gert í lögum um skráningu raunverulegra eigenda og lögum um aðgerðir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka, án þess að það sé talið koma niður á því markmiði laganna að tryggja gagnsæi gagnvart almenningi um raunverulegt eignarhald fjármálafyrirtækja. Það getur einnig auðveldað fjármálafyrirtækjum að afla upplýsinga um raunverulega eigendur, einkum erlenda eigendur, því að skilgreining laga um aðgerðir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka byggist á evrópskri skilgreiningu á hugtakinu. Af þessum sökum er lagt til að skilgreining 4. mgr. 19. gr. laga um fjármálafyrirtæki á raunverulegum eiganda verði felld brott en þess í stað verði í nýju orðskýringarákvæði vísað til skilgreiningar laga um aðgerðir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Lagt er til að hugtakið verði skilgreint í orðskýringarákvæði laga um fjármálafyrirtæki frekar en áfram í 4. mgr. 19. gr. laganna þannig að skilgreiningin nái einnig til hugtaksins í 49. gr. a og c-lið 3. mgr. 87. gr. laganna.

Um f-lið. Lagt er til að stuðst verði við orðskýringar sem fram koma í CRR, einkum í orðskýringarákvæði 4. gr. reglugerðarinnar. Það hefur þá kosti að tryggja betur samræmi við CRD IV-pakkann og gefa færi á að stytta verulega orðskýringarákvæði laganna.

Lagt er til að gildandi heimild ráðherra til að setja nánari ákvæði um skilgreiningu hugtakanna *hópur tengdra viðskiptamanna* og *fjármálagerningur* í reglugerð falli brott því að gert er ráð fyrir að stuðst verði við skilgreiningar á hugtökunum í 39. og 50. tölul. 1. mgr. 4. gr. CRR.

Um g-lið. Ákvæðinu er ætlað að innleiða 3. mgr. 3. gr. CRD IV.

Um 4. gr.

Um 1. mgr. EES-reglugerðir skulu teknar sem slíkar upp í landsrétt skv. a-lið 7. gr. EES-samningsins og því ber Íslandi að taka CRR upp í heild. Það hefur verið gert með reglugerð um varfærniskröfur vegna starfsemi fjármálafyrirtækja, nr. 233/2017. CRR felur þó í sér takmarkanir á athafnafrelsi fyrirtækja sem verða að styðjast við lög. Leitast hefur verið við að fullnægja þeim kröfum með því að lögfesta meginefni takmarkana samkvæmt CRR í lögum um fjármálafyrirtæki.

Í frumvarpinu er aftur á móti lagt til að CRR verði veitt lagagildi í heild með vísun til birtingar hennar í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, til samræmis við 1. másl. 2. mgr. 2. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. 2. másl. 1. mgr. 4. gr. sömu laga, og að um leið verði felld brott núgildandi ákvæði í lögum um fjármálafyrirtæki sem taka upp efni einstakra ákvæða CRR. Jafnframt er gert ráð fyrir að fella brott reglugerð um varfærniskröfur vegna starfsemi fjármálafyrirtækja. Verði tillagan um lögfestingu samþykkt mun CRR teljast hluti laga um fjármálafyrirtæki og almennar vísanir til laganna því ná til ákvæða CRR.

Sú aðferð hefur þrjá megin kosti umfram núverandi aðferð. Í fyrsta lagi er þannig tryggt að innleiðing CRR fullnægi stjórnskipulegum lagaáskilnaðarreglum. CRR er viðamikil og flókin gerð og jafnvel þótt reynt sé að taka upp helstu takmarkanir samkvæmt gerðinni í lög er erfitt að tryggja að það dugi til. Í öðru lagi er hún einfaldari. Fjármálafyrirtæki og viðskiptavinir þeirra þurfa þá við beitingu reglna CRR aðeins að horfa til CRR en ekki bæði til CRR og ákvæða laga um fjármálafyrirtæki og reglugerðar um varfærniskröfur vegna starfsemi fjármálafyrirtækja. Í þriðja lagi tryggir hún betur samræmi við CRR. EES-reglugerðir á almennt að taka upp sem slíkar í landsrétt en ekki á að umrita ákvæði þeirra, utan ákvæða sem sérstaklega er gert ráð fyrir að aðildarríki útfæri. Á móti lögfestingu CRR kann að vega að síðari

breytingar á gerðinni munu þá almennt kalla á lagabreytingar sem eru þyngri í vöfum en breytingar á reglugerð. Aftur á móti má færa rök fyrir því að eðlilegt sé að innleiðing á gerðum sem breyta CRR komi til kasta löggjafans þar sem CRR, ásamt CRD IV, felur í sér grundvallarreglur um starfsemi fjármálafyrirtækja.

CRR sætti svonefndum altækum aðlögunum við upptöku í EES-samninginn, sem eru aðlaganir sem eiga við um allar gerðir sem eru teknar upp í samninginn samkvæmt bókun 1 við samninginn, og sértækum aðlögunum samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 79/2019 sem taka sérstaklega mið af efni CRR. Aðlögununum er ætlað að tryggja samræmi við EES-samninginn. Þær fela í sér að Eftirlitsstofnun EFTA fari með valdheimildir í stað stofnana Evrópusambandsins hvað EFTA-rikin varðar og atriði á borð við að vísanir til yfirráðasvæða og ríkisborgara aðildarríkja Evrópusambandsins eigi við um yfirráðasvæði og ríkisborgara aðildarríkja EES-samningsins og að vísanir til laga Evrópusambandsins eigi við um ákvæði EES-samningsins. Veita á aðlögununum gildi hér á landi og því er lagt til að vísað verði til bókonar 1 og ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar í ákvæðinu um lögfestingu CRR.

Lagt er til að CRR verði lögfest með breytingum samkvæmt sjö reglugerðum, sem eru misveigamiklar.

Reglugerð (ESB) 2015/62 tilgreinir hvernig fjármálafyrirtæki eigi að reikna vogunarhlutfall. Hún var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 80/2019, en engar sértækar aðlaganir voru gerðar við upptökuna sem veita þarf gildi. Þar sem reglugerðin hefur ekki enn verið birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins er lagt til að vísað verði til birtingar hennar í C-deild Stjórnartíðinda til samræmis við heimild 1. málsl. 2. mgr. 2. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað.

Reglugerð (ESB) 2016/1014 framlengi undanþágur verðbréfafyrirtækja sem sýsla með hrávörugerninga frá ákvæðum um stórar áhættuskuldbindingar og eiginfjárgrunn skv. 1. mgr. 493. og 1. mgr. 498. gr. CRR til ársloka 2020. Hún var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 82/2019, en engar sértækar aðlaganir voru gerðar við upptökuna sem veita þarf gildi.

Reglugerð (ESB) 2017/2188 felldi brott tímamörk á heimild lögbærra yfirvalda skv. 1. mgr. 496. gr. CRR til að falla frá 10% hámarki vegna forgangseininga sem gefnar eru út af frönskum Fonds Communs de Créances eða samsvarandi verðbréfunarstofnunum sem mælt er fyrir um í d- og e-lið 1. mgr. 129. gr. CRR. Hún var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 64/2020, en engar sértækar aðlaganir voru gerðar við upptökuna sem veita þarf gildi.

Reglugerð (ESB) 2017/2395 mælti fyrir um umbreytingarferli til að laga evrópskt regluverk um fjármagnsskipan fjármálafyrirtækja að nýjum alþjóðlegum reikningsskilastaðli vegna fjármálagerninga, IFRS 9, sem Alþjóðareikningsskilaráðið birti 2014. Staðallinn var tekinn upp í Evrópusambandinu með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2067, sem var innleidd hérlendis með reglugerð nr. 1178/2017. Meðal breytinga með IFRS 9 var að ríkara tillit var tekið til áætlaðra útlánatapa. Til að koma í veg fyrir að það lækkaði skyndilega og verulega eiginfjárgrunn fjármálafyrirtækja mælti reglugerð (ESB) 2017/2395 fyrir um fimm ára umbreytingarferli. Meðan á því stendur mega fjármálafyrirtæki telja til eiginfjárgrunns hluta varúðarniðurfærslna vegna áætlaðs útlánataps sem leiðir af nýja staðlinum. Reglugerð (ESB) 2017/2395 mælti einnig fyrir um þriggja ára umbreytingartímabil vegna stórra áhættuskuldbindinga gagnvart opinberum aðilum í mynt heimaríkis. Reglugerðin var innleidd hér á landi með reglugerð nr. 452/2020 með þeirri breytingu að fjármálafyrirtækjum var veittur frestur til 15. júní 2020 í stað 1. febrúar 2018 til að tilkynna eftirlitsaðila hvort þau hygðust

nýta sér umbreytingartímabil samkvæmt gerðinni. Ekki er gert ráð fyrir að taka þá breytingu upp í lögin, en það hnikar þó ekki gildi tilkynninga sem fjármálafyrirtæki sendu Fjármálaeftirlitinu fyrir 15. júní 2020 á grundvelli reglugerðar nr. 452/2020. Reglugerð (ESB) 2017/2395 var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 79/2019, samhliða reglugerð (ESB) nr. 575/2013.

Reglugerð (ESB) 2019/630 breytti ákvæðum CRR um eiginfjárkröfur vegna áhættuskuldbindinga í vanskilum. Lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum var gert að draga hluta lána í vanskilum frá eiginfjárgrunni ef ekki voru til staðar varasjóðir til að mæta væntu tapi af lánunum. Lán töldust í grófum dráttum í vanskilum ef lántaki hefði ekki efnt greiðsluskyldu í 90 daga eða ætla mátti af öðrum sökum að hann myndi ekki standa í skilum. Umfang frádráttarins réðist af því hvort um tryggt eða ótryggt lán væri að ræða og hve lengi það hefði verið í vanskilum. Hún var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 16/2020. Í ákvörðuninni var dagsetning í gerðinni aðlöguð og því er lagt til að vísað verði til ákvörðunarinnar í 1. gr. c laga um fjármálafyrirtæki. Þar sem ákvörðunin hefur ekki enn verið birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins er lagt til að vísað verði til birtingar hennar í C-deild Stjórnartíðinda til samræmis við heimild 1. másl. 2. mgr. 2. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað.

Allverulegar breytingar voru gerðar á CRR með reglugerð (ESB) 2019/876, einkum til að skýra ákvæði sem þóttu óljós og til að taka mið af öðrum breytingum á evrópsku regluverki og á alþjóðlegum viðmiðum um starfsemi banka, svonefndum Basel-stöðlum. Meðal helstu efnislegu breytinga var að mælt var fyrir um að vogunarhlutfall skyldi vera að lágmarki 3% til að takmarka vogun banka og lágmark stöðugar fjármögnunar til að vinna gegn því að bankar reiddu sig um of á óstöðuga skammtímafjármögnun, kröfur um stórar áhættuskuldbindingar voru hertar með því að reikna þær sem hlutfall af eiginfjárþætti 1 eingöngu fremur en af hæfu fjármagni sem tók einnig til eiginfjárþáttar 2, skilyrði fyrir afslætti af eiginfjárkröfum vegna lánveitinga til lítilla og meðalstórra fyrirtækja voru rýmkuð og veittur var afsláttur af eiginfjárkröfum vegna lánveitinga til innviðaverkefna. Reglugerðin var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 301/2021. Í henni voru nokkrar aðlaganir, meðal annars á dagsetningum og til að fela stofnunum Fríverslunarsamtaka Evrópu heimildir í stað stofnana Evrópusambandsins, og því er lagt til að vísað verði til ákvörðunarinnar í 1. gr. c laga um fjármálafyrirtæki. Þar sem ákvörðunin hefur ekki enn verið birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins er lagt til að vísað verði til birtingar hennar í C-deild Stjórnartíðinda til samræmis við heimild 1. másl. 2. mgr. 2. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað.

Reglugerð (ESB) 2020/873 breytti CRR til að auðvelda lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum að bregðast við heimsfaraldri kórónuveiru. Hún var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 301/2021. Í henni voru nokkrar aðlaganir líkt og fyrr greinir og því er lagt til að vísað verði til ákvörðunarinnar í 1. gr. c laga um fjármálafyrirtæki. Þar sem ákvörðunin hefur ekki enn verið birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins er lagt til að vísað verði til birtingar hennar í C-deild Stjórnartíðinda til samræmis við heimild 1. másl. 2. mgr. 2. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað.

CRR hefur einnig verið breytt með reglugerðum (ESB) 2017/2401, 2019/2160, 2019/2033 og 2021/558. Ekki er lagt til að þeim verði veitt gildi hér á landi að sinni því að þær hanga saman við reglugerð (ESB) 2017/2402 og tilskipanir (ESB) 2019/2034 og 2019/2162 sem ekki hafa verið innleiddar. Lagasetning í því skyni stendur þó til. Þá hefur CRR verið breytt með reglugerð (ESB) 2021/424 en hún hefur ekki enn verið þýdd og ekki er búið að taka hana upp í EES-samninginn. Ekki er því lagt til að hún verði lögfest að sinni.

Um 2. mgr. Vísað er til reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 víða í fyrirhuguðum lagatexta samkvæmt frumvarpinu. Málsgreininni er ætlað að áréttu að átt er við CRR með þeim aðlögunum og breytingum sem tilgreindar eru í 1. mgr.

Um 3. mgr. Tekið er fram til að skerpa á verkaskiptingu að fjármálaeftirlit Seðlabankans fari með þau verkefni sem falin eru lögbæru yfirvaldi í CRR en skilavald bankans með þau verkefni sem falin eru skilastjórnvöldum.

Um 5. gr.

Í frumvarpinu er lagt til að við I. kafla bætist grein um lögfestingu CRR. Því er lagt til að fyrrsögn I. kafla verði „Almenn ákvæði“ í stað núverandi vísunar í gildissvið, markmið og orðskýringar.

Um 6. gr.

Um a–c-lið. II. kafli laga um fjármálafyrirtæki, sem fjallar um starfsleyfi, gildir ekki lengur um verðbréfafyrirtæki heldur er nú fjallað um starfsleyfi þeirra í nýjum lögum um markaði fyrir fjármálagerninga, nr. 115/2021. Því til samræmis er lagt til að kveðið verði á um starfsleyfi lánastofnana frekar en starfsleyfi fjármálafyrirtækja í kaflanum.

Um d-lið. C-liður 2. mgr. 2. gr. laga um fjármálafyrirtæki innleiðir c-lið 1. mgr. og c-lið 2. mgr. 16. gr. CRD IV. Þar er fjallað um „control“, sem er skilgreint í 37. tölul. 1. mgr. 4. gr. CRR. Þar er hugtakið þýtt sem „yfirráð“. Til samræmis við það er lagt til að notað verði orðið „yfirráð“ í stað orðanna „ráðandi stöðu“ í c-lið 2. mgr. 2. gr. laganna.

Um e-lið. Lagt er til að vísað verði til 42. gr. a í stað 42. gr. í 3. mgr. 2. gr. til samræmis við fyrirhugaða skiptingu 42. gr. laganna í tvær greinar. Tilvísunin á við um þann hluta gildandi 42. gr. sem ráðgert er að verði í 42. gr. a.

Um 7. gr.

Lagt er til að 1. mgr. 3. gr. laganna verði stytta verulega og þar verði aðeins tilgreint að viðtaka innlána og annarra endurgreiðanlegra fjármuna frá almenningi sé starfsleyfis skyld til samræmis við 1. mgr. 9. gr. CRD IV. Ákvæðið nær yfir fyrirmæli gildandi 1. tölul. málsgreinarinnar.

Í 2. tölul. málsgreinarinnar segir nú að veiting útlána sem fjármögnuð er með endurgreiðanlegum fjármunum frá almenningi sé starfsleyfis skyld. Fyrirmælin leiða í reynd þegar af 1. tölul., þar sem fyrirtæki geta ekki löglega veitt útlán sem eru fjármögnuð með endurgreiðanlegum fjármunum frá almenningi ef þeim er óheimilt að taka við endurgreiðanlegum fjármunum frá almenningi. Þrátt fyrir brottfall töluliðarins geta lánastofnanir veitt útlán sem fjármögnuð eru með endurgreiðanlegum fjármunum frá almenningi á grundvelli 2. tölul. 1. mgr. 20. gr. laganna. Brottfallið er því í reynd aðeins einföldun á málsgreininni en ekki efnisleg breyting.

Í 3. tölul. málsgreinarinnar segir nú að eignaleiga sé starfsleyfis skyld samkvæmt lögnum þegar fyrirtæki hafi hana að meginstarfsemi sinni. Með eignaleigu sé átt við leigustarfsemi með lausafé eða fasteignir þar sem leigusali selji leigutaka hið leigða gegn umsömdu leigugjaldi í tiltekinn lágmarksleigutíma. Af ákvæðinu og 4. gr. laganna leiðir að strangt til tekið er lánastofnunum einum heimilt að hafa eignaleigu að meginstarfsemi. Samkvæmt hljóðan 3. tölul. 1. mgr. 3. gr. er efni ákvæðisins þó mjög víðtækt og nær til venjulegrar leigustarfsemi með laust fé eða fasteignir sem á engan veginn heima undir það víðtæka regluverk sem gildir um lánastofnanir.

Í álitu atvinnuveganefndar um frumvarp til laga um leigu skráningarskyldra ökutækja á 144. löggjafarþingi (421. mál) kom fram að bílaleigur stunduðu starfsemi sem líktist starfsemi fyrirtækja sem stunda eignaleigu sem væri starfsleyfisskyld samkvæmt lögum um fjármála-fyrirtæki. Á síðarnefndum fyrirtækjum hvíldu ýmsar kvaðir sem leiddu til þess að misríkar kröfur væru gerðar til fyrirtækja sem stunduðu starfsemi af svipuðum toga. Nefndinni hefði verið bent á það af hálfu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins að framtíðarsýn Fjármálaeftirlitsins væri sú að fyrirtæki sem stunduðu eignaleigu mundu ekki þurfa starfsleyfi eftirlitsins. Beindi nefndin því til fjármála- og efnahagsráðuneytisins að huga að breytingum á lögum í því skyni að draga úr þessu misræmi.

Í bréfi Fjármálaeftirlitsins til fjármála- og efnahagsráðuneytisins frá 14. desember 2015 var því lýst að ýmis eignaleigustarfsemi félli illa að skilgreiningu á lánastofnunum. Þá væri í mörgum tilvikum óljóst hvort fella ætti leigustarfsemi undir lög um fjármálafyrirtæki. Óskaði eftirlitið eftir því að tekið yrði til endurskoðunar hvort rétt væri að fella starfsemi eignaleigu-fyrirtækja skv. 3. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um fjármálafyrirtæki undir starfsleyfi lánastofnana.

Með tilliti til þessa, og í ljósi þess að fyrirhugað var að leggja til breytingar á 3. gr. laga um fjármálafyrirtæki, þótti við gerð frumvarps þessa rétt að taka 3. tölul. 1. mgr. samhliða til endurskoðunar. Til skoðunar kom að þrengja efni töluliðarins þannig að venjuleg leigustarfsemi, sem á lítt skylt við hefðbundna starfsemi lánastofnana, félli utan ákvæðisins en að ákvæðið næði þó áfram til fjármögnunarleigu. Hagrænt inntak fjármögnunarleigu svipar mjög til þess að veita lán til kaupa á eign með veði í eigninni, þótt sá munur sé á að í tilviki fjármögnunarleigu er beinn eignaréttur hjá fjármögnunaraðilanum en ekki í tilviki veðláns. Þá var þó talið eðlilegt að takmarka skylduna við fjármögnunarleigu sem væri fjármögnuð með endurgreiðanlegum fjármunum frá almenningi, til samræmis við það sem gildir um útlán skv. 2. tölul. málsgreinarinnar. Af því leiðir aftur á móti að takmörkunin leiðir í reynd þegar af fyrirmælum 1. tölul. málsgreinarinnar, þar sem fyrirtæki geta ekki löglega stundað fjármögnunarleigu sem er fjármögnuð með endurgreiðanlegum fjármunum frá almenningi ef þeim er óheimilt að taka við endurgreiðanlegum fjármunum frá almenningi. Því er frekar lagt til að töluliðurinn falli brott. Þrátt fyrir brottfall töluliðarins geta lánastofnanir boðið upp á fjármögnunarleigu sem fjármögnuð er með endurgreiðanlegum fjármunum frá almenningi á grundvelli 3. tölul. 1. mgr. 20. gr. laganna. Af brottfallinu leiðir þó að önnur leigustarfsemi verður ekki starfsleyfisskyld samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki. Eftir sem áður verður hún þó háð almennum lagaákvæðum á sviði samninga- og kröfuréttar og neytendaverndar og eftir atvikum sérlögum sem við eiga um tilteknar tegundir leigustarfsemi.

Í 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. laganna segir nú að fjárfestingarþjónusta og fjárfestingarstarfsemi samkvæmt lögum um markaði fyrir fjármálagerninga sé starfsleyfisskyld samkvæmt lögum um Fjárfestingarþjónusta og fjárfestingarstarfsemi er nú starfsleyfisskyld skv. 1. mgr. 5. gr. laga um markaði fyrir fjármálagerninga, nr. 115/2021, en lánastofnanir geta þó stundað fjárfestingarþjónustu og fjárfestingarstarfsemi á grundvelli 4. mgr. 20. gr. laga um fjármálafyrirtæki án starfsleyfis samkvæmt lögum um markaði fyrir fjármálagerninga. Af ákvæðunum leiðir að óþarft er að tilgreina í 3. gr. laga um fjármálafyrirtæki að fjárfestingarþjónusta og fjárfestingarstarfsemi sé starfsleyfisskyld. Því er lagt til að 6. tölul. 1. mgr. greinarinnar falli brott.

Í 2. mgr. 3. gr. laganna segir nú að um aðrar starfsheimildir fjármálafyrirtækja fari skv. IV. kafla. Kaflinn gildir eftir setningu laga um markaði fyrir fjármálagerninga ekki lengur um fjármálafyrirtæki. Því er lagt til að aðeins verði kveðið á um starfsleyfi lánastofnana en ekki starfsleyfi fjármálafyrirtækja í málsgreininni. Lagt er til að orðunum „eftir því sem nánar greinir í starfsleyfi þeirra“ verði bætt við málsgreinina til að skerpa á því að fjármálafyrirtæki

hafi ekki sjálfkrafa allar starfsheimildir skv. IV. kafla heldur ráðist það af starfsleyfi þeirra hvaða heimildir þau hafi.

Lagt er til að 3.–5. mgr. greinarinnar falli brott. Ákvæðin byggjast á 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB um markaði fyrir fjármálagerninga, sem er innleidd með 2. gr. laga um markaði fyrir fjármálagerninga. Af fyrirhuguðu brottfalli 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um fjármálafyrirtæki leiðir að óþarft verður að hafa hliðstæð fyrirmæli í lögum um fjármálagerninga.

Um 8. gr.

Lagt er til að 4. gr. laganna verði einfölduð verulega og þar komi aðeins fram að lána- stofnun geti fengið starfsleyfi sem viðskiptabanki, sparisjóður eða lána- fyrirtæki.

Til samræmis við fyrirhugaðar breytingar á 3. gr. laganna samkvæmt frumvarpinu er lagt til að vísanir til 3. gr. í 4. gr. falli brott.

Lagt er til að fyrirmæli 2. másl. 1. tölul. og 3. másl. 2. tölul. 1. mgr. 4. gr., um að viðskipta- bankar og sparisjóðir skuli taka við innlánnum og veita útlán, færast í 20. gr. laganna um starfs- heimildir lána- stofnana. Lagt er til að ákvæði 2. másl. 2. tölul. 1. mgr. 4. gr., um sparisjóð „sem starfar á afmörkuðu, staðbundnu starfssvæði“, falli brott. Um skýringar vísast til athuga- semda við fyrirhugaðar breytingar á 2. mgr. 14. gr.

Fyrirmæli 2. másl. 3. tölul. 1. mgr. 4. gr., um að lána- fyrirtækjum beri að hafa leyfi til að taka við endurgreiðanlegum fjármunum frá almenningi og veita útlán, leiða af skilgreiningu á lána- stofnun, auk þess sem tekið er fram í 3. mgr. 20. gr. laganna að þau megi ekki taka við innlánnum. Lagt er til að ákvæði 3. másl. 3. tölul. 1. mgr. 4. gr., um heimild lána- fyrirtækis til að kalla sig fjárfestingarbanka, falli brott. Takmörkun 12. gr. laganna á því hverjir megi kalla sig fjárfestingarbanka gildir þó áfram.

Lagt er til að 5. tölul. 1. mgr., um starfsleyfi verðbréfa- fyrirtækja, falli brott. II. kafli laga um fjármálafyrirtæki gildir ekki lengur um starfsleyfi verðbréfa- fyrirtækja heldur er nú fjallað um þau í lögum um markaði fyrir fjármálagerninga, nr. 115/2021.

Lagt er til að 2. mgr. 4. gr., þar sem segir að fjármálafyrirtæki sem hafi tilgreindar starfs- heimildir teljist lána- stofnun, falli brott. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að byggja á skil- greiningu 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. CRR á lána- stofnun, sbr. fyrirhugaða 1. tölul. 1. mgr. 1. gr. b í lögnum.

Loks er lagt til að fyrirmæli 3. mgr. 4. gr., um heimild til að eiga í viðskiptum með fjár- málagerninga utan veltubókar, færast í 5. mgr. 20. gr.

Um 9. gr.

Um a-lið. Í 6. tölul. 5. gr. kemur nú fram að umsókn um starfsleyfi skuli fylgja upplýsingar um „stofnendur, hluthafa eða stofnfjáreigendur, sbr. VI. kafla“. Töluliðurinn innleiðir fyrri hluta 1. undirgr. 1. mgr. 14. gr. CRD IV, þar sem fram kemur að upplýsa skuli um hluthafa eða félagsaðila „sem ráða beint eða óbeint yfir virkum eignarhlutum“. Því til samræmis er lagt til að 6. tölul. 5. gr. verði afmarkaður við aðila sem fara með virkan eignarhlut.

Til samræmis við síðari hluta 1. undirgr. 1. mgr. 14. gr. CRD IV er lagt til að fram komi að fari enginn með virkan eignarhlut skuli upplýsa um 20 stærstu hluthafa eða stofnfjáreigend- ur.

Um b-lið. Lagt er til að bætt verði við nýjum 9. tölul., um að umsókn um starfsleyfi skuli fylgja upplýsingar um samstæðu sem fyrirtæki tilheyrir, til að innleiða fyrirmæli þess efnis sem var bætt við 10. gr. CRD IV með CRD V.

Um c-lið. Lagt er til að vísun til 23. tölul. 1. mgr. 1. gr. a, þar sem nán tengsl eru skilgreind, falli brott. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að sá töluliður falli brott og að stuðst verði við skilgreiningu CRR á nánnum tengslum.

Um 10. gr.

Um a-lið. Í 2. másl. 2. mgr. 6. gr. segir nú að ekki sé heimilt að veita starfsleyfi sem taki eingöngu til viðbótarþjónustu skv. 25. gr. laganna. Greinin er í II. kafla laganna, sem gildir nú aðeins um lánastofnanir vegna breytinga á gildissviðsákvæði laganna með nýjum lögum um markaði fyrir fjármálagerninga, nr. 115/2021. Lánastofnanir eru samkvæmt skilgreiningu fyrirtæki sem starfa við að taka á móti innlánnum eða öðrum endurgreiðanlegum fjármunum frá almenningi og veita lán fyrir eigin reikning og starfsleyfi þeirra getur því aldrei takmarkast við viðbótarþjónustu. Ákvæðið er því orðið óþarft. Auk þess vísar það í ákvæði í 25. gr. laganna sem féll brott með lögum um markaði fyrir fjármálagerninga. Þá byggðist það á tilskipunarákvæði í 3. másl. 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 2004/39/EB sem varðaði verðbréfafyrirtæki og endurspeglast nú í 3. másl. 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 2014/65/ESB sem er innleidd með 3. másl. 1. mgr. 6. gr. laga um markaði fyrir fjármálagerninga. Með tilliti til þessa er lagt til að ákvæðið falli brott.

Um b- og c-lið. II. kafli laga um fjármálafyrirtæki, sem fjallar um starfsleyfi, gildir ekki lengur um verðbréfafyrirtæki heldur er nú fjallað um starfsleyfi þeirra í nýjum lögum um markaði fyrir fjármálagerninga, nr. 115/2021. Því til samræmis er lagt til að kveðið verði á um starfsleyfi lánastofnana frekar en starfsleyfi fjármálafyrirtækja í kaflanum.

Um d-lið. Málsgreinin er ætlað að innleiða 1. mgr. 20. gr. CRD IV.

Um 11. gr.

Um a-lið. Í 1. mgr. 7. gr. kemur nú fram að fullnægi umsókn ekki skilyrðum laganna að mati Fjármálaeftirlitsins skuli það synja um starfsleyfi. Lagt er til að „eða umsækjandi“ verði bætt við til að árétta að ekki nægi að umsókn sem slík sé fullnægjandi heldur þurfi umsækjandi að uppfylla skilyrði laganna.

Lagt er til að „eftirlitskerfi með áhættu og hæfi stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og eigenda virkra eignarhluta“ verði bætt við 1. mgr. í dæmaskyni til að innleiða 2. mgr. 10. gr., 2. undirgr. 1. mgr. 13. gr. og 2. mgr. 14. gr. CRD IV. Ekki á að veita starfsleyfi nema Fjármálaeftirlitið telji að eftirlitskerfi með áhættu, sem ráðgert er að fjallað verði um í 1. mgr. 50. gr. laganna, geri fyrirtækinu kleift að hafa trausta og skilvirka áhættustýringu. Ráðgert er að fjallað verði um hæfiskröfur til stjórnarmanna og framkvæmdastjóra í 2. mgr. 52. gr. laganna. Þá ætti Fjármálaeftirlitið, að teknu tilliti til nauðsynjar þess að tryggja trausta og varfærna stjórnun lánastofnana, að synja um starfsleyfi ef það telur ástæðu til að efast um hæfi eigenda virkra eignarhluta, en ráðgert er að fjallað verði um það í 42. gr. a laganna.

Um b-lið. Lagt er til að vísun til skilgreiningar á nánnum tengslum í 23. tölul. 1. mgr. 1. gr. a falli brott. Gert er ráð fyrir að sá töluliður falli brott og að í hans stað verði stuðst við skilgreiningu CRR á nánnum tengslum.

Viðbótum við 2. másl. 3. mgr. 7. gr. er ætlað að tryggja samræmi við 2. undirgr. 3. mgr. 14. gr. CRD IV.

Um 12. gr.

II. kafli laga um fjármálafyrirtæki, sem fjallar um starfsleyfi, gildir ekki lengur um verðbréfafyrirtæki heldur er nú fjallað um starfsleyfi þeirra í nýjum lögum um markaði fyrir

fjármálagerninga, nr. 115/2021. Því til samræmis er lagt til að kveðið verði á um starfsleyfi lánastofnana frekar en starfsleyfi fjármálafyrirtækja í kaflanum.

Um 13. gr.

Um a-, f-, i- og j-lið. II. kafli laga um fjármálafyrirtæki, sem fjallar um starfsleyfi, gildir ekki lengur um verðbréfafyrirtæki heldur er nú fjallað um starfsleyfi þeirra í nýjum lögum um markaði fyrir fjármálagerninga, nr. 115/2021. Því til samræmis er lagt til að kveðið verði á um starfsleyfi lánastofnana frekar en starfsleyfi fjármálafyrirtækja í kaflanum.

Um b-lið. Breytingum á 2. tölul. 1. mgr. er ætlað að tryggja samræmi við d-lið 18. gr. CRD IV.

Um c-lið. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að þau fyrirmæli í 42. gr. sem vísað er til í 4. tölul. 1. mgr. 9. gr. færast í 42. gr. a. Lagt er til að tilvísuninni verði breytt því til samræmis.

Um d-lið. Lögð er til breyting á 5. tölul. 1. mgr. 9. gr., um áhrif náinna tengsla, til að samræma töluliðinn 3. mgr. 7. gr., með fyrirhuguðum breytingum samkvæmt frumvarpinu.

Um e-lið. Lagt er til að vísun í 6. tölul. 1. mgr. til 86. gr. h – 86. gr. j verði breytt til samræmis við fyrirhugaða færslu þeirra ákvæða í 107. gr. c – 107. gr. e.

Um g-lið. Lagðar eru til breytingar á tilvísunum í 10. tölul. 1. mgr. til samræmis við fyrirhugaðar breytingar á ákvæðum um eiginfjáruka.

Um h-lið. Nýjum 11. tölul. 1. mgr. er ætlað að innleiða c-lið 2. mgr. 67. gr., sbr. o-lið 1. mgr. 67. gr., CRD.

Um 14. gr.

Um a-lið. Lagðar eru til fáeinar breytingar á ákvæði 1. mgr. 10. gr. um tilkynningu um afturköllun starfsleyfis. Lagt er til að skýrlega komi fram að Fjármálaeftirlitið beri ábyrgð á að senda tilkynningarnar. Lagt er til að fyrirmæli um rökstuðning í 1. másl. 1. mgr. falli brott því að í frumvarpinu er gert ráð fyrir almennu ákvæði í 108. gr. laganna um að Fjármálaeftirlitið skuli rökstyðja ákvarðanir um beitingu eftirlitsheimilda, sem nær utan um ákvarðanir um afturköllun starfsleyfa. Nýjum fyrirmælum um tilkynningu til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar er ætlað að innleiða 5. mgr. 20. gr. CRD IV. Lagt er til að mælt verði fyrir um lögbær yfirvöld frekar en lögbæra eftirlitsaðila til að gæta samræmis í þýðingu á „competent authority“ í lögnum. Þá er lagt til að fram komi að tilkynning til lögbærra yfirvalda í gistiríkjum skuli send „án tafar“ til samræmis við fyrirmæli þess efnis í 45. gr. CRD IV.

Um b- og c-lið. II. kafli laga um fjármálafyrirtæki, sem fjallar um starfsleyfi, gildir ekki lengur um verðbréfafyrirtæki heldur er nú fjallað um starfsleyfi þeirra í nýjum lögum um markaði fyrir fjármálagerninga, nr. 115/2021. Því til samræmis er lagt til að kveðið verði á um starfsleyfi lánastofnana frekar en starfsleyfi fjármálafyrirtækja í kaflanum.

Um 15. gr.

Um a-, b- og e-lið. II. kafli laga um fjármálafyrirtæki, sem fjallar um starfsleyfi, gildir ekki lengur um verðbréfafyrirtæki heldur er nú fjallað um starfsleyfi þeirra í nýjum lögum um markaði fyrir fjármálagerninga, nr. 115/2021. Því til samræmis er lagt til að kveðið verði á um starfsleyfi lánastofnana frekar en starfsleyfi fjármálafyrirtækja í kaflanum.

Um c-lið. Lagt er til að fyrirmæli um rökstuðning í 2. másl. 2. mgr. falli brott því að í frumvarpinu er gert ráð fyrir almennu ákvæði í 108. gr. laganna um að Fjármálaeftirlitið skuli rökstyðja ákvarðanir um beitingu eftirlitsheimilda, sem nær utan um ákvarðanir um takmarkanir skv. 10. gr. a.

Um d-lið. Vegna fyrirhugaðs brottfalls 2. másl. 2. mgr. er lagt til að í næsta málslið, um tilkynningu um efni ákvörðunar, verði vísað til 1. mgr. greinarinnar til að skýra að átt er við ákvörðun um takmörkun á starfsemi skv. 1. mgr. en ekki ákvörðun um úrbætur skv. 1. másl. 2. mgr.

Lagt er til að fall orðsins „rökstuðningur“ í 3. másl. 2. mgr. verði leiðrétt, þar sem senda á rökstuðning til erlenda yfirvaldsins en ekki aðeins tilkynningu um rökstuðning.

Loks er lagt til að kveðið verði á um lögbært yfirvald frekar en lögbæran eftirlitsaðila til að gæta samræmis í þýðingu á „competent authority“ í lögum.

Um 16. gr.

II. kafli laga um fjármálafyrirtæki, sem fjallar um starfsleyfi, gildir ekki lengur um verðbréfafyrirtæki heldur er nú fjallað um starfsleyfi þeirra í nýjum lögum um markaði fyrir fjármálagerninga, nr. 115/2021. Því til samræmis er lagt til að kveðið verði á um starfsleyfi lánastofnana frekar en starfsleyfi fjármálafyrirtækja í kaflanum.

Um 17. gr.

Samkvæmt breytingum á lögum um fjármálafyrirtæki með nýjum lögum um markaði fyrir fjármálagerninga, nr. 115/2021, gildir 11. gr. laga um fjármálafyrirtæki, sem fjallar um búsetu-skilyrði stofnenda, ekki um verðbréfafyrirtæki. Til samræmis við það er lagt til að aðeins verði kveðið á um stofnendur lánastofnana en ekki stofnendur fjármálafyrirtækja í greininni.

Um 18. gr.

Samkvæmt breytingum á lögum um fjármálafyrirtæki með nýjum lögum um markaði fyrir fjármálagerninga, nr. 115/2021, gildir 12. gr. laga um fjármálafyrirtæki, sem fjallar um heiti fyrirtækis, ekki um verðbréfafyrirtæki. Til samræmis við það er lagt til að aðeins verði kveðið á um heiti lánastofnana en ekki heiti fjármálafyrirtækja í greininni og að felld verði brott vísun til heitisins „verðbréfafyrirtæki“.

Lagt er til að heitunum „lánastofnun“ og „lánafyrirtæki“ verði bætt við upptalningu heita í 1. mgr. greinarinnar sem lánastofnunum einum er heimilt að nota. Ekki er talið eðlilegt að önnur fyrirtæki en lánastofnanir og lánafyrirtæki geti kynnt sig með þeim heitum.

Um 19. gr.

Samkvæmt breytingum á lögum um fjármálafyrirtæki með nýjum lögum um markaði fyrir fjármálagerninga, nr. 115/2021, gildir 13. gr. laga um fjármálafyrirtæki, sem fjallar um rekstrarform fyrirtækis, ekki um verðbréfafyrirtæki. Til samræmis við það er lagt til að aðeins verði kveðið á um rekstrarform lánastofnana en ekki rekstrarform fjármálafyrirtækja í greininni.

Um 20. gr.

Um a-lið. Ákvæði 2. másl. 1. mgr. 14. gr., sem fjallar um samsetningu stofnframlags lánastofnana, innleiðir 2. mgr. 12. gr. CRD IV sem vísar til a–e-liðar 1. mgr. 26. gr. CRR. Vegna fyrirhugaðrar lögfestingar CRR er unnt að vísa beint til þeirra liða í stað þess að umrita þá í lögum um fjármálafyrirtæki.

Um b-lið. Fjallað er um sparisjóði „sem starfa á staðbundnum, afmörkuðum starfssvæðum“ í þremur ákvæðum laganna. Það er í fyrsta lagi gert í 2. másl. 2. tölul. 1. mgr. 4. gr. þar sem fram kemur að slíkur sparisjóður geti fengið starfsleyfi skv. 1., 2. og 5. tölul. 1. mgr. 3. gr., það er leyfi til að taka við innlánnum og öðrum endurgreiðanlegum fjármunum frá almenningi

og veita útlán sem fjármögnuð eru með endurgreiðanlegum fjármunum frá almenningi. Ákvæði 5. tölul. 1. mgr. 3. gr. er nú fallið brott en þar var fjallað um útgáfu og umsýslu rafeyris. Í öðru lagi er fjallað um slíka sparísjóði í 2. mgr. 14. gr. þar sem fram kemur að sparísjóður „sem starfar á afmörkuðu, staðbundnu starfssvæði og hefur starfsleyfi skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 3. gr. og starfsheimildir skv. 1.–6., 10., 13. og 14. tölul. 1. mgr. 20. gr.“, sem eru í meginráttum aðrar starfsheimildir lánastofnana en þær sem varða verðbréfavíðskipti og útgáfu rafeyris, þurfi ekki að hafa jafnvirði 5 millj. evra stofnframlag, líkt og á almennt við um lánastofnanir skv. 1. mgr. 14. gr., heldur aðeins jafnvirði 1 millj. evra. Með „afmörkuðu, staðbundnu starfssvæði“ sé átt við að sparísjóður hafi ekki heimild til að stunda starfsemi skv. B-hluta V. kafla laganna, það er starfsemi erlendis. Í þriðja lagi segir svo í 2. mgr. 20. gr. að starfsemi sparísjóða „sem starfa á staðbundnum, afmörkuðum starfssvæðum skv. 3. mgr. 14. gr.“, sem ætti að vísa til 2. mgr. 14. gr., geti tekið til 1., 2., 4.–6., 10., 13. og 14. tölul. 1. mgr. 20. gr., sem eru sömu starfsheimildir og eru nefndar í 2. mgr. 14. gr. utan fjármögnunarleigu, sem getið er í 3. tölul. 1. mgr. 20. gr.

Talið er unnt að einfalda fyrirælin verulega, og lagfæra misræmi milli ákvæðanna, með því að sameina þau í einu ákvæði í 2. mgr. 14. gr. Þar verði tilgreint að sparísjóðum sem ekki hafa starfsheimildir skv. 7.–9., 11. og 12. tölul. 1. mgr. 20. gr., sem eru í meginráttum starfsheimildir sem varða verðbréfavíðskipti, og veita ekki þjónustu erlendis beri ekki að hafa stofnframlag sem nemi jafnvirði 5 millj. evra heldur aðeins jafnvirði 1 millj. evra. Auk þess að sameina ákvæðin felast í tillögunni ferns konar aðrar breytingar.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því að ákvæðið geti náð til sparísjóðs sem heimilt er að stunda fjármögnunarleigu, til samræmis við gildandi 2. mgr. 14. gr. en ólíkt gildandi 2. mgr. 20. gr., enda svipar fjármögnunarleigu til hefðbundinnar útlánastarfsemi sem sparísjóðum ber að sinna. Einnig er gert ráð fyrir því að ákvæðið geti náð til sparísjóðs sem heimilt er að gefa út rafeyri, til samræmis við það sem átti að gilda skv. 2. másl. 2. tölul. 1. mgr. 4. gr. en ólíkt því sem kemur nú fram í 2. mgr. 14. gr. og 2. mgr. 20. gr. Ákvæði 15. tölul. 1. mgr. 20. gr. um útgáfu rafeyris var bætt við lögum með lögum nr. 57/2015. Í greinargerð með frumvarpi því sem varð að þeim lögum kemur fram að fyrirhugað hafi verið að útgáfa rafeyris gæti talist til starfsheimilda sparísjóða. Vísun 2. mgr. 20. gr. laganna til 1. mgr. sömu greinar var þó ekki uppfærð þannig að þar er enn ekki vísað til 15. tölul.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir því að vísað verði til starfsheimilda skv. 1. mgr. 20. gr. með neikvæðum frekar en jákvæðum hætti, þannig að fram komi að til að 2. mgr. 14. gr. eigi við megi sparísjóður ekki hafa starfsheimild skv. 7.–9., 11. og 12. tölul. 1. mgr. 20. gr., fremur en að ræða um að hann hafi starfsheimild skv. 1.–6., 10., 13. og 14. tölul. málsgreinarinnar. Gildi 2. mgr. 14. gr. á ekki að vera háð því að sparísjóður hafi starfsheimildir samkvæmt öllum þeim tölulíðum, heldur aðeins því að hann hafi ekki starfsheimild skv. 7.–9., 11. og 12. tölul. málsgreinarinnar.

Í þriðja lagi er lagt til að ekki verði mælt fyrir um að sparísjóður hafi ekki heimild til að stunda starfsemi skv. B-hluta V. kafla heldur að hann veiti ekki þjónustu erlendis. Í B-hluta V. kafla er ekki gert ráð fyrir sérstakri heimild til að starfa erlendis, heldur aðeins að fjármálafyrirtæki tilkynni Fjármálaeftirlitinu um slíkt. Við afmörkun á því hvað telst til þjónustu erlendis samkvæmt málsgreininni má þó áfram taka mið af B-hluta V. kafla.

Loks er í fjórða lagi lagt til að ekki verði kveðið á um sparísjóð sem starfar á afmörkuðu, staðbundnu starfssvæði. Málsgreinin er ekki bundin við það að sparísjóður starfi aðeins í tilteknum landshluta og lýsingin þykir því ónákvæm. Sú breyting hnikar því þó ekki að sparísjóðum sem falla undir málsgreinina ber, líkt og öðrum sparísjóðum, að afmarka samfélagslegt hlutverk sitt við tiltekið landsvæði skv. 1. mgr. 61. gr. laganna.

Um c-lið. Til stofnframlags samkvæmt greininni getur talist fleira en hlutafé eða stofnfé í hefðbundnum skilningi. Því er lagt til að kveðið verði á um stofnframlag í stað hlutafjár eða stofnfjár í 3. og 4. mgr. greinarinnar.

Um d-lið. Lagt er til að felld verði brott vísun í 5. mgr. 14. gr. til 84. gr., 84. gr. a – 84. gr. f og 85. gr. því í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ákvæðin sem vísað er til falli brott. Gert er ráð fyrir því að stuðst verði við skilgreiningu CRD-pakkans á eiginfjárgrunni, sbr. fyrirhugaða 2. mgr. 1. gr. b í lögnum. Eiginfjárgrunnur er skilgreindur í 118. tölul. 1. mgr. 4. gr. CRR sem samtala eiginfjárþátta 1 og 2.

Um e-lið. Fjárhæðir í 14. gr. byggjast á fjárhæðum í 12. gr. CRD IV. Skv. 146. gr. CRD getur framkvæmdastjórn Evrópusambandsins samþykkt undirgerðir til að breyta fjárhæðum í 12. gr. tilskipunarinnar til að taka mið af þróun í efnahags- og peningamálum. Lagt er til að ráðherra verði heimilað að breyta með reglugerð fjárhæðum í 14. gr. laganna til samræmis við undirgerðir sem framkvæmdastjórnin kann að samþykkja á þessum grundvelli.

Um 21. gr.

Um a-lið. Ákvæði 2. másl. 1. mgr. 14. gr. a, sem fjallar um samsetningu stofnframlags verðbréfafyrirtækja og staðbundinna fyrirtækja, innleiðir 1. mgr. 28. gr. CRD IV sem vísar til a–e-liðar 1. mgr. 26. gr. CRR. Vegna fyrirhugaðrar lögfestingar CRR er unnt að vísa beint til þeirra liða í stað þess að umrita þá í lögum um fjármálafyrirtæki.

Um b-lið. Greinin fjallar um stofnframlag verðbréfafyrirtækja, en hlutafé er aðeins einn af nokkrum liðum sem telja má til stofnframlags skv. 1. mgr. greinarinnar. Því er lagt til að kveðið verði á um stofnframlag í stað hlutafjár í greininni.

Um c-lið. Lagt er til að núverandi 2. mgr. 25. gr. laganna færist í 4. mgr. 14. gr. a til samræmis við uppröðun IV. bálks CRD IV, sbr. 2. mgr. 29. gr. tilskipunarinnar. Ákvæðið felur í sér að verðbréfafyrirtæki skv. 3. mgr. 14. gr. a laganna megi, þrátt fyrir að hafa ekki starfsheimild til að stunda viðskipti fyrir eigin reikning, sbr. c-lið 15. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga um markaði fyrir fjármálagerninga, nr. 115/2021, varðveita fjármálagerninga fyrir eigin reikning við tiltekna afmarkaðar aðstæður. Lagt er til að heimild samkvæmt málsgreininni verði háð samþykki Fjármálaeftirlitsins til að gæta samræmis við 2. mgr. 29. gr. tilskipunarinnar. Lagt er til að tilvísun í 3. tölul. málsgreinarinnar verði breytt til samræmis við c-lið 2. mgr. 29. gr. CRD IV og fyrirhugaða lögfestingu CRR.

Um d-lið. Nýrri 6. mgr. er ætlað að innleiða 4. mgr. 29. gr. CRD IV. Hún felur í sér að verðbréfafyrirtæki eru ekki útilokuð frá því að falla undir ákvæði 3. og 5. mgr., um að þurfa aðeins jafnvirði 125 þús. eða 50 þús. evra stofnframlag í stað 730 þús. evra stofnframlags, af þeirri ástæðu einni að þeim sé heimilt að fjárfesta í fjármálagerningum utan veltubókar í því skyni að ávaxta eigið fé sitt.

Um e-lið. Nýjum 8. og 9. mgr., sem varða stofnframlag fyrirtækja með takmarkaðar heimildir til verðbréfavíðskipta, er ætlað að innleiða 31. gr. CRD IV.

Um f-lið. Lagt er til að tilvísun til annarra málsgreina verði uppfærð til samræmis við aðrar breytingar sem lagðar eru til á greininni.

Um g-lið. Fjárhæðir í 14. gr. a byggjast á fjárhæðum í IV. bálki CRD IV um stofnframlag verðbréfafyrirtækja. Skv. 146. gr. CRD getur framkvæmdastjórn Evrópusambandsins samþykkt undirgerðir til að breyta fjárhæðum í bálkinum til að taka mið af þróun í efnahags- og peningamálum. Lagt er til að ráðherra verði heimilað að breyta með reglugerð fjárhæðum í 14. gr. a laganna til samræmis við undirgerðir sem framkvæmdastjórnin kann að samþykkja á þessum grundvelli.

Um h-lið. Lagt er til að kveðið verði á um verðbréfafyrirtæki og skyld fyrirtæki frekar en verðbréfafyrirtæki og staðbundin fyrirtæki í fyrirsögn 14. gr. a til að taka mið af fyrirhuguðum ákvæðum í 8. og 9. mgr. greinarinnar um stofnframlag fyrirtækja sem eru með takmarkaðar heimildir til verðbréfavíðskipta en teljast ekki til verðbréfafyrirtækja.

Um 22. gr.

Samkvæmt breytingum á lögum um fjármálafyrirtæki með nýjum lögum um markaði fyrir fjármálagerninga, nr. 115/2021, gildir 15. gr. laga um fjármálafyrirtæki, sem fjallar um skyldu til að hafa höfuðstöðvar á Íslandi, ekki um verðbréfafyrirtæki. Til samræmis við það er lagt til að aðeins verði kveðið á um höfuðstöðvar lánastofnana en ekki höfuðstöðvar fjármálafyrirtækja í greininni.

Um 23. gr.

Lagt er til að 17. gr. laganna, sem fjallar um eftirlitskerfi með áhættu og áhættustýringu, færast úr III. kafla laganna, um stofnun og starfsemi fjármálafyrirtækja, í nýjar 77. gr. a og 77. gr. b í upphafi IX. kafla, sem varðar meðhöndlun áhættuþátta í starfsemi fjármálafyrirtækja.

Um 24. gr.

Lagt er til að fyrirmæli um rökstuðning í 3. másl. 2. mgr. 17. gr. b falli brott því að í frumvarpinu er gert ráð fyrir almennu ákvæði í 108. gr. laganna um að Fjármálaeftirlitið skuli rökstyðja ákvarðanir um beitingu eftirlitsheimilda sem nær utan um ákvarðanir skv. 17. gr. b.

Um 25. gr.

Nýrri 17. gr. c um skráningu víðskipta og skjalfestingu ferla er ætlað að innleiða 6. mgr. 4. gr., 9. mgr. 141. gr. og 9. mgr. 141. gr. b CRD IV.

Um 26. gr.

Um a-lið. Í 1. másl. 18. gr. segir að fjármálafyrirtæki skuli upplýsa opinberlega um áhættu, áhættustýringu og eiginfjárstöðu sína. Lagt er til að lausafjárstaða verði einnig nefnd sökum mikilvægis hennar og að vísað verði að öðru leyti til 8. hluta CRR, sem fjallar nánar um upplýsingagjöf fjármálafyrirtækja. Efnislega er ónauðsynlegt að áréttu skyldu til að fara eftir 8. hluta CRR í 18. gr. laganna verði tillaga um lögfestingu CRR samþykkt. Lagt er til að þeirrar skyldu verði samt sem áður getið í 1. másl. greinarinnar til að fyrirmæli 2. másl. greinarinnar, um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ákveða hve oft og hvenær upplýsingar skuli birtar, nái til allra atriða í 8. hluta CRR til samræmis við fyrirmæli þess efnis í a-lið 1. mgr. 106. gr. CRD IV.

Um b-lið. Í 4. másl. 18. gr. kemur fram að upplýsingaskylda fjármálafyrirtækja skuli afmörkuð nánar með reglugerð sem ráðherra setur til að innleiða CRR. Fyrirhuguð lögfesting CRR gerir málsliðinn óþarfan. Því er lagt til að hann falli brott.

Um 27. gr.

Lagt er til að skilgreining á raunverulegum eiganda í 4. másl. 19. gr. laga um fjármálafyrirtæki falli brott en að í hennar stað verði stuðst við nýja skilgreiningu í orðskýringargrein laganna. Um skýringar vísast til athugasemda við e-lið 3. gr. frumvarpsins.

Um 28. gr.

Um a-lið. Ákvæði 1. mgr. 20. gr. laga um fjármálafyrirtæki byggjast á I. viðauka við CRD IV. Í 2. tölul. viðaukans eru meðal annars nefndir „lánessamningar sem varða fasteignir“. Talið er að „fasteignalána“ endurspegli það betur en „langtímaveðlána“.

Um b-lið. Í 6. tölul. I. viðauka við CRD IV er kveðið á um „skuldbindingar“. Talið er að „lánsloforð“ endurspegli það betur en „tryggingar“.

Um c-lið. Í inngangsmálslið 7. tölul. 1. viðauka við CRD IV er fjallað um viðskipti „fyrir reikning viðskiptavina“. Til samræmis við það er lagt til að „reikning“ verði bætt við inngangsmálslið 7. tölul. 1. mgr. lagagreinarinnar.

Um d-lið. Í c-lið 7. tölul. 1. viðauka við CRD IV er fjallað um „staðlaða framvirka samninga“. Til samræmis við það er lagt til að „staðlaða“ verði bætt framan við „framvirka samninga“ í c-lið 7. tölul. 1. mgr. lagagreinarinnar.

Í c-lið 7. tölul. 1. viðauka við CRD IV er fjallað um valrétti. Til samræmis við það er lagt til að kveðið verði á um „valrétti“ frekar en „skiptirétt“ í c-lið 7. tölul. 1. mgr. lagagreinarinnar.

Um e-lið. Í 8. tölul. 1. viðauka við CRD IV er fjallað um „þjónustustarfsemi“ sem tengist verðbréfaútboðum. Til samræmis við það er lagt til að kveðið verði á um „þjónustustarfsemi“ frekar en „þjónustuviðskipta“ í 8. tölul. 1. mgr. lagagreinarinnar. Sem dæmi um slíka þjónustu má nefna aðstoð við töku verðbréfa til viðskipta á skipulegum markaði.

Um f-lið. Í 9. tölul. 1. viðauka við CRD IV er fjallað um ráðgjöf um „fjármagnsskipan“. Til samræmis við það er lagt til að kveðið verði á um „fjármagnsskipan“ frekar en „uppbyggingu höfuðstóls“ í 9. tölul. 1. mgr. lagagreinarinnar.

Um g-lið. Lagt er til að gildandi ákvæði í 2. mgr. 20. gr., sem varðar sparisjóði „sem starfa á staðbundnum, afmörkuðum starfssvæðum“, falli brott. Um skýringar vísast til athugasemda við fyrirhugaðar breytingar á 2. mgr. 14. gr. laganna.

Í 8. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því að 4. gr. laganna, um tegundir starfsleyfa, verði einfölduð verulega. Meðal annars er gert ráð fyrir því að fyrirmæli 2. másl. 1. tölul. og 3. másl. 2. tölul. 1. mgr. greinarinnar, um að viðskiptabankar og sparisjóðir skuli taka við innlánnum og veita útlán, færast í 20. gr. Lagt er til að fyrirmælin komi fram í 2. mgr. 20. gr. Í frumvarpsákvæðinu er vísað til 1. og 2. tölul. 1. mgr. greinarinnar um móttöku innlána og annarra endurgreiðanlegra fjármuna frá almenningi og útlánastarfsemi. Í vísun til 2. tölul. felst ekki að viðskiptabönkum og sparisjóðum beri að stunda allar þær tegundir útlánastarfsemi sem nefndar eru í dæmaskyni undir tölulíðnum, heldur aðeins að þeim beri að bjóða upp á útlán.

Um i-lið. Með lögum nr. 57/2015 var nýjum 15. tölul. um útgáfu rafeyris bætt við 1. mgr. 20. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 57/2015 kemur fram að fyrirhugað hafi verið að útgáfa rafeyris gæti talist til starfsheimilda lánaþyrirtækja. Vísun 3. mgr. greinarinnar, um starfsheimildir lánaþyrirtækja, var þó ekki uppfærð þannig að þar er enn aðeins vísað til 1.–14. tölul. 1. mgr. Lagt er til að það verði lagfært með því að vísa til 1.–15. tölul. 1. mgr. Með því móti verður skýrt að starfsheimildir lánaþyrirtækja geti náð til útgáfu rafeyris.

Um j-lið. Lagðar eru til þrenns konar breytingar á 4. mgr. greinarinnar, um heimild lána- stofnana til að stunda verðbréfavíðskipti. Í fyrsta lagi er lagt til að villa í vísun til 14. gr. laganna verði leiðrétt. Þá er lagt til að kveðið verði á um að sparisjóður hafi stofnframlag samkvæmt málgreininni frekar en að hann uppfylli skilyrði samkvæmt henni. Það er talið gagnsærra orðalag og samræmist orðalagi ákvæða þar sem fjallað er um verðbréfafyrirtæki með stofnframlag skv. 2. mgr. 14. gr. a. Í öðru lagi er lagt til að í stað þess að segja að viðkomandi lánastofnanir hafi heimildir samkvæmt málgreininni segi að þær geti haft slíkar

heimildir. Starfsleyfi lánastofnana afmarkar starfsheimildir þeirra. Í þriðja lagi er lagt til að ekki verði vísað til viðskipta með verðbréf skv. 25. gr. heldur fjárfestingarþjónustu og fjárfestingarstarfsemi og viðbótarþjónustu samkvæmt lögum um markaði fyrir fjármálagerninga. Með þeim lögum voru meginfyrirmæli 25. gr. um viðskipti með verðbréf felld brott og er nú fjallað um þau í lögum um markaði fyrir fjármálagerninga.

Um k-lið. Í 8. gr. frumvarpsins er lagt til að 3. mgr. 4. gr., um heimild til að eiga í viðskiptum með fjármálagerninga utan veltubókar, falli brott. Fyrirmælin hafa aðeins efnislega þýðingu fyrir lánastofnanir sem hafa ekki almenna heimild til að eiga í viðskiptum með fjármálagerninga fyrir eigin reikning. Lagt er til að fyrirmæli um heimild slíkra lánastofnana til að fjárfesta í fjármálagerningum utan veltubókar í því skyni að ávaxta eigið fé sitt verði bætt við 20. gr.

Um l-lið. Í frumvarpinu er lagt til að stuðst verði við skilgreiningu 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. CRR á lánastofnun, sem nær yfir viðskiptabanka, sparisjóði og lánaþyrirtæki. Til samræmis við það er lagt til að vísað verði til lánastofnana frekar en viðskiptabanka, sparisjóði og lánaþyrirtækja í lögnum nema í ákvæðum sem fjalla sérstaklega um tiltekna tegund lánastofnunar.

Um 29. gr.

Í frumvarpinu er lagt til að stuðst verði við skilgreiningu 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. CRR á lánastofnun, sem nær yfir viðskiptabanka, sparisjóði og lánaþyrirtæki. Til samræmis við það er lagt til að vísað verði til lánastofnana frekar en viðskiptabanka, sparisjóða og lánaþyrirtækja í lögnum nema í ákvæðum sem fjalla sérstaklega um tiltekna tegund lánastofnunar.

Um 30. gr.

Í frumvarpinu er lagt til að stuðst verði við skilgreiningu 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. CRR á lánastofnun, sem nær yfir viðskiptabanka, sparisjóði og lánaþyrirtæki. Til samræmis við það er lagt til að vísað verði til lánastofnana frekar en viðskiptabanka, sparisjóði og lánaþyrirtækja í lögnum nema í ákvæðum sem fjalla sérstaklega um tiltekna tegund lánastofnunar.

Um 31. gr.

Lagt er til að villa í vísun til 14. gr. verði leiddrétt. Þá er lagt til að kveðið verði á um að sparisjóður hafi stofnframlag samkvæmt málsgreininni frekar en að hann uppfylli skilyrði samkvæmt henni. Það er talið gagnsærra orðalag og samræmist orðalagi ákvæða þar sem fjallað er um verðbréfaþyrirtæki með stofnframlag skv. 2. mgr. 14. gr. a.

Um 32. gr.

Í frumvarpinu er lagt til að stuðst verði við skilgreiningu 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. CRR á lánastofnun, sem nær yfir viðskiptabanka, sparisjóði og lánaþyrirtæki. Til samræmis við það er lagt til að vísað verði til lánastofnana frekar en viðskiptabanka, sparisjóði og lánaþyrirtækja í lögnum nema í ákvæðum sem fjalla sérstaklega um tiltekna tegund lánastofnunar.

Um 33. gr.

Í B-hluta IV. kafla laga um fjármálaþyrirtæki, um starfsheimildir annarra fjármálaþyrirtækja en lánastofnana, standa nú aðeins eftir 2.–5. og 7. mgr. 25. gr. um starfsheimildir verðbréfaþyrirtækja.

Lagt er til að 2. mgr. greinarinnar færist í 4. mgr. 14. gr. a til samræmis við uppröðun IV. bóls CRD IV, sbr. 2. mgr. 29. gr. tilskipunarinnar.

3.–5. mgr. greinarinnar varða fyrirtæki sem stunda verðbréfavíðskipti og hafa til þessa talist til verðbréfafyrirtækja í skilningi laga um fjármálafyrirtæki en falla ekki undir skilgreiningu CRD-pakkans á verðbréfafyrirtækjum, sbr. b- og c-lið 2. tölul. 1. mgr. 4. gr. CRR. Til að gæta samræmis við CRD-pakkann voru fyrirtækin því undanþegin tilgreindum greinum laganna sem byggjast á CRD-pakkanum, svo sem um laust fé, stórar áhættuskuldbindingar og eiginfjáráuka. Í frumvarpinu er aftur á móti gert ráð fyrir því að styðjast við skilgreiningu CRD-pakkans á verðbréfafyrirtækjum, sbr. fyrirhugaða 3. tölul. 1. mgr. 1. gr. b laganna. Af því leiðir að fyrirtæki af þessum toga munu ekki lengur teljast til verðbréfafyrirtækja og falla því ekki undir ákvæði laga um fjármálafyrirtæki nema annað sé tekið fram. Ákvæði 3.–5. mgr. 25. gr. verða því óþörf. Því er lagt til að þau falli brott. Aftur á móti er í frumvarpinu gert ráð fyrir því að í gildissviðsákvæði í 1. gr. a laga um fjármálafyrirtæki komi fram að hluti laganna gildi áfram um fyrirtæki af þessum toga. Um skýringar vísast til athugasemda við fyrirhugaða gildissviðsgrein.

Í 7. mgr. 25. gr. er ákvæði um ábyrgðartryggingu verðbréfafyrirtækja sem bera takmarkaðar starfsskyldur. Til samræmis við 31. gr. CRD IV er gert ráð fyrir að fjallað verði um skyldu slíkra fyrirtækja til að hafa tiltekið stofnframlag, starfsábyrgðartryggingu eða blöndu stofnframlags og starfsábyrgðartryggingar í nýjum 8. og 9. mgr. í 14. gr. a laganna sem gegna sama hlutverki og 7. mgr. 25. gr. Því er lagt til að málsgreinin falli brott.

Um 34. gr.

1.–4. mgr. 28. gr. laga um fjármálafyrirtæki umrita 89.–91. gr. CRR og 6. mgr. lagagreinarinnar útfærir málsgreinarannar nánar. Vegna fyrirhugaðrar lögfestingar CRR er unnt að styðjast beint við ákvæði CRR um eignarhluti fjármálafyrirtækja í öðrum fyrirtækjum í stað þess að umrita þau og því lagt til að 1.–4. og 6. mgr. lagagreinarinnar falli brott.

5. mgr. greinarinnar kveður á um að fjármálafyrirtæki skuli gefa Fjármálaeftirlitinu sundurliðað yfirlit yfir eignarhluti í öðrum fyrirtækjum sem þau hafa eignast eða tekið að veði. Málsgreinin er talin ónauðsynleg því að fjármálafyrirtæki skila þegar skýrslum með sams konar upplýsingum vegna eftirlits með 21. og 22. gr. laganna, sbr. lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998. Því er lagt til að hún falli brott.

Um 35. gr.

Lagt er til að tilvísanir í 1. mgr. 28. gr. a verði uppfærðar til samræmis við aðrar breytingar sem lagðar eru til með frumvarpinu.

Um 36. gr.

Lagt er til vísun til 30. gr. verði uppfærð til samræmis við fyrirhugað brottfall greinarinnar og lögfestingu CRR og að fall orðsins „stjórnarmanna“ verði leiðrétt.

Um 37. gr.

29. gr. b laganna er umritun á hluta 5. kafla II. bóls 3. hluta og 405. gr. CRR, 29. gr. c laganna er umritun á 409. gr. CRR, 29. gr. d laganna umritar hluta 5. kafla II. bóls 3. hluta og 5. hluta CRR, einkum 405., 407. og 409. gr., og 30. gr. laganna er að mestu umritun á 39. tölul. 1. mgr. 4. gr. og 4. hluta CRR, einkum 388. og 394.–396. gr. Vegna fyrirhugaðrar lögfestingar CRR er unnt að styðjast beint við þau ákvæði CRR og því lagt til að lagagreinarannar falli brott. Að vísu endurspeglast 5. mgr. 30. gr. laganna, um að leiki vafi á því hverjir teljast til hóps tengdra víðskiptamanna sé fjármálafyrirtæki skylt að tengja aðila saman nema viðkomandi fjármálafyrirtæki geti sýnt fram á hið gagnstæða, ekki með beinum hætti í

CRR. Í 39. tölul. 1. mgr. 4. gr. CRR kemur þó fram að aðilar teljist tengdir ef annar hefur yferráð yfir hinum „nema sýnt sé fram á“ að þeir myndi ekki eina áhættu sem er talið mæta sama markmiði.

29. gr. e innleiddi 9. mgr. 122. gr. a tilskipunar 2006/48/EB, um stofnun og rekstur lánastofnana, sem var felld brott með CRD IV. Ákvæði málsgreinarinnar endurspeglar nú í 1. mgr. 144. gr. CRD IV, sem er gert ráð fyrir að verði innleidd með 2. mgr. nýrrar 107. gr. i. Því er lagt til að 29. gr. e falli brott.

Lokamálslið 1. mgr. 30. gr. a laganna er ætlað að gera Seðlabanka Íslands kleift að innleiða reglugerð (ESB) 2015/62 sem gert er ráð fyrir að lögfesta skv. 4. gr. frumvarpsins. Því er lagt til að málsliðurinn falli brott. Að öðru leyti er 30. gr. a laganna umritun á hluta 92. gr. og 7. hluta og 7. hluta a CRR, einkum 429. gr. Vegna fyrirhugaðrar lögfestingar CRR er unnt að styðjast beint við þau ákvæði CRR og því lagt til að lagagreinin falli brott.

Um 38. gr.

Í frumvarpinu er lagt til að 30. gr. laganna um takmarkanir á stórum áhættuskuldbindingum falli brott og að í stað hennar verði stuðst beint við ákvæði CRR um stórar áhættuskuldbindingar. Því er lagt til að vísun til stórra áhættuskuldbindinga í fyrirsögn C-hluta IV. kafla falli brott. Lagt er til að í staðinn verði vísað til lánveitinga, sem er annað helsta efni undirkaflans.

Um 39. gr.

31. gr. um útibú gildir ekki lengur um verðbréfafyrirtæki heldur er nú fjallað um starfsemi þeirra á milli landa í nýjum lögum um markaði fyrir fjármálagerninga, nr. 115/2021. Því til samræmis er lagt til að kveðið verði á um lánastofnanir frekar en fjármálafyrirtæki í greininni.

Lagt er til að fram komi að heimilt sé að stofnsetja útibúi áður en tveir mánuðir eru liðnir frá tilkynningu til Fjármálaeftirlitsins með samþykki Fjármálaeftirlitsins til samræmis við 2. mgr. 36. gr. CRD IV.

Lagt er til að Fjármálaeftirlitinu verði falið að upplýsa erlenda lánastofnun sem hyggst stofnsetja útibú hér á landi um skilyrði sem starfsemin er háð og sett hafa verið í þágu almanna-hagsmuna, ef þörf krefur, til samræmis við 1. mgr. 36. gr. CRD IV.

Um 40. gr.

Nýrri 31. gr. a er ætlað að innleiða 51. gr. CRD IV hvað útibú erlendra fjármálafyrirtækja hér á landi varðar. Í tilskipunarákvæðinu er kveðið á um samstarf lögbærra yfirvalda í heima- og gistiríkjum lánastofnana sem starfrækja mikilvæg útibú í öðrum aðildarríkjum.

Um 41. gr.

32. gr. um þjónustu án stofnunar útibús gildir ekki lengur um verðbréfafyrirtæki heldur er nú fjallað um starfsemi þeirra á milli landa í nýjum lögum um markaði fyrir fjármálagerninga, nr. 115/2021. Því til samræmis er lagt til að kveðið verði á um lánastofnanir frekar en fjármála-fyrirtæki í greininni.

Um 42. gr.

Nýrri 32. gr. a er ætlað að innleiða 34. gr. CRD IV hvað starfsemi erlendra fjármálastofnana og dótturfélaga þeirra á Íslandi varðar.

Um 43. gr.

Um a-lið. 33. gr. um starfsemi fyrirtækja utan EES hér á landi gildir ekki lengur um verðbréfafyrirtæki heldur er nú fjallað um starfsemi þeirra á milli landa í nýjum lögum um markaði fyrir fjármálagerninga, nr. 115/2021. Því til samræmis er lagt til að kveðið verði á um lánastofnanir frekar en fjármálafyrirtæki í greininni.

Um b-lið. Í 33. gr. segir nú að Fjármálaeftirlitið geti heimilað fjármálafyrirtæki með staðfestu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins að opna útibú hér á landi eða veita þjónustu hér á landi án stofnunar útibús. Í 23. aðfaraorði CRD IV segir að útibú lánastofnana með starfsleyfi í þriðju ríkjum eigi ekki að njóta frelsis til að veita þjónustu í öðrum aðildarríkjum en þeim þar sem þau hafa staðfestu. Af þeim sökum er lagt til að í 1. mgr. 33. gr. laga um fjármálafyrirtæki segi aðeins að lánastofnanir með staðfestu utan Evrópska efnahagssvæðisins geti opnað útibú hér á landi með leyfi Fjármálaeftirlitsins, en ekki að þau geti veitt þjónustu án stofnunar útibús. Það samræmist því fyrirkomulagi sem gildir um verðbréfafyrirtæki með staðfestu utan Evrópska efnahagssvæðisins skv. IV. kafla 2. þáttar nýrra laga um markaði fyrir fjármálagerninga. Breytingin útilokar þó ekki að viðskiptavinir hér á landi sækji þjónustu til lánastofnana utan Evrópska efnahagssvæðisins sem hafa ekki útibú hér á landi; hún felur aðeins í sér að þau geta ekki boðið fram þjónustu sína hér á landi án þess að stofna hér útibú.

Um c-lið. Nýrri 2. mgr. er ætlað að innleiða 1. mgr. a 47. gr. CRD IV. Nýrri 3. mgr. er ætlað að innleiða 1. undirgr. 2. mgr. 47. gr. CRD IV.

Um 44. gr.

Um greinina í heild. 34. gr. um úrræði vegna starfsemi erlenda fyrirtækja gildir ekki lengur um verðbréfafyrirtæki heldur er nú fjallað um starfsemi þeirra á milli landa í nýjum lögum um markaði fyrir fjármálagerninga, nr. 115/2021. Því til samræmis er lagt til að kveðið verði á um lánastofnanir frekar en fjármálafyrirtæki í greininni.

Lagðar eru til nokkrar aðrar breytingar á greininni til að laga hana að 4. kafla V. bóls (40.–46. gr.) CRD IV.

Um 1. efnismgr. Nýju ákvæði um skýrsluskil í 1. másl. 1. mgr. er ætlað að innleiða 40. gr. CRD IV. Lagt er til að gildandi 4. mgr. 34. gr. laganna færist í 2. másl. 1. mgr. til samræmis við uppröðun 4. kafla V. bóls CRD IV.

Um 2. efnismgr. Málsgreinin byggist á gildandi 5. mgr. greinarinnar en lagt er til að ákvæðið verði í 2. mgr. til samræmis við uppröðun 4. kafla V. bóls CRD IV. Lagðar eru til fáeinar breytingar til að gæta samræmis við 41. gr. CRD IV. Einkum er lagt til að tekið verði fram að ef lögbært yfirvald heimaríkis grípur ekki til fullnægjandi ráðstafana geti Fjármálaeftirlitið leitað aðstoðar Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar eða Eftirlitsstofnunar EFTA, eftir því sem við á, til samræmis við 2. mgr. 41. gr. CRD IV. Fjármálaeftirlitið mun þó eftir sem áður geta gripið til bráðabirgðaráðstafana á meðan beðið er niðurstöðu og bannað erlendra lánastofnun að starfa hér á landi ef hún brýtur gróflega eða ítrekað af sér, sbr. 3. og 4. efnismgr. frumvarpsgreinarinnar.

Um 3. efnismgr. Lagt er til að gildandi 2. mgr. greinarinnar færist í 1. másl. 3. mgr. til samræmis við uppröðun 4. kafla V. bóls CRD IV. Til samræmis við 43. gr. tilskipunarinnar er lagt til að bráðabirgðaráðstafanir samkvæmt málsgreininni eigi aðeins við meðan ferli skv. 2. efnismgr. frumvarpsgreinarinnar er ekki lokið. Nýjum 2.–4. másl. í málsgreininni er ætlað að innleiða 2. og 3. másl. 2. mgr. og 3.–5. mgr. 43. gr.

Um 4. efnismgr. Lagt er til að gildandi 1. mgr. greinarinnar færist í 1. másl. 4. mgr. til samræmis við uppröðun 4. kafla V. bóls CRD IV. Almenn tætti Fjármálaeftirlitið að fylgja ferli skv. 2. og 3. efnismgr. frumvarpsgreinarinnar í tilefni af brotum erlendra lánastofnunar.

Bann við starfsemi á aðeins við þegar um er að ræða gróf eða ítrekuð brot og vægari úrræði samkvæmt lögum duga ekki til.

Um 5. efnismgr. Nýrri 5. mgr. er ætlað að innleiða 2. másl. 45. gr. CRD IV.

Um 6. efnismgr. Lagt er til að gildandi 3. mgr. greinarinnar færist í lokamálsgrein sem eigi við um alla greinina, enda á málsmeðferð samkvæmt greininni í heild að samræmast ákvæðum EES-samningsins en ekki aðeins meðferð mála skv. 1. og 2. mgr.

Um 45. gr.

45. gr. um reglugerð um starfsemi yfir landamæri gildir ekki lengur um verðbréfafyrirtæki heldur er nú fjallað um starfsemi þeirra á milli landa í nýjum lögum um markaði fyrir fjármálagerninga, nr. 115/2021. Því til samræmis er lagt til að kveðið verði á um lánastofnanir frekar en fjármálafyrirtæki í greininni.

Verði þær breytingar sem lagðar eru til með frumvarpinu að lögum verður ekki þörf á að setja reglugerð um öll þau atriði sem í 35. gr. laganna greinir. Því er lagt til að ráðherra verði heimilt en ekki skylt að setja reglugerð um þau.

Um 46. gr.

Um a-, d- og f-lið. 36. gr. um tilkynningu um stofnun útibús gildir ekki lengur um verðbréfafyrirtæki heldur er nú fjallað um starfsemi þeirra á milli landa í nýjum lögum um markaði fyrir fjármálagerninga, nr. 115/2021. Því til samræmis er lagt til að kveðið verði á um lánastofnanir frekar en fjármálafyrirtæki í greininni.

Um b-lið. Fram kemur tvívegis í 2. mgr. 36. gr. að veittar skuli upplýsingar um fyrirhugaða starfsemi útibús. Lagt er til að önnur vísunin til þess falli brott.

Um c-lið. Til samræmis við 1. undirgr. 3. mgr. 35. gr. CRD IV er lagt til að Fjármálaeftirlitið skuli senda upplýsingar sem fylgdu tilkynningu um fyrirhugaða stofnun útibús til lögbærra yfirvalda gistiríkis nema Fjármálaeftirlitið hafi réttmæta ástæðu til að ætla að stjórnun eða fjárhagsstaða hlutaðeigandi lánastofnunar sé ekki nægilega traust, sbr. 4. mgr. 36. gr. laganna, í stað þess að Fjármálaeftirlitið sendi staðfestingu á að fyrirhuguð starfsemi sé í samræmi við starfsleyfi fyrirtækisins líkt og nú segir í 3. mgr. 36. gr. laganna.

Til samræmis við 2. undirgr. 3. mgr. 35. gr. CRD IV er lagt til að Fjármálaeftirlitið skuli upplýsa um fjárhæð og samsetningu eiginfjárgrunns og eiginfjárkröfur skv. 92. gr. CRR, í stað eigin fjár, gjaldfærni, tryggingar innlána og bótakerfis sem verndar viðskiptavini útibúsins líkt og nú segir í 3. mgr. 36. gr. laganna.

Um e-lið. Nýjum 3. másl. í 4. mgr. er ætlað að innleiða 37. gr. CRD IV.

Um g- og h-lið. Í 5. mgr. segir nú að fjármálafyrirtæki skuli tilkynna Fjármálaeftirlitinu um breytingar á áður veittum upplýsingum. Fjármálaeftirlitið skuli svo tilkynna lögbærum yfirvöldum gistiríkis um breytingarnar. Í 3. mgr. 36. gr. CRD IV er aftur á móti gert ráð fyrir því að lánastofnun sjálf tilkynni lögbærum yfirvöldum í bæði heima- og gistiríki um breytingar á áður veittum upplýsingum. Lagt er til að 5. mgr. 36. gr. laganna verði breytt því til samræmis. Einnig er lagt til að fram komi að tilkynning lánastofnunar skuli vera skrifleg til samræmis við sama tilskipunarákvæði.

Um 47. gr.

Nýrri 36. gr. a er ætlað að innleiða 51. gr. CRD IV hvað útibú íslenskra fjármálafyrirtækja erlendis varðar. Í tilskipunarákvæðinu er kveðið á um samstarf lögbærra yfirvalda í heima- og gistiríkjum lánastofnana sem starfrækja mikilvæg útibú í öðrum aðildarríkjum.

Við ákvörðun skv. 3. mgr. frumvarpsgreinarinnar á þeim yfirvöldum sem boðuð eru á fund samstarfshóps skal Fjármálaeftirlitið taka mið af þýðingu þeirrar eftirlitsstarfsemi sem til umfjöllunar verður fyrir viðkomandi yfirvöld, einkum með tilliti til mögulegra áhrifa á fjármálastöðugleika í viðkomandi ríki, sbr. 2. undirgr. 3. mgr. 51. gr. CRD IV. Í dagskrá samkvæmt sömu málsgrein skal fjallað um skipulag fundar, meginumræðuefni og þá starfsemi sem tekin verður til athugunar, sbr. 1. másl. 3. undirgr. 3. mgr. 51. gr. CRD IV.

Um 48. gr.

37. gr. um tilkynningu um þjónustu án stofnunar útibús gildir ekki lengur um verðbréfafyrirtæki heldur er nú fjallað um starfsemi þeirra á milli landa í nýjum lögum um markaði fyrir fjármálagerninga, nr. 115/2021. Því til samræmis er lagt til að kveðið verði á um lánastofnanir frekar en fjármálafyrirtæki í greininni.

Lagt er til að „eftirlitsaðila“ í 2. mgr. greinarinnar verði breytt í „yfirvalda“ til að gæta samræmis í þýðingu laganna á „competent authority“.

Um 49. gr.

Nýrri 37. gr. a er ætlað að innleiða 2. undirgr. 1. mgr. og 2. og 3. mgr. 34. gr. CRD IV hvað starfsemi innlendra fjármálastofnana og dótturfélaga þeirra í öðrum EES-ríkjum varðar.

Um 50. gr.

38. gr. um starfsemi utan EES gildir ekki lengur um verðbréfafyrirtæki heldur er nú fjallað um starfsemi þeirra á milli landa í nýjum lögum um markaði fyrir fjármálagerninga, nr. 115/2021. Því til samræmis er lagt til að kveðið verði á um lánastofnanir frekar en fjármálafyrirtæki í greininni.

Um 51. gr.

Um a-lið. 39. gr. um kaup á hlutum í erlendu fjármálafyrirtæki gildir ekki lengur um kaup verðbréfafyrirtækja heldur er nú fjallað um starfsemi þeirra á milli landa í nýjum lögum um markaði fyrir fjármálagerninga, nr. 115/2021. Því til samræmis er lagt til að kveðið verði á um lánastofnanir frekar en fjármálafyrirtæki í greininni.

Um b-lið. Lagt er til að fyrirmæli um rökstuðning í 3. másl. 39. gr. falli brott því að í frumvarpinu er gert ráð fyrir almennu ákvæði í 108. gr. laganna um að Fjármálaeftirlitið skuli rökstyðja ákvarðanir um beitingu eftirlitsheimilda sem nær utan um ákvarðanir um bönn skv. 39. gr. b.

Um 52. gr.

Nýrri 39. gr. a um ráðstafanir vegna brota íslensks fyrirtækis erlendis er ætlað að innleiða 2. undirgr. 1. mgr. 41. gr. CRD IV.

Um 53. gr.

Um 1. efnismgr. VI. kafli laga um fjármálafyrirtæki, sem fjallar um virka eignarhluti, gildir ekki lengur um verðbréfafyrirtæki heldur er nú fjallað um virka eignarhluti í þeim í nýjum lögum um markaði fyrir fjármálagerninga, nr. 115/2021. Því til samræmis er lagt til að kveðið verði á um virka eignarhluti í lánastofnunum frekar en í fjármálafyrirtækjum í kaflanum.

Lagt er til að „auka svo við eignarhlut sinn“ í 2. másl. 1. mgr. 40. gr. verði breytt í „auka svo við virkan eignarhlut sinn að hlutafé, stofnfé eða atkvæðisréttur hans“ til að skýra að

málsliðurinn á ekki aðeins við þegar aðili hyggst auka við eignarhlut sinn heldur einnig þegar atkvæðisréttur hans mun ná mörkunum í málsliðnum þótt eignarhlutur breytist ekki.

Í 2. másl. 1. mgr. greinarinnar er fjallað um 20%, 33% og 50% hlutdeild. Skv. 1. mgr. 22. gr. CRD IV á ekki að miða við 33% hlutdeild heldur 30% hlutdeild nema aðildarríki hafi nýtt heimild 3. mgr. 9. gr. tilskipunar 2004/109/EB til að miða við þriðjungshlut í stað 30%. Sú heimild er ekki nýtt í flöggunarákvæði 12. gr. laga um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu, nr. 20/2021, sem innleiddi 9. gr. tilskipunar 2004/109/EB, heldur er þar miðað við 30%. Því er lagt til að miðað verði við 30% í stað 33% í 2. másl. 1. mgr. 40. gr. laga um fjármálafyrirtæki.

Um 2. efnismgr. Samkvæmt gildandi 2. mgr. 40. gr. geta kaup á virkum eignarhlut ekki komið til framkvæmda fyrr en frestur Fjármálaeftirlitsins til að leggja mat á hæfi aðila er liðinn eða Fjármálaeftirlitið hefur tilkynnt viðkomandi að hann sé hæfur. Það er þó ekki alveg rétt lýsing. Eins og ráðið verður af 46. gr. laganna geta kaup eigi að síður komið til framkvæmda, en atkvæðisréttur sem viðkomandi hlutum fylgir fellur þá niður og aðilanum er skylt að selja þá innan tímamarka sem Fjármálaeftirlitið setur. Því er lagt til að gildandi 2. mgr. 40. gr. falli brott.

1. másl. 2. mgr. greinarinnar, eins og lagt er til að hún verði samkvæmt frumvarpinu, samsvarar skilgreiningu 36. tölul. 1. mgr. 4. mgr. CRR á virkum eignarhlut. Sú skilgreining gildir raunar hvort eð er samkvæmt tillögu að 2. mgr. 1. gr. b laganna, þar sem gert er ráð fyrir því að stuðst verði við skilgreiningar CRR, en lagt er til að hún verði tekin upp hér samhengisins vegna. Ákvæðum 2. og 3. másl. málsgreinarinnar er ætlað að innleiða 2. og 3. undirgr. 1. mgr. 14. gr. og 27. gr. CRD IV.

Um 3. efnismgr. Lagt til að efni skilgreiningar á samstarfi verði fært úr orðskýringagrein laganna í 3. mgr. 40. gr. „Samstarf“ er aðeins notað í þessum skilningi í 40. gr. laganna en orðið er notað í öðrum og almennari skilningi í 65. gr., 86. gr. l og 107.–109. gr. laganna. Lagt er til að „m.a.“ í 1. másl. skilgreiningarinnar falli brott til samræmis við framsetningu 2. mgr. 100. gr. laga um yfirtökur, nr. 108/2007.

Um 54. gr.

Um a-lið. Lagt er til að tilgreint verði að tilkynning skuli vera skrifleg til samræmis við 1. másl. 1. mgr. 22. gr. CRD IV.

Um b–d-lið. VI. kafli laga um fjármálafyrirtæki gildir ekki lengur um verðbréfafyrirtæki heldur er nú fjallað um virka eignarhluti í þeim í nýjum lögum um markaði fyrir fjármála-gerninga, nr. 115/2021. Því til samræmis er lagt til að kveðið verði á um virka eignarhluti í lánastofnunum frekar en í fjármálafyrirtækjum í kaflanum.

Um e-lið. Breytingum á 12. tölul. 1. mgr. er ætlað að skýra efni tölulíðarins og fella orðalag hans betur að inngangsmálslið málsgreinarinnar en ekki fela í sér efnislega breytingu.

Um f- og g-lið. Í 3. másl. 2. mgr. greinarinnar segir nú að upplýsingar skuli studdar gögnum eftir því sem við á. Staðsetning fyrirmælanna gefur til kynna að þau eigi aðeins við um upplýsingagjöf skv. 2. mgr. en ekki skv. 1. mgr. Orðalagið „eftir því sem við á“ í setningunni er einnig heldur óljóst. Með tilliti til þessa er lagt til að málsliðurinn falli brott en þess í stað verði mælt fyrir um það í nýrri 3. mgr. að Fjármálaeftirlitið geti krafist þess að upplýsingar samkvæmt greininni skuli studdar gögnum.

Um 55. gr.

Um greinina í heild. Lagt til að núverandi 1. mgr. 42. gr., sem er níu málsliðir, verði skipt í þrjár málsgreinar og 2. og 3. mgr. greinarinnar færðar í nýja 42. gr. a til að gera ákvæðin aðgengilegri.

Um 1. efnismgr. Málsgreinin samsvarar 1. og 2. másl. gildandi 1. mgr. 42. gr. Lagt er til að fram komi að staðfesting á móttöku tilkynningar skuli vera skrifleg til samræmis við fyrirmæli þess efnis í 1. undirgr. 2. mgr. 22. gr. CRD IV. Nýjum 2. másl. í 1. mgr. frumvarpsgreinarinnar, um móttöku viðbótarupplýsinga, er ætlað að innleiða orðin „eða frekari upplýsinga skv. 3. mgr.“ í 1. undirgr. 2. mgr. 22. gr. CRD IV.

Um 2. efnismgr. Málsgreinin samsvarar 3. og 4. másl. gildandi 1. mgr. 42. gr. Lagt er til að fram komi að krafa Fjármálaeftirlitsins um frekari upplýsingar skuli vera skrifleg til samræmis við fyrirmæli þess efnis í 2. másl. 1. undirgr. 3. mgr. 22. gr. CRD IV.

Um 3. efnismgr. Málsgreinin samsvarar 5.–9. másl. gildandi 1. mgr. 42. gr. Viðbót orðanna „með upplýsingum skv. 41. gr.“ í 3. mgr. frumvarpsgreinarinnar er ætlað að innleiða fyrirmæli 2. undirgr. 2. mgr. 22. gr. tilskipunarinnar um að matsfrestur hefjist við staðfestingu á móttöku tilkynningar og „þeirra skjala sem aðildarríkið fer fram á að fylgi tilkynningunni“. Lagt er til að efni lokamálsliðar gildandi 1. mgr. 42. gr., um þrjátíu virkra daga frest, færist fram, í sama málslið og fjallar um tuttugu virkra daga frest, til að skýra að næstu fyrirmæli þar á eftir í ákvæðinu, um að Fjármálaeftirlitið geti óskað eftir frekari upplýsingum en slík beiðni lengi þó ekki tímafrestina, eigi ekki aðeins við um tuttugu daga frestinn heldur einnig þrjátíu daga frestinn.

Um 4. efnismgr. Samhengisins vegna er lagt til að gildandi 2. másl. 2. mgr. 43. gr., um að liggi niðurstaða ekki fyrir innan matstímabils skuli líta svo á að Fjármálaeftirlitið hafi ekki athugasemdir við fyrirætlanir, færist í 4. mgr. 42. gr.

Um 56. gr.

Um a-lið (42. gr. a) í heild. VI. kafli laga um fjármálafyrirtæki gildir ekki lengur um verðbréfafyrirtæki heldur er nú fjallað um virka eignarhluti í þeim í nýjum lögum um markaði fyrir fjármálagerninga, nr. 115/2021. Því til samræmis er lagt til að kveðið verði á um virka eignarhluti í lánastofnunum frekar en í fjármálafyrirtækjum í kaflanum.

Um 1. mgr. a-liðar. Málsgreinin samsvarar gildandi 2. mgr. 42. gr.

Viðbót orðanna „og líklegra áhrifa hans á lánastofnunina og hvort fjármögnun fyrirhugaðs virks eignarhlutar sé traust“ er ætlað að innleiða samsvarandi fyrirmæli í inngangsmálslið 1. mgr. 23. gr. CRD IV.

Breytingum á 2. tölul. 1. mgr. greinarinnar er ætlað að gæta samræmis við b-lið 1. mgr. 23. gr. CRD IV.

Breytingum á 4. tölul. 1. mgr. greinarinnar er ætlað að gæta samræmis við d-lið 1. mgr. 23. gr. CRD IV, að teknu tilliti til ákvæðis 8. mgr. 22. gr. tilskipunarinnar um að ekki megi gera strangari kröfur fyrir samþykki yfirvalda en þær sem settar eru fram í tilskipuninni.

Um 2. mgr. a-liðar. Málsgreinin samsvarar gildandi 3. mgr. 42. gr.

Lagt er til að „rekstrarfélag verðbréfasjóðs“ bætist við málsgreinina því að þau teljast ekki lengur til fjármálafyrirtækja samkvæmt nýjum lögum um verðbréfasjóði, nr. 116/2021, og því þarf nú að geta þeirra sérstaklega til að gæta samræmis við 24. gr. CRD IV.

Lagt er til að fyrirvari í málsgreininni um að „félagið sem þessi aðili hyggst öðlast virkan eignarhlut í yrði dótturfélag hans eða lyti yfirráðum hans í kjölfar öflunar þessara eignarhluta“ falli brott því að hliðstæður fyrirvari er ekki í CRD IV.

Lagt er til að kveðið verði á um „lögbær yfirvöld“ frekar en „eftirlitsstjórnvöld“ í málsgreininni til að gæta samræmis í þýðingu laganna á „competent authorities“.

Lagt er til að vísun til 3. mgr. 2. gr. í málsgreininni falli brott. Í 3. mgr. 2. gr. kemur fram, til samræmis við 3. mgr. 16. gr. CRD IV, að samráð Fjármálaeftirlitsins við lögbær yfirvöld í öðrum aðildarríkjum við mat á umsókn um starfsleyfi lánastofnunar skuli meðal annars taka til upplýsinga um hæfi hluthafa og stjórnenda. Ekki er talið tilefni til að vísa til þeirra fyrir mæla í 2. mgr. 42. gr. a laganna, enda ekki að finna hliðstæða millivísun í CRD IV.

Nýjum 2. másl. í málsgreininni er ætlað að innleiða 1. másl. 2. mgr. 24. gr. CRD IV.

Um b-lið (42. gr. b). Nýrri 42. gr. b, um mat á hæfi fyrirhugaðs eiganda virks eignarhlutar í lánastofnun samhliða umsókn eignarhaldsfélags um samþykki, er ætlað að innleiða 2. undirgr. 2. mgr. 21. gr. a CRD IV.

Um 57. gr.

Um a-lið. Viðbót orðanna „og innan matstímabils skv. 3. mgr. 42. gr.“ er ætlað að innleiða orðin „og innan matstímabilsins“ í 5. mgr. 22. gr. CRD IV.

Um b-lið. Máslíðnum er ætlað að innleiða 2. másl. 2. mgr. 24. gr. CRD IV.

Um 58. gr.

Í 44. gr. kemur nú fram að hafi ekki verið ráðist í fjárfestingu innan sex mánaða frá niðurstöðu Fjármálaeftirlitsins skuli senda nýja tilkynningu. Í 7. mgr. 22. gr. CRD IV er aftur á móti ekki gert ráð fyrir föstum fresti heldur því að lögbær yfirvöld geti sett fjárfestingu frest. Lagt er til að 44. gr. verði breytt því til samræmis.

Um 59. gr.

Um a-lið. Lagt er til að gæti aðili þess ekki að senda Fjármálaeftirlitinu tilkynningu falli niður atkvæðisréttur sem fylgir hlutum sem eru umfram leyfileg mörk, fremur en þeim sem eru umfram það sem hann átti áður. Tillagan tekur mið af því að markmið ákvæðisins er ekki að hegna aðila fyrir að gæta þess ekki að senda tilkynningu til Fjármálaeftirlitsins (sem er aftur á móti markmið viðurlagaheimilda vegna sama atriðis í XIV. kafla laganna) heldur að koma í veg fyrir að aðili sem Fjármálaeftirlitið hefur ekki metið hæfan öðlist þau áhrif á lánastofnun sem fylgja (auknum) virkum eignarhlut, auk þess sem hún samræmist betur því fyrirkomulagi sem CRD IV gerir ráð fyrir, sbr. athugasemdir við 60. gr. frumvarpsins. Sama gildir um skyldu til að selja hluti umfram leyfileg mörk skv. 6. másl. greinarinnar.

Um b-lið. VI. kafli laga um fjármálafyrirtæki gildir ekki lengur um verðbréfafyrirtæki heldur er nú fjallað um virka eignarhluti í þeim í nýjum lögum um markaði fyrir fjármálagerninga, nr. 115/2021. Því til samræmis er lagt til að kveðið verði á um virka eignarhluti í lánastofnunum frekar en í fjármálafyrirtækjum í kaflanum.

Um c-lið. Viðbót orðanna „og upplýsingar skv. 41. gr.“ er ætlað að áréttu að ekki nægi að tilkynning berist innan fjögurra vikna heldur verða tilskildar upplýsingar einnig að berast innan þess tíma, en ella getur Fjármálaeftirlitið krafist sölu viðkomandi hluta.

Um 60. gr.

Um a-, c- og d-lið. Lagt er til að atkvæðisréttur sem fylgir hlut umfram leyfileg mörk falli niður frekar en atkvæðisréttur umfram lágmark þess hlutar sem telst virkur eignarhlutur. Það samræmist 3. undirgr. 2. mgr. 26. gr. tilskipunarinnar þar sem fram kemur að ef virks eignarhlutar er aflað þrátt fyrir andstöðu lögbærs yfirvalds skuli „corresponding voting rights“ ekki gilda. Því til samræmis, og með tilliti til þess að markmið ákvæðisins er ekki að hegna

aðila sem telst ekki hæfur til að auka við virkan eignarhlut heldur að koma í veg fyrir að hann fari með þau áhrif á lánastofnun sem fylgja auknum hlut, er lagt til að skylda til að selja hlut taki aðeins til þess hlutar sem er umfram leyfileg mörk en ekki alls hluta sem er umfram það sem viðkomandi átti áður. Af þessum breytingum leiðir að lokamálsliður greinarinnar, um að aðili öðlist fyrri atkvæðisrétt að sölu lokinni, verður óþarfur. Breytingarnar hnika því ekki að Fjármálaeftirlitið getur á grundvelli 2. mgr. 49. gr. laganna fellt niður atkvæðisrétt og krafist sölu eignarhlutar sem er umfram lágmark þess hlutar sem telst virkur eignarhlutur ef aðili er óhæfur til að fara með virkan eignarhlut.

Um b-lið. Lagt er til að fram komi í nýjum 2. másl. að Fjármálaeftirlitið tilkynni viðkomandi lánastofnun um brottfall atkvæðisréttar til samræmis við fyrirkomulagið sem á við skv. 45. gr. laganna þegar aðili sem ekki hefur sent Fjármálaeftirlitinu tilkynningu eignast eða eykur við virkan eignarhlut.

Um 61. gr.

Um a-lið. Lagt er til að fram komi að tilkynning skuli vera skrifleg til samræmis við fyrirmæli þess efnis í 1. másl. 25. gr. CRD IV.

Um b- og c-lið. Lagt er til að vísun til atkvæðisréttar verði bætt við því að fyrirmælin eiga einnig að eiga við þegar atkvæðisréttur fer niður fyrir viðkomandi mörk þótt eignarhlutur breytist ekki.

Um d-lið. Í 2. másl. greinarinnar er fjallað um 33% hlutdeild. Skv. 25. gr. CRD IV á ekki að miða við 33% hlutdeild heldur 30% hlutdeild nema aðildarríki hafi nýtt heimild 3. mgr. 9. gr. tilskipunar 2004/109/EB til að miða við þriðjungshlut í stað 30%. Sú heimild er ekki nýtt í flöggunarákvæði 12. gr. laga um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu, nr. 20/2021, sem innleiddi 9. gr. tilskipunar 2004/109/EB, heldur er þar miðað við 30%. Því er lagt til að miðað verði við 30% í stað 33% í 2. másl. 47. gr. laga um fjármálafyrirtæki.

Um e-lið. VI. kafli laga um fjármálafyrirtæki gildir ekki lengur um verðbréfafyrirtæki heldur er nú fjallað um virka eignarhluti í þeim í nýjum lögum um markaði fyrir fjármála-gerninga, nr. 115/2021. Því til samræmis er lagt til að kveðið verði á um virka eignarhluti í lánastofnunum frekar en í fjármálafyrirtækjum í kaflanum.

Um 62. gr.

Um a-lið. Lagt er til að bætt verði við vísun í atkvæðisrétt því að fyrirmæli málsgreinarinnar eiga að eiga við þegar atkvæðisréttur fer yfir eða undir viðkomandi mörk þótt eignarhlutur breytist ekki.

Um b-f-lið. VI. kafli laga um fjármálafyrirtæki gildir ekki lengur um verðbréfafyrirtæki heldur er nú fjallað um virka eignarhluti í þeim í nýjum lögum um markaði fyrir fjármála-gerninga, nr. 115/2021. Því til samræmis er lagt til að kveðið verði á um virka eignarhluti í lánastofnunum frekar en í fjármálafyrirtækjum í kaflanum.

Orðunum „sem tekin hefur verið til viðskipta á skipulegum markaði“ er bætt við til samræmis við 2. undirgr. 1. mgr. 26. gr. CRD IV.

Um 63. gr.

Um a-lið. VI. kafli laga um fjármálafyrirtæki gildir ekki lengur um verðbréfafyrirtæki heldur er nú fjallað um virka eignarhluti í þeim í nýjum lögum um markaði fyrir fjármála-gerninga, nr. 115/2021. Því til samræmis er lagt til að kveðið verði á um virka eignarhluti í lánastofnunum frekar en í fjármálafyrirtækjum í kaflanum.

Um b-lið. Viðbót orðanna „eða fer þannig með hlut sinn að það sé líklegt til að skaða heilbrigðan og traustan rekstur lánastofnunar“ er ætlað að innleiða 1. másl. 1. undirgr. 2. mgr. 26. gr. CRD IV.

Lagt er til að fjallað verði um hvernig farið skuli með atkvæðisrétt og sölu hlutar í 2. mgr. 49. gr. í stað þess að vísa til 46. gr. því að viðmið sem eiga við eru ekki alveg þau sömu. Vísun til 2 mgr. 42. gr. er talin óþörf og því lagt til að hún falli brott.

Um 64. gr.

Um brottfall gildandi 49. gr. b. Í 49 gr. b segir nú að ákvæði 40.–49. gr., sem fjalla um virka eignarhluti í lánastofnunum, gildi um nán tengsl eftir því sem við geti átt. Ekki megi mynda nán tengsl nema sýnt sé að þau hindri ekki eftirlit með starfsemi félagsins.

Þegar greinin var sett voru nán tengsl skilgreind í 1. tölul. 1. gr. a laganna sem bein eignatengsl eða bein yferráð yfir allt að 20% af hlutfé eða stofnfé eða atkvæðavægi fyrirtækis eða yferráð eða samstarf. Samstarf var skilgreint í 5. tölul. sömu greinar sem samkomulag um að ná virkum eignarhlut í félagi, líkt og í 25. tölul. 1. mgr. sömu greinar nú. Nán tengsl eru nú skilgreind með svipuðum hætti í 23. tölul. 1. mgr. sömu greinar, en þó hefur verið felld brott vísun til samstarfs og bætt við vísun til varanlegra tengsla við sama þriðja aðila í gegnum yferráðatengsl.

Vísun 1. másl. 49. gr. b til 40.–49. gr. hefur ekki sjálfstæða þýðingu þegar nán tengsl eru til komin vegna yferráða eða 20% hlutdeildar því að þá væri virkur eignarhlutur til staðar og 40.–49. gr. laganna ættu þegar við af þeim sökum. Ekki mætti, á grundvelli 2. másl. 49. gr. b, setja slíkri öflun strangari skilyrði en fram koma í öðrum ákvæðum VI. kafla laganna, enda bannar 8. mgr. 22. gr. CRD IV að öflun virks eignarhlutar séu sett strangari skilyrði en fram koma í tilskipuninni. Ekki verður heldur séð hvernig 49. gr. b geti haft sjálfstæða þýðingu gagnvart samstarfi, enda lýtur samstarf samkvæmt skilgreiningu að fyrirhugaðri öflun virks eignarhlutar.

Samkvæmt orðanna hljóðan gæti 49. gr. b átt við þegar til náninna tengsla stofnast vegna tengsla við sama þriðja aðila í gegnum yferráðatengsl. Þannig mætti samkvæmt orðanna hljóðan skilja ákvæðið svo að ef eignarhaldsfélag, sem ætti fyrir ráðandi hlut í lánastofnun, hygðist eignast ráðandi hlut í annars konar félagi en lánastofnun þyrfti það að fylgja reglum um öflun virks eignarhlutar í lánastofnun. Sú túlkun væri þó svo ankannaleg að orðin „eftir því sem við getur átt“ í nágildandi 1. másl. 49. gr. b virðast útiloka hana.

Vísun 49. gr. b til 40.–49. gr. virðist samkvæmt þessu ekki hafa efnislega þýðingu. Með tilliti til þess, og þess að fjallað er um það hvernig tekið skuli á því ef nán tengsl hindra eftirlit með lánastofnun í 3. mgr. 7. gr. og 5. tölul. 1. mgr. 9. gr. laganna, er lagt til að ákvæðið falli brott.

Um a-lið (49. gr. b). 1. mgr. nýrrar 49. gr. b um skyldu eignarhaldsfélaga til að sækja um samþykki er ætlað að innleiða 1. mgr. 21. gr. a CRD IV. 2. mgr. nýju greinarinnar er ætlað að innleiða 4. mgr. 21. gr. a CRD IV. Undanþága frá samþykki skv. 2. mgr. nýju greinarinnar gildir aðeins svo lengi sem skilyrði málsgreinarinnar eru uppfyllt, sbr. 7. mgr. 21. gr. a CRD IV. Undanþága skv. 2. mgr. nýju greinarinnar felur ekki sjálfkrafa í sér félag sé undanþegið eftirliti á samstæðugrunni, sbr. 2. undirgr. 4. mgr. 21. gr. a CRD IV.

Um b-lið (49. gr. c). Nýrri 49. gr. c um umsókn eignarhaldsfélaga um samþykki er ætlað að innleiða 1. undirgr. 2. mgr. 21. gr. a CRD IV.

Um c-lið (49. gr. d). Nýrri 49. gr. d um skilyrði fyrir samþykki eignarhaldsfélaga er ætlað að innleiða 3. mgr. 21. gr. a CRD IV.

Um d-lið (49. gr. e). 1. mgr. nýrrar 49. gr. e um samráð eftirlitsaðila er ætlað að innleiða 1. undirgr. 8. mgr. og 1. másl. 9. mgr. 21. gr. a CRD IV. 1. og 2. másl. málsgreinarinnar eiga eðli máls samkvæmt aðeins við ef Fjármálaeftirlitið er ekki sjálft eftirlitsaðilinn á samstæðugrunni og lögbæra yfirvaldið. Jafnframt á 3. másl. málsgreinarinnar eðli máls samkvæmt aðeins við ef að eftirlitsstjórnvald fjármálasamsteypu er ekki sama stjórnvald og eftirlitsaðilinn á samstæðugrunni og lögbæra yfirvaldið. 2. mgr. nýju greinarinnar er ætlað að innleiða 3. undirgr. 8. mgr. og 2. másl. 9. mgr. 21. gr. a CRD IV.

Um e-lið (49. gr. f). Nýrri 49. gr. f um afgreiðslu umsóknar eignarhaldsfélags er ætlað að innleiða 2. undirgr. 8. mgr. og 10. mgr. 21. gr. a CRD IV.

Um f-lið (49. gr. g). 1. mgr. nýrrar 49. gr. g um ráðstafanir vegna eignarhaldsfélags er ætlað að innleiða 5. mgr. 21. gr. a CRD IV. 2. mgr. nýju greinarinnar er ætlað að innleiða fyrri undirgr. 6. mgr. 21. gr. a tilskipunarinnar. 3. mgr. nýju greinarinnar er ætlað að innleiða síðari undirgr. 6. mgr. 21. gr. a tilskipunarinnar.

Um 65. gr.

Um a-lið (49. gr. h). 1. mgr. nýrrar 49. gr. h, um skyldu til að hafa milligöngumóðurfélag á Evrópska efnahagssvæðinu, er ætlað að innleiða 1. mgr. og a–c-lið 2. undirgr. 7. mgr. 21. gr. b CRD IV. 2. mgr. nýju greinarinnar er ætlað að innleiða 4. og 5. mgr. og d-lið 2. undirgr. 7. mgr. 21. gr. b CRD IV.

Um b-lið (49. gr. i). Nýrri 49. gr. i, um leyfi til að hafa tvö milligöngumóðurfélög á Evrópska efnahagssvæðinu frekar en eitt, er ætlað að innleiða 2. mgr. 21. gr. b CRD IV.

Um c-lið (49. gr. j). Nýrri 49. gr. j, um form milligöngumóðurfélags á Evrópska efnahagssvæðinu, er ætlað að innleiða 3. mgr. 21. gr. b CRD IV.

Um d-lið (49. gr. k). Nýrri 49. gr. k, um upplýsingagjöf til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar, er ætlað að innleiða 6. mgr. 21. gr. b CRD IV.

Um 66. gr.

Í frumvarpinu er lagt til að við VI. kafla laganna, um eignarhluti og meðferð þeirra, bætist tveir nýir hlutar um samþykki eignarhaldsfélaga og milligöngumóðurfélög á Evrópska efnahagssvæðinu. Til aðgreiningar frá þeim er lagt til að gildandi ákvæði kaflans í 40.–49. gr. a verði í nýjum A-hluta um virka eignarhluti í lánastofnunum.

Um 67. gr.

Um a-lið. Nýrri 1. mgr. í 50. gr. laganna er ætlað að innleiða 1. undirgr. 1. mgr. 74. gr. CRD IV. Fyrirkomulag stjórnarháttanna, ferli og kerfi samkvæmt málsgreininni skulu taka mið af viðmiðunarreglum sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin gefur út á grundvelli 3. mgr. 74. gr. tilskipunarinnar, sbr. viðmiðunarreglur EBA/GL/2021/05 frá 2. júlí 2021². Nýrri 2. mgr. í 50. gr. er ætlað að innleiða 1. másl. 2. mgr. sömu tilskipunargreinar.

Um b-lið. Í 2. mgr. 101. gr. laga um hlutafélög, nr. 2/1995, kemur fram að hluthafar sem eigi minnst tíunda hluta hlutafjár geti krafist þess að aðalfundur taki ákvörðun um útgreiðslu arðs. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur lýst því gagnvart íslenskum stjórnvöldum að beiting ákvæðisins gagnvart fjármálafyrirtækjum feli í sér að ekki sé unnt að telja hluta- eða stofnfé þeirra til almenns eigin fjár þáttar 1 því hún stangist á við v-lið h-liðar 1. mgr. 28. gr. CRR. Þar er það sett sem skilyrði fyrir því að telja gerninga til almenns eigin fjár þáttar 1 að

² <https://www.eba.europa.eu/guidelines-internal-governance-second-revision>.

fjármálafyrirtæki verði ekki skuldbundið til að inna af hendi greiðslur til eigenda gerninganna. Af þessum sökum er talið nauðsynlegt að undanskilja fjármálafyrirtæki 2. mgr. 101. gr. laga um hlutafélög. Eftir atvikum getur undanþágan átt við um samstæðu fjármálafyrirtækis, sbr. fyrirhugaða 3. mgr. 1. gr. b laga um fjármálafyrirtæki.

Um 68. gr.

Til að auðvelda lestur VII. kafla laganna, sem fjallar um stjórnarhætti, er lagt til að honum verði skipt í fjóra hluta. Í fyrsta hlutanum verði ákvæði almenns efnis.

Um 69. gr.

Lögð er til breyting á framsetningu 1. mgr. 51. gr. laganna til að taka mið af því að til fjármálafyrirtækja teljast nú aðeins lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki. Ekki er um efnislega breytingu að ræða.

Um 70. gr.

Um a- og b-lið. Lagt er til að almennum hæfisskilyrðum til stjórnarmanna og framkvæmdastjóra, sem nú koma fram í 2. mgr. og 1. og 2. másl. 3. mgr. 52. gr., verði raðað í fjóra tölulíði undir 2. mgr. Til samræmis við 1. mgr. 91. gr. og 121. gr. CRD IV ná ákvæðin ekki aðeins til fjármálafyrirtækja heldur einnig til eignarhaldsfélaga á fjármálasviði og blandaðra eignarhaldsfélaga í fjármálastarfsemi og tekið er fram að það sé á ábyrgð fyrirtækjanna að tryggja að hæfisskilyrðunum sé ávallt fullnægt.

Í 3. tölul. málsgreinarinnar er skilyrði um að stjórnarmaður og framkvæmdastjóri hafi gott orðspor og hafi ekki í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm á síðustu tíu árum fyrir refsiverðan verknað samkvæmt tilgreindum lögum. Við mat á skilyrðinu þarf Fjármálaeftirlitið, auk þess að kanna sakaskrá, meðal annars að kanna gagnasafn um viðurlög vegna brota gegn CRD IV-pakkanum sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin viðheldur, sbr. 2. og 3. mgr. 69. gr. CRD IV.

Í 4. tölul. málsgreinarinnar er þess krafist að stjórnarmenn og framkvæmdastjórar búi yfir fullnægjandi þekkingu, hæfni og reynslu til að sinna skyldum sínum í stað þess að áskilja aðeins að þeir hafi yfir að ráða reynslu og þekkingu eða hafi lokið námi sem nýtist í starfi og að þeir hafi þekkingu á þeirri starfsemi sem viðkomandi fjármálafyrirtæki stundar. Breytta framsetningin samræmist framsetningu 1. undirgr. 1. mgr. 91. gr. CRD IV. Við mat á því hvort stjórnarmaður og framkvæmdastjóri í eignarhaldsfélagi á fjármálasviði eða blönduðu eignarhaldsfélagi í fjármálastarfsemi búi yfir fullnægjandi þekkingu, hæfni og reynslu til að sinna skyldum sínum skal tekið mið af sértæku hlutverki þeirra félaga, sbr. 121. gr. CRD IV.

Skilyrði fyrirhugaðrar 2. mgr. 52. gr. laga um fjármálafyrirtæki eru að öðru leyti efnislega óbreytt frá gildandi ákvæðum 2. mgr. og 1. og 2. másl. 3. mgr. 52. gr.

Við mat á hæfi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra skal tekið mið af viðmiðunarreglum um stjórnarhætti sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin gefur út á grundvelli 12. mgr. 91. gr. CRD IV, sbr. viðmiðunarreglur EBA/GL/2021/06 frá 2. júlí 2021³.

Um c-lið. Lagt er til að 4. mgr. 52. gr. laganna, um samsetningu stjórnar, verði einnig látin ná til framkvæmdastjóra, til samræmis við 7. mgr. 91. gr. CRD IV. Nýjum 2. og 3. másl. er ætlað að innleiða 10. og 11. mgr. 91. gr. CRD IV.

³ <https://www.eba.europa.eu/joint-esma-and-eba-guidelines-assessment-suitability-members-management-body-revised>.

Um d-lið. Lagt er til að fyrirmæli 2. másl. 5. mgr., um að stjórnarmenn megi ekki jafnframt vera starfsmenn fjármálafyrirtækis, verði í 52. gr. a. Um skýringar vísast til athugasemda við fyrirhugaða viðbót við 52. gr. a.

Um e-lið. Lagt er til að 6. mgr. 52. gr. laganna, um þjálfun stjórnarmanna, verði einnig látin ná til framkvæmdastjóra til samræmis við 9. mgr. 91. gr. CRD IV.

Um f-lið. Lagðar eru til viðbætur við 8. mgr. 52. gr. til að innleiða 2. undirgr. 1. mgr. 91. gr. CRD IV.

Um 71. gr.

Í 2. másl. 5. mgr. 52. gr. kemur nú fram að stjórnarmenn fjármálafyrirtækis megi ekki vera starfsmenn þess. Fyrirmælin er að rekja til laga nr. 75/2010, um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002. Þau voru þá sett fram ásamt öðrum fyrirmælum um önnur störf stjórnarmanna í einni málsgrein í 52. gr. Með lögum nr. 57/2015, um breytingu á sömu lögum, voru ákvæði um önnur störf stjórnarmanna færð í nýja 52. gr. a en fyrirmæli um að stjórnarmenn mættu ekki vera starfsmenn fjármálafyrirtækis urðu eftir í málsgreininni í 52. gr., sem fjallaði eftir breytingarnar að öðru leyti um heimild Fjármálaeftirlitsins til að setja reglur um hæfismat. Lagt er til að fyrirmæli 2. másl. 5. mgr. 52. gr. færist í 52. gr. a með öðrum fyrirmælum sem takmarka önnur störf stjórnarmanna.

Um 72. gr.

Lagt er til að fyrirsögn verði bætt við greinina til að auðvelda lestur laganna. Flestar aðrar greinar laganna hafa fyrirsögn.

Um 73. gr.

Lagt er til að fyrirsögn verði bætt við greinina til að auðvelda lestur laganna. Flestar aðrar greinar laganna hafa fyrirsögn.

Um 74. gr.

Lagt er til að ákvæði 86. gr., sem fjallar um skyldu stjórnar og framkvæmdastjóra til að tilkynna Fjármálaeftirlitinu um brot gegn varfærniskröfum og um að fyrirtæki sé á fallanda fæti, færist úr X. kafla laganna, sem mun með breytingum samkvæmt frumvarpinu aðeins fjalla um eiginfjáruka, í VII. kafla um stjórn, stjórnarhætti og starfsmenn. Ákvæðið sjálft er óbreytt utan breytinga á millivísunum til að taka mið af öðrum fyrirhuguðum breytingum samkvæmt frumvarpinu.

Um 75. gr.

Um a- og d-lið. Til einföldunar er lagt til að vísað verði til framkvæmdastjóra í 1. mgr. greinarinnar í stað 2. másl. 4. mgr. Til samræmis við 1. másl. 3. mgr. 91. gr. CRD IV og þá hugsun sem liggur að baki greininni er lagt til að sú meginregla komi fram í 1. mgr. að stjórnarmaður og framkvæmdastjóri í kerfislega mikilvægu fjármálafyrirtæki megi ekki taka að sér störf í stjórnunareiningum annarra félaga komi það niður á getu hans til að sinna störfum fyrir fjármálafyrirtækið með fullnægjandi hætti, jafnvel þótt heildarfjöldi stjórnunarstaða sé innan þeirra marka sem sett eru í a- og b-lið málsgreinarinnar.

Um b-lið. Breytingum á 2. mgr. er ætlað að tryggja samræmi við 4. mgr. 91. gr. CRD IV auk þess sem framsetningin er einfölduð lítillaga. Samkvæmt gildandi ákvæði telst sem dæmi framkvæmdastjórastaða hjá einu félagi í samstæðu og stjórnarseta í öðru félagi í sömu samstæðu strangt til tekið til tveggja stjórnunarstaða, en ætti aðeins að teljast ein stjórnunarstaða.

Um c-lið. Lagt er til að orðin „á grundvelli laga vegna sérstakra aðstæðna í starfsemi umrædds fjármálafyrirtækis“ falli brott þar sem samsvarandi takmörkun er ekki í CRD IV, sbr. 2. másl. 3. mgr. 91. gr. tilskipunarinnar.

Um e-lið. Breytingunum er ætlað að tryggja samræmi við 2. másl. 6. mgr. 91. gr. CRD IV.

Um 76. gr.

Nýrri 53. gr. um tilnefningarnefnd er að mestu leyti ætlað að innleiða 2. mgr. 88. gr. og 10. mgr. 91. gr. CRD IV.

Fyrirmæli um að hluthafafundur skuli skipa tilnefningarnefnd eða ákveða hvernig hún skuli skipuð byggjast ekki á CRD IV en samræmast leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem Nasdaq, Samtök atvinnulífsins og Viðskiptaráð Íslands hafa gefið út. Skv. 7. mgr. 54. gr. laga um fjármálafyrirtæki ber fjármálafyrirtækjum að fylgja viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja.

Samkvæmt 7. gr. laga um Bankasýslu ríkisins, nr. 88/2009, skal valnefnd sem Bankasýsla ríkisins skipar tilnefna aðila fyrir hönd ríkisins sem rétt hafa til setu fyrir hönd ríkisins í bankaráðum eða stjórnnum fyrirtækja á forræði stofnunarinnar. Ef allir stjórnarmenn eru tilnefndir á þessum grundvelli hefur tilnefningarnefnd litlu frekara hlutverki að gegna við tilnefningu stjórnarmanna, sem er annars meginhlutverk tilnefningarnefnda. Því er lagt til að 53. gr. laga um fjármálafyrirtæki um tilnefningarnefnd gildi ekki ef 7. gr. laga um Bankasýslu ríkisins á við um tilnefningu allra stjórnarmanna. Heimildin er ekki talin stangast á við 2. mgr. 88. gr. CRD IV því skv. 5. undirgrein þeirrar málsgreinar gildir málsgreinin ekki þegar stjórn hefur samkvæmt landslögum ekki hlutverki að gegna við tilnefningu neinna stjórnarmanna.

Um 77. gr.

Um a-lið. Breytingunum á 4. másl. 1. mgr. greinarinnar er ætlað að tryggja samræmi við 3. undirgr. 1. mgr. 88. gr. CRD IV.

Um b-lið. Til samræmis við 1. másl. 8. mgr. 91. gr. CRD IV er lagt til að vísunum til framkvæmdastjóra og stjórnenda sem svara beint til framkvæmdastjóra verði bætt við 2. mgr. 54. gr. laganna. Það að sitja í stjórn eða vera starfsmaður í tengdum félögum útilokar ekki sjálfkrafa að stjórnarmaður og framkvæmdastjóri geti talist „sjálfstæður í hugsun“ í skilningi 2. mgr. 54. gr. laganna, sbr. 2. másl. sömu tilskipunarmálsgreinar.

Um c-lið. Lagðar eru til breytingar á 2. másl. 3. mgr. greinarinnar til samræmis við d-lið 2. undirgr. 1. mgr. 88. gr. CRD IV.

Um d-lið. Lagðar eru til breytingar á 6. mgr. greinarinnar til samræmis við c-lið 2. undirgr. 1. mgr. 88. gr. CRD IV.

Um e-lið. Viðbótum við 7. mgr. greinarinnar er ætlað að innleiða 96. gr. CRD IV.

Um 78. gr.

Lagt er til að vísun til ákvæða 17. gr. verði breytt til samræmis við fyrirhugaða færslu þeirra í 77. gr. a og 77. gr. b samkvæmt frumvarpinu.

Um 79. gr.

Breytingum á 57. gr. laganna er ætlað að tryggja samræmi við 4. og 5. undirgr. 1. mgr. 88. gr. CRD IV.

Um 80. gr.

Til að auðvelda lestur VII. kafla laganna, sem fjallar um stjórnarhætti, er lagt til að honum verði skipt í fjóra hluta. Í öðrum hlutanum verði ákvæði um samsetningu, hæfisskilyrði og störf stjórnar og framkvæmdastjóra.

Um 81. gr.

Um a-lið (57. gr. a). Nýrri 57. gr. a um starfskjarastefnu er ætlað að innleiða 2. undirgr. 1. mgr. 74. gr. og 2. mgr. 92. gr. CRD IV. Starfsmenn „sem hafa eftirlit með höndum“ í skilningi 3. tölul. 2. mgr. nýju greinarinnar eru einkum starfsmenn áhættustýringar, innri endurskoðunar og regluvörslu. „Óháð miðlægt innra mat“ í skilningi 2. másl. 4. mgr. nýju greinarinnar væri almennt á herðum sömu eininga. Starfskjarastefna fjármálafyrirtækja skal taka mið af viðmiðunarreglum um kynhlutlausar og traustar starfskjarastefnur sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin gefur út á grundvelli 2. undirgr. 3. mgr. 74. gr. og 2. mgr. 75. gr. CRD IV, sbr. viðmiðunarreglur EBA/GL/2021/04 frá 2. júlí 2021⁴. Í 79. gr. a laga um hlutafélög, nr. 2/1995, eru frekari ákvæði um starfskjarastefnu fjármálafyrirtækja sem ber skylda til að kjósa sér endurskoðanda.

Um b-lið (57. gr. b). Nýrri 57. gr. b um kaupauka er ætlað að innleiða 1. og 3. mgr. 94. gr. CRD IV. Ákvæði 5. tölul. 1. mgr. nýju greinarinnar á við hvort sem kaupauki byggist á samningi sem var gerður fyrir eða eftir gildistöku ákvæðisins, sbr. 3. mgr. 162. CRD IV. Hlutabréf skv. 10. tölul. 1. mgr. nýju greinarinnar væru almennt hlutabréf í því fjármálafyrirtæki sem greiddi kaupaukann, eða hliðstæðir gerningar, enda tilgangur fyrirmælanna að samsama hagsmuni fyrirtækisins og þess sem hlýtur kaupauka. Varðveislustefna samkvæmt sama tölulið á að tryggja að gerningum sé haldið eftir nógu lengi til að hagsmunir starfsmanna samræmist langtímahagsmunum fyrirtækisins. Ákvæði 1. tölul. 2. mgr. nýju greinarinnar gildir á einingargrunni en ekki á samstæðugrunni sem felur í sér að aðeins á að taka mið af eignum viðkomandi fyrirtækis en ekki annarra fyrirtækja innan sömu samstæðu. Síðari hluti 2. tölul. 2. mgr. nýju greinarinnar byggist á heimild 5. mgr. 94. gr. CRD IV og er ætlað að fela í sér hliðstæða reglu og gildir nú skv. 2. mgr. 7. gr. reglna um kaupaukakerfi samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 388/2016. Við framkvæmd nýju greinarinnar, þar á meðal ákvörðun vaxta skv. 3. mgr. greinarinnar, skal tekið mið af viðmiðunarreglum sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin gefur út á grundvelli 2. undirgr. iii-liðar g-liðar 1. mgr. og 7. mgr. 94. gr. tilskipunarinnar, sbr. viðmiðunarreglur EBA/GL/2021/04 frá 2. júlí 2021⁵.

Um c-lið (57. gr. c). Nýrri 57. gr. c er ætlað að innleiða 93. gr. CRD IV. Meðal þess sem getur talist sérstakur stuðningur hins opinbera í skilningi ákvæðisins er lán til þrautavara skv. 2. mgr. 19. gr. laga um Seðlabanka Íslands, nr. 92/2019, og hlutafjárframlag frá hinu opinbera sem er ætlað að mæta greiðsluvanda fjármálafyrirtækis. Hefðbundið hlutafjárframlag til fjármálafyrirtækis í eigu hins opinbera telst þó ekki til sérstaks stuðnings hins opinbera í skilningi greinarinnar.

⁴ <https://www.eba.europa.eu/regulation-and-policy/remuneration/guidelines-on-sound-remuneration-policies-second-revision>.

⁵ <https://www.eba.europa.eu/regulation-and-policy/remuneration/guidelines-on-sound-remuneration-policies-second-revision>.

Um 82. gr.

Um *a-lið* (57. gr. e). Nýrri 57. gr. e um starfskjaranefnd er ætlað að innleiða f-lið 2. mgr. 92. gr. og 95. gr. CRD IV. Greinin takmarkast við kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki. Önnur fjármálafyrirtæki sem starfrækja starfskjaranefndir þurfa því ekki að fylgja ákvæðum greinarinnar um skipan og hlutverk starfskjaranefndar. Þau ættu þó að taka mið af tilmælum um starfskjaranefndir í viðmiðunarreglum sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin gefur út, sbr. 3. tölul. fyrirhugaðrar 109. gr. u í lögunum, og eftir atvikum tilmælum um starfskjaranefndir í viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja, sbr. 7. mgr. 54. gr. laganna.

Um *b-lið* (57. gr. f). Nýrri 57. gr. f um upplýsingar um starfskjör sem Fjármálaeftirlitið skal safna og miðla til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar er ætlað að innleiða 75. gr. CRD IV. Við söfnun upplýsinga um einstaklinga sem fá jafnvirði 1 millj. evra eða meira í laun á hverju reikningsári og starfsskyldur þeirra skv. 2. tölul. 1. mgr. nýju greinarinnar skal Fjármálaeftirlitið taka mið af viðmiðunarreglum um upplýsingasöfnunina sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin gefur út á grundvelli 3. mgr. 75. gr. CRD IV, sbr. viðmiðunarreglur EBA/GL/2014/07 frá 16. júlí 2014⁶. Með „kaupauka“ í 2. tölul. 1. mgr. nýju greinarinnar er bæði átt við „kaupauka“ og „ávinning til langs tíma“ í skilningi 1. másl. 3. mgr. tilskipunar-greinarinnar.

Um 83. gr.

Til að auðvelda lestur VII. kafla laganna, sem fjallar um stjórnarhætti, er lagt til að honum verði skipt í fjóra hluta. Í þriðja hlutanum verði ákvæði um starfskjör.

Um 84. gr.

Í 59. gr. laga um fjármálafyrirtæki er nú heimild til að miðla upplýsingum til móðurfélags fjármálafyrirtækis þrátt fyrir þagnarskylduákvæði 58. gr. að tilgreindum skilyrðum uppfyllt-um. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að tekið verði á upplýsingaskiptum innan samstæðu í nýrri 109. gr. m í lögunum sem er ætlað að innleiða 1. mgr. 124. gr. CRD IV. Af þeim sökum er lagt til að 59. gr. laganna falli brott.

Um 85. gr.

Í 3. mgr. 60. gr. b kemur nú fram að brjóti fjármálafyrirtæki gegn skyldu sinni til að vernda starfsmann sem í góðri trú hefur upplýst um brot gegn misrétti sem rekja má til tilkynningar hans skuli það greiða honum skaðabætur samkvæmt almennum reglum. Þetta taki bæði til beins fjártjóns og miska.

Í skaðabótarétti er greint á milli beins tjóns, sem er tjón á hlut eða líkamstjón, og óbeins tjóns, sem er tjón sem leiðir af beinu tjóni, svo sem tekjutap sem leiðir af beinu tjóni. Af vísun 2. másl. 3. mgr. 60. gr. b í beint fjártjón mætti gagnálykta svo að starfsmaður gæti ekki fengið skaðabætur vegna óbeins fjártjóns, sem væri óeðlileg takmörkun á bótarétti hans samkvæmt málsgreininni. Því er lagt til að orðið „beins“ falli brott.

Um 86. gr.

Til að auðvelda lestur VII. kafla laganna, sem fjallar um stjórnarhætti, er lagt til að honum verði skipt í fjóra hluta. Í fjórða hlutanum verði ákvæði um þagnarskyldu.

⁶ <https://www.eba.europa.eu/regulation-and-policy/remuneration/guidelines-on-the-data-collection-exercise-regarding-high-earners>.

Um 87. gr.

Í 2. mgr. 61. gr. kemur nú fram að aðeins fjármálafyrirtæki sem hafi starfsleyfi sem sparisjóður sé heimilt að nota orðið „sparisjóður“ í firma sínu eða til skýringar á starfsemi sinni. Fyrirmæli sama efnis eru í 1. mgr. 12. gr. laganna. Því er lagt til að 2. mgr. 61. gr. falli brott.

Um 88. gr.

Lagt er til að 17. gr. laganna um eftirlitskerfi með áhættu færast úr III. kafla laganna um stofnun og starfsemi í nýjar 77. gr. a og 77. gr. b í upphafi IX. kafla um meðhöndlun áhættuþátta í starfsemi fjármálafyrirtækis.

Um a-lið (77. gr. a). Lagt er til að fyrirmæli um skjalfestingu ferla sem eru nú í 1. og 8. mgr. 17. gr., sem lagt er til að færast í 1. og 4. mgr. 77. gr. a, falli brott því að gert er ráð fyrir almennu ákvæði um skjalfestingu ferla í nýrri 17. gr. c í frumvarpinu sem nær yfir viðkomandi tilvik.

Lagt er til að orðin „meðal annars við álagssviðsmyndir, þar á meðal þær sem álagspróf skv. 2. mgr. leiða í ljós“ bætist við 1. mgr. núverandi 17. gr., sem lagt er til að færast í 1. mgr. 77. gr. a, til samræmis við 1. mgr. 104. gr. b CRD IV.

Nýju ákvæði í 5. mgr. 77. gr. a er ætlað að innleiða 2. og 4. mgr. 108. gr. CRD IV.

Nýju ákvæði í 6. mgr. 77. gr. a er ætlað að 2. undirgr. 1. mgr. 108. gr. CRD IV. Veita má undanþágu samkvæmt málsgreininni frá greininni í heild eða einstökum kröfum hennar.

Um b-lið (77. gr. b). Í 4. mgr. 17. gr., sem lagt er til að færast í 1. mgr. nýrrar 78. gr. b, segir nú að áhættustýring fjármálafyrirtækis skuli fara fram í einingu sem er óháð öðrum starfseiningum þess. Í 1. undirgr. 5. mgr. 76. gr. CRD IV segir að aðildarríki skuli tryggja að áhættustýring sé starfrækt í óháðri starfseiningu „í samræmi við kröfuna um meðalhóf, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 7. gr. tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2006/73/EB“. Í þeirri málsgrein kemur fram að aðildarríki eigi að krefjast þess að verðbréfafyrirtæki starfræki áhættustýringu í einingu sem er óháð öðrum starfseiningum ef „það er viðeigandi og hæfilegt með tilliti til eðlis og umfangs viðskipta og hve flókin þau eru og eðlis og umfangs fjárfestingaþjónustu og -starfsemi“. Með tilliti til þessa er lagt til að skylda skv. 1. mgr. 77. gr. b til að starfrækja áhættustýringu í óháðri starfseiningu verði háð því að það eigi við að teknu tilliti til stærðar, eðlis og umfangs rekstrar fyrirtækisins og þess hversu margþætt starfsemi þess er.

Breytingum á því ákvæði sem nú er í 7. mgr. 17. gr., en lagt er til að færast í 4. mgr. nýrrar 78. gr. b, er ætlað að innleiða samsvarandi fyrirmæli í 1. másl. 4. undirgr. 5. mgr. 76. gr. CRD IV.

Lagt er til að heimild til að setja reglur um fjármálasamsteypur í því ákvæði sem nú er í 9. mgr. 17. gr., en lagt er til að færast í 5. mgr. 77. gr. b, falli brott. Heimildina er að rekja til laga nr. 130/2004, um breytingu á lögum um fjármálastarfsemi og lögum um váttrygginga-starfsemi. Henni var ætlað að gera Fjármálaeftirlitinu kleift að setja reglur um áhættuþætti í starfsemi fjármálasamsteypa til samræmis við 9. gr. tilskipunar 2002/87/EB. Það tilskipunar-ákvæði er nú innleitt með 23. gr. laga um viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum, nr. 61/2017. Reglusetningarheimildin er því talin óþörf nú.

Um 89. gr.

Um a-lið. Lagt er til að allir meðlimir í áhættunefnd skuli vera stjórnarmenn til samræmis við 1. másl. 1. undirgr. 3. mgr. 76. gr. CRD IV. Af því leiðir að fella má brott ákvæði um að starfsmenn megi ekki sitja í nefndinni því starfsmenn megi ekki vera stjórnarmenn skv. 2. másl. 5. mgr. 52. gr. laganna.

Lagt er til að „starfsreynslu“ verði breytt í „hæfni“ og „móta“ í „skilja að fullu og hafa eftirlit með“ til að gæta samræmis við 2. másl. 1. undirgr. 3. mgr. 76. gr. CRD IV.

Viðbót orðanna „og aðstoða stjórnina við eftirlit með framkvæmd framkvæmdastjóra og stjórnenda sem svara beint til framkvæmdastjóra á áhættustefnu fyrirtækisins“ er ætlað að innleiða samsvarandi fyrirmæli í 2. undirgr. 3. mgr. 76. gr. CRD IV.

Um b-lið. Viðbótinni við 2. mgr. 78. gr. er ætlað að innleiða samsvarandi fyrirmæli í 1. undirgr. 4. mgr. 76. gr. CRD IV.

Um c-lið. Viðbótinni við 3. mgr. 78. gr. er ætlað að innleiða samsvarandi fyrirmæli í 2. undirgr. 4. mgr. 76. gr. CRD IV.

Um d-lið. Lagðar eru til breytingar á 4. mgr. 78. gr. til að gæta samræmis við 4. undirgr. 3. mgr. 76. gr. CRD IV.

Um 90. gr.

Lagðar eru til breytingar á 2. mgr. 78. gr. a laganna til að gæta samræmis við b-lið 79. gr. CRD IV.

Um 91. gr.

Lagt er til að fyrirmæli um skjalfestingu stefnu og ferla í 78. gr. b, 78. gr. c og 78. gr. d laganna falli brott því að gert er ráð fyrir almennu ákvæði um skjalfestingu ferla í nýrri 17. gr. c í frumvarpinu sem nær yfir viðkomandi tilvik.

Um 92. gr.

Um a-lið. Lagt er til að fyrirmæli um skjalfestingu stefnu og ferla í 1. mgr. 78. gr. e falli brott því að gert er ráð fyrir almennu ákvæði um skjalfestingu ferla í nýrri 17. gr. c í frumvarpinu sem nær yfir viðkomandi tilvik.

Um b-lið. Nýrri 4. mgr. í 78. gr. e er ætlað að innleiða 2. undirgr. 3. mgr. 83. gr. CRD IV. Nýrri 5. mgr. er ætlað að innleiða 3. undirgr. sömu tilskipunarmálgreinar.

Um 93. gr.

Breytingum á 78. gr. f um vaxtaáhættu vegna viðskipta utan veltubókar er ætlað að innleiða breytingar á 84. gr. CRD IV með CRD V. Við stýringu á áhættunni skal tekið mið af viðmiðunarreglum um áhættuna sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin gefur út á grundvelli 6. mgr. 84. gr. CRD IV, sbr. viðmiðunarreglur EBA/GL/2018/02 frá 18. júlí 2018⁷.

Um 94. gr.

Um a-lið. Lagt er til að fyrirmæli um skjalfestingu stefnu og ferla í 1. mgr. 78. gr. g falli brott því að gert er ráð fyrir almennu ákvæði um skjalfestingu ferla í nýrri 17. gr. c í frumvarpinu sem nær yfir viðkomandi tilvik.

Um b-lið. Lagt er til að „áhættulíkana“ í málgreininni verði stytta í „líkana“ því ákvæðið á einnig að ná til annars konar líkana en áhættulíkana, sbr. 1. másl. 1. mgr. 85. gr. CRD IV. Rekstraráhætta vegna líkana er mögulegt tap fjármála fyrirtækis vegna ákvarðana sem kunna einkum að vera teknar á grundvelli niðurstaðna innri líkana, vegna skekkna í þróun,

⁷ <https://www.eba.europa.eu/regulation-and-policy/supervisory-review/guidelines-on-technical-aspects-of-the-management-of-interest-rate-risk-arising-from-non-trading-activities-under-the-supervisory-review-process>.

framkvæmd eða beitingu slíkra líkana, sbr. 11. tölul. 1. mgr. 3. gr. CRD IV. Lagt er til að „útvistunar“ verði bætt við 1. mgr. 78. gr. g laganna til samræmis við hliðstæða viðbót við 1. mgr. 85. gr. CRD IV með CRD V.

Um 95. gr.

Um a-lið. Lagt er til að fyrirmæli um skjalfestingu stefnu og ferla í málsgreininni falli brott því að gert er ráð fyrir almennu ákvæði um skjalfestingu ferla í nýrri 17. gr. c í frumvarpinu sem nær yfir viðkomandi tilvik.

Um b-lið. Lagt er til að „lögaðila“ í 5. mgr. verði breytt í „aðila“ til að gæta samræmis við 6. mgr. 86. gr. CRD IV.

Um c-lið. Breytingum á 6. mgr. er aðallega ætlað að gæta samræmis við 7. mgr. 86. gr. CRD IV. Lagt er til að kveðið verði á um „lausafjárforða“ í stað „varaforða lauss fjár“ til samræmis við þá hugtakanotkun sem hefur tíðkast í eftirlitsframkvæmd.

Um d-lið. Breytingum á 7. mgr. er ætlað að gæta samræmis við 8. mgr. 86. gr. CRD IV. Lagt er til að kveðið verði á um umsýsluaðila í stað útgefanda til samræmis við þýðingu á „sponsor“ í 14. tölul. 1. mgr. 4. gr. CRR.

Um 96. gr.

Lagt er til að fyrirmæli um skjalfestingu stefnu og ferla í 78. gr. i og 79. gr. falli brott því að gert er ráð fyrir almennu ákvæði um skjalfestingu ferla í nýrri 17. gr. c í frumvarpinu sem nær yfir viðkomandi tilvik.

Um 97. gr.

Um a-lið. Gert er ráð fyrir að 3. mgr. 17. gr. færist í 3. mgr. 77. gr. a. Lagt er til að vísun til málsgreinarinnar í 2. mgr. 80. gr. verði breytt því til samræmis.

Um b-lið. Lagt er til að b-liður 3. mgr. falli brott til samræmis við brottfall b-liðar 1. mgr. 97. gr. CRD IV með CRD V.

Um c-lið. Lagt er til að „framkvæmd lausafjárstýringar“ verði breytt í „laust fé“ til að gæta samræmis við 3. mgr. 97. gr. CRD IV.

Um d-lið. Nýrri 6. mgr. 80. gr. um heimild til að sníða könnun og mat að fjármálafyrirtækjum með svipað áhættusnið er ætlað að innleiða 4. mgr. a 97. gr. CRD IV. Ef Fjármálaeftirlitið nýtir heimildina skal það taka mið af viðmiðunarreglum sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin gefur út á grundvelli 2. undirgr. sömu tilskipunarmálsgreinar, auk þess að taka mið af viðmiðunarreglum um könnun og mat skv. 3. mgr. 107. gr. tilskipunarinnar, sbr. viðmiðunarreglum EBA/GL/2014/13 frá 19. desember 2014 með breytingum samkvæmt viðmiðunarreglum EBA/GL/2018/03 frá 19. júlí 2018⁸.

Um e-lið. Viðbótinni við gildandi 6. mgr., sem verður 7. mgr. samkvæmt frumvarpinu, er ætlað að innleiða 3. mgr. 53. gr. CRD. Álagspróf samkvæmt málsgreininni þurfa að taka mið af viðmiðunarreglum um álagspróf sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin gefur út á grundvelli 2. mgr. 100. gr. CRD IV.

⁸ <https://www.eba.europa.eu/regulation-and-policy/supervisory-review-and-evaluation-srep-and-pillar-2/guidelines-for-common-procedures-and-methodologies-for-the-supervisory-review-and-evaluation-process-srep-and-supervisory-stress-testing>.

Um f-lið. Nýrri 8. mgr. 80. gr. er ætlað að innleiða 1. mgr. 107. gr. CRD IV. Nýrri 9. mgr. er ætlað að innleiða 5. mgr. 97. gr. CRD IV. Nýrri 10. mgr. er ætlað að innleiða 6. mgr. 97. gr. CRD IV.

Um 98. gr.

Um a-f-lið. Lagðar eru til breytingar á 1. mgr. 81. gr. um tæknileg viðmið vegna könnunar- og matsferlis Fjármálaeftirlitsins til að gæta samræmis við 1. mgr. 98. gr. CRD IV, með breytingum samkvæmt CRD V. Einnig er lagt til að „viðlagaáætlun“ verði breytt í „viðbragðs-áætlun“ til samræmis við það hvernig hugtakið „contingency plan“ er innleitt í 2. mgr. 78. gr. g og 9. mgr. 78. gr. h laga um fjármálafyrirtæki. Þá er lagt til að kveðið verði á um „lausafjárforða“ í stað „varaforða lauss fjár“ til samræmis við þá hugtakanotkun sem hefur tíðkast í eftirlitsframkvæmd. Könnunar- og matsferli samkvæmt málsgreininni kann að taka til umhverfis-, félags- og stjórnunaráhættu til samræmis við viðmiðunarreglur sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin gefur út á grundvelli 8. mgr. 98. gr. CRD IV.

Um g-lið. Lagt er til að vísun til ákvæðis 86. gr. g laganna, sem gert er ráð fyrir að færist í 107. gr. a, verði breytt því til samræmis.

Um h-lið. Lögð er til viðbót við 4. mgr. til að gæta samræmis við 4. mgr. 98. gr. CRD IV.

Um i-lið. Lagt er til að „fastvaxtaáhættu“ í 5. mgr. verði breytt í „vaxtaáhættu“ til að gæta samræmis við 1. undirgr. 5. mgr. 98. gr. CRD IV.

Um j-lið. Nýjum 2. og 3. másl. í 5. mgr. er ætlað að innleiða 2.–4. undirgr. 5. mgr. 98. gr. CRD IV. Við mat á áhrifum vaxtabreytinga á hagrænt virði eigin fjár skal tekið mið af reglum skv. j-lið 1. mgr. 117. gr. b laganna. Fjallað er um áfallasviðsmyndir eftirlitsaðila í undirgerðum sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins samþykkir með stoð í 5. mgr. a 98. gr. CRD IV og gert er ráð fyrir að Seðlabanki Íslands innleiði hér á landi með reglum, sbr. fyrirhugaðan l-lið 1. mgr. 117. gr. b í lögum um fjármálafyrirtæki.

Um k-lið. Lögð er til viðbót við 6. mgr. til að gæta samræmis við 6. mgr. 98. gr. CRD IV.

Um l- og m-lið. Lagðar eru til breytingar á 7. mgr. til að gæta samræmis við 7. mgr. 98. gr. CRD IV.

Um 99. gr.

Um a-lið. Breytingin er lögð til því eftirlitsáætlun á að greina frá því til hvaða ráðstafana standi til að grípa, ekki til hvaða ráðstafana hafi þegar verið gripið.

Um b-lið. Lagt er til að vísun til 80. gr. verði uppfærð til samræmis við breytingar sem lagðar eru til á þeirri grein.

Um c-lið. Lagt er til að b-liður 2. mgr. greinarinnar falli brott til samræmis við brottfall b-liðar 2. mgr. 99. gr. CRD IV með CRD V.

Um d-lið. Lagt er til að gildandi 4. mgr. 82. gr. laganna falli brott. Málsgreininni var ætlað að endurspeglar 4. mgr. 99. gr. CRD IV, þar sem fram kemur að samþykkt heimaríkisyfirvalds á eftirlitsáætlun fyrir fjármálafyrirtæki komi ekki í veg fyrir að gistiríkisyfirvald ráðist í vettvangsathugun í útibúi fyrirtækisins í gistiríkinu. Ekki er talin þörf á að innleiða tilskipunarfyrimælin sérstaklega, enda kemur samþykkt erlends yfirvalds á eftirlitsáætlun fyrir þarlent fjármálafyrirtæki ekki í veg fyrir vettvangsathugun Fjármálaeftirlitsins í útibúi fyrirtækisins hér á landi nema annað komi fram í lögum; talið er nægjanlegt að tryggt sé að innlend lög stangist ekki á við tilskipunarfyrimælin. Því er lagt til að málsgreinin falli brott.

Nýju ákvæði í 4. mgr. er ætlað að innleiða lokamáslíð 3. mgr. 52. gr. CRD IV.

Um 100. gr.

Lagt er til að vísun til ákvæðis 86. gr. h, sem gert er ráð fyrir að færist í 107. gr. c, verði breytt því til samræmis.

Um 101. gr.

Um a-lið. Lagt er til að vísun í 109. gr. a, sem gert er ráð fyrir að verði 109. gr. o, verði breytt því til samræmis.

Um b-lið. Lagt er til að vísun til reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010 verði lagfærð.

Um 102. gr.

Um greinina í heild. Lagt er til að gildandi 83.–85. gr. falli í meginatriðum brott. Greinarnar endurspeгла að mestu ákvæði CRR. Verði CRR lögfest, líkt og lagt er til í 4. gr. frumvarpsins, verða greinarnar því að mestu leyti óþörf endurtekning.

Í stað gildandi 1.–3. mgr. 83. gr. laganna um laust fé og stöðuga fjármögnun verður unnt að styðjast beint við 412.–414. gr. CRR. Lagt er til að gildandi 4. mgr. um reglur Seðlabanka Íslands um laust fé og stöðuga fjármögnun fjármálafyrirtækja færist í 3. mgr. 117. gr. b um reglusetningarheimildir Seðlabankans.

Í stað gildandi 1.–5. og 7. mgr. 84. gr. laganna verður unnt að styðjast beint við 26., 73., 77., 81.–89., 92., 479. og 480. gr. CRR. Lagt er til að 6. mgr. greinarinnar um reglur Seðlabankans um útreikning á eiginfjárgrunni og áhættugrunni fyrir fjármálasamsteypur falli brott því að nú hafa verið sett lög sem fjalla um eiginfjárkröfur til fjármálasamsteypa, þ.e. lög um viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum, nr. 61/2017.

Í stað gildandi 84. gr. a laganna verður unnt að styðjast beint við 26. og 28. gr. CRR.

Í stað gildandi 84. gr. b laganna verður unnt að styðjast beint við 51. og 52. gr. CRR.

Í stað gildandi 84. gr. c laganna verður unnt að styðjast beint við 62. og 63. gr. CRR.

Í stað gildandi 84. gr. d laganna verður unnt að styðjast beint við 97. gr. CRR.

Í stað gildandi 1.–4. mgr. 84. gr. e laganna verður unnt að styðjast beint við 92., 95. og 96. gr. CRR. Lagt er til að 1. másl. 5. mgr. 84. gr. e um heimild til að nota innri aðferðir færist í nýja 109. gr. ee um heimild til að nota innri aðferðir. Fyrirhuguð lögfesting CRR gerir 2. másl. 5. mgr. og 6. mgr. óþarfa. Lagt er til að 3. másl. 5. mgr. falli brott því að fyrirhuguð 2. mgr. 117. gr. b mun veita hliðstæða heimild.

Í stað gildandi 84. gr. f laganna verður unnt að styðjast beint við 102.–106. gr. CRR.

Í stað gildandi 85. gr. laganna verður loks unnt að styðjast beint við 26., 33., 36., 49., 56., 66., 79. og 470. gr. CRR.

Lagt er til að 86. gr. um skyldu stjórnar og framkvæmdastjóra til að tilkynna Fjármálaeftirlitinu um brot og um að fyrirtæki sé á fallandi fæti færist í stjórnarháttakafla laganna.

Gert er ráð fyrir að meginefni ákvæða 86. gr. a – 86. gr. f um eiginfjárouka verði áfram í kaflanum en að aukið verði verulega við efnið til að endurspeгла fyrirmæli í CRD IV sem ekki hafa verið tekin upp í lögin og ný fyrirmæli um eiginfjárouka í CRD V.

Lagt er til að 86. gr. g – 86. gr. m um eftirlitsheimildir Fjármálaeftirlitsins færist í eftirlitskafla laganna.

Um a-lið (83. gr.). 83. gr. um samanlagða kröfu um eiginfjárouka byggist á gildandi 1. másl. 1. mgr. og 2. og 3. másl. 3. mgr. 86. gr. a en ákvæðunum er breytt til samræmis við aðrar fyrirhugaðar breytingar samkvæmt frumvarpinu. Ákvæðin byggjast ekki beint á CRD IV en hafa verið talin til leiðbeiningar við beitingu reglna um eiginfjárouka. Með eiginfjárouka fyrir kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki er átt við eiginfjárouka fyrir kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki á alþjóðavísu eða á landsvísu, eftir því sem við á.

Um b-lið (83. gr. a). 83. gr. a um samsetningu eiginfjárouka byggist á gildandi 2. másl. 1. mgr. 86. gr. a en millivísun í ákvæðinu er breytt til samræmis við fyrirhugaða lögfestingu CRR. Greininni er ætlað að innleiða hluta 1. mgr. 129. gr., 1. mgr. 130. gr., 4., og 5. mgr. og 5. mgr. a 131. gr. og 1. og 4. mgr. 133. gr. CRD IV.

Um c-lið (83. gr. b.) 83. gr. b um bann við tvítalningu byggist á gildandi 2. mgr. 86. gr. a en talsvert er aukið við ákvæðið. Greininni er ætlað að innleiða b-lið 4. undirgr. 4. mgr. 104. gr. a, 2. og 3. undirgr. 128. gr., hluta 1. mgr. 129. gr., hluta 4. mgr. og 1. undirgr. 15. mgr. 131. gr. og 141. gr. a CRD IV. Áréttað skal að af fyrirmælum 1. mgr. greinarinnar, um að ekki megi nýta eigið fé sem er viðhaldið til uppfylla kröfu um eiginfjárouka til að mæta atriðum skv. 1.–3. tölul., leiðir jafnframt að ekki megi nýta eigið fé sem er viðhaldið til að mæta atriðum skv. 1.–3. tölul. til að uppfylla kröfu um eiginfjárouka.

Um d-lið (83. gr. c). 1. mgr. nýrrar 83. gr. c um samverkan eiginfjárouka er ætlað að innleiða 14. mgr. 131. gr. CRD IV. Ákvæðið gildir á samstæðugrunni um samstæðu. 2. mgr. 83. gr. c er ætlað að innleiða 2. undirgr. 15. mgr. sömu tilskipunargreinar. Með eiginfjárouka fyrir kerfislega mikilvægt fjármálafyrirtæki í 2. mgr. er átt við eiginfjárouka fyrir kerfislega mikilvægt fjármálafyrirtæki á alþjóðavísu eða á landsvísu, eftir því sem við á.

Um e-lið (83. gr. d). 1. másl. nýrrar 83. gr. d um samstæðugrunn er ætlað að innleiða hluta 4. mgr. 131. gr. CRD IV. 2. másl. 83. gr. d er ætlað að innleiða hluta 1. mgr. 129. gr., hluta 1. mgr. 130. gr., hluta 5. mgr. og 5. mgr. a 131. gr. og hluta 4. mgr. 133. gr. CRD IV. Við mótun ákvæða í reglum Seðlabanka Íslands um hvort eiginfjároukum skuli viðhaldið á samstæðu-, undirsamstæðu- eða einingargrunni verður horft til fyrirmæla um beitingu reglna á samstæðugrunni í II. bálki 1. hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

Um f-lið (83. gr. e). 1. mgr. nýrrar 83. gr. e um undanþágu fyrir verðbréfafyrirtæki er ætlað að innleiða 5. undirgr. 128. gr. CRD IV. 2. mgr. 83. gr. e er ætlað að innleiða 2. og 4. mgr. 129. gr. og 2. og 4. mgr. 130. gr. tilskipunarinnar.

Um g-lið (84. gr.). 84. gr. um skyldu til að viðhalda verndunarauka er samhljóða gildandi 1. másl. 1. mgr. 86. gr. e. Greininni er ætlað að innleiða 1. tölul. 1. undirgr. 128. gr. og hluta 1. mgr. 129. gr. CRD IV.

Um h-lið (84. gr. a). 84. gr. e um hlutfall verndunarauka byggist á gildandi 2. másl. 1. mgr. 86. gr. e. Greininni er ætlað að innleiða hluta 1. mgr. 129. gr. CRD IV.

Um i-lið (85. gr.). 85. gr. um skyldu til að viðhalda sveiflujöfnunarauka byggist á gildandi 1. másl. 1. mgr. 86. gr. d. Greininni er ætlað að innleiða 2. tölul. 1. undirgr. 128. gr., hluta 1. mgr. 130. gr. og 1. mgr. 136. gr. CRD IV.

Um j-lið (85. gr. a). 1. mgr. nýrrar 85. gr. a um hlutfall sveiflujöfnunarauka er ætlað að innleiða hluta 1. mgr. 130. gr., hluta 1. mgr. 137. gr., hluta 1. undirgr. 1. mgr. 140. gr. og b-lið 2. mgr. og a-lið 3. mgr. 140. gr. CRD IV. 2. mgr. 85. gr. a er ætlað að innleiða 2. undirgr. 1. mgr. og 4. mgr. 140. gr. tilskipunarinnar. 3. mgr. 85. gr. a er ætlað að innleiða 4. mgr. 136. gr. og a-lið 2. mgr. 140. gr. tilskipunarinnar. 4. mgr. 85. gr. a er ætlað að innleiða hluta 2. og 3. mgr. 136. gr. tilskipunarinnar. 5. mgr. 85. gr. a er ætlað að innleiða hluta 2. og 3. mgr. 136. gr. tilskipunarinnar.

Um k-lið (85. gr. b). 1. mgr. nýrrar 85. gr. b um viðurkenningu á sveiflujöfnunarauka í öðru ríki sem er hærri en 2,5% er ætlað að innleiða hluta 1. mgr. 137. gr. og c-lið 2. mgr. og b-lið 3. mgr. 140. gr. CRD IV. 2. mgr. 85. gr. b er ætlað að innleiða 2. mgr. 137. gr. tilskipunarinnar.

Um l-lið (85. gr. c). 1. mgr. nýrrar 85. gr. c um hlutfall sveiflujöfnunarauka vegna ríkja utan Evrópska efnahagssvæðisins er ætlað að innleiða 2. og 3. mgr. 139. gr. og hluta 1. undirgr. 1. mgr. 140. gr. CRD IV. 2. mgr. 85. gr. c er ætlað að innleiða 5. mgr. 139. gr. tilskipunarinnar.

Evrópska kerfisáhætturáðið getur skv. 138. gr. CRD IV gefið út tilmæli um viðeigandi hlutfall sveiflujöfnunarauka vegna áhættuskuldbindinga í ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins. 85. gr. c laganna á við hvort sem kerfisáhætturáðið hefur gefið út slík tilmæli eður ei, sbr. 1. mgr. 139. gr. tilskipunarinnar.

Um m-lið (85. gr. d). 1. mgr. nýrrar 85. gr. d um gildistöku breytinga á hlutfalli sveiflujöfnunarauka er ætlað að innleiða hluta 5. mgr. 136. gr. og 4. mgr. 139. gr. CRD IV. Fyrirmælin eiga meðal annars við þegar hlutfall sveiflujöfnunarauka vegna áhættuskuldbindinga í ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins er hækkað. 2. mgr. 85. gr. d er ætlað að innleiða b-lið 1. undirgr. og 2. undirgr. 6. mgr. 140. gr. tilskipunarinnar. 3. mgr. 85. gr. d er ætlað að innleiða d-lið 1. undirgr. 6. mgr. 140. gr. tilskipunarinnar.

Um n-lið (85. gr. e). 1. mgr. nýrrar 85. gr. e um birtingu upplýsinga um sveiflujöfnunarauka er ætlað að innleiða a–d-lið 1. undirgr. 7. mgr. 136. gr. CRD IV. Með endurskoðun á sveiflujöfnunarauka er átt við endurskoðun skv. 5. mgr. 85. gr. a um hlutfall sveiflujöfnunarauka. 2. mgr. 85. gr. e er ætlað að innleiða e- og f-lið sömu undirgreinar og hluta 5. mgr. sömu greinar. 3. mgr. 85. gr. e er ætlað að innleiða 6. mgr. og g-lið 1. undirgr. 7. mgr. 136. gr. tilskipunarinnar. Fyrirmæli 3. mgr. eiga við þegar hlutfall sveiflujöfnunarauka er lækkað, hvort sem það er lækkað niður í núll eður ei, sbr. 6. mgr. 136. gr. tilskipunarinnar. Yfirvöld aðildarríkja eiga að leitast við að samræma tímasetningu birtingar upplýsinga um sveiflujöfnunarauka, sbr. 2. undirgr. 7. mgr. 136. gr. tilskipunarinnar.

Um o-lið (85. gr. f). Nýrri 85. gr. f um tilkynningu til Evrópska kerfisáhætturáðsins um breytingar á hlutfalli sveiflujöfnunarauka er ætlað að innleiða 1. másl. 3. undirgr. 7. mgr. 136. gr. CRD IV.

Um p-lið (86. gr.). Nýrri 86. gr. um skyldu til að viðhalda eiginfjárouka fyrir kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki á alþjóðavísu er ætlað að innleiða 3. tölul. 1. undirgr. 128. gr. og hluta 4. mgr. 131. gr. CRD IV.

Um q-lið (86. gr. a). Nýrri 86. gr. a um hlutfall eiginfjárouka fyrir kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki á alþjóðavísu er ætlað að innleiða hluta 4. og 9. mgr. 131. gr. CRD IV. Útfært verður í reglum Seðlabanka Íslands hvernig hlutfall eiginfjárouka fyrir kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki á alþjóðavísu fari eftir flokkun fyrirtækja skv. 3. mgr. 86. gr. b, innan þess ramma sem 86. gr. a markar.

Um r-lið (86. gr. b). 1. mgr. nýrrar 86. gr. b um afmörkun á kerfislega mikilvægum fjármálafyrirtækjum á alþjóðavísu er ætlað að innleiða hluta 1. undirgr. og 2. undirgr. 1. mgr. 131. gr. CRD IV. 2. mgr. 86. gr. b er ætlað að innleiða 1. og 2. undirgr. 2. mgr. sömu tilskipunargreinar. 3. mgr. 86. gr. b er ætlað að innleiða 3. undirgr. 2. mgr. og hluta 9. og 10. mgr. sömu tilskipunargreinar. 4. mgr. 86. gr. b er ætlað að innleiða hluta 12. mgr. sömu tilskipunargreinar. 5. mgr. 86. gr. b er ætlað að innleiða hluta 2. undirgr. sömu tilskipunarmálgreinar.

Um s-lið (86. gr. c). Nýrri 86. gr. c um skyldu til að viðhalda eiginfjárouka fyrir kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki á landsvísu er ætlað að innleiða 4. tölul. 1. undirgr. 128. gr. og hluta 5. mgr. 131. gr. CRD IV.

Um t-lið (86. gr. d). 1. mgr. nýrrar 86. gr. d um hlutfall eiginfjárouka fyrir kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki á landsvísu er ætlað að innleiða hluta 5. mgr., hluta 5. mgr. a og b-lið 8. mgr. 131. gr. CRD IV. Samkvæmt málgreininni á eiginfjárouki fyrir kerfislega mikilvægt fjármálafyrirtæki á landsvísu almennt að vera á bilinu 0 til 3%, en hann má þó þegar sérstakt tilefni er til vera hærri en 3% með samþykki fastanefndar EFTA-ríkjanna. 2. mgr. 86. gr. d er ætlað að innleiða hluta 5. mgr. og a-lið 6. mgr. sömu tilskipunargreinar. Hlutfall eiginfjároukans getur verið misjafnt fyrir fjármálafyrirtæki eftir því hve kerfislega mikilvæg

þau eru talin skv. 86. gr. e. 3. mgr. er ætlað að innleiða inngangsmálslið og a-lið 8. mgr. sömu tilskipunargreinar. 4. mgr. er ætlað að innleiða b-lið 6. mgr. sömu tilskipunargreinar.

Um u-lið (86. gr. e.). 1. mgr. nýrrar 86. gr. e um afmörkun á kerfislega mikilvægum fjármálafyrirtækjum á landsvísu er ætlað að innleiða hluta 1. undirgr. og 3. undirgr. 1. mgr. 131. gr. CRD IV. Fyrirmæli málsgreinarinnar um að afmörkunin skuli taka mið af því hvort fyrirtæki eða samstæða sé þess eðlis að starfsemi hennar geti haft áhrif á fjármálastöðugleika byggjast þó ekki beint á tilskipuninni. Þau taka mið af gildandi fyrirmælum í d-lið 13. gr. laga um Seðlabanka Íslands, nr. 92/2019, þar sem fram kemur að meðal verkefna fjármálastöðugleikanefndar sé að ákveða hvaða aðilar skuli teljast kerfislega mikilvægir og þess eðlis að starfsemi þeirra geti haft áhrif á fjármálastöðugleika. 2. mgr. 86. gr. e er ætlað að innleiða 1. undirgr. 3. mgr. 131. gr. tilskipunarinnar. 3. mgr. 86. gr. e er ætlað að innleiða hluta 12. mgr. sömu tilskipunargreinar. 4. mgr. 86. gr. e er einnig ætlað að innleiða hluta sömu tilskipunarmálsgreinar. Framkvæmd nýju greinarinnar á að taka mið af viðmiðunarreglum varðandi afmörkun á kerfislega mikilvægum fjármálafyrirtækjum á landsvísu sem Evrópska banka- eftirlitsstofnunin gefur út á grundvelli 2. undirgr. 3. mgr. 131. gr. tilskipunarinnar, sbr. viðmiðunarreglur EBA/GL/2014/10 frá 16. desember 2014⁹.

Um v-lið (86. gr. f). Nýrri 86. gr. f um tilkynningu til Evrópska kerfisáhætturáðsins um setningu eða endurskoðun eiginfjáruka fyrir kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki á landsvísu er ætlað að innleiða 7. mgr. 131. gr. CRD IV. Mat á líklegum áhrifum á innri markaðinn skv. b-lið 2. másl. 86. gr. f byggist á upplýsingum sem eru Seðlabankanum aðgengilegar, sbr. b-lið 7. mgr. 131. gr. CRD IV.

Um w-lið (86. gr. g). 1. mgr. nýrrar 86. gr. g um skyldu til að viðhalda kerfisáhættuauka er ætlað að innleiða 5. tölul. 1. undirgr. 128. gr. og hluta 1. og 3. mgr. 133. gr. CRD IV. 2. mgr. 86. gr. g er ætlað að innleiða hluta 1., 3. og 7. mgr. sömu tilskipunargreinar. Flokkun fjármálafyrirtækja skv. 2. mgr. 86. gr. g, sbr. einnig fyrirhugaða 3. mgr. 86. gr. h, takmarkast ekki við það hvers konar starfsleyfi fjármálafyrirtæki hefur heldur getur einnig byggst á annars konar mun á fjármálafyrirtækjum sem er málefnalegt að hafi áhrif við ákvörðun kerfisáhættuauka.

Um x-lið (86. gr. h). 1. mgr. nýrrar 86. gr. h um hlutfall kerfisáhættuauka er ætlað að innleiða hluta 7. mgr., hluta 5. undirgr. 9. mgr. og 1. undirgr. 12. mgr. 133. gr. CRD IV. Unnt er að ákveða almennt hlutfall kerfisáhættuauka af heildaráhættugrunni fjármálafyrirtækis eða ákveða hlutfallið fyrir einstaka flokka áhættuskuldbindinga, sem eru tilgreindir í 86. gr. i. Í hvoru tilviki sem er verður hlutfallið að samræmast fyrirmælum 1. mgr. 86. gr. h. Ef ákveðið er mismunandi hlutfall kerfisáhættuauka fyrir einstaka flokka áhættuskuldbindinga verður hlutfallið fyrir hvern flokk því að samræmast 1. mgr. 86. gr. h. Því þyrfti til dæmis samþykki ráðherra skv. 1. mgr. 86. gr. h fyrir því að mæla fyrir um herra hlutfall kerfisáhættuauka en 3% fyrir einstakan flokk áhættuskuldbindinga, þótt vegið meðaltal kerfisáhættuauka fyrir allar áhættuskuldbindingar fjármálafyrirtækja kunni að vera lægra en 3%. Áskilnaður málsgreinarinnar um samþykki ráðherra og fastanefndar EFTA-ríkjanna á aðeins við þegar hlutfall kerfisáhættuauka er hækkad. Hafi þannig til dæmis verið aflað samþykkis ráðherra fyrir 4% hlutfalli þyrfti ekki að afla samþykkis hans á ný ef lækka ætti hlutfallið í 3,5%, þótt hlutfallið væri þannig áfram herra en 3%. Ekki þarf að afla samþykkis fastanefndar EFTA-ríkjanna fyrir hlutfalli frá 3% til 5%, en leita þyrfti álits hennar til samræmis við 3. mgr. 86. gr. k. 2. mgr.

⁹ <https://www.eba.europa.eu/regulation-and-policy/own-funds/guidelines-on-criteria-to-to-assess-other-systemically-important-institutions-o-siis->.

86. gr. h er ætlað að innleiða hluta 1. mgr., hluta 7. mgr. og a- og c-lið 8. mgr. 133. gr. tilskipunarinnar. 3. mgr. 86. gr. h er ætlað að innleiða hluta 7. mgr. og 15. mgr. sömu tilskipunargreinar. 4. mgr. 86. gr. h er ætlað að innleiða b-lið 8. mgr. sömu tilskipunargreinar.

Um y-lið (86. gr. i). Nýrri 86. gr. i um flokka áhættuskuldbindinga er ætlað að innleiða hluta 3. mgr., 5. mgr. og hluta 7. mgr. 133. gr. CRD IV. Orðið „atvinnuhúsnæði“ í b-lið 2. tölul. greinarinnar merkir hið sama og „viðskiptahúsnæði“ í íslenskri þýðingu CRR. Afmörkun undirtegunda áhættuskuldbindinga skv. 6. tölul. greinarinnar skal taka mið af viðmiðunarreglum þar um sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin gefur út á grundvelli 6. mgr. 133. gr. tilskipunarinnar, sbr. viðmiðunarreglur EBA/GL/2020/13 frá 30. september 2020¹⁰.

Um z-lið (86. gr. j). 1. mgr. nýrrar 86. gr. j um viðurkenningu á kerfisáhættuauka í öðru aðildarríki er ætlað að innleiða 1. og 3. mgr. 134. gr. CRD IV. 2. mgr. 86. gr. j er ætlað að innleiða 4. mgr. sömu tilskipunargreinar. 3. mgr. 86. gr. j er ætlað að innleiða hluta 2. mgr. sömu tilskipunargreinar. 4. mgr. 86. gr. j er ætlað að innleiða 5. mgr. sömu tilskipunargreinar.

Um aa-lið (86. gr. k). 1. mgr. nýrrar 86. gr. k um tilkynningu til Evrópska kerfisáhætturáðsins og annarra yfirvalda um fyrirhugaða setningu eða endurskoðun kerfisáhættuauka er ætlað að innleiða 1. másl. 1. undirgr. og 4. undirgr. 9. mgr. og 10. mgr. 133. gr. CRD IV. Mat á líklegum áhrifum á innri markaðinn skv. 4. tölul. málsgreinarinnar byggist á upplýsingum sem eru Seðlabankanum aðgengilegar, sbr. d-lið 4. undirgr. 9. mgr. 133. gr. CRD IV. 2. mgr. 86. gr. k er ætlað að innleiða 1. másl. 3. undirgr. 9. mgr. sömu tilskipunargreinar. 3. mgr. 86. gr. k er ætlað að innleiða hluta 5. undirgr. 9. mgr. og 1. másl. 1. undirgr. og 2. undirgr. 11. mgr. sömu tilskipunargreinar. 4. mgr. 86. gr. k er ætlað að innleiða 2. undirgr. 9. mgr. og 3. og 5. undirgr. 11. mgr. sömu tilskipunargreinar.

Um bb-lið (86. gr. l). 1. mgr. nýrrar 86. gr. l um birtingu upplýsinga um kerfisáhættuauka er ætlað að innleiða 1. undirgr. 13. mgr. 133. gr. CRD IV. Með endurskoðun á kerfisáhættuauka í málsgreininni er átt við endurskoðun skv. 4. mgr. 86. gr. h um hlutfall kerfisáhættuauka. 2. mgr. 86. gr. l er ætlað að innleiða 2. undirgr. sömu tilskipunarmálsgreinar.

Um cc-lið (86. gr. m). 1. mgr. nýrrar 86. gr. m um takmarkanir á úthlutun er ætlað að innleiða 1. og 10. mgr. 141. gr. CRD IV. 2. mgr. 86. gr. m er ætlað að innleiða 2. undirgr. 2. mgr. sömu tilskipunargreinar. Til kaupauka í skilningi 2. tölul. málsgreinarinnar telst meðal annars valkvæður lífeyrir, sbr. b-lið 2. undirgr. 2. mgr. 141. gr. tilskipunarinnar. 3. mgr. 86. gr. m er ætlað að innleiða 5. mgr. 129. gr., 5. mgr. 130. gr., 14. mgr. 133. gr. og 3. mgr. 141. gr. tilskipunarinnar. 4. mgr. 86. gr. m er ætlað að innleiða 7. mgr. 141. gr. tilskipunarinnar. Til ógjaldfærimeðferðar í skilningi málsgreinarinnar telst meðal annars endurskipulagning fjárhags og slit fjármálafyrirtækis skv. XII. kafla laga um fjármálafyrirtæki.

Um dd-lið (86. gr. n). 1. mgr. nýrrar 86. gr. n um hámarksúthlutunarfjárhæð er ætlað að innleiða 1. undirgr. 2. mgr. 141. gr. CRD IV. 2. mgr. 86. gr. n er ætlað að innleiða 4. mgr. sömu tilskipunargreinar. 3. mgr. 86. gr. n er ætlað að innleiða 5. mgr. sömu tilskipunargreinar. Til skatta skv. c-lið málsgreinarinnar geta talist tekjuskattur, sérstakur fjársýsluskattur og eftir atvikum aðrir þeir skattar sem eru reiknaðir af hagnaði fjármálafyrirtækja. 4. mgr. 86. gr. n er ætlað að innleiða 6. mgr. sömu tilskipunargreinar.

Um ee-lið (86. gr. o). Nýrri 86. gr. o um tilkynningarskyldu og gagnaskil er ætlað að innleiða 8. mgr. 141. gr. CRD IV.

¹⁰ <https://www.eba.europa.eu/eba-publishes-final-guidelines-appropriate-subsets-sectoral-exposures-application-systemic-risk>.

Um ff-lið (86. gr. p). 1. mgr. nýrrar 86. gr. p um takmarkanir á úthlutun er ætlað að innleiða 1. og 10. mgr. 141. gr. b CRD IV. 2. mgr. 86. gr. p er ætlað að innleiða 2. undirgr. 2. mgr. sömu tilskipunargreinar. Til kaupauka í skilningi 2. tölul. 2. mgr. telst meðal annars valkvæður lífeyrir, sbr. b-lið 2. undirgr. 2. mgr. sömu tilskipunargreinar. 3. mgr. 86. gr. p er ætlað að innleiða 3. mgr. sömu tilskipunargreinar. 4. mgr. 86. gr. p er ætlað að innleiða 7. mgr. sömu tilskipunargreinar. Til ógjaldfærimeðferðar í skilningi málgreinarinnar telst meðal annars endurskipulagning fjárhags og slit fjármálafyrirtækis skv. XII. kafla laga um fjármálafyrirtæki.

Um gg-lið (86. gr. q). 1. mgr. nýrrar 86. gr. q um hámarksúthlutunarfjárhæð vegna vogunarauka er ætlað að innleiða 1. undirgr. 2. mgr. 141. gr. b CRD IV. 2. mgr. 86. gr. q er ætlað að innleiða 4. mgr. sömu tilskipunargreinar. 3. mgr. 86. gr. q er ætlað að innleiða 5. mgr. sömu tilskipunargreinar. 4. mgr. 86. gr. q er ætlað að innleiða 6. mgr. sömu tilskipunargreinar. Stuðull samkvæmt málgreininni ræðst af hlutfalli 1) eiginfjárbáttar 1 sem fjármálafyrirtæki viðheldur og er ekki nýttur til að mæta tilgreindum kröfum af 2) kröfu um vogunarauka.

Um hh-lið (86. gr. r). Nýrri 86. gr. r um tilkynningarskyldu og gagnaskil er ætlað að innleiða 8. mgr. 141. gr. b CRD IV.

Um ii-lið (86. gr. s). 86. gr. s um áætlun um verndun eigin fjár byggist á gildandi 86. gr. f laganna, en lagðar eru til nokkrar breytingar til samræmis við CRD IV, einkum með því að bæta við vísun til kröfu um vogunarauka. 1. og 3. mgr. 86. gr. s er ætlað að innleiða 1. mgr. 142. gr. CRD IV. Ákvörðun um veitingu viðbótarfrests skv. 2. másl. 3. mgr. 86. gr. s skal taka mið af stöðu viðkomandi fyrirtækis, þar á meðal því hversu umfangsmikil og flókin starfsemi hennar er, sbr. 2. undirgr. tilskipunarmálgreinarinnar. 2. mgr. 86. gr. s er ætlað að innleiða 2. mgr. 142. gr. tilskipunarinnar. 4. mgr. 86. gr. s er ætlað að innleiða 3. mgr. sömu tilskipunargreinar. 5. mgr. 86. gr. s er ætlað að innleiða 4. mgr. sömu tilskipunargreinar.

Um 103. gr.

Lagt er til að felld verði brott vísun til skilgreiningar á raunverulegum eiganda í 4. mgr. 19. gr. og þess í stað stuðst við nýja skilgreiningu í 51. tölul. 1. mgr. 1. gr. b. Um skýringar vísast til athugasemda við e-lið 3. gr. frumvarpsins.

Um 104. gr.

Nýrri 87. gr. a um birtingu upplýsinga um starfsemi í einstökum ríkjum er ætlað að innleiða 1. mgr. og hluta 4. mgr. 89. gr. CRD IV.

Um 105. gr.

Lagt er til að felld verði brott fyrirmæli um að endurskoðandi eða endurskoðunarfyrirtæki fjármálafyrirtækis megi ekki gegna öðrum störfum fyrir fyrirtækið. Nú hafa tekið gildi ný lög um endurskoðendur og endurskoðun, nr. 94/2019. Í V. kafla laganna eru ákvæði um óhæði endurskoðanda. Þar kemur fram að endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki skuli vera óháð viðskiptavinum sínum við vinnu endurskoðunarverkefna, bæði í reynd og ásýnd. Það er svo útfært nánar í kaflanum. Lögin lögfestu einnig reglugerð (ESB) nr. 537/2014 sem fjallar um endurskoðun fyrir einingar sem tengjast almannahagsmunum, þar á meðal lánastofnanir. Í 5. gr. reglugerðarinnar kemur fram sú meginregla, sem er útfærð nánar í greininni, að endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki megi ekki annast önnur störf en endurskoðun fyrir einingar tengdar almannahagsmunum sem þau annast endurskoðun á. Með tilliti til þessara reglna þykir ekki lengur þörf á sérákvæðum um óhæði endurskoðenda í lögum um fjármálafyrirtæki.

Um 106. gr.

Lagt er til að felld verði brott fyrirmæli í 91. gr. laganna sem er ætlað að tryggja óhæði endurskoðanda gagnvart fjármálafyrirtæki. Um skýringar vísast til athugasemda við 105. gr. frumvarpsins.

Um 107. gr.

Um a-lið. Lögð er til breyting á orðalagi til að endurspegla orðin „og getur“ í inngangsmálslið 1. mgr. 63. gr. CRD IV. Orðin endurspeglast þegar í „kunna að“ og „leitt geta til“ í b- og c-lið 2. mgr. 92. gr. laganna.

Um b-lið. Málsgreininni er ætlað að innleiða 3. undirgr. 1. mgr. 63. gr. CRD IV.

Um 108. gr.

Í 4. mgr. 98. gr. laga um fjármálafyrirtæki kemur nú fram, með gagnályktun, að A-hluti XII. kafla laganna um endurskipulagningu fjárhags gildi ekki um verðbréfafyrirtæki sem falla undir 3.–5. mgr. 25. gr. laganna. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að fjallað verði um gildissvið laganna, þar á meðal A-hluta XII. kafla, gagnvart slíkum fyrirtækjum í 2. og 3. másl. 1. mgr. 1. gr. a. Því er lagt til að 4. mgr. 98. gr. falli brott.

Um 109. gr.

Lagt er til að vísað verði til 52. gr. e í stað 86. gr. í 2. og 5. mgr. 101. gr. til samræmis við fyrirhugaða færslu ákvæða 86. gr. í 52. gr. e. Einnig er lagt til að vísað verði til CRR í stað 84. gr. í 2. mgr. 101. gr. til samræmis við fyrirhugaða lögfestingu CRR og brottfall gildandi ákvæða 84. gr.

Í lokamálslið 4. mgr. 101. gr. kemur meðal annars fram að þeir menn sem eigi sæti í slitastjórn skuli uppfylla hæfisskilyrði 2. mgr. 52. gr. Þar eru nú hæfisskilyrði varðandi lögræði, orðspor, gjaldþrotaskipti og refsíðoma. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að við 2. mgr. 52. gr. bætist hæfisskilyrði um fullnægjandi þekkingu, hæfni og reynslu til að sinna skyldum viðkomandi. Ekki er þó lagt til að vísun lokamálsliðar 4. mgr. 101. gr. til 2. mgr. 52. gr. verði breytt sökum þessa þar sem ekki þykir óeðlilegt að áskilja að slitastjórnarmenn hafi fullnægjandi þekkingu, hæfni og reynslu til að sinna skyldum sínum.

Um 110. gr.

Í 1. mgr. 104. gr. og 1. og 3. mgr. 105. gr. laganna kemur nú fram, með gagnályktun, að tilgreind ákvæði gildi ekki um verðbréfafyrirtæki sem falla undir 3.–5. mgr. 25. gr. laganna. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að fjallað verði um gildissvið laganna, þar á meðal 104. og 105. gr., gagnvart slíkum fyrirtækjum í 2. og 3. másl. 1. mgr. 1. gr. a. Því er lagt til að vísanirnar falli brott.

Um 111. gr.

Í 7. mgr. 106. gr. laganna kemur nú fram að við samruna tveggja eða fleiri fjármálafyrirtækja skuli eigið fé, sem verður til við samruna, ekki vera lægra en samanlagt eigið fé hlutaðeigandi fyrirtækja á þeim tíma sem samruni átti sér stað, enda hafi lágmarki skv. 14. gr. ekki verið náð. Þegar ákvæðið var sett var fjallað um stofnframlag bæði lánastofnana og verðbréfafyrirtækja í 14. gr. laganna. Nú er aftur á móti aðeins fjallað um stofnframlag lánastofnana í 14. gr., en fjallað er um stofnframlag verðbréfafyrirtækja í 14. gr. a. Því er lagt til að vísun til 14. gr. a verði bætt við 7. mgr. 106. gr.

Um 112. gr.

Um a-lið. Lagt er til að fyrirmæli 3. mgr. 1. gr., um að Fjármálaeftirlitið hafi eftirlit með framkvæmd laganna, komi fram í 107. gr. sem fjallar um eftirlit Fjármálaeftirlitsins.

Um b-lið. Í 1. másl. 1. mgr. 107. gr. kemur nú fram að Fjármálaeftirlitið hafi eftirlit með starfsemi fjármálafyrirtækja og fjármálastofnana sem fellur undir ákvæði laganna, svo og starfsemi innlendra fjármálafyrirtækja erlendis, nema annað leiði af lögum eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að. Lagt er til að tekið verði fram að eftirlitið nái einnig til starfsemi innlendra fjármálastofnana erlendis. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir ákvæðum um starfsemi innlendra fjármálastofnana erlendis í nýrri 37. gr. a.

Um c- og e-lið. Lagt er til að kveðið verði á um hlutdeildarfélag í stað hlutdeildarfyrirtækja þar sem notað er orðið „hlutdeildarfélag“ í skilgreiningu á hugtakinu í 19. tölul. 1. mgr. 1. gr. a laganna (sem í frumvarpinu er gert ráð fyrir að færist í 1. gr. b).

Um d-lið. Lagt er til að kveðið verði á um lögbær yfirvöld frekar en eftirlitsaðila í 2. mgr. greinarinnar til að gæta samræmis í þýðingu á „competent authority“ í lögunum. Þá er lagt til að vísað verði til nýs C-hluta í XIII. kafla í stað 108. gr. til samræmis við fyrirhugaðar breytingar á ákvæðum um samstarf Fjármálaeftirlitsins við erlend yfirvöld.

Um f-lið. Breytingum á 5. mgr. er ætlað að innleiða 2. másl. 2. mgr. 123. gr. CRD IV.

Um g-lið. Heimild 9. mgr. greinarinnar fyrir Fjármálaeftirlitið til að veita litlum og meðalstórum fjármálafyrirtækjum undanþágur frá tilgreindri upplýsingagjöf og gagnaskilum var ætlað að tryggja framkvæmd 433. gr. b CRR. Þar sem í frumvarpinu er ráðgert að lögfesta CRR, þar á meðal 433. gr. b, verður heimildin óþörf.

Um h-lið. Breytt fyrirsögn þykir lýsa efni greinarinnar betur og greina hana betur frá öðrum ákvæðum, einkum ákvæðum B-hluta XIII. kafla um eftirlit á samstæðugrundvelli.

Um 113. gr.

Um a-lið (107. gr. a). Lagt er til að gildandi ákvæði 86. gr. g, sem fjallar um ýmsar valdheimildir vegna eftirlits Fjármálaeftirlitsins, færist úr X. kafla laganna, sem mun með breytingum samkvæmt frumvarpinu aðeins fjalla um eiginfjárauka, í XIII. kafla um eftirlit.

Gildandi ákvæði 1. og 8. mgr. greinarinnar, sem fjalla um úrbótakröfur og kröfur um aukið laust fé, eru óbreytt samkvæmt frumvarpinu.

Lagt er til að í stað „geti“ í 2. mgr. komi „muni“ til að gæta samræmis við b-lið 1. mgr. 102. gr. CRD IV. Ákvæðið eigi þannig einnig við þótt fyrirséð brot stafí af ásetningi frekar en því að fyrirtæki geti ekki fylgt kröfum.

Lagt er til að gildandi 3. mgr. falli brott þar sem hún byggist á 103. gr. CRD IV sem var felld brott með CRD V. Í frumvarpinu er þó lagt til að ákvæði svipaðs efnis verði í 6. mgr. 80. gr. laganna til að innleiða 4. mgr. a 97. gr. CRD IV.

Lagðar eru til nokkrar breytingar á gildandi 4. mgr., sem er ráðgert að verði 3. mgr., sem er ætlað að tryggja samræmi við 1. mgr. 104. gr. CRD IV, auk þess sem millivísunum er breytt til samræmis við fyrirhugaðar breytingar á ákvæðum sem vísað er til. Við ákvörðun um beitingu eftirlitsheimilda, þar á meðal kröfu um aukin gagnaskil skv. 11. tölul. málgreinarinnar, ber Fjármálaeftirlitinu að taka mið af meðalhófsreglu stjórnsluréttar, sbr. 12. gr. stjórnslulaga, nr. 37/1993. Af því leiðir meðal annars að Fjármálaeftirlitið ætti almennt ekki að kalla eftir auknum gagnaskilum ef það getur nálgast þær upplýsingar sem það þarf í gögnum sem það býr þegar yfir, sbr. 2. mgr. 104. gr. CRD IV.

Lagðar eru til breytingar á gildandi 5. mgr., sem er ráðgert að verði 4. mgr., sem er ætlað að tryggja samræmi við 104. gr. a CRD IV.

Lagt er til að gildandi 6. mgr. falli brott þar sem hún byggist á 3. mgr. 104. gr. CRD IV sem var felld brott með CRD V.

Lagt er til að gildandi d-liður 8. mgr. falli brott þar sem hann byggist á d-lið 1. undirgr. 105. gr. CRD IV sem var felldur brott með CRD V.

Nýrri málsgrein um tilkynningu til skilavalds, sem er í 5. mgr. frumvarpsgreinarinnar, er ætlað að innleiða 104. gr. c CRD IV.

Nýrri málsgrein um hærri eiginfjárgrunn vegna óhóflegrar vogunar, sem er í 7. mgr. frumvarpsgreinarinnar, er ætlað að innleiða 2. undirgr. 4. mgr. 104. gr. a CRD IV.

Nýrri málsgrein um herra hlutfall eiginfjárpáttar 1 eða almenns eigin fjár þáttar 1, sem er í 8. mgr. frumvarpsgreinarinnar, er ætlað að innleiða 3. undirgr. 4. mgr. 104. gr. a CRD IV.

Lagt er til að í gildandi 8. mgr., sem ráðgert er að verði í 9. mgr., verði vísað til 10. tölul. 3. mgr. til að skýra að ákvæðið útfærir töluliðinn, sem fjallar um sérstakar kröfur Fjármálaeftirlitsins um að viðhalda lausu fé.

Nýrri málsgrein um tilkynningu til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar, sem er í loka-málsgrein frumvarpsgreinarinnar, er ætlað að innleiða 4. undirgr. 3. mgr. 86. gr. CRD IV.

Um b-lið (107. gr. b). Nýrri 107. gr. b um eiginfjáralag er ætlað að innleiða c-lið 4. undirgr. og c-lið 5. undirgr. 4. mgr. 104. gr. a og 3.–5. mgr. 104. gr. b CRD IV.

Um c- (107. gr. c) til h-lið (107. gr. h). Lagt er til að gildandi ákvæði 86. gr. h – 86. gr. m, sem fjalla um heimildir Fjármálaeftirlitsins til að grípa inn í starfsemi fjármála fyrirtækja, færast úr X. kafla laganna, sem mun með breytingum samkvæmt frumvarpinu aðeins fjalla um eiginfjárauka, í XIII. kafla um eftirlit. Ákvæðin sjálf eru að mestu óbreytt utan breytinga á millivísunum til að taka mið af breytingum á öðrum ákvæðum samkvæmt frumvarpinu. Orðin „sem Fjármálaeftirlitið ákveður“ í 3. mgr. 86. gr. h, sem gert er ráð fyrir að verði í 107. gr. c, eru talin óþörf og því lagt til að þau falli brott. Lagt er til að fyrirmæli um rökstuðning sem nú eru í 2. másl. 4. mgr. gildandi 86. gr. l falli brott því að í frumvarpinu er gert ráð fyrir almennu ákvæði í 108. gr. laganna um að Fjármálaeftirlitið skuli rökstyðja ákvarðanir um beitingu eftirlitsheimilda sem nær utan um ákvarðanir samkvæmt gildandi 86. gr. l.

Um i-lið (107. gr. i). 1. mgr. nýrrar 107. gr. i um birtingu upplýsinga um varfærniskröfur er ætlað að innleiða 2. undirgr. 4. mgr. 97. gr. og 1. og 2. mgr. 143. CRD IV. 2. mgr. 107. gr. i er ætlað að innleiða 1. mgr. 144. gr. tilskipunarinnar. Við birtingu upplýsinga, einkum um stjórnsluviðurlög og önnur eftirlitsúrræði vegna brota skv. 4. tölul. 1. mgr. og 2. tölul. 2. mgr. 107. gr. i, verður að taka mið af reglum um þagnarskyldu og upplýsingaskipti sem við eiga, sbr. d-lið 1. mgr. 143. gr. og b-lið 1. mgr. 144. gr. tilskipunarinnar. 3. mgr. 107. gr. i er ætlað að innleiða 2. og 3. mgr. sömu 144. gr. tilskipunarinnar.

Um j-lið (107. gr. j). Nýrri 107. gr. j um þagnarskyldu er ætlað að innleiða 54. gr. og 2. mgr. 125. gr. CRD IV.

Um 114. gr.

Um brottfall gildandi 108. gr. Lagt er til að ákvæði 1.–3. mgr. gildandi 108. gr. færast í nýja 109. gr. z um athuganir. Lagt er til að 4. mgr. um upplýsingagjöf Fjármálaeftirlitsins um greiðslustöðvun, nauðasamninga og gjaldþrot færast í 3. mgr. nýrrar 109. gr. x um upplýsingaskipti lögbærra yfirvalda. Lagt er til að 5. og 6. mgr. um mikilvæg útibú falli brott með tilliti til fyrirhugaðra ákvæða um mikilvæg útibú í 31. gr. a og 36. gr. a. Lagt er til að gildandi 7. mgr. 108. gr., um samstarf við eftirlit með samstæðu, falli brott með tilliti til fyrirhugaðra ákvæða um eftirlit á samstæðugrundvelli og samstarf við erlend yfirvöld í B- og C-hluta XIII.

kafla. Lagt er til að 8. mgr. um samstarf við Eftirlitsstofnun EFTA og Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina falli brott með tilliti til fyrirhugaðrar 109. gr. u þar sem fjallað er um samstarf við stofnanirnar.

Um nýja 108. gr. Nýrri 108. gr. um rökstuðning er einkum ætlað að innleiða 3. mgr. 64. gr. CRD IV, en einnig 1. undirgr. 4. mgr. 35. gr., 42. gr. og 5. mgr. 104. gr. a tilskipunarinnar. Hún felur í sér undantekningu frá meginreglu stjórnáslulaga, nr. 37/1993, um að ákvarðanir á fyrsta stjórnáslustigi þurfi aðeins að rökstyðja óski aðili máls eftir því, en að öðru leyti gilda ákvæði V. kafla stjórnáslulaga um rökstuðninginn. Í rökstuðningi fyrir kröfu um hærra eiginfjárgrunn skv. 1. tölul. 3. mgr. 107. gr. a skal greint frá mati skv. 4. mgr. sömu greinar sem liggur kröfunni til grundvallar. Ef krafan byggist á því að fyrirtækið hafi ekki komið á eða ítrekað ekki viðhaldið eiginfjárgrunni sem mæti tilkynningu Fjármálaeftirlitsins um eiginfjárálág skv. 107. gr. b, sbr. 5. tölul. 4. mgr. 107. gr. a, skal fjallað um það af hverju tilkynning um eiginfjárálág er ekki lengur talin fullnægjandi, sbr. 5. mgr. 104. gr. a CRD IV.

Nýja greinin nær utan um fyrirmæli um rökstuðning í gildandi 1. mgr. 10. gr., 2. mgr. 10. gr. a, 2. mgr. 17. gr. b, 1. mgr. 39. gr. og 4. mgr. 86. gr. l laganna og er því lagt til að þau falli brott.

Um 115. gr.

Um a-lið. Lagt er til að vísunum til VII. kafla um stjórn, stjórnarhætti og starfsmenn og IX. kafla um meðhöndlun áhættuþátta í starfsemi fjármálafyrirtækis verði bætt við 1. másl. 1. mgr. 109. gr. til samræmis við 2. mgr. 109. gr. CRD IV. Aftur á móti er lagt til að vísanir til C-hluta IV. kafla, sem nú er um eignarhluti í fyrirtækjum og stórar áhættur en ráðgert er að verði um eignarhluti í fyrirtækjum og lánveitingar, X. kafla, sem er nú um laust fé og eigið fé en er ráðgert að verði um eiginfjáruka, og CRR falli brott. C-hluti IV. kafla, X. kafla og CRR hafa sjálf að geyma ákvæði um að hvaða marki þau gildi á samstæðugrunni, sem gerir vísun 1. mgr. 109. gr. til þeirra óþörf, en að auki fara þau ákvæði ekki alveg saman við fyrirmæli 1. mgr. 109. gr. Lagt er til að vísað verði til blandaðs eignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi, fremur en blandaðs eignarhaldsfélags, í 1. másl. 1. mgr. 109. gr. til samræmis við 1. mgr. 119. gr. CRD IV.

Lagt er til að „innan samstæðunnar“ verði bætt við 2. másl. 1. mgr. 109. gr. til samræmis við 2. mgr. 109. gr. CRD IV.

Lagt er til að vísun til ákvæða um starfskjör í 3. másl. 1. mgr. 109. gr. verði breytt til samræmis við fyrirhugaðar breytingar á þeim ákvæðum. Lagt er til að vísun málsliðarins til 84. gr., 84. gr. a – 84. gr. f og 85. gr. um eigið fé falli brott því að í frumvarpinu er gert ráð fyrir að þær greinar falli brott og að í stað þeirra verði stuðst beint við viðkomandi ákvæði CRR. CRR hefur sjálf að geyma ákvæði um að hvaða marki hún gildi á samstæðugrunni.

Í 4. másl. 1. mgr. 109. gr. segir nú að ákvæði 30. gr. og 84.–86. gr. skuli gilda um fjármálasamsteypur. Fyrirmælin er að rekja til 15. gr. laga um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki og lögum um váttryggingastarfsemi, nr. 130/2004. Þau byggðust á 6. og 7. gr. tilskipunar 2002/87/EB, um viðbótareftirlit með lánastofnunum, váttryggingafélögum og verðbréfafyrirtækjum sem eru hluti af fjármálasamsteypu. Þær tilskipunargreinar hafa nú verið innleiddar með ákvæðum IV. kafla laga um viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum, nr. 61/2017. Því er lagt til að 4. másl. 1. mgr. 109. gr. falli brott.

Lagt er til að fyrirmæli 5. másl. 1. mgr. 109. gr., sem varðar lagaskil gagnvart lögum um viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum, færist í nýja 109. gr. a um lagaskil.

Lagt er til að 6. másl. 1. mgr. 109. gr. falli brott því að ákvæði sama efnis er í 8. mgr. 17. gr. laganna (sem gert er ráð fyrir að færist í 4. mgr. 77. gr. a).

Um b-lið. Í 2. mgr. 109. gr. er ákvæði um meðhöndlun hlutdeildar í hlutdeildarfélagi. Ákvæðið er að rekja til 2. mgr. 104. gr. laga nr. 161/2002. Því var ætlað að innleiða 2. mgr. 54. gr. tilskipunar 2000/12/EB um stofnun og rekstur lánastofnana. Samsvarandi ákvæði er nú að finna í 4. mgr. 18. gr. CRR. Með frumvarpinu er gert ráð fyrir að lögfesta CRR. Því verður unnt að styðjast beint við 4. mgr. 18. gr. CRR og 2. mgr. 109. gr. laganna verður því óþörf. Því er lagt til að hún falli brott.

Í 3. mgr. 109. gr. kemur nú fram að Fjármálaeftirlitið hafi eftirlit með að fjármálasamsteypur fari að lögunum og að Seðlabanki Íslands setji reglur um skilgreiningu á fjármálasamsteypum og eftirlit með þeim. Nú hafa verið sett lög um viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum, sem hafa að geyma ákvæði um ákvörðun eftirlitsstjórnvalds fjármálasamsteypu og sem ráðherra getur útfært nánar með reglugerð. 3. mgr. 109. gr. laga um fjármálafyrirtæki er því talin óþörf nú. Því er lagt til að hún falli brott.

Um c-lið. Lagt er til að vísun til 2. mgr. 109. gr. falli brott vegna fyrirhugaðs brottfalls málsgreinarinnar.

Um d-lið. Lagt er til að gildandi 8. mgr. 109. gr., um heimild Fjármálaeftirlitsins til að víkja stjórnarmanni eða framkvæmdastjóra frá störfum fyrir brot, færist í nýja 110. gr. c í XIV. kafla um viðurlög fyrir brot.

Gildandi 9. mgr. 109. gr. heimilar Seðlabankanum að setja reglur um eftirlit með fjármálafyrirtækjum á samstæðugrunni. Heimildin hefur ekki verið nýtt og er talin óþörf. Því er lagt til að hún falli brott.

Nýrri 8. mgr. er ætlað að innleiða síðari hluta 1. mgr. 109. gr. CRD IV.

Nýrri 9. mgr. er ætlað að innleiða 3. mgr. 109. gr. CRD IV.

Nýrri 10. mgr. er ætlað að innleiða 4. og 5. mgr. 109. gr. CRD IV.

Um e-lið. Lagt er til að heimild í 9. mgr. 109. gr. fyrir Seðlabankann til að setja reglur um eftirlit með fjármálafyrirtækjum á samstæðugrunni falli brott. Því til samræmis er lagt til að vísun til nánari reglna um eftirlit á samstæðugrunni í fyrirsögn 109. gr. falli brott.

Um 116. gr.

Um a-lið (109. gr. a). 109. gr. a um lagaskil gagnvart öðrum lögum er ætlað að innleiða 120. gr. CRD IV. Ákvæði 1. mgr. greinarinnar er samhljóða gildandi 5. másl. 1. mgr. 109. gr. laganna, utan breytingar á millivísun til að taka mið af öðrum breytingum samkvæmt frumvarpinu, en lagt er til að ákvæðið færist í 109. gr. a ásamt öðrum ákvæðum sem er ætlað að innleiða 120. gr. tilskipunarinnar. Við mat á því hvort kröfur séu sambærilegar í skilningi 1. og 2. mgr. nýju greinarinnar ætti Fjármálaeftirlitið sérstaklega að horfa til þess hvort áhættumiðað eftirlit sé sambærilegt, sbr. 1. og 2. mgr. 120. gr. tilskipunarinnar. Framkvæmd nýju greinarinnar á að taka mið af viðmiðunarreglum sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin gefur út ásamt Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnuninni og Evrópsku verðbréfa-markaðseftirlitsstofnuninni á grundvelli 4. mgr. 120. gr. tilskipunarinnar, sbr. viðmiðunarreglur JC/GL/2014/01 frá 22. desember 2014¹¹.

Um b-lið (109. gr. b). Nýrri 109. gr. b um ákvörðun a eftirlitsaðila á samstæðugrunni er ætlað að innleiða 111. gr. CRD IV.

¹¹ <https://www.eba.europa.eu/regulation-and-policy/financial-conglomerates/guidelines-on-the-convergence-of-supervisory-practices-relating-to-the-consistency-of-supervisory-coordination-arrangements-for-financial-conglomerate>.

Um c-lið (109. gr. c). Nýrri 109. gr. c um samhæfingu eftirlits með samstæðu er ætlað að innleiða 112. gr. CRD IV. Undirbúningur, skipulagning og samhæfing skv. 3. tölul. 1. mgr. 109. gr. c tekur til sérstakra ráðstafana skv. b-lið 1. mgr. 109. gr. w og 5. tölul. 2. másl. 1. mgr. 109. gr. x, undirbúnings sameiginlegs mats, framkvæmdar viðbragðsáætlana og upplýsingagjafar til almennings, sbr. 3. mgr. 112. gr. CRD IV.

Um d-lið (109. gr. d). Nýrri 109. gr. d um sameiginlegar ákvarðanir er ætlað að innleiða 113. gr. CRD IV. Fjögurra mánaða tímabilið sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 109. gr. d telst tímamörk sáttameðferðar samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 1093/2010, sbr. lög um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði, sbr. 3. másl. 1. undirgr. og 3. másl. 2. undirgr. 3. mgr. 113. gr. CRD IV. Fjármálaeftirlitið getur að eigin frumkvæði haft samráð við Evrópsku banka- eftirlitsstofnunina áður en það tekur ákvörðun samkvæmt greininni þótt því sé það ekki skylt skv. 1. másl. 2. mgr. greinarinnar, sbr. 3. másl. 3. undirgr. 2. mgr. 113. gr. CRD IV.

Um e-lið (109. gr. e). Nýrri 109. gr. e um upplýsingagjöf um samstæðu er ætlað að innleiða 3. mgr. 20. gr. CRD IV.

Um f-lið (109. gr. f). 1. másl. nýrrar 109. gr. f um upplýsingagjöf við neyðaraðstæður er ætlað að innleiða 4. mgr. 58. gr., 3. undirgr. 1. mgr. 59. gr. og 1. mgr. 114. gr. CRD IV. 2. másl. 109. gr. f er ætlað að innleiða 2. undirgr. 2. mgr. 51. gr. tilskipunarinnar.

Um g-lið (109. gr. g). 1. mgr. nýrrar 109. gr. g um upplýsingaöflun frá öðrum yfirvöldum er ætlað að innleiða 3. mgr. 117. gr. CRD IV. 2. mgr. 109. gr. g er ætlað að innleiða 2. mgr. 114. gr. tilskipunarinnar.

Um h-lið (109. gr. h). 1. mgr. nýrrar 109. gr. h um upplýsingaöflun frá móðurfélagi er ætlað að innleiða 2. undirgr. 2. mgr. 124. gr. CRD IV. 2. mgr. 109. gr. h er ætlað að innleiða 2. mgr. 119. gr. tilskipunarinnar.

Um i-lið (109. gr. i). Nýrri 109. gr. i um upplýsingaöflun frá dótturfélagi er ætlað að innleiða 1. másl. 3. mgr. 119. gr. CRD IV.

Um j-lið (109. gr. j). 1. másl. 1. mgr. nýrrar 109. gr. j um samstarfshóp eftirlitsaðila er ætlað að innleiða 1. undirgr. 1. mgr. 116. gr. CRD IV. 2. másl. málsgreinarinnar er ætlað að innleiða 1. mgr. a og 6. mgr. sömu tilskipunargreinar. Þátttaka eftirlitsaðila í ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins í samstarfshópi samkvæmt máslíðnum á meðal annars við um eftirlitsaðila dótturfélaga móðurstofnana á Evrópska efnahagssvæðinu, móðureignarhaldsfélaga á fjármálasviði á Evrópska efnahagssvæðinu eða blandaðra móðureignarhaldsfélaga í fjármálastarfsemi á Evrópska efnahagssvæðinu sem eru með höfuðstöðvar í ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins, sbr. 1. mgr. a 116. gr. tilskipunarinnar. 3. másl. 1. mgr. 109. gr. j er ætlað að innleiða 1. og 3. mgr. 115. gr. og 3. mgr. 116. gr. tilskipunarinnar. 2. mgr. 109. gr. j er ætlað að innleiða 3. undirgr. 1. mgr. 116. gr. tilskipunarinnar. 3. mgr. 109. gr. j er ætlað að innleiða 7. mgr. sömu tilskipunargreinar. Við ákvörðun skv. 1. másl. 3. mgr. 109. gr. j á þeim yfirvöldum sem boðuð eru á fund samstarfshóps skal Fjármálaeftirlitið taka mið af þýðingu þeirrar eftirlitsstarfsemi sem til umfjöllunar verður fyrir viðkomandi yfirvöld, einkum með tilliti til mögulegra áhrifa á fjármálastöðugleika í viðkomandi ríki, sbr. 8. mgr. 116. gr. tilskipunarinnar. 4. mgr. 109. gr. j er ætlað að innleiða 1. undirgr. 9. mgr. 116. gr. tilskipunarinnar. 5. mgr. 109. gr. j er ætlað að innleiða 2. undirgr. sömu tilskipunarmálsgreinar.

Um k-lið (109. gr. k). 1. og 2. mgr. nýrrar 109. gr. k um þriðjaríkissamstæður er ætlað að innleiða 127. gr. CRD IV. Evrópska bankanefndin skv. 3. másl. 1. mgr. er ráðgefandi hópur sem skipaður er fulltrúum ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu og starfar á grundvelli ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2004/10/EB frá 5. nóvember 2003 um að koma á fót evrópskri bankanefnd, sem var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-

nefndarinnar nr. 81/2008 frá 4. júlí 2008. 3. mgr. 109. gr. k er ætlað að innleiða 2. mgr. a 47. gr. tilskipunarinnar.

Um l-lið (109. gr. l). Nýrri 109. gr. l um könnun og mat og beitingu eftirlitsheimilda á samstæðugrunni er ætlað að innleiða 1. mgr. 110. gr. CRD IV.

Um m-lið (109. gr. m). Nýrri 109. gr. m um upplýsingaskipti innan samstæðu er ætlað að innleiða 1. mgr. 124. gr. CRD IV.

Um n-lið (109. gr. n). Nýrri 109. gr. n um lista yfir eignarhaldsfélög sem Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með er ætlað að innleiða 3. mgr. 125. gr. CRD IV.

Um 117. gr.

Um a-lið. Lagt er til að kveðið verði á um móðurstofnun í aðildarríki og móðurstofnun á Evrópska efnahagssvæðinu í stað móðurfélags til samræmis við þýðingar hugtakanna í CRD-pakkanum, sbr. 28. og 29. tölul. 1. mgr. 4. gr. CRR.

Um b-lið. Lagt er til að vísunum til 109. gr. b – 109. gr. f verði breytt til samræmis við fyrirhugaðar breytingar á staðsetningu þeirra ákvæða.

Um 118. gr.

Um a-lið. Lagt er til að vísun til 109. gr. d verði breytt til samræmis við fyrirhugaða breytingu á staðsetningu þess ákvæðis.

Um b-lið. Í 5. mgr. greinarinnar er nú vísað til „reglugerðarinnar“ án þess að fram komi við hvaða reglugerð sé átt. Lagt er til að fram komi að átt er við reglugerð (ESB) nr. 1093/2010.

Um 119. gr.

Lagt er til að vísun til 109. gr. b verði breytt til samræmis við fyrirhugaða breytingu á staðsetningu þess ákvæðis.

Um 120. gr.

Lagt er til að vísunum til 109. gr. a verði breytt til samræmis við fyrirhugaða breytingu á staðsetningu þess ákvæðis.

Um 121. gr.

Lagt er til að vísunum til 109. gr. a og 109. gr. d verði breytt til samræmis við fyrirhugaða breytingu á staðsetningu þeirra ákvæða.

Um 122. gr.

Um a-lið. Lagt er til að vísun til 109. gr. a verði breytt til samræmis við fyrirhugaða breytingu á staðsetningu þess ákvæðis.

Um b-lið. Með frumvarpinu er gert ráð fyrir því að CRR verði lögfest í stað þess að innleiða hana með reglugerð skv. 117. gr. a. Lagt er til að vísun til CRR verði breytt til samræmis við það.

Um 123. gr.

Um a-lið (109. gr. u). Nýrri 109. gr. u um samstarf innan evrópska eftirlitskerfisins á fjármálamarkaði er ætlað að innleiða 6. gr., 3. undirgr. 5. mgr. 101. gr., 1. másl. 2. mgr. 116. gr., 2. undirgr. 1. mgr. 117. gr. og b-lið 2. mgr. og b-lið 3. mgr. 136. gr. CRD IV. Fyrirmæli 1. tölul. 109. gr. u um að Fjármálaeftirlitið skuli vinna náið með lögbærum yfirlögum annarra aðildarríkja á meðal annars við um önnur lögbær yfirlög í samstarfshópi eftirlitsaðila sem

Fjármálaeftirlitið á sæti í, sbr. 1. másl. 2. mgr. 116. gr. CRD IV. Skv. 3. tölul. 109. gr. u ber Fjármálaeftirlitinu meðal annars að kappkosta að fara eftir viðmiðunarreglum frá Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni. Fjármálaeftirlitstækjum ber einnig að leitast eftir fremsta megni við að fara eftir viðmiðunarreglum Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar skv. 3. mgr. 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, sbr. lög um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði. Stofnuninni er falið eða heimilað að setja viðmiðunarreglur um tilgreind efni í 5. mgr. 8. gr., 3. mgr. 74. gr., 2. og 3. mgr. 75. gr., 6. mgr. 78. gr., 6. mgr. 84. gr., 12. mgr. 91. gr., 1. og 7. mgr. 94. gr., 4. mgr. a 97. gr., 8. mgr. 98. gr., 2. mgr. 100. gr., 5. mgr. 101. gr., 3. mgr. 107. gr., 6. mgr. 117. gr., 4. mgr. 120. gr., 3. mgr. 131. gr. og 6. mgr. 133. gr. tilskipunarinnar.

Um b-lið (109. gr. v). 1. mgr. nýrrar 109. gr. v um samstarf við önnur lögbær yfirvöld er ætlað að innleiða 1. mgr. 50. gr. CRD IV. 2. mgr. 109. gr. v er ætlað að innleiða 2. og 3. mgr. sömu tilskipunargreinar. Upplýsingagjöf Fjármálaeftirlitsins skv. 2. másl. málsgreinarinnar skal taka mið af 6. hluta CRR og ákvæðum sem innleiða 3. kafla VII. bóks CRD IV, sbr. 2. mgr. 50. gr. tilskipunarinnar. 3. mgr. 109. gr. v er ætlað að innleiða hluta 1. undirgr. 4. mgr. sömu tilskipunargreinar. 4. mgr. 109. gr. v er ætlað að innleiða 1. másl. 2. undirgr. sömu tilskipunarmálsgreinar. 5. mgr. 109. gr. v er ætlað að innleiða 1. másl. 5. mgr. 50. gr. tilskipunarinnar.

Um c-lið (109. gr. w). Nýrri 109. gr. w um samráð við önnur lögbær yfirvöld er ætlað að innleiða 4. mgr. 117. gr. CRD IV.

Um d-lið (109. gr. x). 1. mgr. nýrrar 109. gr. x um upplýsingagjöf til annarra lögbærra yfirvalda er ætlað að innleiða 1. másl. 4. mgr. 50. gr., 2. og 3. másl. 1. undirgr. og 4. og 6. undirgr. 1. mgr. 117. gr. og 1. undirgr. 2. mgr. og 3. mgr. 124. gr. CRD IV. 2. mgr. er ætlað að innleiða 5. undirgr. 1. mgr. 117. gr. tilskipunarinnar. 3. mgr. er samhljóða gildandi 4. mgr. 108. gr. laganna. 4. mgr. er ætlað að innleiða 1. undirgr. 2. mgr. 117. gr. tilskipunarinnar.

Um e-lið (109. gr. y). Nýrri 109. gr. y um staðreynslu upplýsinga er einkum ætlað að innleiða 118. gr. CRD IV en einnig 2. mgr. 52. gr., 3. másl. 2. mgr. 119. gr. og 3. másl. 2. mgr. 122. gr. tilskipunarinnar. Fjármálaeftirlitið getur eftir atvikum staðreynt upplýsingar með vettvangsskoðun, sbr. síðastnefnt ákvæði CRD IV.

Um f-lið (109. gr. z). 1. mgr. 109. gr. z um athuganir er ætlað að innleiða 1.–3. másl. 3. mgr. 52. gr. og 4. mgr. 99. gr. CRD IV. 2.–4. mgr. 109. gr. z byggjast á 1.–3. mgr. gildandi 108. gr. í lögnum. 2. mgr. 109. gr. z innleiðir 1. mgr. 52. gr. tilskipunarinnar, en 3. og 4. mgr. svara ekki beint til ákvæða í tilskipuninni. Lagt er til að kveðið verði á um lögbær yfirvöld frekar en eftirlitsaðila til að gæta samræmis í þýðingu á „competent authority“ í lögnum.

Um g-lið (109. gr. aa). 1. mgr. nýrrar 109. gr. aa um upplýsingagjöf til eftirlitsaðila og annarra aðila er ætlað að innleiða 2. mgr. 53. gr., 56. gr., 1. mgr., a- og b-lið 2. mgr., 1. undirgr. og a- og b-lið 2. undirgr. 3. mgr. 57. gr., 1. undirgr. 1. mgr. og 3. mgr. 58. gr., 1. mgr. 61. gr. og 2. másl. 2. mgr. 116. gr. CRD IV. Meðal stofnana Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA), sbr. 1. tölul. frumvarpsmálsgreinarinnar, eru Eftirlitsstofnun EFTA og fastanefnd EFTA-ríkjanna. Hinar evrópsku eftirlitsstofnanir á fjármálamarkaði, sbr. sama tölulið, eru Evrópska bankaeftirlitsstofnunin, Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin, Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin og Evrópska kerfisáhætturáðið, sbr. lög um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði, nr. 24/2017. 2. tölul. frumvarpsmálsgreinarinnar á meðal annars við um upplýsingaskipti í samstarfshópum eftirlitsaðila, sbr. 109. gr. j laganna, sbr. og 2. másl. 2. mgr. 116. gr. tilskipunarinnar. Stjórnvöld sem fara með endurskipulagningarráðstafanir skv. 4. tölul. málsgreinarinnar væru almennt skilastjórnvöld, sbr. lög um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja, nr. 70/2020. Greiðslujöfnunarstöð skv. 13. tölul. málsgreinarinnar er aðili sem vinnur úr fyrirmælum frá aðilum að stöðinni og annast greiðslujöfnun

þeirra á milli, sbr. 8. tölul. 2. gr. laga um öryggi fyrirmæla í greiðslukerfum og verðbréfa-uppgjörskerfum, nr. 90/1999. 2. mgr. 109. gr. aa er ætlað að innleiða 1.–3. mgr. 58. gr. a tilskipunarinnar. 3. mgr. 109. gr. aa er ætlað að innleiða 5. mgr. 57. gr. tilskipunarinnar. 4. mgr. 109. gr. aa er ætlað að innleiða 1. undirgr. 55. gr. tilskipunarinnar. 5. mgr. 109. gr. aa er ætlað að innleiða 2. undirgr. 55. gr., c-lið 2. mgr. og c-lið 2. undirgr. 3. mgr. 57. gr., 60. gr. og 2. mgr. 61. gr. tilskipunarinnar.

Um h-lið (109. gr. bb). Nýrri 109. gr. bb um samstarf við eftirlitsaðila á váttrygginga-markaði er ætlað að innleiða 2. másl. 2. mgr. 122. gr. og 1. undirgr. 1. mgr. 125. gr. CRD IV.

Um i-lið (109. gr. cc). Nýrri 109. gr. cc um samstarf við eftirlitsstjórnvald fjármálasamsteypu er ætlað að innleiða 2. undirgr. 1. mgr. 125. gr. CRD IV.

Um j-lið (109. gr. dd). Nýrri 109. gr. dd um samstarf við varnir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka er ætlað að innleiða 1. undirgr. 5. mgr. 117. gr. CRD IV. Samstarf og upplýsingaskipti samkvæmt nýju greininni skulu taka mið af viðmiðunarreglum sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin gefur út á grundvelli 6. mgr. 117. gr. tilskipunarinnar, sbr. viðmiðunarreglur JC/2019/81 frá 16. desember 2019¹².

Um k-lið (109. gr. ee). 109. gr. ee um heimild til að nota innri aðferðir er samhljóða gildandi 1. másl. 5. mgr. 84. gr. e. Lagt er til að ákvæðið færast í upphaf nýs D-hluta í XIII. kafla um eftirlit með notkun innri aðferða samhengisins vegna.

Um l-lið (109. gr. ff). 1. mgr. nýrrar 109. gr. ff um eftirlit með notkun innri aðferða er ætlað að innleiða 1. undirgr. 3. mgr. og 4. og 5. mgr. 78. gr. CRD IV. 2. mgr. 109. gr. ff er ætlað að innleiða 1. og 2. másl. 1. mgr. og 2. mgr. 101. gr. tilskipunarinnar. 3. mgr. 109. gr. ff er ætlað að innleiða 3. másl. 1. mgr. og 4. mgr. sömu tilskipunargreinar. Fjallað er um margföldunarstuðla í skilningi frumvarpsmálgreinarinnar í 366. gr. CRR. 4. mgr. 109. gr. ff er ætlað að innleiða 3. mgr. 101. gr. CRD IV. Frávik í skilningi frumvarpsmálgreinarinnar er eins dags breyting á verðgildi eignasafns sem fer fram úr viðkomandi eins dags vágildistölu samkvæmt líkani fjármála fyrirtækis, sbr. 2. másl. 3. mgr. 366. gr. CRR. Innri aðferðir og eftirlit með þeim þarf að taka mið af viðmiðunarreglum um innri aðferðir sem Evrópska banka- eftirlitsstofnunin gefur út á grundvelli 6. mgr. 78. gr. og 5. mgr. 101. gr. CRD IV.

Um m-lið (109. gr. gg). 1. mgr. nýrrar 109. gr. gg um hvatningu til að þróa innri aðferðir er ætlað að innleiða 1. másl. 1. mgr. 77. gr. CRD IV. 2. mgr. 109. gr. gg er ætlað að innleiða 1. undirgr. 3. mgr. sömu tilskipunargreinar.

Um n-lið (109. gr. hh). 1. mgr. nýrrar 109. gr. hh um upplýsingar um notkun innri aðferða er ætlað að innleiða 1. mgr. 78. gr. CRD IV. 2. mgr. er ætlað að innleiða 2. másl. 2. mgr. sömu tilskipunargreinar.

Um 124. gr.

Um a-lið. Í frumvarpinu er lagt til að ákvæði 17. gr. sem fjalla um áhættustýringu færast í 77. gr. b. Lagt er til að vísun til ákvæðanna í 1. mgr. 110. gr. verði breytt því til samræmis.

Um b- og c-lið. Í 8. tölul. 1. mgr. 110. gr. er vísað til 19. gr. um skyldu til að hafa að aðgengilegar upplýsingar um úrskurðar- og réttarúrræði. Skyldan kemur ekki fram í 19. gr. heldur 19. gr. a. Lagt er til að tilvísunin verði lagfærð.

Um d-lið. Í 14.–17. tölul. 1. mgr. 110. gr. er vísað til 29. gr. b, 29. gr. c, 30. gr. og 30. gr. a. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að þær greinar falli brott en í stað þeirra verði stuðst beint

¹² <https://www.eba.europa.eu/regulation-and-policy/anti-money-laundering-and-e-money/jc-guidelines-on-cooperation-and-information-exchange-for-aml/cft-supervision-purposes>.

við þau ákvæði CRR sem þau byggjast á. Því er lagt til að 14.–17. tölul. 1. mgr. 110. gr. laganna falli brott en á móti gert ráð fyrir því að vísað verði til viðkomandi ákvæða CRR, sbr. fyrirhugaða 72., 73., 76. og 77. tölul. í málsgreininni.

Um e-lið. Í 18. tölul. 1. mgr. 110. gr. er vísað til ákvæða A-hluta VI. kafla um starfsemi erlendra fyrirtækja hér á landi. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir nýrri 32. gr. a um starfsemi erlendra fjármálastofnana hér á landi í A-hluta VI. kafla. Lagt er til að vísun til hennar verði bætt við 18. tölul. 1. mgr. 110. gr.

Um f-lið. Í 19. tölul. 1. mgr. 110. gr. er vísað til ákvæða B-hluta VI. kafla um starfsemi innlendra fyrirtækja erlendis. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir nýrri 37. gr. a um starfsemi innlendra fjármálastofnana erlendis í B-hluta VI. kafla. Lagt er til að vísun til hennar verði bætt við 19. tölul. 1. mgr. 110. gr.

Um g-lið. Lögð er til breyting á vísun til 40. gr. til að taka mið af fyrirhuguðum viðbótum við þá grein.

Um h-lið. Í 22. tölul. er nú vísað til 47. gr. um tilkynningu eiganda. Lagt er til að „um aðilaskipti að virkum eignarhlut“ verði bætt við til að efni töluliðarins verði glegggra.

Um i- og j-lið. Lögð er til breyting á vísun 23. tölul. til 48. gr., bæði til að hún verði gleggri og til að taka mið af því að greinin nær nú aðeins til lánastofnana en ekki verðbréfafyrirtækja. Lagt er til að vísað verði til 2. mgr. 48. gr. í öðrum tölulið því að hún nær með breytingum samkvæmt frumvarpinu aðeins til skráðra lánastofnana, ólíkt 1. mgr. sem nær til lánastofnana óháð skráningu.

Um k-lið. Lagt er til að vísað verði til nýrra 49. gr. b og 49. gr. d, sem varða samþykki eignarhaldsfélaga, og 1. mgr. 50. gr., sem varðar stjórnarhætti, til samræmis við fyrirmæli e-liðar 1. mgr. 66. gr., b-liðar 2. undirgr. 6. mgr. 21. gr. a og d-liðar 1. mgr. 67. gr. CRD IV um að brot gegn ákvæðunum skuli varða stjórnarsýsluviðurlögum.

Um l-lið. Lagt er til að vísun til ákvæðis 1. mgr. 86. gr. um tilkynningu um brot gegn varfærniskröfum eða um að fyrirtæki sé á fallanda fæti verði breytt til samræmis við fyrirhugaða færslu þess í 1. mgr. 52. gr. e.

Um m-lið. Lagt er til að vísun til ákvæðis 1. mgr. 52. gr. e um takmarkanir á öðrum störfum stjórnarmanns eða framkvæmdastjóra verði breytt til samræmis við fyrirhugaða færslu þess í 1. mgr. 52. gr. f.

Um n–p-lið. Lagt er til að vísað verði til nýrra 57. gr. a um starfskjarastefnu, 57. gr. b um kaupauka og 57. gr. c um fjármálafyrirtæki sem njóta góðs af sérstökum stuðningi hins opinbera í stað gildandi 57. gr. a um kaupaukakerfi.

Um q-lið. Lagt er til að vísun til ákvæðis 57. gr. b um starfslokasamninga verði breytt til samræmis við fyrirhugaða færslu þess ákvæðis í 57. gr. d.

Um r-lið. Í 39. tölul. 1. mgr. 110. gr. er nú vísað til 63. gr. um ráðstöfun „arðs“. Í 63. gr. er kveðið á um ráðstöfun „hagnaðar“. Þótt arður geti merkt það sama og hagnaður er orðið þó oftast notað í félagalöggjöf til að lýsa greiðslum til eigenda. Því þykir glegggra að nota sama orðalag í 110. gr. og er gert í 63. gr.

Um s-lið. Gildandi 43.–45. tölul. 1. mgr. 110. gr. vísa til málsgreina í 83. og 84. gr. laganna sem gert er ráð fyrir að falli brott í frumvarpinu en að í stað þeirra verði stuðst beint við þau ákvæði CRR sem þær byggjast á. Því er lagt til að gildandi töluliðir falli brott. Gildandi 43. tölul. vísar til skyldu fjármálafyrirtækja til að veita Fjármálaeftirlitinu upplýsingar um laust fé og stöðuga fjármögnun. Gert er ráð fyrir því að vísað verði til 7. hluta A CRR um kröfur um skýrslugjöf í nýjum 76. tölul. í 1. mgr. 110. gr. laganna. Gildandi 44. og 45. tölul. vísa til ákvæða sem áskilja samþykki Fjármálaeftirlitsins fyrir því að telja tiltekna gerninga til

eiginfjárgrunnsgerninga eða til að grípa til tilgreindra ráðstafana varðandi eiginfjárgrunnsgerninga. Í skýringum við töluliðina kom fram að þeir byggðust á n-lið 1. mgr. 67. gr. CRD IV. Sá staflíður áskilur að óheimilar greiðslur til eigenda eiginfjárgrunnsgerninga varði stjórn-sýsluviðurlögum. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að hann verði innleiddur með nýjum 58. tölul. í 1. mgr. 110. gr. þar sem fram komi að það varði stjórnvaldssektum að brjóta gegn 86. gr. m laganna eða 28., 52. eða 63. gr. CRR með því að inna af hendi greiðslur til eigenda gerninga sem eru hluti af eiginfjárgrunni fjármálafyrirtækis í andstöðu við ákvæðin. Staflíðurinn áskilur aftur á móti ekki að það varði viðurlögum að telja tiltekna gerninga til eiginfjárgrunnsgerninga án samþykkis lögbærs yfirvalds. Ekki er því gert ráð fyrir tölulið í 1. mgr. 110. gr. sem samsvarar gildandi 44. tölul. þess efnis.

Lagt er til að gildandi 46. tölul. falli brott því að hann vísar til ákvæðis sem var fellt brott með lögum nr. 96/2016.

Gildandi 47. tölul. vísar til ákvæðis í 1. mgr. 86. gr. sem gert er ráð fyrir því að færist í 1. mgr. 52. gr. e. Því er lagt til að gildandi 47. tölul. falli brott en að í staðinn verði vísað til 1. mgr. 52. gr. e í nýjum 33. tölul.

Í nýjum 51. tölul. er vísað til 77. gr. a um framkvæmd áhættustýringar. Tilvísunin kemur í stað gildandi 4. tölul. sem vísar til ákvæða 17. gr. um framkvæmd áhættustýringar sem gert er ráð fyrir því að færist í 77. gr. a. Í nýju töluliðnum er einnig vísað til 77. gr. b um eftirlitskerfi með áhættu vegna starfsemi blandaðra eignarhaldsfélaga, sem kemur í stað vísunar gildandi 67. tölul. til ákvæða 109. gr. um eftirlitskerfi með áhættu vegna starfsemi blandaðra eignarhaldsfélaga.

Nýir 52.–57. tölul. eru samhljóða gildandi 57.–61. og 65. tölul. Lagt er til að ákvæðin færast framar til að koma á rétttri töluröð í 1. mgr. 110. gr.

Nýjum 58. tölul. er ætlað að innleiða n-lið 1. mgr. 67. gr. CRD IV.

Um t-lið. 51. tölul. 1. mgr. 110. gr. vísar til 91. gr. um hæfi endurskoðanda sem lagt er til að falli brott með frumvarpinu. Því er lagt til að töluliðurinn falli brott.

Um u-lið. Lagt er til að gildandi 56.–61. og 65. tölul. 1. mgr. 110. gr. færist í 52.–57. og 70. tölul. til að koma á rétttri töluröð í 1. mgr. 110. gr.

Gildandi 62.–64 tölul. vísa til málsgreina í 30. og 84. gr. laganna sem gert er ráð fyrir að falli brott í frumvarpinu en í stað þeirra verði stuðst beint við þau ákvæði CRR sem þau byggjast á. Því er lagt til að gildandi 62.–64. tölul. falli brott en á móti gert ráð fyrir því að vísað verði til viðkomandi ákvæða CRR, sbr. fyrirhugaðan 76. tölul. í 1. mgr. 110. gr.

Nýjum 67. tölul., sem vísar til 10. tölul. 3. mgr. 107. gr. a, er ætlað að innleiða hluta 2. undirgr. 105. gr. CRD IV.

Um v-lið. Lagt er til að vísun gildandi 67. tölul. 1. mgr. 110. gr. til ákvæða 109. gr. um eftirlitskerfi með áhættu vegna starfsemi blandaðra eignarhaldsfélaga falli brott. Þess í stað er í nýjum 51. tölul. gert ráð fyrir því að vísað verði til ákvæða 77. gr. um eftirlitskerfi með áhættu vegna starfsemi blandaðra eignarhaldsfélaga. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að viðkomandi fyrirmæli í 109. gr. falli brott því að þau voru þegar til staðar í ákvæði í 17. gr. sem gert er ráð fyrir að færist í 77. gr. a.

Um w-lið. Lagt er til að vísun til ákvæðis 109. gr. e um ákvörðun um fjárstuðning verði breytt til samræmis við fyrirhugaða færslu þess ákvæðis í 109. gr. s.

Um x-lið. Nýr 70. tölul. í 1. mgr. 110. gr. er samhljóða gildandi 56. tölul. Lagt er til að ákvæðið færist í 70. tölul. til að koma á rétttri töluröð í málsgreininni.

Nýjum 71. tölul., sem vísar til 3., 4., 6. og 7. hluta CRR og 1. og 10. tölul. 3. mgr. 107. gr. a laganna, er ætlað að innleiða q-lið 1. mgr. 67. gr. CRD IV.

Nýjum 72. tölul., sem vísar til 395. gr. CRR, er ætlað að innleiða k-lið 1. mgr. 67. gr. CRD IV.

Nýjum 73. tölul., sem vísar til 405. gr. CRR, er ætlað að innleiða l-lið 1. mgr. 67. gr. CRD IV.

Nýjum 74. tölul., sem vísar til 412. gr. CRR, er ætlað að innleiða j-lið 1. mgr. 67. gr. og hluta 2. undirgr. 105. gr. CRD IV. Lagt er til að heimildin nái einnig til brota gegn ákvæðum um lausafjárhlutfall í reglum sem Seðlabanki Íslands setur á grundvelli 3. mgr. 117. gr. b laganna.

Nýjum 75. tölul., sem vísar til 413. CRR, er ætlað að innleiða hluta 2. undirgr. 105. gr. CRD IV. Lagt er til að heimildin nái einnig til brota gegn ákvæðum um hlutfall stöðugrar fjármögnunar í reglum sem Seðlabanki Íslands setur á grundvelli 3. mgr. 117. gr. b laganna.

Nýjum 76. tölul., sem vísar til 7. hluta A CRR, er ætlað að innleiða e-i-lið 1. mgr. 67. gr. CRD IV.

Nýjum 77. tölul., sem vísar til 8. hluta CRR, er ætlað að innleiða m-lið 1. mgr. 67. gr. CRD IV.

Um y-lið. Nýrri 2. mgr. 110. gr. um aðild að því að fyrirtæki fái starfsleyfi samkvæmt lögunum á grundvelli rangra upplýsinga eða á annan óeðlilegan hátt er ætlað að innleiða a-lið 1. mgr. 67. gr. CRD IV.

Samkvæmt gildandi 1. másl. 2. mgr. 110. gr. geta stjórnvaldssektir sem lagðar eru á einstaklinga numið allt að 65 millj. kr. Skv. d-lið 2. mgr. 66. gr. og f-lið 2. mgr. 67. gr. CRD IV eiga stjórnvaldssektir einstaklinga að geta numið allt að jafnvirði 5 millj. evra 17. júlí 2013, sem voru 794,5 millj. kr. miðað við miðgengi Seðlabanka Íslands þann dag. Því er lagt til að stjórnvaldssektarhámarkið gagnvart einstaklingum verði 800 millj. kr. líkt og þegar gildir gagnvart lögaðilum. Lagt er til að orðin „og brot er framið til hagsbóta fyrir annan lögaðila í samstæðunni eða annar lögaðili í samstæðunni hefur notið hagnaðar af brotinu“ í 2. másl. málsgreinarinnar, þar sem fjallað er um heimild til að miða fjárhæð stjórnvaldssektar við 10% af veltu samkvæmt samstæðureikningi, falli brott því að sambærilega takmörkun er ekki að finna í ákvæðum um sama efni í 2. undirgr. 2. mgr. 66. gr. og 2. undirgr. 2. mgr. 67. gr. CRD.

Um z-lið. Lagt er til að orðunum „og annarra stjórnsluviðurlaga og -ráðstafana vegna brota skv. 1. mgr.“ verði bætt við gildandi 3. mgr. greinarinnar til að innleiða fyrirmæli þess efnis í inngangsmálslið 70. gr. CRD IV. Lagt er til að skammstöfunin „m.a.“ falli brott því að ákvörðun stjórnsluviðurlaga á vart að taka tillit til annars en allra atvika sem máli skipta.

Við mat á alvarleika brota gegn ákvæðum um laust fé og stöðuga fjármögnun, sbr. fyrirhugaða 67., 74. og 75. tölul. 1. mgr. 110. gr. laganna, og þar með umfangi stjórnsluviðurlaga og annarra stjórnsluráðstafana vegna brotanna, ætti að taka mið af því hve mikið vanti upp á að fyrirtæki mæti þeim kröfum sem gerðar eru, sbr. 2. undirgr. 105. gr. CRD IV.

Um aa-lið. Lagt er til að orðin „hjá lögaðilanum“ falli brott til að gæta samræmis við b-lið 70. gr. CRD IV.

Um bb-lið. Lagt er til að e-liður 3. mgr. greinarinnar takmarkist við ávinning eða tap hins brotlega til samræmis við d-lið 70. gr. CRD IV.

Um cc-lið. Lagt er til að orðunum „og öðrum stjórnsluviðurlögum“ verði bætt við gildandi 5. mgr. til að skýra að þau nái til fyrirhugaðra stjórnsluviðurlaga í 110. gr. a – 110. gr. c.

Um dd-lið. Lagt er til að vísun til 2. mgr. verði breytt í 3. mgr. vegna viðbótar nýs ákvæðis í 2. mgr. Lagt er til að „1. og 2. másl.“ falli brott því að málsgreinin er aðeins tveir málsliðir.

Um 125. gr.

Um a-lið (110. gr. a). Nýrri 110. gr. a um sviptingu atkvæðisréttar er ætlað að innleiða f-lið 2. mgr. 66. gr. CRD IV.

Um b-lið (110. gr. b). Nýrri 110. gr. b um bann við störfum hjá fjármálafyrirtæki er ætlað að innleiða d-lið 2. mgr. 67. gr. CRD IV.

Um c-lið (110. gr. c). 110. gr. c um brottvikningu stjórnarmanns eða framkvæmdastjóra eignarhaldsfélags vegna brota er efnislega samhljóða gildandi 8. mgr. 109. gr. Lagt er til að hún færist í XIV. kaflanna sem fjallar um viðurlög við brotum.

Um 126. gr.

Lagt er til að fyrirsögn verði bætt við greinina til að auðvelda lestur laganna. Flestar aðrar greinar laganna hafa fyrirsögn.

Um 127. gr.

Um a-lið. Lagt er til að mælt verði fyrir um stjórnsluviðurlög í stað stjórnvaldssekta þannig að ákvæðið nái einnig til viðurlaga skv. 110. gr. a – 110. gr. c.

Um b-lið. Lagt er til að fyrirsögn verði bætt við 112. gr. til að auðvelda lestur laganna. Flestar aðrar greinar laganna hafa fyrirsögn.

Um 128. gr.

Um a-lið. Lagt er til að kveðið verði á um stjórnsluviðurlög í stað stjórnvaldssekta þannig að ákvæðið nái einnig til viðurlaga skv. 110. gr. a – 110. gr. c.

Um b-lið. Lagt er til að fyrirsögn verði bætt við 112. gr. a til að auðvelda lestur laganna. Flestar aðrar greinar laganna hafa fyrirsögn.

Um 129. gr.

Um a-lið. Í 3. tölul. 1. mgr. 112. gr. b kemur fram að brot gegn „2. mgr. 19. gr. um að fara að reglum Seðlabanka Íslands“ varði refsingu. Í 8. tölul. 1. mgr. 110. gr. laganna segir aftur á móti að brot gegn „1. og 2. mgr. 19. gr. um að starfa í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur á fjármálamarkaði“ varði stjórnvaldssektum. Skv. 1. mgr. 19. gr. laganna skulu fjármálafyrirtæki starfa í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur á fjármálamarkaði. Seðlabanka Íslands er í 2. mgr. greinarinnar falið að setja reglur um hvað teljist eðlilegir og heilbrigðir viðskiptahættir fjármálafyrirtækja. Reglurnar fela því aðeins í sér útfærslu á grunnviðmiði 1. mgr. greinarinnar. Framsetning 8. tölul. 1. mgr. 110. gr. laganna þykir því eðlilegri en framsetning 3. tölul. 1. mgr. 112. gr. b. Því er lagt til að síðarnefndum tölulið verði breytt til samræmis við fyrrnefndan tölulið.

Um b-lið. Í 9. og 10. tölul. 1. mgr. 112. gr. b er vísað til 29. gr. b og 29. gr. c laganna. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að þær greinar falli brott en að í stað þeirra verði stuðst beint við þau ákvæði CRR sem þau byggjast á. Til samræmis við það er lagt til að vísanir 112. gr. b til 29. gr. b og 29. gr. c falli brott en að í stað þeirra verði vísað til viðkomandi ákvæða CRR, sbr. fyrirhugaða 34.–36. tölul. 1. mgr. 112. gr. b.

Um c-lið. Í 12. tölul. 1. mgr. 112. gr. b er vísað til ákvæða A-hluta VI. kafla um starfsemi erlendra fyrirtækja hér á landi. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir nýrri 32. gr. a um starfsemi erlendra fjármálastofnana hér á landi í A-hluta VI. kafla. Lagt er til að vísun til hennar verði bætt við 12. tölul. 1. mgr. 112. gr. b.

Um d-lið. Lögð er til breyting á vísun til 40. gr. til að taka mið af fyrirhuguðum viðbótum við þá grein.

Um e-lið. Lagt er til að vísun til ákvæðis 1. mgr. 86. gr. um tilkynningu um brot gegn varfærniskröfum eða um að fyrirtæki sé á fallanda fæti verði breytt til samræmis við fyrirhugaða færslu þess í 1. mgr. 52. gr. e. Því er lagt til að gildandi 25. tölul. falli brott en að bætt verði við nýjum 16. tölul. sem vísi til 1. mgr. 52. gr. e.

Um f-lið. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að gildandi 57. gr. a um kaupaukakerfi falli brott en að sett verði ný 57. gr. b um kaupauka. Því er lagt til að vísað verði til 57. gr. b í stað 57. gr. a í 20. tölul. 1. mgr. 112. gr. b, sem ráðgert er að verði 21. tölul.

Í frumvarpinu er einnig gert ráð fyrir nýrri 57. gr. c sem áskilur að fjármálafyrirtæki sem notið hefur góðs af sérstökum stuðningi hins opinbera endurskoði starfskjör stjórnenda og takmarki greiðslu kaupauka til þeirra þar til fyrirtækið þarf ekki frekari stuðning hins opinbera. Lagt er til að alvarleg brot gegn greininni verði refsingu, líkt og brot gegn 57. gr. b um kaupauka.

Um g-lið. Lagt er til að vísun til ákvæðis 57. gr. b um starfslokasamninga verði breytt til samræmis við fyrirhugaða færslu þess í 57. gr. d.

Um h-lið. Í 23. tölul. 1. mgr. 112. gr. b er nú vísað til 63. gr. um ráðstöfun „arðs“. Í 63. gr. er kveðið á um ráðstöfun „hagnaðar“. Þótt arður geti merkt það sama og hagnaður er orðið þó oftar notað í félagalöggjöf til að lýsa greiðslum til eigenda. Því þykir glegggra að nota sama orðalag í 112. gr. b og er gert í 63. gr.

Um i-lið. Í 24. tölul. 1. mgr. 112. gr. b er vísað til 3. mgr. 83. gr. um skyldu fjármálafyrirtækis til að veita Fjármálaeftirlitinu upplýsingar um laust fé og stöðuga fjármögnun. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að síðarnefnda ákvæðið falli brott en að í stað þess verði stuðst beint við þau ákvæði CRR sem það byggist á. Því er lagt til að gildandi töluliður falli brott. Gert er ráð fyrir því að vísað verði til 7. hluta A CRR um kröfur um skýrslugjöf í nýjum 35. tölul. í 1. mgr. 112. gr. b laganna.

Lagt er til að vísun til ákvæðis 1. mgr. 86. gr. um tilkynningu um brot gegn varfærniskröfum eða um að fyrirtæki sé á fallanda fæti verði uppfærð til samræmis við fyrirhugaða færslu þess ákvæðis í 1. mgr. 52. gr. e. Því er lagt til að gildandi 25. tölul. falli brott en að bætt verði við nýjum 16. tölul. sem vísi til 1. mgr. 52. gr. e.

Um j-lið. 29. tölul. 1. mgr. greinarinnar vísar til 91. gr. um hæfi endurskoðanda sem lagt er til að falli brott með frumvarpinu. Því er lagt til að töluliðurinn falli jafnframt brott.

Um k-lið. Nýjum 33.–35. tölul. 1. mgr. greinarinnar, sem vísa til 405. gr. og 7. hluta A og 8. hluta CRR, er ætlað að koma í stað gildandi 9., 10. og 24. tölul. 1. mgr. 112. gr. b.

Um 130. gr.

Lagt er til að fyrirsögn verði bætt við 112. gr. c til að auðvelda lestur laganna. Flestar aðrar greinar laganna hafa fyrirsögn.

Um 131. gr.

Um a-lið. Lagt er til að kveðið verði á um stjórnarsýsluviðurlög í stað stjórnvaldssekta þannig að ákvæðið nái einnig til viðurlaga skv. 110. gr. a – 110. gr. c

Um b-lið. Lagt er til að fyrirsögn verði bætt við 112. gr. d til að auðvelda lestur laganna. Flestar aðrar greinar laganna hafa fyrirsögn.

Um 132. gr.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að gildandi 30. gr. laganna, um takmarkanir á stórum áhættuskuldbindingum, falli brott en að í stað hennar verði stuðst beint við ákvæði 4. hluta CRR um takmarkanir á stórum áhættuskuldbindingum. Til samræmis við það er lagt til að í

112. gr. e verði ekki vísað til 30. gr. og reglna sem eru settar á grundvelli hennar heldur 4. hluta CRR.

Um 133. gr.

Lagt er til að vísunum til ákvæða 86. gr. h og 86. gr. i, sem gert er ráð fyrir að færist í 107. gr. c og 107. gr. d, verði breytt því til samræmis.

Um 134. gr.

Um a-lið (112. gr. g). 1. másl. 1. mgr. nýrrar 112. gr. g um birtingu ákvarðana um stjórn-sýsluviðurlög er ætlað að innleiða a-lið 2. mgr. 66. gr., a-lið 2. mgr. 67. gr. og 1. undirgr. 1. mgr. 68. gr. CRD IV. 2. másl. 1. mgr. 112. gr. g er ætlað að innleiða 2. undirgr. 1. mgr. 68. gr. tilskipunarinnar. 3. og 4. másl. 1. mgr. 112. gr. g er ætlað að innleiða 3. mgr. 68. gr. tilskipunarinnar. 2. mgr. 112. gr. g er ætlað að innleiða 2. mgr. 68. gr. tilskipunarinnar. Skyld fyrirmæli eru þegar í 9. gr. a laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998, þar sem fram kemur að Fjármálaeftirlitinu sé almennt heimilt að birta opinberlega niðurstöður í málum og athugunum er byggjast á lögum.

Um b-lið (112. gr. h). Nýrri 112. gr. h um upplýsingagjöf til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar um stjórn-sýsluviðurlög er ætlað að innleiða 1. másl. 1. mgr. 69. gr. CRD IV.

Um 135. gr.

Í 115. gr. segir nú að innlánskilríki, ávísanir og hvers konar skuldbindingar sem gefnar eru út í nafni fjármálafyrirtækja, skuldbindingar sem veita þeim handveðsrétt, arðmiðar af skuldabréfum þeirra og framsöl skuli undanþegin stimpilgjaldi. Slík skjöl sæta ekki lengur stimpilgjaldi samkvæmt lögum um stimpilgjald, nr. 138/2013. Undanþágan í 115. gr. er því orðin óþörf og lagt til að hún falli brott.

Um 136. gr.

Um a-lið. Lagt er til að vísun til hafnalaga í 1. mgr. 116. gr. verði uppfærð. Hafnalög nr. 61/2003 hafa nú tekið við af hafnalögum nr. 23/1994. Lagt er til að vísun til Ferðamálasjóðs falli brott því að hann hefur verið lagður niður.

Um b-lið. Lagt er til að Bygðastofnun verði undanþegin ákvæðum X. kafla laga um fjármálafyrirtæki um eiginfjáruka. Um skýringar vísast til umfjöllunar um samráð í 5. kafla.

Um 137. gr.

Lagt er til að efni gildandi 116. gr. a, þar sem segir að Fjármálaeftirlitið skuli birta opinberlega þau almennu viðmið og aðferðafræði sem það styðst við vegna könnunar- og matsferlis, komi fram í 3. tölul. 1. mgr. nýrrar 107. gr. i, sem tilgreinir upplýsingar um varfærniskröfur sem Fjármálaeftirlitið skal birta. Því er lagt til að 116. gr. a falli brott.

Um 138. gr.

Lagt er til að felldar verði brott vísanir til tilskipana 2000/12/EB, 93/6/EBE, 2004/39/EB, 2001/107/EB (sem er vísað til sem tilskipunar „107/2001/EB“ í ákvæðinu), 95/26/EB, 2000/28/EB, 2000/46/EB, 2006/48/EB, 2006/49/EB, 2007/44/EB, 2009/111/EB og 2010/76/ESB sem eru fallnar úr gildi. Einnig er lagt til að felld verði brott vísun til tilskipunar 2002/87/EB sem er ekki lengur innleidd með reglum á grundvelli laga um fjármálafyrirtæki heldur með lögum um viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum, nr. 61/2017. Þá er lagt til að

bætt verði við vísun til CRD IV því að ráðgert er að ljúka við innleiðingu hennar með frumvarpi þessu.

Um 139. gr.

Um greinina í heild. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að veita CRR lagagildi hér á landi. Verði það samþykkt verður núverandi heimild ráðherra til að innleiða CRR með reglugerð í 117. gr. a laganna óþörf. Því er lagt til að hún falli brott.

Lagt er til að í stað heimildar til að innleiða CRR verði ráðherra heimilað að innleiða með reglugerð undirgerðir sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins samþykkir með stoð í CRD IV og CRR sem útfæra einstök fyrirmæli þeirra og byggjast ekki á tæknistöðlum frá evrópsku eftirlitsstofnununum á fjármálamarkaði. Í slíkri reglugerð mætti meðal annars mæla fyrir um atriði sem útfæra þarf í landsrétti samkvæmt viðkomandi undirgerðum. Gert er ráð fyrir því að Seðlabanki Íslands innleiði undirgerðir sem byggjast á tæknistöðlum frá evrópsku eftirlitsstofnununum á fjármálamarkaði, sbr. fyrirhugaðar breytingar á 117. gr. b laganna. Einnig er gert ráð fyrir því að Seðlabankinn innleiði undirgerðir um laust fé sem framkvæmdastjórnin samþykkir á grundvelli 1. og 3. mgr. 460. gr. CRR, þótt þær byggist ekki á tæknistöðlum, því að tíðkast hefur að Seðlabankinn setji reglur um laust fé.

Um 1. efnismgr. Lagt er til að ráðherra verði heimilað að innleiða með reglugerð undirgerðir sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins samþykkir með stoð í 145. gr. CRD IV um framseldar gerðir og 146. gr. um framkvæmdargerðir. Í fyrrnefndri grein er framkvæmdastjórninni heimilað að samþykkja framseldar gerðir um nánari útfærslu skilgreininga í 3. og 128. gr. tilskipunarinnar, verðlagsuppfærslu fjárhæða í ákvæðum um stofnframlag verðbréfa-fyrirtækja og skyldra fyrirtækja, sbr. fyrirhugaða 14. mgr. 14. gr. a í lögunum, heimildir lána- og fjármálastofnana til að starfa yfir landamæri, upplýsingaskipti lögbærra yfirvalda, meðhöndlun áhættuþátta og könnunar- og matsferli, skil fjármálafyrirtækja sem eru kerfislega mikilvæg á alþjóðavísu á ríki-fyrir-ríki skýrslum og mat á hæfi fyrirhugaðra eigenda virkra eignarhluta í lánastofnunum. Í síðarnefndri grein er framkvæmdastjórninni heimilað að samþykkja framkvæmdargerð til að uppfæra fjárhæðir í ákvæðum um stofnframlag fjármálafyrirtækja, sbr. fyrirhugaðar 7. mgr. 14. gr. og 14. mgr. 14. gr. a í lögunum.

Um 2. efnismgr. Lagt er til að ráðherra verði heimilað að innleiða með reglugerð undirgerðir sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins samþykkir með stoð í nokkrum ákvæðum CRR.

Um 140. gr.

Um greinina í heild. Lagt er til að Seðlabanka Íslands verði heimilað að innleiða með reglum undirgerðir sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins samþykkir með stoð í CRD IV og CRR sem byggjast á tæknistöðlum frá evrópsku eftirlitsstofnununum á fjármálamarkaði. Tíðkast hefur að Seðlabanki Íslands innleiði undirgerðir sem byggjast á tæknistöðlum frá evrópsku eftirlitsstofnununum því að hann á áheyrnaraðild að þeim og tekur þátt í starfi vinnuhópa á þeirra vegum sem fást við mótun tæknistaðla. Einnig er gert ráð fyrir því að Seðlabankinn innleiði undirgerðir um laust fé sem framkvæmdastjórnin samþykkir á grundvelli 1. og 3. mgr. 460. gr. CRR, þótt þær byggist ekki á tæknistöðlum, því að tíðkast hefur að Seðlabankinn setji reglur um laust fé. Í reglum Seðlabankans má mæla fyrir um atriði sem útfæra þarf í landsrétti samkvæmt viðkomandi undirgerðum. Reglur sem Seðlabankinn hefur sett með stoð í gildandi ákvæðum halda gildi sínu, enda verði enn stoð fyrir þeim í breyttum ákvæðum.

Um 1. efnismgr. Lagt er til að Seðlabankanum verði heimilað að innleiða með reglum undirgerðir sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins samþykkir með stoð í nokkrum

ákvæðum CRD IV. Undirgerðirnar varða kröfur við veitingu starfsleyfis, sbr. 2. og 3. mgr. 8. gr. tilskipunarinnar og II. kafla laganna, samráð yfirvalda við mat á fyrirhugaðri öflun eða aukningu á virkum eignarhlut í lánastofnun, sbr. 9. mgr. 22. gr. tilskipunarinnar og 2. mgr. 42. gr. a laganna, upplýsingagjöf vegna starfsemi lánastofnunar í öðru aðildarríki, sbr. 5. og 6. mgr. 35. gr., 5. og 6. mgr. 36. gr. og 4. og 5. mgr. 39. gr. tilskipunarinnar og V. kafla laganna, upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda, sbr. 6. og 7. mgr. 50. gr. tilskipunarinnar og C-hluta XIII. kafla laganna, samstarfshóp eftirlitsaðila, sbr. 4. og 5. mgr. 51. gr. og 4. og 5. mgr. 116. gr. tilskipunarinnar og 2. mgr. 36. gr. a og 109. gr. j laganna, innri aðferðir við útreikning á eiginfjárkröfum, sbr. 4. mgr. 77. gr. og 7. og 8. mgr. 78. gr. tilskipunarinnar og D-hluta XIII. kafla laganna, mat á áhættu af vaxtabreytingum, sbr. 5. mgr. 84. gr. og 5. mgr. a 98. gr. tilskipunarinnar og 78. gr. f og 81. gr. laganna, gerninga sem eru nýttir við greiðslu kaupauka, sbr. 2. mgr. 94. gr. tilskipunarinnar og 10. tölul. 1. mgr. 57. gr. b laganna, sameiginlegar ákvarðanir eftirlitsaðila, sbr. 5. mgr. 113. gr. tilskipunarinnar og 109. gr. d laganna, eftirlit með blönduðum eignarhaldsfélögum í fjármálastarfsemi, sbr. 4. mgr. 120. gr. tilskipunarinnar og 109. gr. a laganna, mat á því hvort fjármálafyrirtæki eða samstæður séu kerfislega mikilvægar á alþjóðavísu, sbr. 18. mgr. 131. gr. tilskipunarinnar og 86. gr. b laganna, staðsetningu útlána-áhættuskuldbindinga, sbr. 7. mgr. 140. gr. tilskipunarinnar og 85. gr. a laganna, og upplýsingar sem lögbær yfirvöld skulu birta, sbr. 3. mgr. 143. gr. tilskipunarinnar og 107. gr. i laganna.

Um 2. efnismgr. Lagt er til að Seðlabankanum verði heimilað að innleiða með reglum undirgerðir sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins samþykkir með stoð í nokkrum fjölda ákvæða CRR.

Um 3. efnismgr. Málsgreinin er efnislega samhljóða gildandi 4. mgr. 83. gr., utan þess að lagt er til að Seðlabankanum verði heimilt en ekki skylt að setja reglur samkvæmt málsgreininni. Lagt er til að heimildin færist í 117. gr. b um heimildir Seðlabankans til að setja reglur því að í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að í 83. gr. verði fjallað um eiginfjáruka en ekki laust fé.

Um 4. efnismgr. Í CRR er lögbærum yfirvöldum veitt svigrúm varðandi beitingu ýmissa varfærnis krafna samkvæmt reglugerðinni. Kveðið er á um svigrúmið í svonefndum val- og heimildarákvæðum. Lögbærum yfirvöldum er einnig gert að birta yfirlit um beitingu þeirra samkvæmt framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/912. Val- og heimildarákvæði hafa þegar verið nýtt hér á landi, meðal annars við beitingu varfærnisreglna um stórar áhættuskuldbindingar, sbr. 30. gr. gildandi laga um fjármálafyrirtæki og reglugerð um varfærniskröfur vegna starfsemi fjármálafyrirtækja, nr. 233/2017. Í málsgreininni er lagt til að Seðlabankanum verði heimilt, en ekki skylt, að setja reglur um beitingu umræddra val- og heimildarákvæða samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 575/2013. Þannig getur Seðlabankinn einnig, eftir atvikum, beitt þeim við eftirlitsframkvæmd í stað þess að setja stjórnvaldsfyrirmæli.

Um 141. gr.

Í 117. gr. c segir að Seðlabanki Íslands skuli setja reglur um útreikning á vogunarhlutfalli sem skuli byggjast á reglugerð (ESB) 2015/62 um útreikning á vogunarhlutfalli. Í reglunum skuli kveðið á um hvaða val- og heimildarákvæðum reglugerðarinnar skuli beitt hér á landi. Seðlabankinn veitti reglugerðinni gildi hér á landi með reglum um útreikning á vogunarhlutfalli fjármálafyrirtækja, nr. 959/2017.

Í 4. gr. frumvarpsins er lagt til að CRR verði veitt lagagildi hér á landi með breytingum samkvæmt reglugerð (ESB) 2015/62. Verði það samþykkt verður innleiðing reglugerðar (ESB) 2015/62 með reglum óþörf. Í reglugerðinni eru ekki val- eða heimildarákvæði sem aðildarríki þurfa að útfæra. Með tilliti til þessa er lagt til að 117. gr. c laganna falli brott.

Um 142. gr.

Ákvæði til bráðabirgða I í lögum um fjármálafyrirtæki heimilar ráðherra að vísa til enskrar útgáfu CRR við setningu reglugerðar til að innleiða hana. Heimildin var veitt með lögum nr. 57/2015 þegar íslensk þýðing CRR lá ekki fyrir og fyrirséð var að nokkur bið yrði eftir því. Nú hefur CRR verið þýdd yfir á íslensku og í 4. gr. frumvarpsins er lagt til að íslenskri útgáfu hennar verði veitt lagagildi hér á landi. Því er bráðabirgðaákvæðið ekki lengur talið nauðsynlegt og lagt er til að það falli brott.

Í ákvæði til bráðabirgða II segir að ráðherra sé heimilt að vísa til birtingar á tæknilegum framkvæmdarstaðli Evrópska bankaeftirlitsins um samræmdar gagnsæisskyldur eftirlitsstofnana í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins á ensku. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að staðallinn, líkt og aðrar undirgerðir sem byggjast á tæknistöðlum frá Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni, verði innleiddur af Seðlabanka Íslands, sbr. fyrirhugaðan 81. tölul. 2. mgr. 117. gr. b. Seðlabankanum er samkvæmt ákvæði til bráðabirgða III heimilt að vísa til birtingar á tæknistöðlum í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins á ensku. Því er talið ákvæði til bráðabirgða II verði óþarft og lagt er til að það falli brott.

Engin fyrirtæki falla lengur undir ákvæði til bráðabirgða V, VII og XI og því er lagt til að þau falli brott.

Lagt er til að ákvæði til bráðabirgða VIII, IX og XIII falli brott því að þau hafa ekki lengur gildi.

Lagt er til að ákvæði til bráðabirgða XII falli brott því að nú er fjallað um starfsleyfi verðbréfafyrirtækja í lögum um markaði fyrir fjármálagerninga, nr. 115/2021.

Um 143. gr.

Lögð er til breyting á vísun ákvæðis til bráðabirgða III til 117. gr. b til samræmis við fyrirhugaðar breytingar á þeirri grein samkvæmt frumvarpinu.

Um 144. gr.

Um a- og b-lið. Lagðar eru til breytingar á vísunum 3. og 4. tölul. 11. gr. laga um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991, til 1, 2. og 3. tölul. 4. gr. laga um fjármálafyrirtæki til samræmis við fyrirhugaðar breytingar á síðarnefndri grein.

Um c-lið. Í 5. tölul. 11. gr. laga um aukatekjur ríkissjóðs er vísað til starfsleyfis rafeyrisfyrirtækja skv. 4. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Nú er ekki lengur fjallað um starfsleyfi rafeyrisfyrirtækja í lögum um fjármálafyrirtæki heldur í lögum um útgáfu og meðferð rafeyris, nr. 17/2013. Því er lagt til að vísað verði til þeirra laga í stað laga um fjármálafyrirtæki í 5. tölul. 11. gr. laga um aukatekjur ríkissjóðs.

Um d-lið. Í 6. tölul. 11. gr. laga um aukatekjur ríkissjóðs er vísað til starfsleyfis verðbréfafyrirtækja skv. 5. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Nú er ekki lengur fjallað um starfsleyfi verðbréfafyrirtækja í lögum um fjármálafyrirtæki heldur í lögum um markaði fyrir fjármálagerninga, nr. 115/2021. Því er lagt til að vísað verði til þeirra laga í stað laga um fjármálafyrirtæki í 6. tölul. 11. gr. laga um aukatekjur ríkissjóðs.

Um e-lið. Í 7. tölul. 11. gr. laga um aukatekjur ríkissjóðs er vísað til starfsleyfis verðbréfamíðlana skv. 6. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Verðbréfamíðlanir eru ekki lengur sérstakur flokkur fjármálafyrirtækja. Því er lagt til að 7. tölul. 11. gr. laga um aukatekjur ríkissjóðs falli brott.

Um f-lið. Í 11. tölul. 11. gr. laga um aukatekjur ríkissjóðs er vísað til leyfis til að reka markaðstorg fjármálagerninga skv. 4. mgr. 4. gr. laga um kauphallir, nr. 110/2007, og g-lið

6. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Lög um kauphallir eru nú brott fallin. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að g-liður 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um fjármálafyrirtæki falli brott því að ákvæði um rekstur markaðstorgs fjármálagerninga eru nú í lögum um markaði fyrir fjármálagerninga. Með tilliti til þessa er lagt til að vísað verði til laga um markaði fyrir fjármálagerninga í 11. tölul. 11. gr. laga um aukatekjur ríkissjóðs í stað laga um kauphallir og laga um fjármálafyrirtæki.

Um 145. gr.

Í 3. mgr. 2. gr. laga um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, nr. 94/1996, kemur fram að meðal aðila sem eru undanþegnir skyldu skv. 1. mgr. greinarinnar séu verðbréfafyrirtæki og vísað til 5. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Nú er ekki lengur fjallað um starfsleyfi verðbréfafyrirtækja í lögum um fjármálafyrirtæki heldur í lögum um markaði fyrir fjármálagerninga. Því er lagt til að vísað verði til þeirra laga í stað laga um fjármálafyrirtækja í 3. mgr. 2. gr. laga um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur.

Um 146. gr.

Í 4. mgr. 8. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, er fjallað um erlenda viðskiptabanka, sparisjóði og verðbréfafyrirtæki sem er heimilt að stunda starfsemi hér á landi samkvæmt ákvæðum laga um fjármálafyrirtæki. Nú er fjallað um heimildir erlendra verðbréfafyrirtækja til að starfa hér á landi í lögum um markaði fyrir fjármálagerninga, nr. 115/2021. Því er lagt til að vísað verði til þeirra hvað erlend verðbréfafyrirtæki varðar í 8. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Um 147. gr.

Í 4. mgr. 34. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, segir að lífeyrissjóður skuli hafa í sinni þjónustu starfsmann sem hafi staðist próf í verðbréfavíðskiptum í samræmi við 53. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Ákvæði 53. gr. laga um fjármálafyrirtæki var fellt brott með lögum um markaði fyrir fjármálagerninga, nr. 115/2021, og er nú ákvæði um verðbréfaréttindi í 40. gr. þeirra laga. Lagt er til að 4. mgr. 34. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða verði breytt því til samræmis.

Um 148. gr.

Lagt er til að felld verði brott fyrirmæli um að endurskoðandi lífeyrissjóðs megi ekki sitja í stjórn hans, vera starfsmaður hans eða starfa í þágu hans að öðru en endurskoðun. Nú hafa tekið gildi ný lög um endurskoðendur og endurskoðun, nr. 94/2019. Í V. kafla laganna eru ákvæði um óhæði endurskoðanda. Þar kemur fram að endurskoðendur og endurskoðunarfyirtæki skuli vera óháð viðskiptavinum sínum við vinnu endurskoðunarverkefna, bæði í reynd og ásýnd. Það er svo útfært nánar í kaflanum. Lögin lögfestu einnig reglugerð (ESB) nr. 537/2014 sem fjallar um endurskoðun fyrir einingar sem tengjast almannahagsmunum, þar á meðal lífeyrissjóði. Í 5. gr. reglugerðarinnar kemur fram sú meginregla, sem er útfærð nánar í greininni, að endurskoðendur og endurskoðunarfyirtæki megi ekki annast önnur störf en endurskoðun fyrir einingar tengdar almannahagsmunum sem þau annast endurskoðun á. Með tilliti til þessara reglna þykir ekki lengur þörf á sérákvæðum um óhæði endurskoðenda í lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Um 149. gr.

Í 1. mgr. 2. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998, kemur nú fram að eftirlit samkvæmt lögum taki meðal annars til starfsemi lánastofnana annarra en viðskiptabanka og sparisjóða og fyrirtækja í verðbréfabjónustu. Lánastofnanir aðrar en viðskiptabankar og sparisjóðir eru nú nefndar lánafyrirtæki. Þegar lögin voru sett var „fyrirtæki í verðbréfabjónustu“ notað sem samheiti yfir verðbréfafyrirtæki og verðbréfamiðlanir. Verðbréfamiðlanir eru ekki lengur sérstakur flokkur fjármálafyrirtækja. Með tilliti til þessa er lagt til að mælt verði fyrir um lánafyrirtæki í stað lánastofnana annarra en viðskiptabanka og sparisjóða og um verðbréfafyrirtæki í stað fyrirtækja í verðbréfabjónustu í 2. og 6. tölul. 1. mgr. 2. gr. laganna.

Um 150. gr.

Lagt er til að orðunum „og getur Fjármálaeftirlitið kallað einstakling til skýrslugjafar í því skyni“ verði bætt við 1. másl. 3. mgr. 9. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998, til að innleiða iii- og iv-lið b-liðar 3. mgr. 65. gr. CRD IV.

Um 151. gr.

Í a-lið 2. tölul. 2. gr. laga um öryggi fyrirmæla í greiðslukerfum og verðbréfauppgjörskerfum, nr. 90/1999, kemur fram að til stofnana í skilningi laganna teljist meðal annars fjármálafyrirtæki sem hlotið hafa starfsleyfi skv. 4. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Verðbréfafyrirtæki fá nú starfsleyfi á grundvelli laga um markaði fyrir fjármálagerninga, nr. 115/2021. Því er lagt til að vísað verði til þeirra auk laga um fjármálafyrirtæki í stað þess að vísa aðeins til 4. gr. síðarnefndu laganna.

Þegar ákvæði a-liðar 2. tölul. 2. gr. laga um öryggi fyrirmæla í greiðslukerfum og verðbréfauppgjörskerfum var sett náði 4. gr. laga um fjármálafyrirtæki til viðskiptabanka, sparisjóða, lánafyrirtækja, rafeyrisfyrirtækja, verðbréfafyrirtækja, verðbréfamiðlana og rekstrarfélaga verðbréfasjóða. Nú nær hugtakið aftur á móti aðeins til lánastofnana, þ.e. viðskiptabanka, sparisjóða og lánafyrirtækja, og verðbréfafyrirtækja. Verðbréfamiðlanir eru ekki lengur sérstakur flokkur fjármálafyrirtækja og um rafeyrisfyrirtæki og rekstrarfélög verðbréfasjóða er nú fjallað í öðrum lögum en lögum um fjármálafyrirtæki. Í a-lið 2. tölul. 2. gr. laga um öryggi fyrirmæla í greiðslukerfum og verðbréfauppgjörskerfum var innleiddur b-liður 2. gr. tilskipunar 98/26/EB um endanlegt uppgjör í greiðslukerfum og uppgjörskerfum fyrir verðbréf. Í tilskipunarákvæðinu er fjallað um lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki en ekki rafeyrisfyrirtæki eða rekstrarfélög verðbréfasjóða. Því er ekki lagt til að vísunum til laga um rafeyrisfyrirtæki eða rekstrarfélög verðbréfasjóða verði bætt við a-lið 2. tölul. 2. gr. laga um öryggi fyrirmæla í greiðslukerfum og verðbréfauppgjörskerfum þótt staflíðurinn hafi upphaflega náð til þeirra.

Um 152. gr.

Lagt er til að vísun í 3. másl. 8. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, til 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga um fjármálafyrirtæki verði breytt til samræmis við fyrirhugaðar breytingar á síðarnefndri grein.

Um 153. gr.

Lagt er til að vísunum til 1. gr. a laga um fjármálafyrirtæki í 2. tölul. 2. gr. laga um váttryggingarsamninga, nr. 30/2004, verði breytt til samræmis við fyrirhugaðar breytingar á fyrrnefndri grein. Einnig er lagt til að vísun í sama tölulið til verðbréfafyrirtækja sem uppfylla

ekki skilyrði 3. mgr. 25. gr. laga um fjármálafyrirtæki verði breytt til samræmis við fyrirhugaðar breytingar á ákvæðum laga um fjármálafyrirtæki um slík fyrirtæki.

Um 154. gr.

Lagt er til að vísun í a-lið 3. tölul. 1. gr. laga um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir, nr. 46/2005, til laga um fjármálafyrirtæki verði breytt til samræmis við fyrirhugaðar breytingar á I. og II. kafla þeirra laga.

Um 155. gr.

Lagt er til að vísun til 4. gr. laga um fjármálafyrirtæki í 3. mgr. 1. gr. laga um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., nr. 125/2008, verði breytt til samræmis við fyrirhugaðar breytingar á fyrrnefndri grein.

Um 156. gr.

Í 2. gr. laga um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., nr. 125/2008, er ráðherra fyrir hönd ríkissjóðs heimilað að leggja sparisjóði til fé í skiptum fyrir stofnfjárbréf eða hlutabréf við sérstakar aðstæður. Í lokamálslið greinarinnar er heimild til að víkja frá 66. gr. laga um fjármálafyrirtæki um boðun fundar stofnfjáreigenda og forgangsrétt þeirra til aukningar stofnfjár eða hlutafjár. Þegar lög um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl. voru sett var ákvæði um aukningu stofnfjár í 66. gr. laga um fjármálafyrirtæki. VIII. kafli laganna, um sparisjóði, hefur síðan tekið nokkrum breytingum og er nú fjallað um ákvörðun fundar stofnfjáreigenda um aukningu stofnfjár í 70. gr. laganna, en um annað efni í 66. gr. Því er lagt til að vísað verði til 70. gr. laga um fjármálafyrirtæki frekar en 66. gr. í 2. gr. laga um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl.

Um 157. gr.

Í 1. mgr. 5. gr. laga um umboðsmann skuldara, nr. 100/2010, er kveðið á um aðila sem hafa leyfi til að stunda starfsleyfi skv. 2. og 3. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, og fyrirtæki sem stunda eða hafa stundað starfsemi samkvæmt sömu tölulíðum. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að tölulíðirnir falli brott. Því er lagt til að efni þeirra verði tekið upp í 1. mgr. 5. gr. laga um umboðsmann skuldara í stað þess að vísa til tölulíðanna.

Um 158. gr.

Í 2. tölul. 2. gr. laga um fjársýsluskatt, nr. 165/2011, kemur fram að viðskiptabankar, sparisjóðir, lánaþyrirtæki, verðbréfaþyrirtæki, verðbréfamíðlanir, rekstrarfélög verðbréfasjóða, svo og önnur fjármálafyrirtæki samkvæmt lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, séu meðal skattskyldra aðila samkvæmt lögnum. Til fjármálafyrirtækja teljast nú aðeins annars vegar lánastofnanir, sem geta verið viðskiptabankar, sparisjóðir eða lánaþyrirtæki, og hins vegar verðbréfaþyrirtæki. Verðbréfamíðlanir teljast ekki lengur sérstakur flokkur fjármálafyrirtækja. Rekstrarfélög verðbréfasjóða teljast ekki lengur til fjármálafyrirtækja heldur falla þau undir lög um verðbréfasjóði, nr. 116/2021. Lagt er til að 2. tölul. 2. gr. laga um fjársýsluskatt verði breytt með tilliti til þessa. Þá er lagt til að vísun til rekstraraðila sérhæfðra sjóða verði bætt við tölulíðinn. Þeir falla efnislega þegar undir tölulíðinn vegna vísunar hans til 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. laga um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, en talið er skýrara að þeirra sé getið í upptalningunni líkt og rekstrarfélaga verðbréfasjóða.

Um 159. gr.

Í 1. mgr. 1. gr. laga um greiðslu kostnaðar við rekstur umboðsmanns skuldara, nr. 166/2011, er kveðið á um aðila sem hafa leyfi til að stunda starfsemi skv. 2. og 3. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, og fyrirtæki sem stunda eða hafa stundað starfsemi samkvæmt sömu tölulíðum. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að tölulíðirnir falli brott. Því er lagt til að efni þeirra verði tekið upp í 1. mgr. 1. gr. laga um greiðslu kostnaðar við rekstur umboðsmanns skuldara í stað þess að vísa til tölulíðanna.

Um 160. gr.

Í 11. gr. laga um útgáfu og meðferð rafeyris, nr. 17/2013, kemur fram að stofnfé rafeyrisfyrirtækis skuli samsett úr þeim þáttum sem taldir séu upp í 5. mgr. 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Nú er fjallað um annað efni í 5. mgr. 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki, en þegar lög um útgáfu og meðferð rafeyris voru sett var í málsgreininni fjallað um eiginfjárþátt A, sem nú er nefnt almennt eigið fé þáttar 1. Ákvæði 11. gr. laga um útgáfu og meðferð rafeyris var ætlað að innleiða ákvæði 4. gr. tilskipunar 2009/110/EB, um stofnun og rekstur rafeyrisfyrirtækja og varfærnisefirlit með þeim, sem fjallar um stofnfé rafeyrisfyrirtækja. Í tilskipunargreininni var vísað til a- og b-liðar 57. gr. tilskipunar 2006/48/EB um stofnun og rekstur lánastofnana. Tilskipun 2006/48/EB hefur verið felld niður en ákvæði a- og b-liða 57. gr. hennar endurspeglast nú í a–e-lið 1. mgr. 26. gr. CRR, sem gert er ráð fyrir að verði lögfest í frumvarpinu. Með tilliti til þessa er lagt til að vísað verði til a–e-liðar 1. mgr. 26. gr. CRR í stað 6. mgr. 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki í 11. gr. laga um útgáfu og meðferð rafeyris.

Um 161. gr.

Í 2. másl. 1. mgr. 14. gr. laga um útgáfu og meðferð rafeyris, nr. 17/2013, er fyrir mistök kveðið á um að fjármálafyrirtæki verði talið dótturfyrirtæki, en þar ætti að standa að rafeyrisfyrirtæki verði talið dótturfyrirtæki. Lagt er til að það verði leiðrétt.

Um 162. gr.

Í 2. mgr. 1. gr. laga um leigu skráningarskyldra ökutækja, nr. 65/2015, kemur fram að lögin taki ekki til „starfsemi lánafyrirtækja“. Í frumvarpi til laganna (421. mál á 144. löggjafarþingi) var aftur á móti fjallað um „starfsemi kaupleigu- eða fjármögnunarfyrirtækja“. Í greinargerð með frumvarpinu kom fram að átt væri við starfsemi sem fælist í því að aðili yrði eigandi ökutækis að loknum kaupleigutíma eða fjármögnunartíma. Tilvitnuðum orðum var breytt í meðförum þingsins til samræmis við breytingartillögu atvinnuveganefndar með vísan til þess að það samræmdest lögum um fjármálafyrirtæki að ræða um „lánafyrirtæki“.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að eignaleiga verði ekki lengur tilgreind sem leyfis skyld starfsemi í 3. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Verði fallist á breytinguna mun ekki þurfa starfsleyfi sem lánastofnun til að stunda kaupleigu og aðeins mun þurfa starfsleyfi sem lánastofnun til að stunda fjármögnunarleigu ef nýta á innlán eða aðra endurgreiðanlega fjármuni frá almenningi til að fjármagna hana. Með tilliti til þess er lagt til að ekki verði kveðið á um starfsemi lánafyrirtækja í 2. mgr. 1. gr. laga um leigu skráningarskyldra ökutækja heldur kaup- eða fjármögnunarleigu, sem samræmist fyrirhuguðu efni málsgreinarinnar samkvæmt frumvarpi því sem varð að þeim lögum.

Um 163. gr.

Lagt er til að kveðið verði á um kaup- eða fjármögnunarleigur í 1. másl. 2. mgr. 6. gr. og 6. tölul. 1. mgr. 12. gr. laga um leigu skráningarskyldra ökutækja, nr. 65/2015, í stað lánafyrirtækja. Um skýringar vísast til athugasemda við 162. gr.

Um 164. gr.

Lagt er til að felld verði brott fyrir mæli í 5. másl. 1. mgr. og 2. mgr. 70. gr. laga um váttryggingastarfsemi, nr. 100/2016, um að endurskoðandi eða endurskoðunarfyrirtæki váttryggingafélags megi ekki gegna öðrum störfum fyrir fyrirtækið eða vera skuldugur því. Nú hafa tekið gildi ný lög um endurskoðendur og endurskoðun, nr. 94/2019. Í V. kafla þeirra laga eru ákvæði um óhæði endurskoðanda. Þar kemur fram að endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki skuli vera óháð viðskiptavinum sínum við vinnu endurskoðunarverkefna, bæði í reynd og ásýnd. Það er svo útfært nánar í kaflanum. Með lögfestingu laganna var innleidd reglugerð (ESB) nr. 537/2014 sem fjallar um endurskoðun fyrir einingar sem tengjast almannahagsmunum, þar á meðal váttryggingafélög. Í 5. gr. reglugerðarinnar kemur fram sú meginregla, sem er útfærð nánar í greininni, að endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki megi ekki annast önnur störf en endurskoðun fyrir einingar tengdar almannahagsmunum sem þau annast endurskoðun á. Með tilliti til þessara reglna þykir ekki lengur þörf á sérákvæðum um óhæði endurskoðenda í lögum um váttryggingastarfsemi.

Um 165. gr.

Lagt er til að vísun í 1.–3. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, sem er að finna í 16. tölul. 4. gr. laga um fasteignalán til neytenda, nr. 118/2016, verði breytt til samræmis við fyrirhugaðar breytingar á fyrrnefndri grein.

Um 166. gr.

Í 14. og 15. tölul. 2. gr. laga um viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum, nr. 61/2017, er vísað til eiginfjárgrunns og -krafna fjármálafyrirtækja skv. X. kafla laga um fjármálafyrirtæki. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að stuðst verði beint við ákvæði CRR um eiginfjárgrunn og -kröfur, sem verði veitt lagagildi, en í X. kafla laganna verði ákvæði um eiginfjárouka. Til samræmis við það er lagt til að vísað verði til eiginfjárgrunns og -krafna samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki í heild, þar á meðal CRR, en ekki aðeins X. kafla.

Um 167. gr.

Í 1. og 2. mgr. 17. gr. laga um viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum, nr. 61/2017, er vísað til eiginfjárgrunns skv. X. kafla og 84. gr. a – 84. gr. c laga um fjármálafyrirtæki. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að stuðst verði beint við ákvæði CRR um eiginfjárgrunn, sem verði veitt lagagildi, en að í X. kafla laganna verði ákvæði um eiginfjárouka og gildandi 84. gr. a – 84. gr. c falli brott. Til samræmis við það er lagt til að vísað verði til eiginfjárgrunns samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki í heild, þar á meðal CRR, en ekki aðeins X. kafla og 84. gr. a – 84. gr. c.

Um 168. gr.

Í 1. másl. 1. mgr. 18. gr. laga um viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum, nr. 61/2017, er vísað til lágmarkseiginfjárkrafna fjármálafyrirtækja skv. 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Nú er fjallað um lágmarkshlutföll einstakra þátta eiginfjárgrunns af áhættugrunni í 1. mgr. 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að í stað gildandi ákvæða

84. gr. þar um verði stuðst beint við ákvæði 92. gr. CRR um sama efni, sbr. 4. gr. frumvarpsins. Því er lagt til að vísað verði til 92. gr. CRR í stað 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki í 1. málsl. 1. mgr. 18. gr. laga um viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum.

Um 169. gr.

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 um OTC-afleiður, miðlæga mót- aðila og afleiðuviðskiptaskrár var veitt lagagildi hér á landi með 2. gr. laga um afleiðuviðskipti, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár, nr. 15/2018.

Lögð er til breytt uppsetning á greininni til að gera hana skiljanlegri þannig að fyrst komi fram móðurgerðin og svo séu taldar upp í tölulíðum þær breytingar sem hafa verið gerðar á henni og eftir atvikum vísað í breytingarákvæði viðkomandi Evrópugerðar. Í 1. tölul. er vísað til 520. gr. CRR og í 6. tölul. er vísað í 2. gr. CRR II, sem lagt er til að verði teknar upp í heild sinni í íslenskan rétt með frumvarpi þessu, sbr. 4. gr. frumvarpsins. Í 2. tölul. er vísað til tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB sem kemur á ramma um endurreisn og skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja sem innleidd var í íslenskan rétt með lögum um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja, nr. 70/2020. Í 3. tölul. er vísað til reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 um markaði fyrir fjármálagerninga, en henni var veitt lagagildi hér á landi með 3. gr. laga um markaði fyrir fjármálagerninga, nr. 115/2021. Í 4. tölul. er vísun til tilskipunar (ESB) 2015/849 um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningþvættis eða til fjármögnunar hryðjuverka, sem innleidd var í íslenskan rétt með lögum um aðgerðir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka, nr. 140/2018. Í 5. tölul. er vísað til reglugerðar (ESB) 2019/834 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar stöðustofnunarskyldu, frestun á stöðustofnunarskyldu, kröfur um skýrslugjöf, aðferðir til mildunar áhættu fyrir OTC-afleiðusamninga sem miðlægur mót- aðili stöðustofnar ekki, skráningu og eftirlit með afleiðuviðskiptaskrár og kröfurnar fyrir afleiðuviðskiptaskrár sem veitt var lagagildi með breytingalögum nr. 56/2021. Í 5. og 6. tölul. er vísað til ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar sem ekki hafa enn verið birtar í EES- viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins. Því er lagt til að vísað verði til birtingar þeirra í C-deild Stjórnartíðinda til samræmis við heimild 1. másl. 2. mgr. 2. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005.

Vert er að nefna að aðrar minni háttar breytingar en hér á undan eru taldar upp hafa verið gerða á efni reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, svo sem varðandi undanþágur frá gildissviði skv. 1. gr. og tímafrestum skv. 89. gr., en þær breytingar voru teknar upp í íslenskan rétt með reglugerð ráðherra með stoð í 18. og 19. tölul. 15. gr. laganna, sbr. reglugerð nr. 381/2019 um gildistöku reglugerða Evrópusambandsins um afleiðuviðskipti, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár, með síðari breytingum.

Um 170. gr.

Í 15. gr. laga um afleiðuviðskipti, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár, nr. 15/2018, er ráðherra heimilað að setja reglugerð um nánari framkvæmd ýmissa atriða í lögnum í því skyni að innleiða undirgerðir sem útfæra efni reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár. Lagt er til að greininni verði breytt þannig að ráðherra setji aðeins reglugerð til að innleiða undirgerðir sem byggjast ekki á tæknistöðlum en Seðlabanki Íslands setji reglur til að innleiða undirgerðir sem byggjast á tæknistöðlum. Það samræmist nýrri löggjöf á sviði verðbréfamarkaðsréttar, sbr. einkum 145. gr. laga um markaði fyrir fjármálagerninga, nr. 115/2021, og 19. gr. laga um aðgerðir gegn markaðssvikum,

nr. 60/2021. Miðað er við ákvæði reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 með breytingum samkvæmt reglugerðum (ESB) nr. 575/2013 og 2019/834.

Um 171. gr.

Lagt er til að vísunum til 1. gr. a laga um fjármálafyrirtæki í 2. tölul. 3. gr. laga um dreifingu váttrygginga, nr. 62/2019, verði breytt til samræmis við fyrirhugaðar breytingar á fyrrnefndri grein. Einnig er lagt til að vísun í sama tölulið til verðbréfafyrirtækja sem uppfylla ekki skilyrði 3. mgr. 25. gr. laga um fjármálafyrirtæki verði breytt til samræmis við fyrirhugaðar breytingar á ákvæðum laga um fjármálafyrirtæki um slík fyrirtæki.

Um XXI. kafla.

Lagt er til að ákvæði laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, nr. 45/2020, um starfskjarastefnu, kaupaukakerfi og starfslokasamninga, verði breytt til innleiðingar á hlutaðeigandi ákvæðum AIFMD. AIFMD var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 202/2016 30. september 2016 og var hún innleidd með lögum um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, nr. 45/2020. Nánar tiltekið er í tilskipuninni kveðið á um gerð og framkvæmd starfskjarastefnu vegna stjórnenda og starfsmanna sem hafa marktæk áhrif í störfum sínum á áhættusnið rekstraraðila eða sjóðs, þ.m.t. starfsmanna sem bera ábyrgð á áhættutöku, starfsmanna eftirlitseininga, framkvæmdastjóra og annarra starfsmanna sem hafa sambærileg laun og framkvæmdastjóri og starfsmenn sem bera ábyrgð á áhættutöku. Einnig er kveðið á um starfskjaranefndir, starfskjör sem eru háð frammistöðu og starfslokagreiðslur. Með breytingunum lýkur innleiðingu AIFMD í íslenskan rétt. Reglur AIFMD um starfskjör eru svo nánar útfærðar í viðmiðunarreglum Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar, *Guidelines on sound remuneration policies under the AIFMD*, með síðari breytingum.

AIFMD kveður á um lágmarkssamræmingu. Heimilt er að setja strangari reglur en kveðið er á um í tilskipuninni en ekki má ganga skemur. Í frumvarpinu eru ekki lagðar til breytingar sem víkja frá ákvæðum tilskipunarinnar nema að því leyti að lagt er til að þær séríslensku reglur um hámark kaupauka sem þegar eru í gildi verði óbreyttar áfram í gildi, þ.e. að takmarka kaupauka við 25% af föstum starfskjörum að hámarki, sem og að gildissvið ákvæðanna er áfram miðað við alla starfsmenn rekstraraðila og að óheimilt verði að greiða stjórnarmönnum og starfsmönnum sem starfa við áhættustýringu, innri endurskoðun eða regluvörslu kaupauka. Þá verður áfram í gildi ákvæði um starfslokasamninga sem er í núgildandi lögum um fjármálafyrirtæki. Slíkar takmarkanir gilda samkvæmt núgildandi lögum um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Að meginstefnu til fela breytingarnar sem lagðar eru til í sér að kveðið verði skýrar og nákvæmar á um í lögum hvernig fara skuli með starfskjarastefnu og heimildir til ákvörðunar kaupauka til starfsmanna þegar um rekstraraðila sérhæfðra sjóða er að ræða. Lagt er til að slitið verði á tengslin við ákvæði laga um fjármálafyrirtæki varðandi kaupaukakerfi og starfslokasamninga. Þá er nýmæli að kveðið verði á um starfrækslu starfskjaranefndar hjá rekstraraðilum sjóða um sameiginlega fjárfestingu. Einnig eru lagðar til nokkrar smávægilegar breytingar á gildandi lögum um rekstraraðila sérhæfðra sjóða sem leiða af þessum breytingum á ákvæðum um starfskjör og er lagt til að ein orðskýring bætist einnig við lögin í tengslum við þessar breytingar og tilfærslur á ákvæðum laga um fjármálafyrirtæki.

Um 172. gr.

Lagt er til að við 3. gr. laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, nr. 45/2020, verði bætt skilgreiningu á kaupauka vegna breytinga á ákvæðum laganna um starfskjör og kaupauka. Vísað

er til þeirrar skilgreiningar sem fyrirhugað er að verði í 8. tölul. 1. mgr. 1. gr. b laga um fjármálafyrirtæki. Breyting á vísun í 2. mgr. greinarinnar leiðir af fyrrnefndri breytingu.

Um 173. gr.

Lagt er til að vísun í 4. tölul. 1. mgr. 10. gr. laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, nr. 45/2020, til ákvæðis um starfskjarastefnu og framkvæmd hennar breytist til samræmis við tillögur til breytinga í frumvarpi þessu. Breyting á vísun í 9. tölul. leiðir af breytingu í 175. gr.

Um 174. gr.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að tilvísun 15. gr. laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, nr. 45/2020, til gildandi 84. gr. d og 84. gr. e laga um fjármálafyrirtæki breytist og að í stað þeirra verði stuðst beint við þau ákvæði CRR sem þau byggjast á.

Um 175. gr.

Í frumvarpinu er lagt til að tveir hlutar bætist við VI. kafla laga um fjármálafyrirtæki. Lagt er til að vísun til kaflans í 3. mgr. 16. gr. laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, nr. 45/2020, verði breytt þannig að hún vísi aðeins til þeirra ákvæða hans sem varða virka eignarhluti.

Um 176. gr.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að tilvísun í 6. tölul. 18. gr. laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, nr. 45/202, til gildandi 84. gr. e laga um fjármálafyrirtæki breytist og að í stað hennar verði stuðst beint við þau ákvæði CRR sem hún byggist á.

Um 177. gr.

Um a-lið. Nýrri 21. gr. í lögum um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, nr. 45/2020, er ætlað að innleiða 1. mgr. 13. gr. AIFMD og hluta af viðauka II við AIFMD og kveður á um starfskjarastefnu og framkvæmd hennar. Um starfskjarastefnu rekstraraðila gilda ákvæði laga um hlutfélög enda sé ekki á annan veg mælt í lögnum eða reglum settum á grundvelli þeirra. Með vísan til heildarstarfskjara er átt við fasta og breytilega bætti starfskjara og valkvæðan lífeyri, sbr. inngangstexta 1. mgr. viðauka II við AIFMD. Almennir starfsmenn áhættustýringar, innri endurskoðunar og regluvörslu teljast til starfsmanna sem hafa eftirlit með höndum. Mat skv. 2. másl. 2. mgr. greinarinnar skal almennt vera í höndum innri endurskoðunar, regluvörslu og/eða áhættustýringar rekstraraðila.

Um b-lið. Nýrri 21. gr. a í lögum um rekstraraðila sérhæfðra sjóða er ætlað að innleiða hluta af viðauka II við AIFMD og kveður á um heimildir rekstraraðila sérhæfðra sjóða til að greiða kaupauka. Tryggðir kaupaukar skv. 3. tölul. 1. mgr. greinarinnar eru einungis heimildir í tengslum við ráðningu og takmarkast þá við fyrsta ár ráðningar. Með föstum starfskjörum skv. 4. tölul. 1. mgr. greinarinnar er átt við allar greiðslur til starfsmanns á ársgrundvelli sem falla ekki undir hugtakið kaupauki. Í ákvæðinu er kveðið á um óbreytt hámark kaupauka frá því sem kveðið er á um í lögum um fjármálafyrirtæki og gildir um rekstraraðila sérhæfðra sjóða samkvæmt gildandi lögum. Ef rekstur sérhæfðra sjóða er innan við helmingur af eignasöfnum í stýringu rekstraraðila gildir ekki reglan um að hlutir og hlutdeildarskírteini þurfi að nema helmingi af kaupauka, sbr. 7. tölul. 1. mgr. ákvæðisins. Hér á landi er ekki nýtt heimildarákvæði 2. másl. 2. mgr. m-liðar viðauka II við AIFMD til að setja takmarkanir á tegundir fjármálagerninga og banna tiltekna fjármálagerninga. Í AIFMD er gert ráð fyrir því að frestunartímabil, sbr. n-lið 1. mgr. 1. tölul. viðaukans, skuli að lágmarki vera þrjú til fimm ár. Rétt þykir að hafa framsetningu hér til samræmis við það sem lagt er til að muni gilda um

rekstrarfélög verðbréfasjóða og er því lagt hér til að lágmarksfrestunartími verði þrjú ár nema ef líftími viðkomandi sjóðs er styttri. Dæmi um áhættuvarnir í skilningi 2. mgr. greinarinnar eru afleiðusamningar.

Um c-lið. Í 57. gr. b gildandi laga um fjármálafyrirtæki er kveðið á um starfslokasamninga. Lagt er til að það verði tekið upp í lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða í nýrri 21. gr. b. Gildissvið nágildandi ákvæðis er bundið við framkvæmdastjóra og lykilstarfmenn en ákvæðið sem hér er lagt til tekur aðeins til framkvæmdastjóra. Hugtakið *lykilstarfsmaður* er ekki að finna í lögum um rekstraraðila sérhæfðra sjóða með sama hætti og á við um fjármálafyrirtæki.

Um d-lið. Nýrri 21. gr. c í lögum um rekstraraðila sérhæfðra sjóða er ætlað að innleiða f-lið 1. mgr. og 3. mgr. viðauka II við AIFMD og kveður á um megingang og skipan starfskjaranefndar. Viðmiðunarreglur Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar um starfskjarastefnu samkvæmt AIFMD, ESMA/2013/232 frá 3. júlí 2013, eins og þeim var breytt með viðmiðunarreglum ESMA/2016/579 frá 14. október 2016,¹³ veita leiðsögn um í hvaða tilvikum er skylt að setja upp starfskjaranefnd.

Um 178. gr.

Við breytingar á 33. gr. laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, nr. 45/2020, með lögum um verðbréfasjóði, nr. 116/2021, fórst fyrir að uppfæra tilvísun í lokamálsgrein greinarinnar. Lagt er til að það verði lagfært.

Um 179. gr.

Lagt er til að orðalagi í 5. tölul. 8. mgr. 45. gr. laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, nr. 45/2020, verði breytt til samræmis við hugtakanotkun í frumvarpi þessu.

Um 180. gr.

Við breytingu á 2. mgr. 80. gr. laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, nr. 45/2020, með lögum um verðbréfasjóði, nr. 116/2021, fórst fyrir að breyta tölu orðsins „orðið“ til samræmis við aðrar breytingar á málsgreininni. Lagt er til að það verði lagfært.

Um 181. gr.

Lagt er til að tilvísun í 12. tölul. 2. mgr. 117. gr. laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, nr. 45/2020, verði breytt til samræmis við fyrirhugaðar breytingar á starfskjaraákvæðum laganna.

Um 182. gr.

Lagt er til að tilvísun í 12. tölul. 1. mgr. 101. gr. laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, nr. 45/2020, verði breytt til samræmis við fyrirhugaðar breytingar á starfskjaraákvæðum laganna.

Um XXII. kafla.

Lög um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja, nr. 70/2020, innleiddu meginefni BRRD. BRRD hefur nú tekið talsverðum breytingum með BRRD II, en ekki er gert ráð fyrir því að BRRD II verði tekin upp í EES-samninginn og leidd í lög hér á landi fyrr en síðla árs 2022. Í CRR II er aftur á móti gert ráð fyrir því að BRRD II hafi tekið gildi. Með frumvarpi

¹³ https://www.esma.europa.eu/sites/default/files/library/2016-579_aifmd_remuneration_guidelines_0.pdf.

Þessu eru því lagðar til fáeinar breytingar á lögum um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja sem byggjast á BRRD II sem eru taldar forsenda þess að unnt sé að lögfesta CRR II í heild.

Um 183. gr.

Um a-lið. Staflíðurinn byggist á 1. undirmgr. d-liðar 1. liðar 1. gr. BRRD II.

Um b-lið. Staflíðurinn byggist á 2. undirmgr. d-liðar 1. liðar 1. gr. BRRD II.

Um c-lið. Lagt er til að skilgreiningu á *lánastofnun* í 20. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja, nr. 70/2020, verði breytt til samræmis við fyrirhugaðar breytingar á skilgreiningu hugtaksins í lögum um fjármálafyrirtæki.

Um 184. gr.

Um a-lið. Staflíðurinn byggist á 1. mgr. fyrirhugaðrar 45. gr. b í BRRD skv. 17. lið 1. gr. BRRD II.

Um b-lið. Lagt er til að 5. tölul. 3. mgr. 17. gr. laga um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja, nr. 70/2020, falli brott til samræmis við brottfall e-liðar 6. mgr. 45. gr. BRRD, sem töluliðnum var ætlað að innleiða, skv. 1. mgr. fyrirhugaðrar 45. gr. c skv. 17. lið 1. gr. BRRD II.

Um 185. gr.

Lagt er til að 21. gr. laga um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja, nr. 70/2020, falli brott til samræmis við brottfall 13. og 14. mgr. 45. gr. BRRD, sem 21. gr. laganna var ætlað að innleiða, skv. 17. lið 1. gr. BRRD II.

Um 186. gr.

Lögð er til breyting á millivísun til samræmis við fyrirhugað brottfall 21. gr. laga um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja, nr. 70/2020.

Um 187. gr.

Lagt er til að vísun 1. tölul. 2. mgr. 29. gr. laga um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja, nr. 70/2020, til 4. mgr. 86. gr. g laga um fjármálafyrirtæki verði breytt til samræmis við fyrirhugaða færslu ákvæðis síðarnefndu málsgreinarinnar í 3. mgr. 107. gr. a.

Um 188. gr.

Greinin byggist á ii-lið b-liðar 13. liðar 1. gr. BRRD II.

Um 189. gr.

Greinin byggist á 18. lið 1. gr. BRRD II.

Um 190. gr.

Greinin byggist á d-lið 15. liðar 1. gr. BRRD II.

Um 191. gr.

Um a-lið. Staflíðurinn byggist á a-lið 20. liðar 1. gr. BRRD II.

Um b-lið. Staflíðurinn byggist á b-lið 20. liðar 1. gr. BRRD II.

Um 192. gr.

Lagt er til að vísun 5. mgr. 69. gr. laga um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja, nr. 70/2020, til 86. gr. k laga um fjármálafyrirtæki verði breytt til samræmis við fyrirhugaða færslu ákvæða síðarnefndu greinarinnar í 107. gr. f.

Um 193. gr.

Ákvæðið byggist á b-lið 14. liðar 1. gr. BRRD II.

Um 194. gr.

Í 24. gr. laga um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu, nr. 20/2021, er vísað til fjármálafyrirtækja með starfsleyfi skv. 1.–5. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Lánastofnanir fá enn starfsleyfi samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki en verðbréfafyrirtæki fá nú starfsleyfi samkvæmt lögum um markaði fyrir fjármálagerninga. Lagt er til að vísuninni verði breytt til samræmis við það.

Um 195. gr.

Í 1. mgr. 28. gr. laga um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu, nr. 20/2021, er vísað til fjármálafyrirtækja með leyfi til verðbréfavíðskipta samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki. Nú er fjallað um leyfi verðbréfafyrirtækja til verðbréfavíðskipta í lögum um markaði fyrir fjármálagerninga. Því er lagt til að vísað verði til þeirra auk laga um fjármálafyrirtæki, sem áður fjölluðu um slíkt leyfi, í greininni.

Um 196. gr.

Um a-lið. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að gildandi 84. gr. og 84. gr. a laga um fjármálafyrirtæki falli brott og að í stað þeirra verði stuðst beint við þau ákvæði CRR sem þau byggjast á. Því til samræmis er lagt til að vísanir til greinanna í 3. tölul. 3. gr. laga um greiðsluþjónustu, nr. 114/2021, verði felldar brott en í stað þeirra vísað almennt til ákvæða laga um fjármálafyrirtæki, þar á meðal CRR, um eiginfjárgrunn og þætti hans.

Um b-lið. Með frumvarpinu er lagt til að CRR verði lögfest og ráðgert er að fella í kjölfarið úr gildi reglugerð nr. 233/2017. Því er lagt til að í kjölfar vísunar til CRR í 35. tölul. 3. gr. laga um greiðsluþjónustu verði vísað til laga um fjármálafyrirtæki í stað reglugerðar nr. 233/2017.

Um 197. gr.

Í 3. mgr. 7. gr. laga um greiðsluþjónustu, nr. 114/2021, segir að stofnframlag greiðslustofnana skuli samsett úr þeim liðum sem taldir eru upp í 1. mgr. 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Fyrirnefnd grein innleiddi 7. gr. tilskipunar (ESB) 2015/2366, um greiðsluþjónustu á innri markaðnum. Í þeirri grein er vísað til a–e-liðar 1. mgr. 26. gr. CRR. Sökum fyrirhugaðrar lögfestingar CRR verður unnt að vísa beint til þeirra ákvæða í 3. mgr. 7. gr. laga um greiðsluþjónustu.

Um 198. gr.

Lagt er til að vísun 1. mgr. 12. gr. laga um greiðsluþjónustu, nr. 114/2021, til 17. gr. laga um fjármálafyrirtæki verði breytt til samræmis við fyrirhugaða færslu ákvæða síðarnefndu greinarinnar í 77. gr. a og 77. gr. b laga um fjármálafyrirtæki.

Um 199. gr.

Í 1. og 2. mgr. 12. gr. laga um markaði fyrir fjármálagerninga, nr. 115/2021, er kveðið á um 33% hlutfall atkvæðisréttar eða hlutafjár. Greinin innleiddi 1. mgr. 11. gr. tilskipunar 2014/65/ESB, um markaði fyrir fjármálagerninga. Samkvæmt þeirri málsgrein á ekki að miða við 33% hlutfall heldur 30% hlutfall nema aðildarríki hafi nýtt heimild 3. mgr. 9. gr. tilskipunar 2004/109/EB, um samhæfingu krafna um gagnsæi í tengslum við upplýsingar um útgefendur verðbréfa sem eru skráð á skipulegan markað, til að miða við þriðjungshlut í stað 30%. Sú heimild er ekki nýtt í flöggunarákvæði 12. gr. laga um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu, nr. 20/2021, sem innleiddi 9. gr. tilskipunar 2004/109/EB, heldur er þar miðað við 30%. Því er lagt til að miðað verði við 30% í stað 33% í 1. og 2. mgr. 12. gr. laga um markaði fyrir fjármálagerninga.

Um XXVI. kafla.

Með frumvarpi þessu er lagt til að ákvæðum laga um verðbréfasjóði, nr. 116/2021, um starfskjarastefnu, kaupaukakerfi og starfslokasamninga, verði breytt til innleiðingar á hlutað-eigandi ákvæðum UCITS V. UCITS V var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 20/2018 frá 9. febrúar 2018 og var hún innleidd með lögum um verðbréfasjóði, nr. 116/2021. UCITS V breytir tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB um verðbréfasjóði (hér eftir UCITS IV eða UCITS-tilskipunin), sem er einnig innleidd með lögum um verðbréfasjóði, nr. 116/2021, sem komu í stað eldri laga, nr. 128/2011. Nánar tiltekið er í tilskipuninni kveðið á um gerð og framkvæmd starfskjarastefnu vegna stjórnenda og starfsmanna sem hafa marktæk áhrif í störfum sínum á áhættusnið rekstrarfélags eða sjóðs, þ.m.t. starfsmanna sem bera ábyrgð á áhættutöku, starfsmanna eftirlitseininga, framkvæmdastjóra og annarra starfsmanna sem hafa sambærileg laun og framkvæmdastjóri og starfsmenn sem bera ábyrgð á áhættutöku. Einnig er kveðið á um starfskjaranefndir, starfskjör sem eru háð frammistöðu og starfslokagreiðslur. Með fyrirhuguðum breytingum lýkur innleiðingu UCITS V í íslenskan rétt. Reglur UCITS-tilskipunarinnar um starfskjör eru svo nánar útfærðar í viðmiðunarreglum Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar, *Guidelines on sound remuneration policies under the UCITS directive*, með síðari breytingum.

UCITS-tilskipunin kveður á um lágmarkssamræmingu. Heimilt er að setja strangari reglur en kveðið er á um í tilskipuninni en ekki má ganga skemur. Í frumvarpinu eru ekki lagðar til breytingar sem víkja frá ákvæðum tilskipunarinnar nema að því leyti að lagt er til að þær séríslensku reglur um hámark kaupauka sem þegar eru í gildi verði óbreyttar áfram í gildi, þ.e. að takmarka kaupauka við 25% af föstum starfskjörum að hámarki, sem og að gildissvið ákvæðanna er áfram miðað við alla starfsmenn rekstrarfélags og að óheimilt verði að greiða stjórnarmönnum og starfsmönnum sem starfa við áhættustýringu, innri endurskoðun eða regluvörslu kaupauka. Þá verður áfram í gildi ákvæði um starfslokasamninga sem er í núgildandi lögum um fjármálafyrirtæki. Slíkar takmarkanir gilda samkvæmt gildandi lögum um verðbréfasjóði og hafa gilt um rekstrarfélög verðbréfasjóða frá því að reglurnar voru settar í lög um fjármálafyrirtæki.

Að meginstefnu til fela breytingarnar sem lagðar eru til í sér að kveðið er með skýrari og nákvæmari hætti á um í lögum hvernig fara skuli með starfskjarastefnu og heimildir til ákvörðunar kaupauka til starfsmanna þegar um rekstrarfélög verðbréfasjóða er að ræða. Lagt er til að slitið verði á tengslin við ákvæði laga um fjármálafyrirtæki varðandi kaupaukakerfi og starfslokasamninga. Þá er nýmæli að kveðið er á um starfrækslu starfskjaranefndar hjá rekstraradilum sjóða um sameiginlega fjárfestingu. Einnig eru lagðar til nokkrar smávægilegar breytingar á gildandi lögum um verðbréfasjóði sem leiða af þessum breytingum á ákvæðum

um starfskjör og er lagt til að ein orðskýring bætist við lögin einnig í tengslum við þessar breytingar og tilfærslur á ákvæðum úr lögum um fjármálafyrirtæki.

Um 200. gr.

Lagt er til að við 3. gr. laga um verðbréfasjóði, nr. 116/2021, verði bætt skilgreiningu á kaupauka vegna breytinga á ákvæðum laganna um starfskjör og kaupauka. Vísað er til þeirrar skilgreiningar sem ráðgert er að verði í 8. tölul. 1. mgr. 1. gr. b laga um fjármálafyrirtæki.

Um 201. gr.

Í 4. mgr. 4. gr. laga um verðbréfasjóði, nr. 116/2021, er nú vísað til starfsleyfis og starfsheimilda verðbréfafyrirtækja samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki. Nú er fjallað um starfsleyfi og starfsheimildir verðbréfafyrirtækja í lögum um markaði fyrir fjármálagerninga. Því er lagt til að vísað verði til þeirra í 4. mgr. 4. gr. laga um verðbréfasjóði í stað ákvæða laga um fjármálafyrirtæki.

Um 202. gr.

Lagt er til að vísun í f-lið 1. mgr. 6. gr. laga um verðbréfasjóði, nr. 116/2021, til ákvæðis um starfskjarastefnu og framkvæmd hennar breytist til samræmis við tillögur til breytinga í frumvarpi þessu. Breyting á vísun í 15. tölul. leiðir af breytingu í 205. gr. frumvarpsins.

Um 203. gr.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að gildandi 84. gr. d laga um fjármálafyrirtæki falli brott og að í stað hennar verði stuðst beint við þau ákvæði CRR sem hún byggist á. Lagt er til að vísun til ákvæðisins í 4. mgr. 12. gr. laga um verðbréfasjóði, nr. 116/2021, verði breytt því til samræmis.

Þá er lagt til að við málsgreinina bætist nýr málslíður um útreikning áhættugrunns til samræmis við það sem áður gildi samkvæmt eldri lögum um verðbréfasjóði, nr. 128/2011, þegar rekstrarfélög verðbréfasjóða töldust til fjármálafyrirtækja. Málslíðurinn er innleiðing á hluta af 4. mgr. 6. gr. UCITS, þar sem vísað er til ákvæða tilskipunar 2004/39/EB, svonefndrar MiFID I-tilskipunar. Sú tilskipun var felld úr gildi með tilskipun 2014/65/ESB, eða MiFID II. Varðandi samlestur ákvæða MiFID I og MiFID II þá vísast til 2. másl. 94. gr. MiFID II þar sem segir að vísanir til MiFID I skuli skilja sem vísanir til ýmist MiFID II eða MiFIR, sbr. samanburðartöflu sem er í viðauka IV við MiFID II. Umrædd ákvæði eru innleidd í lögum um markaði fyrir fjármálagerninga, nr. 115/2021, og lögum um fjármálafyrirtæki.

Um 204. gr.

Í frumvarpinu er lagt til að tveir hlutar bætist við VI. kafla laga um fjármálafyrirtæki. Lagt er til að vísun til kaflans í 3. mgr. 13. gr. laga um verðbréfasjóði, nr. 116/2021, verði breytt þannig að hún vísi aðeins til þeirra ákvæða hans sem varða virka eignarhluti.

Um 205. gr.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að gildandi 84. gr. e laga um fjármálafyrirtæki falli brott og að í stað hennar verði stuðst beint við þau ákvæði CRR sem hún byggist á. Lagt er til að vísun til ákvæðisins í 5. tölul. 14. gr. laga um verðbréfasjóði, nr. 116/2021, verði breytt því til samræmis.

Um 206. gr.

Um a-lið. Nýrri 17. gr. í lögum um verðbréfasjóði, nr. 116/2021, er ætlað að innleiða 14. gr. a og hluta af 14. gr. b UCITS, sbr. 2. lið 1. gr. UCITS V, og kveður á um starfskjarastefnu og framkvæmd hennar. Um starfskjarastefnu rekstrarfélaga gilda ákvæði laga um hlutafélög enda sé ekki á annan veg mælt í lögnum eða reglum settum á grundvelli þeirra. Með vísan til heildarstarfskjara er átt við fasta og breytilega þætti starfskjara og valkvæðan lífeyri, sbr. 2. mgr. 14. gr. a UCITS. Almennir starfsmenn áhættustýringar, innri endurskoðunar og regluvörslu teljast til starfsmanna sem hafa eftirlit með höndum. Mat skv. 2. málsl. 2. mgr. greinarinnar skal almennt vera í höndum innri endurskoðunar, regluvörslu og/eða áhættustýringar rekstrarfélags.

Um b-lið. Nýrri 17. gr. a í lögum um verðbréfasjóði er ætlað að innleiða hluta af 14. gr. b UCITS, sbr. 2. lið 1. gr. UCITS V, og kveður á um heimildir rekstrarfélaga verðbréfasjóða til að greiða kaupauka. Tryggðir kaupaukar skv. 3. tölul. 1. mgr. greinarinnar eru einungis heimilir í tengslum við ráðningu og takmarkast þá við fyrsta ár ráðningar. Með föstum starfskjörum skv. 4. tölul. 1. mgr. greinarinnar er átt við allar greiðslur til starfsmanns á ársgrundvelli sem falla ekki undir hugtakið kaupauki. Í ákvæðinu er kveðið á um óbreytt hámark kaupauka frá því sem kveðið er á um í lögum um fjármálafyrirtæki og gildir um rekstrarfélög verðbréfasjóða samkvæmt gildandi lögum. Ef rekstur verðbréfasjóða er innan við helmingur af eignasöfnum í stýringu rekstrarfélags gildir ekki reglan um að hlutdeildarskírteini þurfi að nema helmingi af kaupauka, sbr. 7. tölul. 1. mgr. greinarinnar. Ísland nýtir ekki heimildarákvæði 2. málsl. 2. mgr. m-liðar 14. gr. b UCITS til að setja takmarkanir á tegundir fjármálagerninga og banna tiltekna fjármálagerninga. Dæmi um áhættuvarnir í skilningi 2. mgr. greinarinnar eru afleiðusamningar.

Um c-lið. Í 57. gr. b gildandi laga um fjármálafyrirtæki er kveðið á um starfslokasamninga. Lagt er til að það verði tekið upp í lög um verðbréfasjóði í nýrri 17. gr. b. Gildissvið núgildandi ákvæðis er bundið við framkvæmdastjóra og lykilstarfsmenn en ákvæðið sem hér er lagt til tekur aðeins til framkvæmdastjóra. Hugtakið *lykilstarfsmaður* er ekki að finna í lögum um verðbréfasjóði með sama hætti og á við um fjármálafyrirtæki.

Um d-lið. Nýrri 17. gr. c í lögum um verðbréfasjóði er ætlað að innleiða f-lið 1. mgr. og 4. mgr. 14. gr. b UCITS, sbr. lið 2 í 1. gr. UCITS V, og kveður á um megintilgang og skipan starfskjaranefndar. Viðmiðunarreglur Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar um starfskjarastefnu samkvæmt UCITS, ESMA/2016/575 frá 14. október 2016¹⁴, veita leiðsögn um í hvaða tilvikum er skylt að setja upp starfskjaranefnd.

Um 207. gr.

Lagt er til að orðalagi í 4. tölul. 2. mgr. 54. gr. laga um verðbréfasjóði, nr. 116/2021, verði breytt til samræmis við hugtakanotkun í frumvarpi þessu.

Um 208.–212. gr.

Breytingarnar leiðir af breytingu í 205. gr. frumvarpsins.

Um 213. gr.

Lagt er til að tilvísun í 14. tölul. 1. mgr. 115. gr. laga um verðbréfasjóði, nr. 116/2021, verði breytt til samræmis við fyrirhugaðar breytingar á starfskjaraákvæðum laganna.

¹⁴ https://www.esma.europa.eu/sites/default/files/library/2016-575_ucits_remuneration_guidelines.pdf.

Um 214. gr.

Lagt er til að tilvísun í 9. tölul. 2. mgr. 134. gr. laga um verðbréfasjóði, nr. 116/2021, verði breytt til samræmis við fyrirhugaðar breytingar á starfskjaraákvæðum laganna.

Um 215. gr.

Til hagræðis þykir í framkvæmd að breytingar á löggjöf um fjármálafyrirtæki, einkum ákvæðum um eiginfjáráuka, taki gildi í upphafi ársfjórðunga. Því er lagt til að löggin taki gildi 1. júlí 2022. Þó er lagt til að 140. gr., um reglusetningarheimildir Seðlabanka Íslands, taki þegar gildi svo bankinn geti birt reglur til innleiðingar á undirgerðum sem hann hefur skort lagaheimild til að innleiða. Ekki er þó gert ráð fyrir því að þær reglur taki almennt gildi fyrir en 1. júlí 2022, samhliða gildistöku laganna.

Lagt er til að ákvæði 65. gr., sem mæla fyrir um nýjan C-hluta VI. kafla laga um fjármálafyrirtæki, um skyldu til að hafa milligöngumóðurfélag á Evrópska efnahagssvæðinu, taki ekki gildi gagnvart fjármálafyrirtækjum sem uppfylltu 27. júní 2019 skilyrði a-liðar 65. gr. fyrir en 30. desember 2023, til samræmis við 8. mgr. 21. gr. b CRD IV.

Fylgiskjal I.

Samanburður á ákvæðum frumvarpsins og gildandi laga.

www.althingi.is/altext/pdf/152/fylgiskjol/s0761-f_I.pdf

Fylgiskjal II.

Innleiðing tilskipunar 2013/36/ESB um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærnis-eftirlit með lánastofnunum og fjárfestingarfyrirtækjum í íslensk lög.

www.althingi.is/altext/pdf/152/fylgiskjol/s0761-f_II.pdf